

Stjórnartíðindi

1976 - A-deild

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. V-VI, XII, XVIII, 6, 22, 25, 71, 74, 76, 81, 92, 96, 105, 130, 141, 152, 154, 156, 181, 187, 200, 225-228, 237-239, 241-243, 248, 253, 255-256, 278, 332, 344, 376, 389, 392, 438, 452, 506, 520, 545, 552, 554, 569, 585, og 710.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1976

A-DEILD



REYKJAVÍK — 1976
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

Útgefandi: Dómsmálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	9. jan.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda	1
2	22. jan.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum	2
3	29. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	3
4	13. febr.	Lög um Stofnfjársljóð fiskiskipa	4—6
5	13. febr.	Lög um útflutningsgjald af sjávararafurðum	6—9
6	13. febr.	Lög um gjald af gas- og brennsluólíum	9—10
7	26. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 7 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki, sbr. l. nr. 39 24. maí 1972, um breyting á þeim lögum	11
8	27. febr.	Lög um flugvallagjald	12—13
9	27. febr.	Lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.	13—14
11	27. febr.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958 með áorðnum breytingum	16
10	15. mars	Lög um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 90/1975 og lög nr. 3/1976	15
14	19. mars	Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði	19—20
17	19. mars	Lög um greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa	23—24
15	22. mars	Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur	20—21
12	13. apríl	Lög um kafarastörf	17—18
13	20. apríl	Lög um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs	18
16	21. apríl	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940	22—23
21	21. apríl	Lög um flokkun og mat ullar	37—38
18	23. apríl	Lög um bátaábyrgðarfélag	25—29
19	23. apríl	Lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum	29—32
20	5. maí	Lög um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga	33—36
23	6. maí	Lög um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála	40

IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
24	6. maí	Lög um breyting á almennum hegningarlögum	40
25	6. maí	Lög um aðild Íslands að samningi um stofnun aðstoðar- sjóðs á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar	41
22	10. maí	Lög um flokkun og mat á gærum	38—39
26	12. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingabankans	41—59
30	14. maí	Lög um breyting á lögum nr. 57/1973, um atvinnuleysis- tryggingar	73
36	14. maí	Lög um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatrygg- ingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974 og nr. 13/1975	78
27	17. maí	Lög um breyting á lögum nr. 80/1971, um Aflatrygginga- sjóð sjávarútvegsins, lögum nr. 75/1966, sbr. lög nr. 55/1973 og lög nr. 99/1975, um Fiskveiðasjóð Íslands, lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávar- afurða, og lögum nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð	60
34	17. maí	Lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands	77
28	19. maí	Lög um Búnaðarbanka Íslands	61—64
32	19. maí	Lög um upptöku ólöglegs sjávarafla	74—75
86	19. maí	Forsetabréf um þinglausnir	204
33	20. maí	Lög um breyting á lögum nr. 63 16. apríl 1971, um eftir- laun til aldraðra félaga í stéttarfélagum	75—76
94	20. maí	Lög um skráningu og mat fasteigna	237—244
37	21. maí	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1974	79
40	23. maí	Lög um sálfræðinga	82—83
38	24. maí	Lög um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Hús- næðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 72 1. júní 1972 og lög nr. 58 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum	80
41	24. maí	Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961	83—84
39	25. maí	Lög um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933	81—82
42	25. maí	Lög um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík	84—107
43	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 42/1969, um afréttarmál- efni, fjallskil o. fl.	107—111
44	25. maí	Lög um Fiskveiðasjóð Íslands	111—115
45	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Ís- lands	115—117
46	25. maí	Lög um breyting á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973	118
47	25. maí	Lög um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi	118—120
49	25. maí	Lög um breyting á lögum um fasteignasölu, nr. 47 11. júní 1938	121—122
50	25. maí	Lög um almenningubókasöfn	122—124
51	25. maí	Lög um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi	124—126

V

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
52	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklaðsjúklinga	127
53	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 16 13. apríl 1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna	127
54	25. maí	Lög um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968	128
55	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 13 13. apríl 1973, um Happdrætti Háskóla Íslands	128
56	25. maí	Lög um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafells-sýslu	129
85	25. maí	Lög um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963	203—204
29	26. maí	Lög um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja	65—72
31	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins	73—74
35	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 46 24. maí 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	77—78
48	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga	120—121
57	28. maí	Lög um námslán og námsstyrki	129—134
58	31. maí	Lög um sjúkrahjálfun	135—136
59	31. maí	Lög um fjölbýlishús	136—139
60	31. maí	Lög um skipulag ferðamála	140—146
61	31. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til aðildar að Iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal	146
62	31. maí	Lög um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 25 24. apríl 1974	147—148
63	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins	149—152
64	31. maí	Ábúðarlög	152—161
65	31. maí	Jarðalög	161—172
66	31. maí	Lög um Orkubú Vestfjarða	172—175
67	31. maí	Lög um löggilta endurskoðendur	175—178
68	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	178—181
69	31. maí	Lög um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar	181
70	31. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán Landsvirkjunar og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun til virkjana í Tungnaá	182
71	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit. sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970 og lög nr. 66 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum	182—183
72	31. maí	Fiárukalög fyrir árið 1973	183
73	31. maí	Fiárukalög fyrir árið 1974	184
74	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna	184—185

VI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
75	31. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu	185
76	31. maí	Lög um ráðstöfun eftirstöðva Óliusjóðs fiskiskipa	186
77	31. maí	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	186—188
78	31. maí	Lög um jafnrétti kvenna og karla	188—190
79	31. maí	Lög um breyting á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975	190
80	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 33 26. apríl 1963	191
81	31. maí	Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands	191—199
82	31. maí	Lög um norræna vitnaskyldu	199—201
83	31. maí	Lög um breyting á hafnalögum, nr. 45 frá 24. apríl 1973	201—202
84	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins	202
88	1. júní	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958 með áorðnum breytingum	206
89	9. júní	Auglýsing um bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1976 ..	206—232
87	10. júní	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með hotnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975	205
90	16. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands	233—234
92	18. júní	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	236
93	28. júní	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	236
97	29. júní	Lög um Framkvæmdastofnun ríkisins	250—255
91	5. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 97 31. desember 1975 um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975	235
95	6. ágúst	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 95 31. desember 1975 um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971	245—246
96	24. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974 um breyting á þeim lögum	247—249
98.	6. sept.	Bráðabirgðalög um kaup og kjör sjómanna, með fylgiskjólum	256—298
99	10. sept.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1976	299
100	22. sept.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958 með áorðnum breytingum	299—306
106	20. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	312
102	23. des.	Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka	309

VII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
103	27. des.	Lög um breyting á lögum nr. 79 23. des. 1975, um auka- tekjur ríkissjóðs	310
104	27. des.	Lög um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 24 7. apríl 1971, um breyting á þeim lögum	310—311
105	27. des.	Lög um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launa- skatt	311
119	27. des.	Lög um breyting á lögum nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976	333—338
101	28. des.	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/ 1940	307—309
107	28. des.	Lög um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974	313—318
108	28. des.	Lög um rannsóknarlögreglu ríkisins	318—320
109	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 74/1972, um skipan dóms- valds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.	320—321
111	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um sölu- skatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/ 1974, lög nr. 85/1974 og lög nr. 76/1975	322
118	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vöru- gjald	332—333
110	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 51 frá 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð	321—322
112	31. des.	Lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn	323—326
113	31. des.	Lög um breyting á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975	326—329
114	31. des.	Lög um verðjöfnunargjald af raforku	330
115	31. des.	Lög um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 22. mars 1972	330
116	31. des.	Lög um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977	331
117	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um al- mannatryggingar	331—332
120	31. des.	Lög um tollskrá o. fl.	339—576
121	31. des.	Fjárlög fyrir árið 1977	577—731

Yfirlit

eftir málaflokkum.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Ábyrgðarheimildir, sjá Ríkisábyrgðir.			
Almannatryggingar.			
36	14. maí	Lög um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974 og nr. 13/1975	78
95	6. ágúst	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 95 31. desember 1975 um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971	245—246
117	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar	331—332
Alþingi.			
1	9. jan.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda	1
86	19. maí	Forsetabréf um þinglausnir	204
99	10. sept.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1976	299
106	20. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	312
Alþjóðasamningar.			
25	6. maí	Lög um aðild Íslands að samningi um stofnun aðstoðarsjóðs á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar	41
26	12. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingabankans	41—59
61	31. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til aðildar að Iðnbróunarsjóði fyrir Portúgal	146
Alþjóðastofnanir.			
15	22. mars	Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur	20—21

Atvinnuleysi, sjá Félagsmál.

Atvinnuleysistryggingar, sjá Félagsmál.

IX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
Atvinnuréttindi.			
12	13. apríl	Lög um kafarastörf	17—18
40	23. maí	Lög um sálfræðinga	82—83
49	25. maí	Lög um breyting á lögum um fasteignasölu, nr. 47 11. júní 1938	121—122
58	31. maí	Lög um sjúkráþjálfun	135—136
67	31. maí	Lög um löggilta endurskoðendur	175—178
Atvinnuvegir, sjá Iðnaður; Landbúnaður; Sjávarútvegur.			
Austur-Skaftafellssýsla.			
56	25. maí	Lög um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu	129
Bankamál.			
28	19. maí	Lög um Búnaðarbanka Íslands	61—64
76	31. maí	Lög um ráðstöfun eftirstöðva Ólíusjóðs fiskiskipa	186
Barnavernd.			
112	31. des.	Lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn	323—326
Bátaábyrgðarfélög, sjá Siglingar, skip; Tryggingar.			
Bjargráðasjóður, sjá Sveitarstjórnarmál.			
Bókasöfn, sjá Menntamál.			
Bókhald.			
67	31. maí	Lög um löggilta endurskoðendur	175—178
Botnvörpuveiðar, sjá Landhelgismál. Sjávarútvegur.			
Bráðabirgðalög.			
87	10. júní	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975	205
90	16. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands	233—234
91	5. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 9/31. desember 1975 um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975	235
95	6. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 95 31. desember 1975 um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971	245—246
96	24. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970 um Lifeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974 um breyting á þeim lögum	247—249

X

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
98	6. sept.	Bráðabirgðalög um kaup og kjör sjómanna, með fylgiskjölum	256—298
Dómsmál.			
14	19. mars	Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði	19—20
23	6. maí	Lög um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála	40
80	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 33 26. apríl 1963	191
82	31. maí	Lög um norræna vitnaskyldu	199—201
107	28. des.	Lög um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974	313—318
109	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.	320—321
Dragnótaveiðar, sjá Landhelgismál; Sjávarútvegur.			
Dýralæknar sjá Landbúnaður.			
Efnahagsmál.			
9	27. febr.	Lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.	13—14
20	5. maí	Lög um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga	33—36
63	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins	149—152
97	29. júní	Lög um Framkvæmdastofnun ríkisins	250—255
118	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald	332—333
119	27. des.	Lög um breyting á lögum nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976	333—338
Endurskoðun, sjá Bókhald.			
Fasteignir.			
49	25. maí	Lög um breyting á lögum um fasteignasölu, nr. 47 11 júní 1938	121—122
59	31. maí	Lög um fjölbýlishús	136—139
94	20. maí	Lög um skráningu og mat fasteigna	237—244
Félagsmál.			
30	14. maí	Lög um breyting á lögum nr. 57/1973, um atvinnuleysis-tryggingar	73
33	20. maí	Lög um breyting á lögum nr. 63 16. apríl 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum	75—76

XI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
38	24. maí	Lög um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 72 1. júní 1972 og lög nr. 58 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum	80
59	31. maí	Lög um fjölbýlishús	136—139
78	31. maí	Lög um jafnrétti kvenna og karla	188—190
118	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald	332—333
Ferðamál.			
60	31. maí	Lög um skipulag ferðamála	140—146
Fiskveiðar, sjá Sjávarútvegur.			
Fiskveiðasjóður, sjá Sjávarútvegur.			
Fjárlög, ríkisreikningur.			
37	21. maí	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1974	79
72	31. maí	Fjáráukalög fyrir árið 1973	183
73	31. maí	Fjáráukalög fyrir árið 1974	184
121	31. des.	Fjárlög fyrir árið 1977	577—731
Flugmál.			
8	27. febr.	Lög um flugvallagjald	12—13
Forseti Íslands.			
92	18. júní	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	236
93	28. júní	Auglýsing um að Forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	236
Framkvæmdasjóður Íslands, sjá Efnahagsmál.			
Gjöld, sjá Skattar, gjöld.			
Hafnir.			
83	31. maí	Lög um breyting á hafnalögum, nr. 45 frá 24. apríl 1973	201—202
Happdrætti.			
52	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga	127
53	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 16 13. apríl 1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna	127
55	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 13 13. apríl 1973, um Happdrætti Háskóla Íslands	128
Háskóli Íslands.			
2	22. jan.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum	2

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðutal
11	27. febr.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958 með áorðnum breytingum	16
45	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands	115—117
55	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 13 13. apríl 1973, um Happraetti Háskóla Íslands	128
88	1. júní	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958 með áorðnum breytingum	206
100	22. sept.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958 með áorðnum breytingum	299—306
Hegningarlög, sjá Refsilög.			
Heilbrigðismál.			
39	25. maí	Lög um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933	81—82
40	23. maí	Lög um sálfræðinga	82—83
58	31. maí	Lög um sjúkraþjálfun	135—136
85	25. maí	Lög um breyting á lyfsöslulögum, nr. 30 29. apríl 1963	203—204
Hitaveita, jarðhiti.			
9	27. febr.	Lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnaði íbúða o. fl.	13—14
20	5. maí	Lög um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga	33—36
66	31. maí	Lög um Orkubú Vestfjarða	172—175
Húsnæðismál.			
9	27. febr.	Lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.	13—14
38	24. maí	Lög um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 72 1. júní 1972 og lög nr. 58 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum	80
59	31. maí	Lög um fjölbýlishús	136—139
Iðnaður.			
42	25. maí	Lög um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík	84—107
47	25. maí	Lög um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi	118—120
61	31. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til aðildar að Iðnbrounarsjóði fyrir Portúgal	146

Jarðhiti, sjá Hitaveitur, jarðhiti.

XIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Jarðir. (kaup sala).			
75	31. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu	185
Landbúnaður.			
21	21. apríl	Lög um flokkun og mat ullar	37—38
22	10. maí	Lög um flokkun og mat á gærum	38—39
43	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 42/1969, um afréttarmál-efni, fjallskil o. fl.	107—111
46	25. maí	Lög um breyting á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973	118
64	31. maí	Ábúðarlög	152—161
65	31. maí	Jarðalög	161—172
68	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	178—181
74	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna	184—185
96	24. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974 um breyting á þeim lögum	247—249
Landgrunn, sjá Landhelgismál.			
Landgræðsla, sjá Landbúnaður.			
Landhelgismál.			
20	5. maí	Lög um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga	33—36
32	19. maí	Lög um upptöku ólöglegs sjávarafla	74—75
34	17. maí	Lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands	77
69	31. maí	Lög um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar	181
81	31. maí	Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands	191—199
87	10. júní	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975	205
90	16. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands	233—234
Lántökur.			
20	5. maí	Lög um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga	33—36
69	31. maí	Lög um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar	181

XIV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
70	31. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán Landsvirkjunar og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun til virkjana í Tungnaá	182
116	31. des.	Lög um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977	331
Launamál.			
3	29. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	3
10	15. mars	Lög um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 90/1975 og lög nr. 3/1976	15
29	26. maí	Lög um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja	65—72
33	20. maí	Lög um breyting á lögum nr. 63 16. apríl 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum	75—76
35	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 46 24. maí 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	77—78
39	25. maí	Lög um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933	81—82
78	31. maí	Lög um jafnrétti kvenna og karla	188—190
84	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins	202
96	24. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974 um breyting á þeim lögum	247—249
98	6. sept.	Bráðabirgðalög um kaup og kjör sjómanna, með fylgiskjölum	256—298
105	27. des.	Lög um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt	311
Lífeyrissjóðir.			
33	20. maí	Lög um breyting á lögum nr. 63 16. apríl 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum	75—76
96	24. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974 um breyting á þeim lögum	247—249
Lyf, sjá Heilbrigðismál.			
Lögreglumál.			
108	28. des.	Lög um rannsóknarlögreglu ríkisins	318—320
109	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.	320—321
Lögsagnarumdæmi.			
56	25. maí	Lög um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafells-sýslu	129

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Menntamál.			
7	26. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 7 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki, sbr. l. nr. 39 24. maí 1972, um breyting á þeim lögum	11
13	20. apríl	Lög um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs	18
40	23. maí	Lög um sálfræðinga	82—83
50	25. maí	Lög um almenningsbókasöfn	122—124
51	25. maí	Lög um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi	124—126
57	28. maí	Lög um námslán og námsstyrki	129—134
112	31. des.	Lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn	323—326
Milliríkjasamningar, sjá Alþjóðasamningar; Norræn samvinna.			
Norræn samvinna.			
13	20. apríl	Lög um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs	18
26	12. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingabankans	41—59
82	31. maí	Lög um norræna vitnaskyldu	199—201
Opinberar framkvæmdir.			
63	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins	149—152
97	29. júní	Lög um Framkvæmdastofnun ríkisins	250—255
116	31. des.	Lög um heimild til erlendra lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977	331
Opinberir starfsmenn.			
3	29. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	3
10	15. mars	Lög um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 90/1975 og lög nr. 3/1976	15
29	26. maí	Lög um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja	65—72
31	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins	73—74
35	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 46 24. maí 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	77—78
39	25. maí	Lög um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933	81—82
67	31. maí	Lög um löggilta endurskoðendur	175—178
84	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins	202

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
Orkuveitur, sjá Hitaveitur, jarðhiti.			
Raforkumál.			
20	5. maí	Lög um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga	33—36
66	31. maí	Lög um Orkubú Vestfjarða	172—175
70	31. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán Landsvirkjunar og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun til virkjana í Tungnaá	182
114	31. des.	Lög um verðjöfnunargjald af raforku	330
Rafmagnsveitur ríkisins, sjá Raforkumál.			
Refsilög.			
16	21. apríl	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940	22—23
24	6. maí	Lög um breyting á almennum hegningarlögum	40
101	28. des.	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940	307—309
Ríkisábyrgðir.			
20	5. maí	Lög um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga	33—36
70	31. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán Landsvirkjunar og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun til virkjana í Tungnaá	182
Ríkisborgararéttur.			
77	31. maí	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	186—188
Ríkisreikningur, sjá Fjárlög.			
Ríkisstofnanir.			
38	24. maí	Lög um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 72 1. júní 1972 og lög nr. 58 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum	80
44	25. maí	Lög um Fiskveiðasjóð Íslands	111—115
63	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins	149—152
97	29. júní	Lög um Framkvæmdastofnun ríkisins	250—255
108	28. des.	Lög um rannsóknarlögreglu ríkisins	318—320

**Samgöngumál, sjá Bifreiðar; Flugmál; Hafnir;
Siglingar, skip; Umferðarmál; Vegamál.**

XVII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
Sendiráð.			
15	22. mars	Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur	20—21
Siglingar, skip.			
4	13. febr.	Lög um Stofnfjár sjóð fiskiskipa	4—6
12	13. apríl	Lög um kafarastörf	17—18
17	19. mars	Lög um greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa	23—24
18	23. apríl	Lög um bátaábyrgðarfélög	25—29
19	23. apríl	Lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum	29—33
49	25. maí	Lög um breyting á lögum um fasteignasölu, nr. 47 11. júní 1938	121—122
76	31. maí	Lög um ráðstöfun eftirstöðva Olfusjóðs fiskiskipa	186
Sjávarútvegur.			
4	13. febr.	Lög um Stofnfjár sjóð fiskiskipa	4—6
5	13. febr.	Lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum	6—9
27	17. maí	Lög um breyting á lögum nr. 80/1971, um Aflatrygginga-sjóð sjávarútvegsins, lögum nr. 75/1966, sbr. lög nr. 55/1973 og lög nr. 99/1975, um Fiskveiðasjóð Íslands, lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og lögum nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð	60
32	19. maí	Lög um upptöku ólöglegs sjávarafla	74—75
34	17. maí	Lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands	77
44	25. maí	Lög um Fiskveiðasjóð Íslands	111—115
76	31. maí	Lög um ráðstöfun eftirstöðva Olfusjóðs fiskiskipa	186
81	31. maí	Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands	191—199
87	10. júní	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975	205
90	16. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands	233—234
98	6. sept.	Bráðabirgðalög um kaup og kjör sjómanna, með fylgiskjölum	256—298
Sjóðir.			
4	13. febr.	Lög um Stofnfjár sjóð fiskiskipa	4—6
5	13. febr.	Lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum	6—9
27	17. maí	Lög um breyting á lögum nr. 80/1971, um Aflatrygginga-sjóð sjávarútvegsins, lögum nr. 75/1966, sbr. lög nr. 55/1973 og lög nr. 99/1975, um Fiskveiðasjóð Íslands, lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og lögum nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð	60

XVIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Skattar gjöld.			
5	13. febr.	Lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum	6—9
6	13. febr.	Lög um gjald af gas- og brennsluólíum	9—10
8	27. febr.	Lög um flugvallagjald	12—13
9	27. febr.	Lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.	13—14
13	20. apríl	Lög um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs	18
20	5. maí	Lög um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga	33—36
48	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjstofna sveitarfélaga	120—121
71	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970 og lög nr. 66 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum	182—183
91	5. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 97 31. desember 1975 um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975	235
102	23. des.	Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka	309
103	27. des.	Lög um breyting á lögum nr. 79 23. des. 1975, um aukatekjur ríkissjóðs	310
104	27. des.	Lög um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 24 7. apríl 1971, um breyting á þeim lögum	310—311
105	27. des.	Lög um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt	311
109	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.	320—321
111	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um sölu-skatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974, lög nr. 85/1974 og lög nr. 76/1975	322
114	31. des.	Lög um verðjöfnunargjald af raforku	330
118	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald	332—333
119	27. des.	Lög um breyting á lögum nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976	333—338
120	31. des.	Lög um tollskrá o. fl.	339—576

Skip, sjá Siglingar, skip.

Skólar, sjá Menntamál.

XIX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Skyldusparnaður.			
20	5. maí	Lög um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkumframkvæmda sveitarfélaga	33—36
Stjórnarráð.			
15	22. mars	Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur	20—21
Sveitarstjórnarmál.			
41	24. maí	Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961	83—84
48	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga	120—121
110	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 51 frá 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð	321—322
115	31. des.	Lög um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 22. mars 1972	330
Tollamál, sjá Skattar, gjöld.			
Tryggingar.			
5	13. febr.	Lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum	6—9
17	19. mars	Lög um greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa	23—24
18	23. apríl	Lög um bátaábyrgðarfélög	25—29
19	23. apríl	Lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum	29—33
30	14. maí	Lög um breyting á lögum nr. 57/1973, um atvinnuleysis-tryggingar	73
76	31. maí	Lög um ráðstöfun eftirstöðva Ólíusjóðs fiskiskipa	186
Umferðarmál.			
54	25. maí	Lög um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968	128
62	31. maí	Lög um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 25 24. apríl 1974	147—148
Útanríkismál, sjá Alþjóðasamningar; Alþjóðastofnanir; Norræn samvinna; Sendiráð; Siglingar, skip; Sjávarútvegur.			
Útflutningur.			
5	13. febr.	Lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum	6—9
Vegamál.			
79	31. maí	Lög um breyting á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975	190
89	9. júní	Auglýsing um bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1976 ..	206—232
113	31. des.	Lög um breyting á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975	326—329

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Verðlagsmál.			
9	27. febr.	Lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.	13—14
20	5. maí	Lög um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga	33—36
68	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	178—181
119	27. des.	Lög um breyting á lögum nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976	333—338
Vísitala.			
9	27. febr.	Lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.	13—14

Skrá um útgáfudaga A-deildar 1976

A 1, nr.	1	21. jan.
A 2, nr.	2—3	2. febr.
A 3, nr.	4—6	15. febr.
A 4, nr.	7—9	1. mars
A 5, nr.	10	16. mars
A 6, nr.	11—19	10. maí
A 7, nr.	20	5. maí
A 8, nr.	21—28	28. maí
A 9, nr.	29—38	26. maí
A 10, nr.	39—86	11. júní
A 11, nr.	87—89	18. júní
A 12, nr.	90	23. júní
A 13, nr.	91—93	6. júlí
A 14, nr.	94	23. júlí
A 15, nr.	95	13. ágúst
A 16, nr.	96	24. ágúst
A 17, nr.	97—98	9. sept.
A 18, nr.	99—100	1. okt.
A 19, nr.	101—106	29. des.
A 20, nr.	107—119	31. des.
A 21, nr.	120	31. des.
A 22, nr.	121	18. jan. 1977

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1976

9. janúar 1976.

1

Nr. 1.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 26. janúar 1976 kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 9. janúar 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 21. janúar 1976 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

1. gr.

51. gr. b., 4. tölul., 1. málsg. breytist þannig, að á eftir orðinu „sænska“ bætist við orðið: uppeldisfræði.

2. gr.

55. gr. a. orðist svo:

Próf í uppeldis- og kennslufræðum.

Próf í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda tekur til námsefnis í uppeldisfræði, uppeldislegrri sálarfræði, kennslufræði og kennslu og skal námsskrá ákveðin með tilliti til sérþarfa kennslu- og uppeldisstarfa.

Nám þetta skal alls svara til tveggja stiga (30 námseininga). Þó er heimilt að veita stúdentum, sem hafa numið viðeigandi prófþætti og/eða aflað sér verulegrar reynslu af kennslustörfum, undanþágu frá tilteknum þáttum allt að einu stigi (15 námseiningum). Stúdent skal sækja um slíka undanþágu skriflega. Deildarráð ákveður að fenginni umsögn prófessors í uppeldisfræðum hver undanþága skuli veitt.

Próffyrirkomulag í öðrum prófþáttum en kennslu lýtur reglum 53. gr. I.

Kennslupróf eru tvö, að jafnaði í tveimur kennslugreinum. Telst hvort kennslupróf vera sérstakur prófþáttur, sbr. 53. gr. I, og vega þættirnir jafnt til einkunnar. Stúdent er ekki heimilt að taka þátt í kennsluæfingum né ljúka kennsluprófi fyrir en hann hefur lokið tveimur prófstigum (30 einingum) í kennslugreininni.

Háskólinn lætur í té prófvottorð undirritað af prófessor í uppeldisfræðum.

Heimilt er að hafa samvinnu við Kennaraháskóla Íslands um þetta nám og semja um að hann annist tiltekna þætti þess.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. janúar 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1975, um breyting á þeim lögum, breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 15. mars 1976.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er ríkissáttasemjara heimilt, ef annar hvor aðili óskar þess, að leita sátta milli aðila allt til 7. mars 1976.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. janúar 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um Stofnfjár sjóð fiskiskipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa sérstök deild, sem nefnist Stofnfjár sjóður fiskiskipa.

2. gr.

Hlutverk Stofnfjár sjóðs er að veita eigendum fiskiskipa aðstoð við að standa straum af stofnfjáarkostnaði skipanna, og þá fyrst og fremst með því að greiða afborganir og vexti af lánum þeim, sem veitt hafa verið af Fiskveiðasjóði og tryggð með veði í skipum.

3. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða sérstakt gjald til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, er nemi 10% fiskverðs eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Ákvæði um innheimtu þessa gjalds skulu sett með reglugerð. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ákveða, að ekki skuli greiða gjald til Stofnfjár sjóðs, þegar afli er seldur til neyslu innanlands.

4. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það greiða 16% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til sölu í erlendri höfn. Þessi greiðsla kemur til frádráttar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) ásamt frádráttartölu kjarasamninga við ákvörðun aflaverðlauna, aukaafloverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að lækka gjald þetta vegna hækkunar, er verða kann á öðrum gjöldum við sölu aflans.

5. gr.

Stofnfjár sjóðsgjöld, er greiðast til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, skv. 3. og 4. gr. skulu leggjast inn á reikning þess fiskiskips, sem aflað hefur þess hráefnis, sem gjaldið er greitt af. Hvert fiskiskip skal hafa sérreikning hjá sjóðnum. Sé innstæða á slíkum reikningi lengur en einn mánuð, skal Fiskveiðasjóður færa á reikninginn til tekna vexti, er séu ½% lægri á ári en innlánsvextir eru á almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma.

6. gr.

Fiskifélag Íslands skal senda Fiskveiðasjóði hálfárslega skýrslu um afla og aflaverðmæti allra fiskiskipa, hvort sem afla þeirra er landað hérlandis eða í erlendri höfn. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um þessa skýrslugerð í samráði við Fiskifélag Íslands.

7. gr.

Þegar Fiskveiðasjóði hafa borist skýrslur þær, er um ræðir í 6. gr., skal hann láta endurskoða greiðslur stofnfjársgjalda á reikningi fiskiskipa og sannreyna, að þær greiðslur séu í samræmi við aflaverðmæti skipanna og þau stofnfjársgjöld, sem af þeim ber að greiða.

8. gr.

Ef innstæða er á reikningi skips hjá Stofnfjársgjóði og eigandi þess skuldar jafnframt Fiskveiðasjóði gjaldfallnar afborganir, vexti, dráttarvexti og kostnað af lánnum, sem tryggð eru með veði í skipi, skal stjórn Fiskveiðasjóðs taka fé af reikningi þessum til greiðslu hinna gjaldföllnu greiðslna, að svo miklu leyti sem það hrekkur til þess.

9. gr.

Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs, sbr. 8. gr., né telji stjórn hans ástæðu til að ætla, að til vanskila sömu lána komi við sjóðinn á næsta gjalddaga þeirra, er stjórninni heimilt að nota innstæðu skips á reikningi hjá Stofnfjársgjóði til greiðslu gjaldfallinna afborgana og vaxta af stofnlánnum vegna skipsins eða til greiðslu annarra skulda vegna þess hjá öðrum opinberum sjóðum.

10. gr.

Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs eða annarra opinberra sjóða skv. 8. og 9. gr., er stjórn Fiskveiðasjóðs heimilt að leyfa skipseiganda að nota innstæðu skips hjá Stofnfjársgjóði til greiðslu kostnaðar við skipti á vél skipsins eða við verulegar endurbætur á því, til greiðslu á eftirstöðvum af kaupverði skipsins, til greiðslu kostnaðar skipseiganda við smíði nýs skips, til greiðslu kaupverðs skips eða til greiðslu kostnaðar hans við meiri háttar framkvæmdir í sjávarútvegi.

Áður en ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun innstæðna í Stofnfjársgjóði, sbr. 9. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, skal leita umsagnar tveggja fulltrúa, er Landssamband íslenskra útvegsmanna tilnefni af sinni hálfu í því skyni.

11. gr.

Heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs að greiða skipseiganda innstæðu skips hjá Stofnfjársgjóði, enda skuldi skipseigandi engar gjaldfallnar greiðslur, sbr. 8.—9. gr., og eigi er fyrirsjáanlegt, að hann hefji framkvæmdir þær, er um ræðir í 10. gr.

12. gr.

Innstæða hjá Stofnfjársgjóði er undanþegin löghaldi, fjárnámi og lögtaki, enda þótt færð hafi verið til tekna á reikning skips.

Skipseiganda er óheimilt að veðsetja slíka innstæðu eða vísa á hana til greiðslu. Framsal innstæðu er aðeins heimilt sem þáttur í sölu skips, sbr. 13. gr.

13. gr.

Innstæða hjá Stofnfjársgjóði og réttur til fjár úr honum fylgir skipi við frjálsa sölu og sölu á nauðungaruppbóði.

Ef skip ferst eða verður dæmt ónýtt, skal innstæða hjá Stofnfjársgjóði falla til skipseiganda.

14. gr.

Fiskveiðasjóður skal annast gerð sérstakra heildaryfirlita um greiðslur í Stofnfjár sjóð og ráðstöfun fjár úr honum, sem birt skulu eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Yfirlit þessi skulu þannig gerð, að auðvelt sé að fá yfirsýn yfir allar greiðslur úr og í Stofnfjár sjóð.

15. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal að fenginni umsögn stjórnar Landssambands íslenskra útvegsmanna setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal ákvæðum þeirra beitt frá 16. febrúar 1976. Ennfremur eru úr gildi numin eftirtalin lög og lagaákvæði:

- a) Lög nr. 58/1968, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa.
- b) 2. og 4. gr. laga nr. 79/1968, um gjald til Stofnfjár sjóðs.
- c) Lög nr. 8/1971, um breytingu á ákvæðum laga nr. 79/1968, er fjalla um gjald til Stofnfjár sjóðs.
- d) 2. og 3. gr. laga nr. 106/1974, um breytingu á ákvæðum laga nr. 79/1968, er fjalla um greiðslur í Stofnfjár sjóð.

Gjört í Reykjavík 13. febrúar 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

L Ö G

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, eins og nánar er ákveðið í lögum þessum. — Til íslenskra afurða telst aflí, sem skip, skrásett hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum skal vera 6% af f.o.b.-verðmæti útflutnings.

3. gr.

Ef útflytjandi sannar, að hlutfall hráefniskostnaðar af f.o.b.-verði hinnar útfluttu vöru sé lægra en 30%, er sjávarútvegsráðherra heimilt að lækka útflutningsgjald skv. 2. gr. um allt að 0.3% fyrir hvert 1%, sem hlutfall hráefniskostnaðar er lægra en 30%, þó skal útflutningsgjald aldrei vera lægra en 1% af f.o.b.-verði.

Þegar íslensk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skal gjald skv. 2. gr. reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur. Þrátt fyrir ákvæði þessarar og 2. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld og loðnu skuli vera allt að því eins hátt og greiða bæri við sams konar verkun hér á landi og hún fer til erlendis.

Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

4. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs	%
a) Almenn deild	22
b) Áhafnadeild	26
2. Til greiðslu á váttryggingarkostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	27
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs	
a) Lánastarfsemi	21
b) Styrkveitingar Fiskimálasjóðs	0.9
4. Til sjávarrannsóknna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	2.3
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.4
6. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0.4

Samtals 100.0

Í þeim reglum um greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í 2. tl. 1. mgr. þessarar greinar, má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalda, að hlutaðeigandi tryggingarfélag sé aðili að endurtryggingarsamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjaldatryggingarskilmála og váttryggingarfjárhæða. Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu, sbr. 2. tl. 1. mgr. þessarar greinar, í stað greiðslu iðgjalda. Þá skal og endurgreiða hvalveiðiskipum hlut Aflatryggingasjóðs skv. 1. tl. 1. mgr. þessarar greinar, enda njóti þau ekki bóta úr sjóðnum.

5. gr.

Gjald skv. 2. og 3. gr. skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip í þeirri höfn, er þær fyrst fara frá. Ef afurðir eru seldar c.i.f. eða með enn öðrum skilmálum, skal reikna söluverð til f.o.b.-verðs eftir reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur. — Séu afurðir sendar úr landi óseldar, skal gjaldstofn útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. ákveðinn skv. lágmarksútflutningsverði eins og það er tilgreint í útflutningsleyfi fyrir þeirri vöru. — Nú sannar sendandi, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á útfluttar óseldar sjávarafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær fyrir, og er þá fjármálaráðuneytinu rétt að endurgreiða tilsvarendi mismun útflutningsgjaldsins, enda liggi fyrir staðfesting viðskiptaráðuneytlisins á því, að leyfi til að selja við hinu lægra verði hafi verið veitt.

6. gr.

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Sjávarútvegsráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyris skil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og sé töllyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

7. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskirteinum eða öðrum hleðsluskirteinum, útflutningsskýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap. — Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa. — Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

8. gr.

Skip og farmur eru að veði fyrir útflutningsgjöldum, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan. Sektir allar renna í ríkissjóð. — Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur grun um, að skilríki þau, sem um getur í 7. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ríkisbókhaldið skal annast gerð sérstakra heildarskýrslna um ráðstöfun tekna af útflutningsgjaldi, sem birta skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skýrslur þessar skulu þannig gerðar, að auðvelt sé að fá yfirsýn yfir allar greiðslur sjóða sjávarútvegsins.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra eftir 15. febrúar 1976. Jafnframt eru úr gildi felld eftirtalin lög og lagaákvæði:

Lög nr. 19/1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum með síðari breytingum, 4. gr. laga nr. 106/1974 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar,

2. gr. laga nr. 55/1975 um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa,

1. tl. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins,

16. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins,

e.-liður 1. gr. laga nr. 55/1973 um Fiskveiðasjóð Íslands,

Lög nr. 99/1975 um Fiskveiðasjóð Íslands,

2. og 3. mgr. 18. gr. laga nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða,

2. tl. 2. gr. laga nr. 89/1947 um Fiskimálasjóð,

Lög nr. 40/1966 um síldargjald.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og til 15. febrúar 1976, skal í stað orðsins „1%“ í 18. gr. laganna koma orðið: 1.5%.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. skulu ákvæði l. nr. 19 1973 um útflutningsgjald á lagmeti og söltuð grásleppuhrogn halda gildi sínu, sbr. 3. másl. 1. gr. l. nr. 69 1974, um breyting á l. nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Gjört í Reykjavík 13. febrúar 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um gjald af gas- og brennsluólíum.

1. gr.

Greiða skal gjald af gasolíu, tnr. 27.10.40, og brennsluolíu, tnr. 27.10.50. Skal gjald þetta nema kr. 1.33 af hverju kg.

2. gr.

Gjald þetta skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Skulu ákvæði laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl., svo og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit gilda um gjald samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu gjalds þessa, er miðist við sölu birgða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald samkvæmt 1. gr. skal einnig innheimt af þar greindum olíum sem í birgðum eru í landinu við gildistöku laga þessara hjá innflytjendum og öðrum söluaðilum.

Gjört að Bessastöðum 13. febrúar 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1976

26. febrúar 1976.

11

Nr. 7.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki, sbr. l. nr. 39 24. maí 1972, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði, er verði ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á vormisseri 1976 skal, þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga þessara, veita námslán á þann hátt, að lánasjóðurinn kaupi skuldabréf af lánþegum gegn almennum útlánsvöxtum viðskiptabankanna. Skulu tveir menn auk lánþega taka að sér sjálfsskuldarábyrgð á greiðslu skuldabréfa þessara. Skal gjalddagi bréfa þessara vera 1. júní n. k. en eindagi 1. september n. k. Eftir gjalddaga bréfanna en fyrir eindaga þeirra gefst lánþegum kostur á því að greiða bréfin með því að gangast undir skuldbindingu um að endurgreiða höfuðstól bréfanna auk áfallinna vaxta í samræmi við þau ákvæði, sem á þeim tíma verða í gildi, um endurgreiðslu námslána skv. lögum um námslán og námsstyrki.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 26. febrúar 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um flugvallagjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns, sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi skv. farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Heimilt er að innheimta tilsvarendi gjald vegna farþega sem fara með skipum frá Íslandi til annarra landa. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar skulu sett í reglugerð. Að öðru leyti gilda um gjöld skv. þessari málsgrein ákvæði 2., 4., 5., 6. og 7. gr. þessara laga, svo og ákvæði 2. mgr. 3. gr.

2. gr.

Flugvallagjald skal vera 1 500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 750 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.

Flugvallagjalds skal getið í verði farseðils.

3. gr.

Flugfélög þau, er annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald, er nemi 200 kr. á hvern farþega, er ferðast á þeim leiðum og eldri er en 12 ára. Fyrir farþega á aldrinum 2—12 ára skal greiða hálf gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar ef viðdvöl þar er nauðsynleg vegna flugáætlunar og hún varir ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða er gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.

Ráðherra er heimilt að breyta gjaldi skv. grein þessari og 2. gr. með reglugerð.

4. gr.

Eigandi loftfars og sá er ábyrgð ber á rekstri þess bera ábyrgð á greiðslu gjalda skv. lögum þessum.

Fyrir brottför loftfars frá Íslandi skal afhenda umboðsmanni ríkissjóðs á flugstöð skrá um farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 1. gr. eða greiða skulu hálf gjald skv. 2. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra eða umboðsmanni flugfélags á flugvelli.

5. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis, og allra loftfara, sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða umboðsmanni ríkissjóðs fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá skv. 2. mgr. 4. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, svo og gjald skv. 3. gr., skal greiða til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) eigi síðar en 15. dag næsta almanaxsmánaðar eftir brottför.

6. gr.

Sé gjöldum skv. lögum þessum ekki skilað á réttum gjalddaga skal sá, sem gjaldinu ber að skila, greiða af því viðurlög, er nemi 1% fyrir hverja byrjaða viku frá gjalddaga. Nú er skrifstofa innheimtumanns lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

Gjöld skv. lögum þessum njóta lögtaksréttar.

Heimilt er innheimtumanni að láta lögregluna stöðva atvinnurekstur þess, er eigi gerir skil á réttum gjalddaga, þar til skil eru gerð, m. a. með því að setja skrifstofur, starfsstofur og flutningatæki hans undir innsigli.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerð, sem ráðherra kann að setja um nánari framkvæmd laganna, varða sektum, allt að 10 000 000 króna nema þyngri refsing liggji við skv. öðrum lögum, svo og sviptingu starfsleyfis.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1976.

Gjört í Reykjavík 27. febrúar 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

**um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana
á hitunarkostnað íbúða o. fl.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis skal á tímabilinu 1. mars 1976 til 28. febrúar 1977 leggja 1% gjald á söluskattstofnu allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Gilda ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða, settra samkvæmt þeim, að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af álagningu þessa gjalds, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvisitölu. Kauplagnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

2. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:

- a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, kr. 9500 á því tímabili, sem um ræðir

í 1. gr. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur $1\frac{1}{2}$ styrk einstaklings. Oliustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars. Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur gildir fyrir.

- b) Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding.
- c) Til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða, að því leyti sem tekjunum er ekki ráðstafað samkv. a- og b-lið þessarar greinar.

3. gr.

Þeim hluta tekna af gjaldi því, sem innheimt er samkvæmt lögum þessum og ráðstafað er til einstaklinga, sbr. a-lið 2. gr., skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1976. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 6 28. febrúar 1975, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Gjört í Reykjavík 27. febrúar 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 — 1976

15. mars 1976.

15

Nr. 10.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 90/1975 og lög nr. 3/1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1975 og 1. gr. laga nr. 3/1976, um breyting á þeim lögum, breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 1. apríl 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 15. mars 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958 með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 26. febrúar 1976 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

Síðasta málsgrein 16. gr. orðist svo:

Heimilt er að flytja lektor í dósentsstöðu. Deild eða námsbraut skal hafa frumkvæði um slíka stöðuhækkun. Lektor, sem setið hefur í stöðu sinni í fimm ár, á rétt til þess, að deild hans eða námsbraut taki upp frumkvæði um stöðuhækkun honum til handa. Háskólaráð skal hverju sinni skipa dómnefnd til að dæma um hæfi lektorsins til þess að gegna hinu herra starfi. Skal deild eða námsbraut tilnefna einn dómnefndarmanna og er hann formaður nefndarinnar, menntamálaráðherra tilnefnir annan og hinn þriðja skipar háskólaráð án tilnefningar. Um hæfi dómnefndarmanna gildi sömu reglur og við dómnefndarskipun við ráðstöfun lausra starfa. Dómnefndin skal ljúka störfum innan tveggja mánaða frá skipun. Skal hún láta uppi rökstutt álit um það, hvort af störfum lektorsins við háskólann og af fyrra ferli hans megi ráða, að hann sé hæfur til þess að gegna hinu herra starfi. Að fengnu álit deildar eða námsbrautar gerir háskólaráð tillögu til menntamálaráðuneytis um afgreiðslu málsins. Ekki er heimilt að flytja lektorinn í hið herra starf, nema dómnefndin segi berum orðum að hann sé til þess hæfur.

2. gr.

33. gr. orðist svo:

Við frumskráningu og við árlega skráningu á 3. námsári skal stúdent leggja fram læknisvottorð þess efnis, að hann sé ekki haldinn smitandi berklaveiki. Læknisvottorðið skal eigi eldra en mánaðargamalt.

Háskólaráði er heimilt að kveða svo á, að stúdentar gangi undir berklarannsókn árlega samkvæmt auglýsingu. Nú sinnir stúdent ekki lögmætri eða fyrirskipaðri heilbrigðisrannsókn og varðar það viðurlögum samkvæmt 35. gr. 2. málsgrein, eða því, að stúdent er meinað að taka próf, uns skyldu er fullnægt.

Um stúdenta í læknisfræði gilda sérákvæði, sem sett eru í samráði við lækna-deild og skráð eru í reglugerð deildarinnar.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu 27. febrúar 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Arni Gunnarsson.

L Ö G

um kafarastörf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stunda köfun í ám eða vötnum, við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land, nema hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Köfun merkir í lögum þessum allar athafnir undir yfirborði vatns eða sjávar og annars staðar þar sem loft undir yfirþrýstingi er notað til öndunar.

3. gr.

Hver sá, er stunda vill köfun, skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

- a) vera fullra 20 ára,
- b) hafa með fullnægjandi árangri gengið undir tilskilda læknisskoðun,
- c) hafa staðist kafarapróf samkvæmt 4. gr.

4. gr.

Við kafarapróf þau, sem getur í c-lið 3. gr., skal sannreynt hvort sá, sem prófið tekur, hafi fullnægjandi fræðilega og verklega þekkingu á kafarastörfum, meðal annars hvort hann þekkir allar almennar ráðstafanir til öryggis kafaranum meðan hann vinnur starf sitt, svo og, að hann hafi nákvæma þekkingu á hlutum þeim, sem notast við köfun, og hvernig þeim skuli haldið við.

Ráðherra er heimilt að efna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá, sem þreyta vilja kafarapróf og fullnægja til þess skilyrðum a- og b-liðar 3. gr. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreina, kennslu og kennslugjöld skulu sett í reglugerð.

5. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins afhendir hverjum þeim, er fullnægir skilyrðum 3. gr., skirteini, sem viðkomandi sanni síðan hæfni sína með.

Halda skal nákvæma skrá um handhafa slíkra skirteina.

6. gr.

Kafaraskirteini skv. 5. gr. skal endurnýja á fimm ára fresti og skal með umsókn um endurnýjun leggja fram fullnægjandi læknisvottorð.

Nú er heilbrigðisvottorð ekki fullnægjandi að mati Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. 5. gr., og skal þá ekki gefa út nýtt skirteini. Rísi ágreiningur um þetta atriði skal málinu vísað til ráðherra, sem gefur úrskurð eftir að hafa aflað sér umsagnar landlæknis. Eftir að handhafi skirteinis hefur náð 60 ára aldri skal endurnýjun gerð árlega.

7. gr.

Allur kafarabúnaður, hverju nafni sem hann nefnist, skal vera af viðurkenndri gerð og merktur eftir því sem nauðsyn krefur, svo sem nafn framleiðanda, notkunareglur o. þ. h.

Ráðherra setur reglur um viðurkenningu og eftirlit samkvæmt þessari grein svo og gjöld í því sambandi.

Gjöld samkvæmt grein þessari skulu lögtakskræf.

8. gr.

Óheimilt er að ráða til köfunarstarfa eða til aðstoðar við djúpköfun aðra en handhafa köfunarskirteinis, nánari kröfur um aðstoðarmenn skal setja í reglugerð. Eigandi köfunarbúnaðar ber ábyrgð á því, að hann fullnægi skilyrðum 7. gr.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri hegning liggja við að öðrum lögum.

10. gr.

Kafaraskirteini, sem menn hafa öðlast fyrir gildistöku laga þessara erlendis frá og talin eru jafngild skirteinum þeim, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, skulu gilda áfram, en leita skal umsagnar Félags íslenskra kafara áður en skirteinin verða viðurkennd.

Hver sá maður, sem færir fullnægjandi sannanir fyrir því, að hann hafi fyrir gildistöku laga þessara stundað köfunarstörf í atvinnuskyni án þess að hafa öðlast kafaraskirteini, en hefur þó með fullnægjandi árangri gengið undir læknis-skoðun, sbr. 3. gr., getur innan árs frá gildistöku laganna öðlast kafaraskirteini hjá ráðuneytinu, enda mæli Félag íslenskra kafara með því.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs skulu undanþegin tekju-skatti og útsvari þegar þau falla íslenskum ríkisborgurum í skaut.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 42. gr. bætist:

Dómsmálaráðherra getur heimilað héraðsdómaraembættum að nota hljóðritun á dómþingum í stað bókana í þingbækur, sbr. 134. gr. Sé slíkt leyfi veitt skal fylgja héraðsdómaraembætti búnaður til hljóðritunar og vörslu hljóðritana. Dómsmálaráðherra ákveður gerð þessa búnaðar. Hljóðritanir skal varðveita í þrjú ár hið skemmsta frá lokum dómsmáls. Forstöðumanni héraðsdómaraembættis, dómsmálaráðherra og þjóðskjalaverði er heimilt að ákveða varðveislu um lengri tíma, ef hljóðritunin er talin hafa almennt heimildargildi, gildi í öðrum dómsmálum eða aðrar sérstakar ástæður koma til.

Dómsmálaráðherra skal setja reglur um búnað til hljóðritunar, framkvæmd hljóðritana, og vörslu þeirra svo og annað, er máli skiptir þar að lútandi.

Hæstiréttur getur ávallt krafist þess, að honum séu afhentar hljóðritanir í dómsmálum, sem til hans hefur verið skotið.

2. gr.

Við 44. gr. bætist:

Meðan mál er rekið í héraði, unnt er að skjóta því til æðra dóms eða mál er rekið fyrir æðra dómi, er ennfremur skylt gegn lögmaeltum ritlaunum að láta í té endurrit þess, sem hljóðritað hefur verið, ef þess er beiðst af aðilum, lögmonnum þeirra, þeim, er skýrslu gaf, sem endurrits er beiðst af, eða þeim, sem ríka hagsmuni hafa af því að fá slíkt endurrit. Endurritin skal gera svo fljótt sem við verður komið. Á sama tíma skal leyfa þeim, sem taldir voru, að hlýða á hljóðritun. Dómari ákveður stað og stund og eftirlit, meðan hlýtt er á hljóðritunina. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um gjöld fyrir slíka hlustun. Ritlauna og hlustunargjalds má krefjast fyrirfram með sama hætti og skv. 1. mgr. Að þeim tíma liðnum, sem greindur var, má láta í té staðfest endurrit og leyfa að hlýða á hljóðritanir, ef sérstakar ástæður mæla með því. Gilda um það ofanskráðar reglur, eftir því sem við getur átt. Ágreining um það, er í þessari málsgrein segir, skal dómari úrskurða, ef krafist er, og má kæra úrskurðinn til Hæstaréttar eftir almennum reglum.

3. gr.

Í stað 1. mgr. 134. gr. komi eftirfarandi:

Vitnaskýrslur skal bóka eða hljóðrita, og ákveður dómari, hvora aðferðina skuli hafa um hverja skýrslu. Aldrei skal þó hljóðrita vitnaskýrslu gegn andmælum vitnis, aðila eða umboðsmanns hans.

Ef vitnaskýrsla er bókuð, les dómari svör vitna við spurningum jafnskjótt sem þau hafa verið bókuð, eftir ósk viðkomenda eða eftir því, sem honum þykir hentugt. Þegar yfirheyrslu er lokið, les dómari, ef óskað er eða honum þykir þess þörf, með sama hætti upp bókanir á svörum vitnis í heild, enda skal gera þær leiðréttingar og viðauka við bókanir, sem dómari telur, að gefnu tilefni, þurfa til þess að framburður vitnis komi sem gleggst og réttast fram.

Ef vitnaskýrsla er hljóðrituð, skal jafnframt bóka í þingbók um þinghaldið og geta þar nafns vitnisins, aldurs og heimilis eða dvalarstaðar svo og, að vitnaskýrslan sé hljóðrituð. Með vitnaskýrslu skal hljóðrita upplýsingar dómara um þinghaldið og vitni, svo að jafnan megi vita, hvaða hljóðritun er um að ræða. Dómari skal greina vitni frá því, að hljóðrita skuli skýrslu þess, og skýra framkvæmd hljóðritunar eftir þörfum. Jafnan skal mega fylgjast með því af öllum, sem á þingi eru, hvort hljóðritunartæki eru í sambandi. — Hljóðrita skal eftir ákvörðun dómara það úr skýrslu vitnis, sem máli þykir skipta. Í lok vitnaskýrslu eða að loknum hlutum hennar getur dómari látið hljóðrita stuttan úrdrátt sinn um það, sem hann telur þurfa fram að koma, og síðan skal spyrja vitni, hvort þar sé rétt eftir því haft. — Vitni, aðilar og lögmenn þeirra skulu á þinginu eiga rétt á að hlusta á það, sem þá hefur verið hljóðritað, í þeim mæli, er þeir óska. Þeir geta látið hljóðrita eða bóka í þingbók stuttar athugasemdir sínar varðandi stjórn dómara á vitnaleiðslunni.

Að þinghaldi loknu skal á vegum dómara vélrita eftir hljóðritun í þeim mæli, sem hann telur ástæðu til eða þeir krefjast, sem rétt eiga á endurriti, skv. 2. mgr. 44. gr. Þegar mál er flutt munnlega eða við lok skriflegs máflutnings, skal bóka í þingbók, hvaða hljóðritanir hafa verið afritaðar og hvort fram hafa komið athugasemdir um, að aðilar eða lögmenn þeirra eða vitni hafi ekki séð þau endurrit eða telji þau ekki rétt gerð.

4. gr.

Aftan við 2. mgr. 134. gr., sem verður 5. mgr. sömu gr., komi:

Ef dómari, aðilar eða lögmenn þeirra og vitni telja, að staðfesta megi þegar vitnaskýrslu, sem hljóðrituð hefur verið, má, þegar vitnið hefur hlýtt á skýrsluna, hljóðrita staðfestinguna. Ella fer staðfesting fram, þegar fyrir liggur endurrit eftir hljóðrituninni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. mars 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

FORSETAÚRSKURÐUR

um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt fyrirætlum 4. gr. laga nr. 39 16. apríl 1971, um utanríkisþjónustu Íslands, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, París, Moskva, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Genf og New York, og sendiræðisskrifstofa (aðalræðisskrifstofa) í New York.

2. Umdæmi stofnana þeirra, sem nefndar eru í 1. lið hér að framan, skulu vera sem hér segir:
- a. **Kaupmannahöfn.** Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ítalía, Tyrkland og Ísrael.
 - b. **Osló.** Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Pólland og Alþýðulýðveldið Tékkóslóvakía.
 - c. **Stokkhólmur.** Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Finnland, Sambandslýðveldið Júgóslavía og Albanía.
 - d. **London.** Auk Stóra Bretlands og Norður-Írlands skal umdæmi sendiráðsins vera Lýðveldið Írland, Holland og Nígíría.
 - e. **París.** Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Spánn og Portúgal. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni í París (OECD) og hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
 - f. **Moskva.** Auk Sovétríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Búlgaría, Alþýðulýðveldið Rúmenía, Alþýðulýðveldið Ungverjaland, Alþýðulýðveldið Þýskaland og Alþýðulýðveldið Mongólía.
 - g. **Bonn.** Auk Sambandslýðveldisins Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Austurríki, Grikkland, Sviss og Vatikanríkið. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu.
 - h. **Brussel.** Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Luxemburg. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra hjá stjórn Efnahagsbandalags Evrópu og fastafulltrúi hjá Norður-Atlantshafsráðinu.
 - i. **Washington.** Auk Bandaríkja Ameríku skal umdæmi sendiráðsins vera Kanada, Mexíkó, Brasilía, Argentína, Chile, Perú, Bahama-eyjar og Kúba.
 - j. **Genf.** Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf skal vera fastafulltrúi hjá Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna sem aðsetur hafa í Genf, svo sem Alþjóðavinnuálastofnuninni (ILO), Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), Alþjóðaveðurálastofnuninni (WMO), AlþjóðafjarSKIPTASTOFNUNinni (ITU), Alþjóðatollamálastofnuninni (GATT), Alþjóðaðrögnarmálastofnuninni (UNCTAD) og Efnahagsmálanefnd Evrópu (ECE). Forstöðumaður fastanefndarinnar skal einnig vera fastafulltrúi hjá stjórn Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og auk þess sendiherra í Kenýa, Tanzaníu, Egyptalandi og Eþíópíu.
 - k. **New York.** Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York skal vera fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Annar maður veiti aðalræðisskrifstofunni forstöðu.
3. Einn starfsmaður utanríkisþjónustunnar með búsetu í Reykjavík skal vera sendiherra í fjarlægum löndum, sem Ísland hefir stjórnmalasamband við, í öðrum heimsálfum en Evrópu, fyrst og fremst Asíu og Afríku, eftir því sem nauðsyn kann að krefja.
4. **Ákvæði til bráðabirgða:** Meðan Ísland hefir ekki stjórnmalasamband við Bretland skal lýðveldið Írland vera í umdæmi sendiráðsins í Kaupmannahöfn, Holland í umdæmi sendiráðsins í Brussel og Nígíría í umdæmi sendiráðsins í París.
5. Úrskurður þessi skal taka gildi við undirskrift og um leið fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 102 31. desember 1971.

Gjört í Reykjavík, 22. mars 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Einar Ágústsson.

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Þegar fangi hefur tekið út $\frac{2}{3}$ hluta refsitímans, en þó minnst 3 mánuði, getur dómismálaráðherra eða annað stjórnvald, sem hann felur úrlausn slíks máls, ákveðið að fanginn skuli látinn laus til reynslu.

Reynslulausn má þó veita, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans.

Reynslulausn úr fangelsi verður ekki veitt, ef slíkt þykir óráðlegt vegna haga fangans, enda skal honum vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör, sem nægja honum til lífsupheldis. Yfirlýsing hans skal og fengin um það, að hann vilji hlíta skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir reynslulausn.

Þegar fangi fær lausn til reynslu, skal afhenda honum skírteini, er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði.

2. gr.

41. gr. orðist svo:

Reynslutími skal vera allt að 3 árum. Nú er refsivist sú, sem eftir stendur, lengri en 3 ár, og má þá ákveða reynslutíma allt að 5 árum.

Það er skilyrði reynslulausnar, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Ákveða má, að reynslulausn skuli vera bundin því skilyrði, að aðili sé háður umsjón og eftirliti samkvæmt 14. gr. laga nr. 38 24. apríl 1973, allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans. Enn fremur má binda reynslulausn þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 3. málsg. 57. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 22 3. maí 1955. Skilyrði um vistun á hæli getur þó eigi staðið lengur en til loka refsitímans.

Dómismálaráðherra eða stjórnvald, sem hann felur úrlausn máls, tekur ákvarðanir samkvæmt 1. og 2. málsg. og getur vegna breyttra ástæðna felld skilyrði niður að nokkru leyfi eða öllu.

3. gr.

42. gr. orðist svo:

Fremti aðili nýtt brot, eftir að hann hlaut reynslulausn og réttarrannsókn út af því hefst fyrir lok reynslutíma, og ákveður þá dómstóll, sem fjallar um mál þetta, refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt um, og svo með hliðsón af refsivist, sem ólokið er, samkvæmt reglum 60. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 22 3. maí 1955, þannig að refsivist eftir eldra dómi er virt með sama hætti og skilorðsdómur.

Rjúfi aðili skilorð að öðru leyfi, svo og ef hann fremur ótvírætt brot á alm. hegningarlögum, getur dómismálaráðherra eða stjórnvald, sem hann felur úrlausn þess máls, ákveðið, hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsióntími lengdur allt að lögmaeltu hámarki hans eða að aðili taki út refsingu, sem eftir stendur.

Nú er ekki tekin ákvörðun um, að aðili taki út refsivist, sem hann átti ólokið.

sbr. 1. og 2. málsgr., og telst refsingu þá fullnægt á því tímamarki, er aðili fékk reynslulausn.

Nú er ákveðið að láta aðila taka út eftirstöðvar refsitíma, sbr. 2. málsgr., og má þá veita reynslulausn, þótt eigi sé fullnægt tímaskildögum þeim, sem greinir í 1. og 2. málsgr. 40. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 41. gr. um reynslutíma, þó þannig að frá er dreginn sá tími, sem aðili hefur notið reynslulausnar áður.

Nú er aðili, sem sætt hefur nokkrum hluta refsivistar, náðaður skilorðsbundið, og er þá heimilt að setja aðila þau skilyrði, að hann hlíti ákvæðum 1.—4. málsgr. þessarar greinar.

II. KAFLI

4. gr.

1. málsgr. 232 gr. laganna orðist svo:

Ef maður, þrátt fyrir áminningu lögreglunnar, raskar friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þar á meðal með símhringingum, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Áminning lögreglunnar hefur gildi í 5 ár.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 21. apríl 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnat: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Viðskiptabanka útgerðarmanns skal skvlt að halda eftir fjárhæð, sem nemi 5% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) afla, sem landað er hérlandis, en 4% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) afla, sem landað er erlendis. Skal fjárhæð þessi renna til greiðslu iðgjalda af váttryggingum fiskiskipa.

2. gr.

Viðskiptabankarnir skulu skila andvirði þessu á reikning Landssambands ísl. útvegsmanna hjá viðkomandi banka, þegar greiðsla til bankans hefur farið fram.

Landssamband ísl. útvegsmanna skal mánaðarlega skila andvirði þessu til viðkomandi váttryggingarfélaganna, að heim hluta, sem þarf til greiðslu váttryggingariðgjalds hvers skips, enda liggi fyrir samkomulag milli Landssambands ísl. útvegsmanna og váttryggingarfélaganna um váttryggingar fiskiskipa, sbr. þó ákvæði laga

um bátaábyrgðarfélög, nr. 41/1967, með síðari breytingum, og laga nr. 47/1967, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, með síðari breytingum.

3. gr.

Við árslok skal endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins, er kann að verða umfram greiðslu váttryggingariðgjalda. Þó er heimilt að endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins fyrr, séu váttryggingariðgjöld skipsins að fullu greidd.

4. gr.

Vextir af innistæðum á bankareikningum Landssambands ísl. útvegsmanna skulu renna til greiðslu kostnaðar við innheimtu og skil iðgjaldagreiðslna skv. lögum þessum, að svo miklu leyti, sem þeir hrökkva til.

5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til aflla, sem landað er eftir 15. febrúar 1976.

Gjört í Reykjavík 19. mars 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

L Ö G

um bátaábyrgðarfélög.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 14. gr. laga nr. 91 31. desember 1975, um breyting á lögum nr. 41 28. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélög, hefi látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga ásamt áorðnum breytingum inn í lög nr. 41 28. apríl 1967 og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll fljótandi för, stór og smá, sem sigla undir íslenskum fána, innan þeirra takmarka, sem lögín setja.

2. gr.

Allir skipaeigendur, sem eiga vélskip með þilfari 100,49 rúmlestir brúttó að stærð eða minni, sem aðallega eru ætluð til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir að váttryggja þau hjá bátaábyrgðarfélagi, sem starfar samkvæmt lögum þessum innan þess svæðis, sem skipið er skrásett í, og með þeim skilmálum, sem settir eru í lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim.

Neiti einhver skipseigandi að váttryggja skip, sem tryggingarskytt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags og váttryggt sem önnur tryggingarskyld skip og iðgjaldið innheimt með lög taki skv. 17. gr. ef þörf krefur.

Heimilt er bátaábyrgðarfélögunum að vát tryggja fiskiskip, sem eru yfir 100 rúml. brúttó, en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en slík skip eru tekin í tryggingu og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina. Einnig er félögunum heimilt að taka til tryggingar opna vél-báta, að fengnu samþykki Samábyrgðarinnar, og samkvæmt þeim skilmálum sem hún setur.

3. gr.

Eigi er skylt að vát tryggja skip, sem vegna ágalla hefur ekki haft haffæris-skirteini í eitt ár. Þegar svo stendur á, skal bátaábyrgðarfélag segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

4. gr.

Ráðherra getur heimilað bátaábyrgðarfélagi að taka að sér endurtryggingu á hluta þeirra áhættu, sem Samábyrgðin yfirtekur frá öðrum bátaábyrgðarfélögum.

5. gr.

Ráðherra getur heimilað, að bátaábyrgðarfélögin taki að sér allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðartryggingar á sjómönnum.

Slíka heimild skal því aðeins veita, að löglegur félagsfundur, þar sem mætt er með a.m.k. helming allra atkvæða í félaginu, hafi samþykkt að óska heimildarinnar, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að málið yrði á dagskrá.

Heimild skal binda þeim skilyrðum, sem þurfa þykir, til þess að fjárhag félaganna verði ekki stofnað í hættu, og skal leita álits Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en heimildin er veitt.

Í reikningum félaganna skal tilgreina sérstaklega tekjur og gjöld vegna þeirra trygginga, sem um ræðir í þessari grein, og skulu þeir vera í samræmi við reglugerð um ársreikninga váttryggingarfélaga.

6. gr.

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja fiskiskip, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð ákvæðum 14. gr. laganna um aðstoð.

7. gr.

Landinu skal skipt í váttryggingarsvæði. Ráðherra ákveður takmörk þeirra í samráði við Samábyrgðina.

Á hverju váttryggingarsvæði skal vera eitt bátaábyrgðarfélag. Allir eigendur váttryggingarskyldra fiskiskipa á hverju váttryggingarsvæði eru skyldir að vera í félagi því, sem þar starfar. Þó skal með samþykki hlutaðeigandi bátaábyrgðarfélaga og Samábyrgðarinnar heimilt að vát tryggja skip hjá öðru bátaábyrgðarfélagi, er starfar samkvæmt lögum þessum.

Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi, skrásetningarstjóri og bátaábyrgðarfélag á því svæði, er skipið flyst frá, tilkynna það bátaábyrgðarfélagi á því svæði, sem skipið flyst á, og Samábyrgðinni. Vanræksla á tilkynningu varðar sektum frá 1 000—25 000 krónum. Sömu viðurlögum varðar það eiganda, ef hann vanrækir að skrásetja skipið tafarlaust á hinu nýja tryggingarsvæði. Ábyrgð fyrra félags fellur niður, jafnskjótt og skip hefur verið skrásett á öðru félagssvæði, enda hafi viðtakandi bátaábyrgðarfélag látið skoða skipið strax eftir að því barst flutningstilkynning, og samþykkt flutninginn.

Sé skip, sem tryggt er samkvæmt lögum þessum, svipt haffærisskirteini, skal Siglingamálastofnun ríkisins þegar í stað tilkynna það viðkomandi bátaábyrgðarfélagi eða Samábyrgðinni.

8. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna, hámark þeirrar áhættu, sem hvert bátaábyrgðarfélag tekur á eigin reikning í hverju skipi.

Félögin skulu endurtryggja hjá Samábyrgðinni þann hluta áhættunnar í hin- um váttrygðu skipum, sem þau bera ekki sjálf, og getur hún ekki undan því skorast.

Verði ágreiningur milli bátaábyrgðarfélags og Samábyrgðarinnar um endurtryggingariðgjöld, sker ráðherra úr.

9. gr.

Stjórn bátaábyrgðarfélags skal skipuð minnst þremur og mest fimm mönnum, og skal fjöldi þeirra ákveðinn á aðalfundi.

Samábyrgðin skipar einn af stjórnarmönnum, en hinir eru kosnir á aðalfundi. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Val stjórnarinnar gildir í tvö ár í senn.

Aðalfundur ákveður þóknun stjórnarinnar.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann.

Stjórnarfundur skal halda, þegar formaður telur þess þörf eða þegar tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaðurinn, ef formaður er ekki mættur. Stjórnin er ályktunarfær ef meiri hluti stjórnarmanna er mættur, þar á meðal formaður eða varaformaður. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum mála.

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í afgreiðslu máls, sem snertir hann sjálfan fjárhagslega.

Stjórnin skal halda fundarbók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Stjórnin hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún úrskurðar skaðabótageiðslur, en þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef bótaupphæðin nemur 200 000 kr. eða meiru.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir félagið og ákveður starfssvið hans og laun. Einnig ræður stjórnin annað starfsfólk eftir því, sem þörf er á.

10. gr.

Reikningar bátaábyrgðarfélaganna skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og af tveimur endurskoðendum, sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Aðalfundur ákveður þóknun kjörinna endurskoðenda.

Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar viðkomandi félags liggja frammi hjá framkvæmdastjóra eða formanni frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

11. gr.

Aðalfundur skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafundur, þegar stjórnin telur þess þörf eða $\frac{1}{5}$ hluti skipaeigenda fer þess á leit.

Til aðalfundar skal boðað með auglýsingum í blöðum og útvarpi eða á annan öruggan hátt eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafundur skal halda svo fljótt sem auðið er, eftir að stjórnin hefur fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aukafundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og kosin stjórn og endurskoðendur skv. 9. og 10. gr.

Atkvæðisrétt á fundum og kjörgengi til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa hafa allir skipaeigendur, eða fulltrúar þeirra, sem eiga skip í frumtryggingu hjá félaginu,

og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 2 000 000 kr. eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum umboðsmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins.

Félagsmaður getur farið með atkvæðisrétt fyrir aðra félagsmenn, enda hafi hann fengið til þess skriflegt umboð. Þó má enginn fara með meira atkvæðismagn en 10% af heildratkvæðamagni félagsins.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða í félaginu. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði er mætt á þeim fundi.

Sendi skal ráðuneytinu, Tryggingaeftirlitinu og Samábyrgðinni afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert.

12. gr.

Eignum félaganna má eingöngu verja skv. tilgangi þeirra og samkv. lögum um váttryggingarstarfsemi.

13. gr.

Stjórn bátaábyrgðarfélags og Samábyrgðin skipa hvor um sig einn skoðunar- og virðingarmann fyrir hvert félag og einn til vara til að framkvæma skoðunar- og virðingargerðir samkvæmt fyrirmælum þessara laga. Þeir skulu, áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega, sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er aðilum heimilt að krefjast þess, að skoðun og mat fari fram, hvenær sem þeim þykir ástæða til.

Stjórn félagsins ákveður þóknun skoðunarmanna, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Bátaábyrgðarfélag, váttryggður og Samábyrgðin geta hvert um sig krafist yfir- mats, og skal það framkvæmt af þremur dómkvöddum, sérfróðum mönnum.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, getur félagið fellt það úr tryggingu, og skal bætt úr ágöllum þeim, sem skoðunarmenn telja á skipinu, áður en það er tekið í tryggingu á ný. Sé skipið fellt úr tryggingu vegna framangreindra orsaka, skal það tilkynnt veðhöfum með 14 daga fyrirvara áður en niðurfelling tryggingar tekur gildi.

Váttryggingarverð skipanna skal miða við matverð eftir nánari fyrirmælum, sem sett verða í reglugerð.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða hvert það tjón, sem váttryggt skip verður fyrir, áður en viðgerð á skipinu hefst og gefa skriflega, sundurliðaða skýrslu um tjónið. Þeir skulu síðan fylgjast með viðgerð á skipinu, og að henni lokinni leggja fram skriflega matsgjörð á tjóninu og skýrslu um, hvort skipið sé komið í samt lag eftir viðgerðina.

14. gr.

Öll skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum eða af Samábyrgðinni, svo og öll þau skip, sem ríkisstofnanir eða ríkissjóður gera út eða sjá um útgerð á, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háaska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafist eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags, ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðarinnar. Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti, og aldrei getur greiðslan orðið hærri en vá-

tryggingarfjárhæð skipsins, sem hjálpina þáði. Ákvæði laga nr. 25/1967 og 66/1963 um hlutdeild skipshafnar í björgunarlaunum breyttist í samræmi við ákvæði greinar þessarar.

15. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af ráðherra, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og umsögn Tryggingaeftirlitsins. Samábyrgðin skal hafa samráð við bátaábyrgðarfélögin um iðgjaldatillögur.

16. gr.

Ef fjárhagur félags telst ekki samilega traustur, getur ráðherra ákveðið, að lagt skuli aukaiðgjald á váttryggðu. Gjald þetta má eigi vera hærra en 20% af iðgjöldum af váttryggðum skipum og 100% af iðgjöldum trygginga skv. 5. gr. Gjald þetta renni í sjóð félaganna.

Aukaiðgjald verður eigi lagt á iðgjöld tiltekins árs, nema ákvörðun um það hafi verið tekin áður en 2 mánuðir eru liðnir frá lokum ársins.

17. gr.

Bátaábyrgðarfélag hefur lögveð í skipi og lögtaksrétt fyrir skoðunarkostnaði og váttryggingariðgjöldum af skipum, þó eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár frá gjald-daga þeirra að telja. Sama gildir um aukaiðgjöld, sem reiknuð eru af váttryggingar-iðgjöldum skipa.

18. gr.

Nú hefur bátaábyrgðarfélag ekki innheimt váttryggingariðgjöld og stendur jafn-framt ekki í skilum við Samábyrgðina með endurtryggingariðgjöldin og skal þá ráðuneytinu heimilt að leggja félagið niður og ráðstafa tryggingunum yfir á annað félagssvæði eða beint til Samábyrgðarinnar. Óðlast þá sá aðili, sem tekur við tryggingunum, allar eignir félagsins, kröfur og réttindi.

19. gr.

Ágreining milli félags og skipseiganda, milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, annan en þann, sem um ræðir í 8. gr. laga þessara, skal leggja í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og til-nefndir af Hæstarétti.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Í gerðardómnum skal ákveðið hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila, eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðila.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

20. gr.

Þegar váttryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til váttrygginga-fjárins. Þegar váttryggingafé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafi þinglesin veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

21. gr.

Bátaábyrgðarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin eignar-og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkv. V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þó skulu endur-tryggingariðgjöld, sem greidd eru samkv. 8. gr., ekki teljast til aðstöðugjaldsskyldra útgjalda.

22. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, þar á meðal um váttryggingarskilmála, að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og umsögn Tryggingaeftirlitsins.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. apríl 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 15. gr. laga nr. 92 31. desember 1975 um breyting á lögum nr. 47 28. apríl 1967, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, hef látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga inn í hin síðarnefndu og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum í lögum þessum nefnd „Samábyrgðin“, skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Samábyrgðin tekst á hendur:

- a. Endurtryggingu á skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögum.
- b. Aðrar endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög.
- c. Frumtryggingu á skipum, sem ekki eru skyldtryggð hjá bátaábyrgðarfélögum.
- d. Frumtryggingu á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir, gera út eða sjá um útgerð á. Skylt er að vátryggja hjá Samábyrgðinni öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingakjörin séu ekki lakari en hjá öðrum tryggingafélögum að dómi ríkisstjórnarinnar.
- e. Allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðartryggingar sjómanna. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
- f. Aðra fyrirgreiðslu til fiskiskipaútgerðar, sem stofnunin getur í té látið að mati stjórnarinnar.
- g. Bráðafúatryggingu á tréskipum.

Samábyrgðin skal hafa eftirlit með starfsemi bátaábyrgðarfélaganna og vera þeim til ráðuneytis um rekstur.

3. gr.

Í stjórn Samábyrgðarinnar eru fimm menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í varastjórn. Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr. Skipunar-tími stjórnarinnar er fjögur ár.

Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður, tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annað hvort aðalmaður eða varamaður vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.

Stjórnin velur sér formann og varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.

4. gr.

Stjórnarfundur skal halda þegar formaður telur þess þörf eða tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaður, ef formaður mætir eigi.

Stjórnarfundur er löglegur, ef þrír stjórnarmenn mæta, þar á meðal formaður eða varaformaður.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls, en ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði fundarstjóra.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir Samábyrgðina og ákveður verksvið hans. Framkvæmdastjóri má ekki eiga sæti í stjórn félagsins.

5. gr.

Reikningsár Samábyrgðarinnar er almanaksárið.

Í reikningum félagsins skulu koma fram tekjur og gjöld í hverri grein trygginga fyrir sig, enda skulu þeir vera í samræmi við þær reglur, sem Tryggingaeftirlitið setur.

Bráðafúatryggingarnar skulu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með aðgreindu reikningshaldi, og ber aðalsjóður félagsins ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirrar deildar.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Stjórn Samábyrgðarinnar skal fyrir júnilok ár hvert senda ráðuneytinu og Tryggingaeftirlitinu reikninga félagsins fyrir næstliðið ár.

6. gr.

Samábyrgðin skal eigi sjaldnar en þriðja hvert ár boða til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögum þeim, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni. Til aukafulltrúafundar skal boða ef þrjú eða fleiri bátaábyrgðarfélög óska þess.

Hvert félag hefur rétt til að senda tvo fulltrúa á fundinn. Formaður og framkvæmdastjóri félags eru sjálfkjörnir fulltrúar, en ef þeir geta ekki mætt, ákveður stjórn félagsins, hverjir skuli mæta af þess hálfu.

Stjórn Samábyrgðarinnar og framkvæmdastjóri hafa rétt til að sitja fulltrúafundi.

Á fulltrúafundi skal kjósa tvo menn í stjórn Samábyrgðarinnar og tvo til vara, sbr. 3. gr. Við þá kosningu hefur hvert félag eitt atkvæði. Þá skal ræða og gera ályktanir um málefni trygginganna.

Að afloknum fulltrúafundi skal Samábyrgðin senda ráðuneytinu afrit af fundargerðinni.

II. KAFLI

Bráðafúatryggingar.

7. gr.

Allir eigendur tréskipa með þilfari, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland, eru skyldir til að vát tryggja þau hjá Samábyrgðinni gegn skemmdum af bráðafúa, svo sem af völdum *Coniophora cerebella*, *Poria* og annarra sveppategunda, er slíkan fúa geta orsakað að dómi Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins.

Þegar skip eru smíðuð eða skipshlutar endurnýjaðir, skal eigandi skips hlíta þeim fyrirmælum, sem Samábyrgðin setur til varnar gegn hættu af bráðafúa.

8. gr.

Hafi skip eigi fengið haffærisskirteini endurnýjað, er heimilt að fella það úr tryggingu, eftir að eitt ár er liðið, frá því að haffærisskirteinið rann út.

Heimilt er sveitarfélagi, sem ekki fyllir ítölu sína í afrétti, að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi gjald fyrir, sem ítölunefnd ákveður. Hafi ábúandi færri búfé í heimahögum en svarar ítölu hans, má hann taka af öðrum innan sama hrepps, en eigi utan, nema með samþykki sveitarstjórnar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsþúar ekki þörf nytjalandsins, en sveitarstjórn synjar jarðeiganda að taka fénað utan hrepps, getur hann krafist beitarleigu eftir mati ítölunefndar, enda sé það land, ef um heimaland er að ræða, girt fjárheldri girðingu.

Nú hefur ítala verið ákveðin í afréttarland, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna niður fjallskilakostnaði í hlutfalli við ítölu hvers býlis.

25. gr.

Til þess að gera ítölu í land, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í nefnd og er hann formaður, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og landgræðslustjóri hinn þriðja.

26. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri sveitarfélaga, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu búpenings síðastliðin fimm ár. Rísi ágreiningur um reikning ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

27. gr.

Sá, er ekki vill una úrskurði ítölunefndar, getur krafist yfiritölumats innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjú menn í yfiritölunefnd, og sé einn þeirra formaður. Starfar nefndin samkvæmt ákvæðum 22. gr.

Kostnaður greiðist á sama hátt og segir í 26. gr., ef nefndin breytir ítölu um 10 af hundraði eða meira, ella af þeim, er krafðist endurskoðunar.

28. gr.

Nú telur einhver, að ítölu sé ekki fylgt, og getur hann þá kært málið til sýslumanns.

Nú verður sannað, að einhver bóndi hefur fleira búfé í afrétti eða heimahögum en hann hefur rétt til samkvæmt ítölu, og skal þá sýslumaður gera viðkomanda að greiða sekt til fjallskilasjóðs.

Sektarfé skal verja til gróðurbóta á viðkomandi landi.

Sekt skal vera sem samsvarar 1/10 af meðallamsverði fyrir hverja fjallskilaeiningu, sem er umfram leyfilega tölu, en tvöfalda má sekt fyrir hvert ítrekað brot. Heimilt er að láta sektir niður falla, ef sönnur verða færðar á, að um ásetning hafi ekki verið að ræða.

29. gr.

Skylt er að taka ítölu til endurmats, þegar 4 ár eru liðin frá þeim tíma, að ákvörðun um ítölu tók gildi, ef a. m. k. $\frac{1}{4}$ ábúenda, sem hlut eiga að máli, krefjast þess, eða ef landgræðslustjóri, stjórn fjallskiladeildar eða gróðurverndarnefnd telur þess þörf.

30. gr.

Nánari ákvæði um ítölu má setja í fjallskilasamþykkt.

4. gr.

Töluröð greina í kafla IV.—X. breytist í samræmi við framantaldar breytingar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Útvegsbanki Íslands skal veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, eins og segir í lögum þessum. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk Fiskveiðasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi með því að veita stofnlán með veði í fiskiskipum, nýsmíðuðum og eldri, vinnslustöðvum, vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðsstjórnar eru í þágu sjávarútvegsins, þ. á m. skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum, veiðarfæragerðum og verbúðum.

Stjórn Fiskveiðasjóðs er heimilt að setja á fót sérstaka tæknideild, er sé stjórninni til ráðuneytis um tæknileg atriði í sambandi við mat á lánsúmsóknum og til þess að fylgjast með smíði og búnaði fiskiskipa, fiskvinnslustöðva og annarra mannvirkja, sem Fiskveiðasjóður veitir lán til, svo og að fylgjast með nýjungum á þeim sviðum.

3. gr.

Auk stofnfjár samkvæmt 3. gr. laga nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal fjáröflun til Fiskveiðasjóðs vera með eftirtöldum hætti:

- a) Vextir af lánnum og öðrum kröfum.
- b) Útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem renna til sjóðsins lögum samkvæmt.
- c) Til viðbótar tekjum sjóðsins skv. b-lið greiðir ríkissjóður honum árlega fjárhæð er nemi $\frac{3}{4}$ hlutum af tekjum skv. b-lið.
- d) Til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. b- og c-liðum greiðir ríkissjóður honum árlega 35 millj. kr.
- e) Lántökur innanlands og erlendis, sbr. þó 7. gr. laga nr. 30/1960.

4. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs getur ákveðið stofnun nýrra lánaflokka. Skal nánar kveðið á um þá í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

5. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskveiðasjóðs gagnvart innlendum aðilum og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til. Einnig ábyrgist ríkissjóður greiðslu allra lána, svo og efnidir allra skuldbindinga, sem Fiskveiðasjóður tekur við af sjóðnum og stofnunum þeim, sem nefndar eru í 3. gr. laga nr. 75/1966.

6. gr.

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Skal stjórn hans vera í höndum 7 manna, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn og skulu 6 þeirra skipaðir skv. tilnefningum og 1 án tilnefningar. Hver eftirgreindra aðila tilnefnir 1 fulltrúa í stjórnina: Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands, Útveggsbanki Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna. Eftirtalin samtök í fiskiðnaði tilnefna sameiginlega 1 fulltrúa: Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Verði þessir aðilar ekki sammála um tilnefningu, skal ráðherra tilnefna fulltrúa þennan. Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands skulu tilnefna sameiginlega 1 fulltrúa, en verði þessir aðilar ekki sammála skal ráðherra tilnefna hann. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna 7 stjórnarmanna. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

7. gr.

Verkefni stjórnar Fiskveiðasjóðs eru þessi:

- a) Ákvarðanir um lántöku og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins og útgáfu skjala í því sambandi.
- b) Ákvarðanir um rekstrar- og greiðsluáætlanir Fiskveiðasjóðs, er gerðar skulu fyrir fram eitt ár í senn.
- c) Ákvarðanir um útlán sjóðsins og lánakjör.

- d) Úrskurður reikninga sjóðsins og ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og ákvörðun um afskriftir af kröfum hans.
- e) Ráðning forstjóra sjóðsins. Heimilt er einnig að ráða aðstoðarforstjóra.
- f) Skipun matsnefndar.

8. gr.

Forstjóri sjóðsins hefur á hendi alla daglega starfsemi sjóðsins eftir nánari fyrirmælum í reglugerð og skv. ákvörðunum sjóðsstjórnar. Í reglugerð má einnig ákveða, að sjóðsstjórnin geti veitt forstjóra heimild til að ákveða lánveitingar úr sjóðnum innan tiltekinna marka. Stjórn Útvegsbanka Íslands ræður aðra starfsmenn sjóðsins en um ræðir í 7. gr., samkvæmt tillögum forstjóra sjóðsins. Um laun og kjör þeirra gilda sömu ákvæði og um starfsmenn Útvegsbankans.

9. gr.

Handbært fé Fiskveiðasjóðs skal geymt í viðskiptareikningi í Seðlabankanum. Þó er sjóðnum heimilt að geyma fé í viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði, ef svo stendur á, að sú lánastofnun, sem hlut á að máli, hefur veitt bráðabirgðalán til framkvæmda, sem stjórn Fiskveiðasjóðs hefur samþykkt að veita lán til, enda sé innistæðunni haldið innan þess hundradshluta útlagðs kostnaðar við verkið, sem ætla má að lánið úr sjóðnum nemi.

10. gr.

Starfsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið. Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur sjóðsins svo og töp vegna afskrifaðra lána. Forstjóri sjóðsins skal sjá um að ganga frá reikningum hans fyrir 1. mars ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði stjórnar og endurskoðenda. Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum og í ársskýrslu Útvegsbankans.

11. gr.

Öll lán Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa skulu tryggð með 1. veðrétti í skipunum. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lán nema $\frac{3}{4}$ hlutum kostnaðar eða matsverðs, þess er lægra reynist, en allt að $\frac{2}{3}$ hlutum kostnaðarverðs eða matsverðs með sama hætti, séu skipin smíðuð erlendis. Til eldri fiskiskipa mega lán nema $\frac{1}{4}$ hluta kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánnum sjóðsins, sem fyrir kunna að vera.

12. gr.

Lán, sem veitt eru gegn veði í öðrum eignum en skipum, að viðbættum lánnum, sem hvíla á eigninni við veðsetningu með forgangsveði, mega hæst nema 60% af matsverði.

13. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður lánstíma að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra og stjórn Seðlabankans.

14. gr.

Umsækjendur um lán úr Fiskveiðasjóði geta valið um, hvort heldur þeir leggja lánbeiðnir sínar fyrir Fiskveiðasjóð eða viðskiptabanka sinn. Þær lánbeiðnir, sem lagðar eru fyrir viðskiptabanka umsækjenda, skal viðskiptabankinn senda Fiskveiðasjóði ásamt umsögn sinni. Fiskveiðasjóður skal á sama hátt leita umsagnar viðskiptabanka umsækjenda um umsóknir þær, er honum berast beint, áður en þær eru afgreiddar.

15. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs skal ákveða vaxtakjör, dráttarvexti og lántökugjald, að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra og Seðlabankann, enda séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.

Vextir af lánum greiðast eftir á á gjalddögum afborgana. Stjórn sjóðsins ákveður gjalddaga lána við hina ýmsu lánaflokka.

Lántakendur skulu greiða matskostnað og annan beinan kostnað skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

16. gr.

Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og lánar það innanlands, og er þá heimilt að semja svo um við lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenskum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

17. gr.

Skylt er þeim, sem lán fá úr Fiskveiðasjóði, að láta Reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem Reikningaskrifstofan ákveður.

18. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs skal skipa sérstaka matsnefnd til þess að meta þær eignir, sem í ráði er að veðsetja Fiskveiðasjóði. Skal nefndin skipuð þremur mönnum. Nefndin kys sér formann. Skal nefndinni heimilt með samþykki stjórnar Fiskveiðasjóðs að skipa menn til þess að meta eignir á sínum vegum, enda skal hún endurskoða matið og staðfesta það. Eignir skulu metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðast við rýrnun eignarinnar, frá því að hún var ný. Skal matsnefndin semja nákvæmar reglur um framkvæmd matsins, sem staðfestar skulu af stjórn Fiskveiðasjóðs. Lánbeiðendur greiða matskostnað.

Heimilt er matsnefndinni, eftir því sem henni þykir rétt, að notfæra sér mót, sem unnin hafa verið á vegum Fiskveiðasjóðs, Ríkisábyrgðasjóðs og Stofnlána-deildar sjávarútvegsins eftir 1961.

19. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, eru undanþegin stimpilgjöldum.

20. gr.

Skylt skal lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt váttryggðar, að vel nægi fyrir áhvílandi lánum, og tekur veðréttur Fiskveiðasjóðs jafnan einnig til váttryggingarfjárins. Ef til útborgunar váttryggingarfjár kemur, getur Fiskveiðasjóður krafist þess, að honum sé greidd beint upphæð, sem svarar til áhvílandi láns eða lána hans, enda sé tekið fullt tillit til þeirra veðhafa, er á undan eru í veðröð.

Öllum skuldunautum Fiskveiðasjóðs er skylt að láta sjóðnum í té árlegt afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum sínum í því formi, sem hann ákveður.

21. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Fiskveiðasjóði fallin í gjalddaga án uppsagnar:

- a) Þegar greiðslur af lánum eru ekki inntar af hendi á réttum gjalddaga,
- b) við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef veðið ferst eða rýrnar verulega í verði, er selt eða sett á uppboð, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðnum eigendaskipti þegar í stað,

- c) ef hin veðsetta eign er ekki starfrækt í 6 mánuði eða meira samfleytt, eðli sínu samkvæmt og tilgangi,
- d) ef hin veðsetta eign er flutt úr þeim stað, þar sem hún var starfrækt, er lán var veitt,
- e) ef lántaki hættir störfum eða breytir rekstri sínum að verulegu leyti að dómi sjóðsstjórnar.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, hvað veð í fasteignum og skipum með tilheyrandi áhrærir, skv. lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 frá 1949, sbr. lög um veð frá 4. nóvember 1887, 3. gr., og skal í þessu sambandi heimilt að semja svo um, að uppboð á hinu veðsetta megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara. Nú er skip eða fasteign, sem Fiskveiðasjóður á veð í, seld á nauðungaruppboði og ber þá uppboðshaldara að tilkynna Fiskveiðasjóði um uppboðið svo tímanlega, að hann geti látið fulltrúa sinn mæta við uppboðið.

23. gr.

Skuldunautar Fiskveiðasjóðs eru skyldir til þess að fullnægja öllum kvöðum og skuldbindingum, sem á þá eru lagðar í lögum og reglugerðum fyrir Fiskveiðasjóð.

24. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi Fiskveiðasjóðs.

25. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, ásamt síðari breytingum, sbr. lög nr. 33/1970, lög nr. 55/1973, lög nr. 99/1975 og 3. gr. laga nr. 27/1976.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr., 1. málsg. orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru skipaðir prófessorar einir kjöringir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar og lektorar og allir þeir, sem fast-

ráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskóla-próf. Þá eiga allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveim mánuðum á undan rektorskjöri, atkvæðisrétt. Greidd atkvæði stúdenta skulu gilda sem einn þriðji hluti greiddra atkvæða alls, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða alls.

2. gr.

3. gr., 2. málsg. orðist svo:

Rektorskjör fer fram í aprílmánuði, en rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

3. gr.

3. gr., 3. málsg. orðist svo:

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæða, sbr. 1. málsg. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju eftir viku um þá tvo eða fleiri, sem flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, er flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

4. gr.

4. gr., 1. málsg. orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskólaeilda, tveir fulltrúar, sem kosnir eru til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi í Félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, í fyrsta sinn vorið 1976, þar af annar til eins árs, og síðan einn á hverju vori, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn, í fyrsta sinn vorið 1976, þar af tveir til eins árs, og síðan tveir á hverju vori. Ef Félag háskólakennara og stúdentar hafa þegar kjörið 1 fulltrúa hvor aðili fyrir árið 1976—1977, þegar þessi lög taka gildi, þarf fyrrnefndi aðilinn engan að kjósa til eins árs vorið 1976 og síðarnefndi aðilinn þarf aðeins að kjósa einn fulltrúa til eins árs. Háskólaritari og kennslustjóri eiga einnig sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kys ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

5. gr.

4. gr., 3. málsg. breytist þannig, að í stað orðanna „eða fulltrúi, er Félag háskólakennara tilnefnir“ komi: eða fulltrúar, er Félag háskólakennara tilnefnir.

6. gr.

9. gr., 1. málsg. orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspékideild, verkfræði- og raunvísindadeild, viðskiptadeild, tannlæknadeild og félagsvísindadeild.

7. gr.

14. gr., 1. málsg. breytist þannig:

Í stað orðanna „Enn fremur eiga þar sæti 2 fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags“ komi: Enn fremur eiga þar sæti þrjú fulltrúar stúdenta, í deildum þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum, er tólf eða færri, og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar.

8. gr.

14. gr., 3. málsg. breytist þannig, að aftan við málsgreinina bætist: Tala stúdenta í stjórnskrá skal ekki vera lægri en tveir.

9. gr.

14. gr., 4. málsg. breytist þannig, að aftan við málsgreinina bætist: Tala stúdenta í deildarráði skal þó ekki vera lægri en tveir.

10. gr.

29. gr. orðist svo:

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómandi utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Stúdent, sem ekki hefur staðist próf, á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess bréflaga innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdentinn þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

Sé ekki völ á prófdómara hérlendis utan háskólans, er fullnægir skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starf-ans að fenginni tillögu háskóladeildar.

11. gr.

X. kafli falli brott, og breytist tölusetning XI. kafla til samræmis við það, þannig að hann verði X. kafli.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að öðru leyti en því, að ákvæði 6. gr. og 11. gr. öðlast gildi 15. september 1976.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um breyting á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 18. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgreinar:

Búnaðarfélagi Íslands ber að sjá um að hreinrækta íslenska forustuféð. Semja ber við einstaklinga, sauðfjárræktarfélag eða ríkisbú að annast þetta verkefni undir umsjón og eftirliti félagsins.

Framlag til þessarar stofnræktar skal vera tvöfalt miðað við aðra stofnrækt sauðfjár.

Aðeins einn aðili getur notið framlags í hverjum landsfjórðungi auk Vestfjarða eða mest 5 á öllu landinu.

Framlag á stofnrækt forustufjár miðist við minnst 8 ær, skýrslufærðar, og mest 15 hjá hverjum stofnræktaraðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það markmið að kanna aðstæður til að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi og annast undirbúning þess, að slíku fyrirtæki verði komið á fót.

Með saltverksmiðju er í lögum þessum átt við iðjuver til vinnslu á salti (natríumklóríði) fyrir innlandan og erlendan markað og hagnýtingar á efnum, sem til falla við þá vinnslu.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja innlenda aðila, sem áhuga hafa á málinu.

3. gr.

Hlutfélagið skal láta endurskoða þær niðurstöður, sem fyrir liggja. Það skal framkvæma eða láta framkvæma hvers konar viðbótarrannsóknir, sem það telur nauðsynlegar til undirbúnings að byggingu og rekstri saltverksmiðju, m. a. skal félagið láta reisa og reka tilraunaverksmiðju. Þá skal undirbúningsfélagið láta framkvæma ítarlegar markaðsathuganir. Skal að því stefnt, eftir því sem fært þykir, að unnt verði að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takist á hendur að fullbyggja verksmiðjuna og annast rekstur hennar til fram-búðar. Ber jafnframt að stefna að því, að hlutfélagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn frá þeim, er við starfseminni tekur, með hlut í vinnslufyrirtækinu eða á annan hátt.

Slíta skal hlutfélaginu, þegar hlutverki þess samkvæmt 1. gr. er lokið, nema Alþingi heimili framhald á starfsemi þess í öðrum tilgangi.

Óheimilt skal að framselja árangurinn af starfsemi hlutfélagsins til annarra en íslenskra aðila nema samþykki Alþingis komi til.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan:

1. Að leggja fram í reiðufé allt að 60 milljónum króna, sem hlutfé í félagi samkvæmt 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða af lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.
2. Að leggja fram til félagsins mannvirki og undirbúningsrannsóknir, sem að hefur verið unnið á kostnað ríkissjóðs, þegar félagið tekur til starfa. Verði hvort tveggja metið við kostnaðarverði og teljist til hlutfjárframlags ríkissjóðs.
3. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánnum, er hlutfélagið tekur til starfsemi sinnar, að fjárhæð samtals allt að 100 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.
4. Að veita félaginu heimildir til hagnýtingar á jarðhitaréttindum og vinnsluréttindum á Reykjanesi í eigu ríkisins í þágu athugana og aðgerða samkvæmt 3. gr., þar á meðal starfrækslu á tilraunaverksmiðju, með eða án sérstaks endurgjalds.
5. Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af byggingarefni, búnaði og vélum, sem félagið flytur inn til framkvæmda samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Ríkissjóður og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkvæmt 2. gr., skulu vera fullgildir stofnendur hlutfélagsins, án tillits til ákvæðis 3. málslíðar 2. málsgreinar 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutfélög. Tala stofnenda skal óháð ákvæðum 1. málslíðar sömu málsgreinar. Rétt er að skrásetja félagið þegar er það hefur verið stofnað, án tillits til þess, hvornig þá stendur á um innborgun lofaðs hlutfjár.

Tala hluthafa í félaginu skal óháð takmörkunum í almennum hlutfélögum, svo og réttur hluthafa til að neyta atkvæðisréttar fyrir allt atkvæðisbært hlutfé sitt.

Hlutabréf í félaginu skulu hljóða á nafn. Hlutabréfin skulu undanþegin stimpilgjöldum.

6. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutfélagi samkvæmt 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

Fulltrúar í stjórn hlutafélags samkvæmt 1. gr. skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til árs í senn, svo og varamenn þeirra. Iðnaðarráðherra skipar formann stjórnar.

Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga sjálfir hlut í félaginu.

7. gr.

Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir á þess vegum og skal starfsgrundvöllur saltverksmiðjunnar á Reykjanesi miðaður við, að fyrirtækið fullnægi einnig því skilyrði.

Framkvæmdir undirbúningsfélagsins og hönnun saltverksmiðjunnar, bygging og rekstur, skulu vera í samræmi við nágildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi náttúruvernd, mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og staðla þá, sem settir eru samkvæmt þeim.

8. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. og aðild að starfsemi þess, sbr. þó 6. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Aukaframlag skal veita þeim sveitarfélögum, sem skortir tekjur til greiðslu lögboðinna eða óhjákvæmilegra útgjalda.

Enn fremur er heimilt að greiða aukaframlög til sveitarfélaga, sem verða fyrir fjárhagstjóni vegna laga nr. 94 30. desember 1975.

Skilyrði þess, að sveitarfélag fái aukaframlag skv. 1. mgr. þessarar greinar, er:

- a. að sveitarfélag hafi lagt á fullt útsvar samkvæmt 25. gr.,
- b. að sveitarfélag hafi innheimt fasteignaskatt með álagi skv. 3. mgr. 3. gr., ef félagsmálaráðuneytið hefur krafist þess, sbr. þó 13. gr. laga nr. 11 1975,
- c. að sveitarfélag hafi fyrir 1. október sent umsókn um aukaframlag til félagsmálaráðuneytisins og láti fylgja umsókn nauðsynleg gögn um þörf aukafram-

lags, svo sem ársreikninga næstliðins árs, fjárhagsáætlun liðandi árs, greinargerð um nýtingu tekjustofna og nauðsyn aukaframlags.

Heimilt er að greiða aukaframlag skv. 2. mgr. þessarar greinar, þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum skv. stafliðum a—c hér að framan.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 14. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður aukaframlög að fenginni umsögn stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðuneytið getur krafist sveitarfélag, sem sótt hefur um aukaframlag, um frekari gögn og upplýsingar en greinir í c-lið.

Við ákvörðun aukaframlaga til einstakra sveitarfélaga skal hafa hliðsjón af því, hverjar tekjur eru af einstökum tekjustofnum í hlutaðeigandi landshluta og landinu í heild á íbúa á því ári, sem framlag er veitt.

Til að mæta útgjöldum samkvæmt þessari grein má verja 6% af tekjum sjóðsins, svo og vaxtatekjum sjóðsins og því fé, sem ekki kemur til úthlutunar samkvæmt 2. mgr. 13. gr.

2. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár og skal þá sveitarfélagið fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. e-lið 8. gr., enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir árslok ár hvert. Framlagið skal vera allt að meðalútsvari á íbúa í landinu næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.

Félagsmálaráðuneytið úrskurðar fólksfækkunarframlög samkvæmt 1. mgr. og greiðir þau hlutaðeigandi sveitarfélögum fyrir 15. nóvember.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 26. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum um fasteignasölu, nr. 47 11. júní 1938.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ný grein, sem verður 14. gr. laganna, orðist svo:

Skylt er að geta þess í öllum skjölum varðandi fasteignakaup, svo sem kaup-tilboðum, kaupsamningum, skuldabréfum og afsölum, hver hafi samið skjöl þessi, og skal geta nafns og nafnnumers. Enn fremur skulu þeir, sem fasteignaviðskipti annast, geta nafns síns í auglýsingum, eins þótt viðskiptin séu rekin í nafni skrásetts firma.

2. gr.

Ný grein, sem verður 15. gr. laganna, orðist svo:

Ákvæði laga þessara ná einnig til kaupa og sölu skráningarskyldra skipa, sbr. 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 53 1970.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G**um almenningubókasöfn.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Allar byggðir landsins skulu njóta þjónustu almenningubókasafna, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Almenningubókasöfn eru mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnanir fyrir almenning. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlungsögnum til fræðslu og dægradvalar.

2. gr.

Almenningubókasöfn eru:

Bæjarbókasöfn (borgarbókasafn í Reykjavík), bæjar- og héraðsbókasöfn, héraðsbókasöfn, hreppsboðkasöfn, bókasöfn í sjúkrahúsum, hælum, vistheimilum og fangahúsum.

3. gr.

Landið skiptist í bókasafnumdæmi.

Bæjarbókasöfn starfa í kaupstöðum og skulu hafa útibú í bæjarhverfum eftir ástæðum.

Bæjar- og héraðsbókasöfn starfa í kaupstöðum en rækja jafnframt bókasafnsþjónustu í byggðunum í kring. Héraðsbókasöfn eru aðalsöfn hvert í sínu umdæmi og skulu vera sem næst miðsvæðis.

Bókasafnumdæmi skulu ákveðin í reglugerð, svo og aðsetur héraðsbókasafna.

4. gr.

Hreppsboðkasöfn starfa í hreppum þar sem héraðsbókasöfn eru ekki. Í hverjum hreppi skal vera bókasafnsþjónusta en heimilt er að fela héraðsbókasafni að annast þessa þjónustu gegn lögboðnu fjárframlagi. Einnig geta tveir eða fleiri hreppar sameinast um rekstur bókasafns ef um það næst samkomulag.

5. gr.

Heimilt er að sameina almenningubókasafn og skólasafn og reka sameiginlega ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

6. gr.

Í öllum sjúkrahúsum landsins, hælum, vistheimilum og fangahúsum skal vera bókasafn kostað og rekið af viðkomandi stofnun.

Heimilt er að fela almenningubókasafni í byggðarlaginu þessa þjónustu enda greiði stofnunin hæfilega þóknun fyrir að mati viðkomandi aðila. Nánari ákvæði um búnað og starfsemi þessara bókasafna skulu sett í reglugerð.

7. gr.

Almenningubókasöfn eru rekin af sveitarfélögum og kjósa sveitarstjórnir bókasafnsstjórnir. Þó er heimilt að gömul lestrarfélög starfi áfram á svipuðum grundvelli og verið hefur og í samráði við hreppsnefndir.

8. gr.

Lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til almenningubókasafna skulu vera sem hér segir:

- a) Til bæjarbókasafns greiðir bæjarsjóður 1300 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins.
- b) Til bæjar- og héraðsbókasafns greiðir bæjarsjóður 1300 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða 130 kr. á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
- c) Til héraðsbókasafns greiðir sveitarsjóður þar sem safnið er 1300 kr. á hvern íbúa hreppsfélagsins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða til safnsins 130 kr. á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
- d) Til hreppsbókasafns greiðir viðkomandi hreppssjóður (hreppssjóðir) 1000 kr. á hvern íbúa hreppsins (hreppanna).

Þessi lágmarksfjárframlög sveitarfélaganna skulu endurskoðuð árlega og færð til samræmis við verðlag í landinu skv. útreikningum Hagstofu Íslands.

Drátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar getur sveitarstjórn ákveðið annað lágmark ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda mæli félagsmálaráðuneytið með undanþágu hverju sinni.

9. gr.

Sveitarfélög reisa bóklöður og búa þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum, eftir því sem fé er til veitt. Heimilt er að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin.

10. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með málefni almenningubókasafna. Sérstakur fulltrúi í ráðuneytinu annast málefni safnanna, og skal að öðru jöfnu ráða eða skipa í það starf bókasafnsfræðing með reynslu í starfi. Nánari ákvæði um starfsundirbúning hans og starfssvið skal setja í reglugerð. Heimilt er ráðherra að skipa sérstaka ráðgjafarnefnd um málefni almenningubókasafna. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir fulltrúar, annar tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, hinn tilnefndur af Bókavarðafélagi Íslands, og sé hann starfandi í almenningubókasafni.

11. gr.

Ríkissjóður greiðir árlega 12 milljónir króna í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í þeim söfnum sem þessi lög gilda um. Þessi fjárhæð skal endurskoðuð árlega til samræmis við verðlag, sbr. 8. gr.

Sérstaka reglugerð skal setja um Rithöfundasjóð Íslands í samráði við Rithöfundasamband Íslands.

12. gr.

Við bæjarbókasöfn (borgarbókasafn í Reykjavík) og bæjar- og héraðsbókasöfn skal forstöðumaður (yfirbókavörður) að jafnaði vera bókasafnsfræðingur.

Einnig skulu bókasafnsfræðingar að jafnaði hafa forgangsrétt til bókavarðarstarfa.

Nánari ákvæði um menntun og starfsundirbúning starfsmanna almenningsbókasafna skal setja í reglugerð.

13. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi almenningsbókasafna. Skal reglugerðin samin í nánú samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga, að höfðu samráði við sérstaka fulltrúa Bókavarðafélags Íslands og Félags bókasafnsfræðinga, einn frá hvoru félagi.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Um leið falla úr gildi lög nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði um fjárframlög koma til framkvæmda á þremur árum frá 1. jan. 1976 að telja.

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu sameiginlega gangast fyrir gerð heildaráætlunar um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G**um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal búa nemendur undir störf í viðskiptalífínu og leggja jafnframt almennan þekkingargrundvöll. Skal hún vera hluti af samræmdu framhaldsnámi að loknum grunnskóla, sbr. 4. gr., og svo sem nánar segir í lögum þessum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

3. gr.

Inntaka nemenda til námsins er í höndum stjórnar þess skóla, sem menntunina veitir.

Rétt til að hefja viðskiptanám samkvæmt lögum þessum hafa þeir, sem staðist hafa grunnskólapróf eða hlötið aðra hliðstæða menntun. Heimilt er að ákveða í reglugerð um lágmarkseinkunnir, sem krafist kann að verða.

4. gr.

Námsefni skal greint í kjarna og kjörsvið. Í kjarna skulu vera eftirtaldar greinar: íslenska, stærðfræði, eitt Norðurlandamál, enska, vélritun, bókfærsla og hagfræði. Kjörsvið skulu vera eftir því sem námsbrautir og námslok gefa tilefni til.

Námsefninu skal skipt í námseiningar, er skilgreindar verði í reglugerð. Skal jafnan við það miðað, að sem hagkvæmast verði fyrir nemendur að bæta við sig námi, enda verði námið þáttur í samræmdri menntun á framhaldsskólastigi.

Menntamálaráðuneytið setur í námsskrá og/eða reglugerð nánari ákvæði um námsskipan, kjörsvið, stundaskrá, námsefni, próf og kennsluhætti.

5. gr.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal miða að því, að nemendur eigi vól á að búa sig undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslu- og deildarstjórastörf í verslunum, svo og stjórnunarstörf. Jafnframt skulu nemendur eiga þess kost að búa sig undir stúdentspróf.

Námið skal vera eins til fjögurra ára nám, svo sem hér greinir:

- a) Eins, tveggja eða þriggja ára almennt og sérhæft viðskiptanám, og skal nemandi hljóta skirteini og vitnisburð um nám sitt að loknum hverjum ársáfangi.
- b) Eins árs viðbótarnám, að loknu þriggja ára almennu og sérhæfðu viðskiptanámi samkvæmt a-lið, er miðli nemendum almennri menntun til stúdentsprófs. Veitir stúdentsprófið þann rétt til háskólanáms, sem ákveðið er í lögum og reglugerð fyrir Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á háskólastigi. Auk þess skal umrætt nám hafa að markmiði að gera nemendur hlutgengari til starfa í viðskiptalífínu.

Í náminu skal þess jafnan gætt, að nemendur eigi kost á hæfilegu valfrelsi milli kjörsviða.

Starfsþjálfun er hluti af umræddu námi, eftir því sem reglugerð mælir nánar fyrir um, og er skólum þeim, sem menntunina veita, heimilt að fela viðskipta-fyrirtækjum að annast tiltekna þætti þeirrar þjálfunar.

6. gr.

Framangreinda menntun má veita annars vegar í formi námsbrautar á framhaldsskólastigi, í fjölbrautaskólum, menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla, og hins vegar í sérskólum, eftir því sem sérhæfing námsins krefst.

7. gr.

Stofna skal, eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum, sérskóla á vegum ríkisins, er veiti viðskiptamenntun, sbr. 6. gr. Skal fyrsti skóli þeirrar tegundar stofnaður á Akureyri.

8. gr.

Allur stofn- og rekstrarkostnaður sérskóla samkvæmt 7. gr. greiðist úr ríkissjóði. Við aðra skóla, sem veita menntun skv. lögum þessum, fer um kostnað eftir því sem lög hvers skóla eða skólastigs kveða á um.

9. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast, og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði til nefndra skóla skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

- a) Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar, þar sem hennar er þörf, en til hennar skal veitt fjárveiting, er nemur 80% kostnaðar. Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.
- b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist, þar sem hennar er talin þörf.

Skilyrði nefndra fjárveitinga er, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði. enda liggja áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum.

Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

Nú eru skólar þessir lagðir niður eða svo fer, að ekki er hagnýtt í þágu skólanna skólahúsnæði, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og fær ríkið þá eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ef ágreiningur verður um eignaskiptingu, skal dómkveðja þrjá óvillhalla menn til þess að kveða á um skiptinguna og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólastjóra svo og kennara í samráði við hann. Í skólanefnd sitja fimm fulltrúar. Skal einn tilnefndur af menntamálaráðherra, en eignaraðilar tilnefna fjóra. Nefndin kys sér sjálf formann og varaformann.

Við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands skulu starfa skólaráð, skipuð fulltrúum kennara og nemenda ásamt skólastjóra.

10. gr.

Um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skóla, er veita menntun samkvæmt lögum þessum, fer eftir ákvæðum laga og reglugerða, er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið.

Skólastjóri og skólaráð stjórna starfi sérskóla samkvæmt 7. gr. Skólaráð skal skipað 5 mönnum, skólastjóra, tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennum kennarafundi, og tveimur fulltrúum nemenda, kjörnum af nemendum skólans.

11. gr.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berkласjúklinga.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- a. Í stað „fjármálaráðherra“ í b-lið 1. gr. komi: dómsmálaráðherra.
b. d-liður 1. gr. orðist svo:

Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 16 13. apríl 1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið. Dregið skal mánaðarlega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

80. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum. Sektir samkvæmt lögum þessum renna til ríkissjóðs.

Ef brot gegn lögum þesum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja bifreiðareigandans eða stjórnanda í starfi, skal honum einnig refsað fyrir brotið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 13 13. apríl 1973, um Happraetti Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

d-liður 1. gr. orðist svo:

Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G**um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Austur-Skaftafellssýsla skal vera sérstakt lögsagnarumdæmi.

2. gr.

Lögreglustjóri Hafnarhrepps verður sýslumaður Austur-Skaftafellssýslu.

Hann hefur á hendi sömu störf og öðrum sýslumönnum eru falin í umdæmum sínum og með þeim kjörum, sem þeim eru ákveðin. Jafnframt breytist embættisheiti sýslumannsins í Skaftafellssýslu í samræmi við hina breyttu skipan lögsagnarumdæma.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim við núverandi embætti sýslumannsins í Skaftafellssýslu, sem varða hagsmuni Austur-Skaftafellssýslu og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsembættanna.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15 13. apríl 1973, um lögreglustjóra í Hafnarhreppi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G**um námslán og námsstyrki.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Lánasjóður íslenskra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.****1. gr.**

Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum, sem hafa þá námsgráðu eða hafa að baki jafnlangt nám sem á hverjum tíma er krafist til háskólanáms hérlendis, fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms. Enginn getur orðið námsaðstoðar aðnjótandi nema framhaldsnám sé þegar hafið.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að nemendur tiltekinna skóla eða einstakir árgangar þeirra skuli njóta námsaðstoðar samkvæmt lögum þessum enda sé slíkri fjárþörf mætt með sérstakri fjárveitingu.

Lánasjóði er heimilt að veita fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim, sem tilgreindir eru í 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, enda hafi námsmenn þessir náð a. m. k. 20 ára aldri á því almanaksári þegar lán eru veitt, stundi sérnám og geti ekki að mati sjóðsstjórnar haldið áfram námi án slíkrar fjárhagsaðstoðar. Þrátt fyrir skilyrði 1. gr. er lánasjóði heimilt að veita fjárhagsaðstoð til náms erlendis verði hliðstætt nám eigi stundað á Íslandi.

3. gr.

Stefnt skal að því að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til tekna námsmanns og maka hans, fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar í því landi þar sem nám er stundað, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett skv. ákv. 16. gr.

4. gr.

Ráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig:

Einn skv. tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn skv. tilnefningu annarra námsmanna hérlendis sem undir löginn falla, einn skv. tilnefningu SÍNE, einn skv. tilnefningu fjármálaráðuneytisins og tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar. Um tilhöggun á tilnefningu fulltrúa námsmanna hérlendis skal nánar ákveðið í reglugerð.

Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn, nema fulltrúar námsmanna, sem skipaðir eru til tveggja ára.

Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn ræður annað starfsfólk að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. og ákvæði laga nr. 97/1974.

5. gr.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er:

1. Að veita námsmönnum námslán af því fé sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma.
2. Að annast úthlutun námsstyrkja samkvæmt III. kafla laga þessara.
3. Að annast fjármál sjóðsins og gerð fjárhagsáætlana.
4. Að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á opinberri aðstoð. Útborgun lána, innheimtu vaxta og afborgana og aðra daglega afgreiðslu er stjórn sjóðsins heimilt að fela bankastofnun.

Bókhaldi skal haga skv. fyrirmælum ríkisbókhalds, sbr. lög nr. 52/1966.

Árlegur rekstrarkostnaður greiðist af fé sjóðsins.

II. KAFLI**Um námslán og námsstyrki.****6. gr.**

Fyrsta námsaðstoð skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur á yfirstandandi skólaári. Sjóðsstjórn er

heimilt að veita námsmönnum erlendis víxillán, svo og námsmönnum hérlendis, ef sérstaklega stendur á, sbr. 4. mgr. 7. gr.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán á hverju misseri meðan hann er við nám, þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla sem námið er stundað í. Þó skulu námslán (eða styrkir) ekki veitt nema framvinda náms sé með eðlilegum hætti.

Námsmenn þeir, er fá lán úr sjóðnum, skulu leggja fram yfirlýsingu tveggja manna um að þeir taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt verðtryggingu þess. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrði ábyrgðarmennirnir skuli uppfylla.

7. gr.

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtrygging er miðuð við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar skv. ákv. laga nr. 1/1959 og nr. 70/1967 og reiknast verðtrygging frá næsta „gildistökudegi vísitölu“ eftir að hvert lán var tekið og til næsta güdistökudags áður en lán er endurgreitt. „Gildistökudagur vísitölu“ í þessu sambandi telst 1. dagur næsta mánaðar eftir þann mánuð sem útreikningur framfærsluvísitölu hverju sinni er miðaður við, sbr. nú 2. gr. laga nr. 70/1967.

Verði breyting á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar skal þriggja manna nefnd ákveða hvernig vísitölur skv. nýjum og breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Skal nefndin þannig skipuð: Fjármálaráðuneytið tilnefnir einn nefndarmann, Hæstiréttur annan, en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

Lán veitt gegn yfirlýsingum ábyrgðarmanna, sbr. 3. mgr. 6. gr., falla öll í gjalddaga ári eftir „námslok“, sbr. 3. mgr. 16. gr. Lánþegi á þá rétt á að greiða skuldina, þ. e. höfuðstól og verðtryggingu, með skuldabréfi. Skuldabréf þetta skal verðtryggt á sama hátt og lán úr sjóðnum, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Skal það vera afborgunarlaust fyrstu tvö árin en að öðru leyti verði endurgreiðslum hagað skv. 8. og 9. gr.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum námsaðstoð til bráðabirgða með víxilkaupum gegn venjulegum víxilvöxtum, sbr. 1. mgr. 6. gr., til greiðslu á tímabundnum námskostnaði enda uppfylli námsmenn almenn skilyrði til námsaðstoðar og endurgreiðist fjárhæðin með námsaðstoð sem veitt verður síðar samkvæmt almennum reglum.

8. gr.

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi skv. 3. mgr. 7. gr. nemi hið minnsta 40 000 kr., þó eigi hærrí upphæð en nemur eftirstöðvum láns og verðtryggingar. Hafi lánþegi notið námsaðstoðar skv. lögum þessum skemur en fjögur ár skal árleg endurgreiðsla skv. þessari málsgrein þó ekki nema hærrí fjárhæð en 10 000 kr. vegna hvers byrjaðs námsárs sem námsaðstoð hefur verið veitt til. Upphæðir þessar skulu breytast í réttu hlutfalli við þær breytingar er verða kunna á vísitölu framfærslukostnaðar, sbr. 1. og 2. mgr. 7. gr. Vísitala framfærslukostnaðar er nú 507 stig og miðast upphæðir í 1. og 2. málslið þessarar málsgr. við þá vísitölu.

Hafi lánþegi haft hærrí vergar tekjur til skatts, sbr. 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. og 9. gr. laga nr. 11/1975, næsta ár á undan afborgunarári en nemur viðmiðunartekjum þess árs, sbr. 9. gr., skal hann greiða aukaafborgun skv. 3. mgr. 9. gr. auk afborgunar skv. 1. mgr. þessarar greinar. Aukaafborgunin skal þó aldrei vera svo há að samanlögð upphæð afborgunar skv. 1. mgr. og aukaafborgunar nemi meiru en 10% verga tekna til skatts.

Við útreikning aukaafborgana skal miðað við vergar tekjur hjóna samanlagðar. Séu hjón bæði lántakar skulu þau greiða árlega hálfu endurgreiðslu skv. 1. mgr. af láni hvort um sig. Aukaafborgun skv. 2. mgr. skal að hálfu heimt til greiðslu lána hvors þeirra. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga einnig við um sambýlisfólk

sem skattlagt er skv. 1. málslíð 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

Endurgreiðslur skulu standa yfir í 20 ár hið lengsta. Eftirstöðvar lánsins eru þá óafturkræfar, sbr. þó ákvæði 11. gr.

Ráðherra getur sett reglur er heimila stjórn Lánasjóðsins að gefa undanþágur frá endurgreiðslureglum ef sérstakar ástæður eru til. Stjórn sjóðsins er og heimilt að leyfa örrari endurgreiðslur sé þess óskað.

Heimilt skal að fella niður kröfur á dánarbú látinna námsmanna samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Nú kemur í ljós að námsaðstoð hefur verið veitt á röngum forsendum vegna vísitandi rangra upplýsinga af hálfu umsækjanda og skal aðstoðin þá endurkræf þegar í stað.

Við útgáfu skuldabréfs skv. 3. mgr. 7. gr. falla skuldbindingar ábyrgðarmanna skv. 3. mgr. 6. gr. niður, enda útvegi lánþegi ábyrgðaraðila, er sjóðsstjórn metur gilda, fyrir hinu nýja láni og skal ábyrgð þeirra vera einföld ábyrgð.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka fullnægjandi veðtryggingu í stað ábyrgðar-yfirlýsinga óski lánþegi þess.

9. gr.

Viðmiðunartekjur skv. 2. mgr. 8. gr. skulu fyrir einhleyping vera helmingur „grunntölu framfærslukostnaðar“. „Grunntala framfærslukostnaðar“ svarar í þessu sambandi til heildarútgjalda skv. A- og B-hlutum í grundvelli visitölu framfærslukostnaðar í maíbyrjun árið áður en aukaafbörgun skv. 2. mgr. 8. gr. skal fara fram.

Viðmiðunartekjur hjóna svo og sambýlisfólks, sem skattlagt er skv. 1. málslíð 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975, skulu á sama hátt nema þrem fjórðu hlutum „grunntölu framfærslukostnaðar“. Að auki skal bætt við viðmiðunartekjur lánþega einum áttunda af „grunntölu framfærslukostnaðar“ fyrir hvert barn sem hann hefur á framfæri sínu, sbr. C-lið 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. l. nr. 11/1975, og eigi er fullra 16 ára í byrjun þess árs er aukaafbörgun skal fara fram.

Ráðherra skal ákveða með reglugerð hvaða hlutfall af vergum tekjum til skatts umfram viðmiðunartekjur lánþegi skuli greiða sem aukaafbörgun, enda sé gætt þess hámarks er getur í niðurlagi 2. mgr. 8. gr. Er ráðherra heimilt að ákveða að þetta hlutfall fari stighækkandi í hlutfalli við hækkandi tekjur til skatts umfram viðmiðunartekjur.

Hverri fastri árlegri afbörgun skv. 1. mgr. 8. gr. skal skipt á höfuðstól og verðbætur þannig, að upp í höfuðstól skal talin greidd jafnhá fjárhæð og nam fastri árlegri afbörgun skv. 1. mgr. 8. gr., þegar skuldabréf skv. 3. mgr. 7. gr. var út gefið, en afgangur hinnar föstu árlegu afbörgunar (þ. e. sú hækkun sem á þeirri fjárhæð hefur orðið frá útgáfu skuldabréfs til greiðsludags) skal talinn greiðsla á verðbótum. Hverri aukaafbörgun skv. 2. mgr. 8. gr., sbr. 3. mgr. þessarar gr., skal skipt í sama hlutfalli milli höfuðstóls og verðbóta og fastri árlegri afbörgun hefði verið skipt á þeim tíma sem aukaafbörgunin er innt af hendi.

10. gr.

Verði á endurgreiðslutíma námslána breytingar á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því er telst vergar tekjur til skatts frá því sem er við gildistöku laga þessara skulu aukaafborganir skv. lögum þessum reiknaðar af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að menntamálaráðherra tilnefni einn nefndarmann, fjármálaráðherra annan en ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin leitast við að setja reglur um útreikning aukaafbörgunarstofns sem geri afborganir hvers gjaldanda sem líkastar því og orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

Séu skattþegni áætlaðar tekjur til skatts skulu vergar tekjur til skatts í þessu sambandi teljast þær sömu og áætlaðar skattgjaldstekjur. Komi í ljós innan þeirra tímamarka er getur í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1971 að vergar tekjur til skatts hafi verið ofáætlaðar eða oftaldar og lánþegi því greitt of háa afborgun skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum sparisjóðsinnstæðum.

Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að telja fram tekjur sínar til Lána-sjóðs íslenskra námsmanna og greiða afborganir í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verði framtal hans ósennilegt og eigi er unnt að sannreyna tekjur hans samkvæmt því skal stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna áætla honum ríflegar vergar tekjur til útreiknings afborgana. Komi í ljós að þessi áætlun sé röng eiga ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eða 11. gr. við.

11. gr.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námslána skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Sömu heimild hefur sjóðsstjórn ef í ljós kemur að aukaafborganir skv. 8. gr. hafa verið verulega lægri en vera bar vegna þess að lánþegi hefur vantalið vergar tekjur til skatts á framtali sínu. Sú hækkun, sem verður á aukaafborgun vegna endurskattlagningar lánþega, skal gjaldkræf þegar í stað og skulu reiknaðir af henni hæstu lögleyfðir dráttavextir frá gjalddaga þeirrar aukaafborgunar sem hækkun er. Ákvæði 4. mgr. 8. gr. eiga ekki við um þessa hækkun.

12. gr.

Stjórn Lánasjóðsins er heimilt að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem verða að kosta sig fjarrí eigin heimili sínu vegna náms sem er aðstoðarhæft skv. 1. og 2. gr., enda verði sams konar nám ekki stundað þar sem umsækjandi á heima. Jöfnunarstyrki til námsmanna á Íslandi skal ákveða með tilliti til ferðakostnaðar og húsnæðiskostnaðar á dvalarstað.

Fé því, sem veitt er á fjárlögum til námsstyrkja, skal m. a. varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka hjá þeim námsmönnum sem fara utan til náms og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir er stunda nám er eigi verður stundað hérlandis.

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum að dómi sjóðsstjórnar illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánheimild má veita honum styrk úr sjóðnum, enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær skv. gildandi tryggingalöggjöf.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að námsmenn frá Norðurlöndum, sem eru heimilisfastir á Íslandi og stunda nám hérlandis, skuli eiga rétt til námsaðstoðar samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu. Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra námsmanna sem eins er háttáð um.

14. gr.

Umsækjendur um lán og styrki skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar sem sjóðsstjórn telur máli skipta við ákvörðun námsaðstoðar.

Innlendum námsstofnunum, sem lög þessi taka til, er skylt að láta Lánasjóði íslenskra námsmanna í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjanda.

Skattstjórum er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Lánasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

III. KAFLI

Um ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna o. fl.

15. gr.

Ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna er:

1. Endurgreiðslur samkvæmt lögum þessum og vextir og afborganir af eldri námslánnum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé.

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir.

Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðsstjórn og endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

16. gr.

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga, m. a. að því er varðar meginreglur um rétt til námsaðstoðar, ákvörðunaratriði varðandi fjárhæð hennar, ákvæði um útborgun lána með jöfnum mánaðarlegum greiðslum o. s. frv.

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð að námsmenn utan Háskóla Íslands skuli greiða hagsmunasamtökum sínum hliðstætt gjald og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær til sinna nota af „innritunargjaldi“. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að Lánasjóður innheimti gjald þetta þegar útborgun námsaðstoðar fer fram.

Sjóðsstjórn setur reglur um önnur atriði úthlutunar, þ. á m. hvað teljist „námslok“, sbr. 3. mgr. 7. gr., og skulu úthlutunarreglur sjóðsins árlega gefnar út í heild, samþykktar af ráðherra. Sjóðsstjórn setur reglur um hvenær lánþegi skuli í síðasta lagi eiga þess kost að greiða gjaldfallið lán skv. 3. mgr. 7. gr. með skuldaþréfi.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla samtímis úr gildi lög nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki, ásamt lögum nr. 39/1972, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík 28. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um sjúkraþjálfun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til að starfa sem sjúkraþjálfari hér á landi og kalla sig sjúkraþjálfara hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem hafa lokið prófi við skóla, sem viðurkenndur er fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því, að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til þess að stunda sjúkraþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

4. gr.

Sjúkraþjálfari starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu.

5. gr.

Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til hvers konar sjúkraþjálfarastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa skv. 2. eða 3. grein.

7. gr.

Sjúkraþjálfara er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk, sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans. Aðstoðarfólk þetta hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstætt verkefni á neinu sviði, sem undir sjúkraþjálfun fellur.

8. gr.

Sjúkraþjálfara ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða sjúkraþjálfun.

9. gr.

Sérhverjum sjúkraþjálfara er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vilneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkv. lögum eða eðli málsins. Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki sjúkraþjálfara og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

10. gr.

Verði landlæknir þess var, að sjúkrabjálafari vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli laga eða heilbrigðisyfirvalda, skal hann áminna viðkomandi. Nú kemur áminning ekki að haldi og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

11. gr.

Um sjúkrabjálafara gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota sjúkrabjálafara, um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu leyfis.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til námsbraut í sjúkrabjálfun við Háskóla Íslands tekur til starfa skal leita umsagnar Félags íslenskra sjúkrabjálafara um þau atriði, sem stjórn námsbrautar í sjúkrabjálfun við Háskóla Íslands er ætlað að fjalla um í lögum þessum.

Gjört að Bessastöðum 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G

um fjölbýlishús.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. Gildissvið laganna.

1. gr.

Fjölbýlishús telst í lögum þessum hvert það hús, sem í eru tvær eða fleiri íbúðir.

Með íbúð í lögum þessum er átt við hvert það herbergi, sem eldhús fylgir.

2. gr.

Lög þessi gilda um fjölbýlishús, þar sem íbúðirnar eru í eigu fleiri en eins aðila. Einnig skulu þau gilda um raðhús og önnur samtengd hús eftir því sem við getur átt.

Reglur laganna verða einnig notaðar, eftir því sem við á, um önnur hús, er fleiri en einn á eða nýtir.

II. Skipting eignarráða.

3. gr.

Gera skal skiptayfirlýsingu um öll fjölbýlishús, enda liggja ekki fyrir þinglýstur skiptasamningur. Sé um nýbyggingu að ræða, skulu sveitarstjórnir gera það að skilyrði fyrir gerð lóðarsamnings, að skiptayfirlýsing liggja fyrir. Skiptayfirlýsingu skal þinglýst eigi síðar en húsið er fokhelt.

Gera skal það að skilyrði þinglýsingar eignayfirfærslu fjölbýlishúss eða hluta þess, að skiptayfirlýsing liggja fyrir.

4. gr.

Í skiptayfirlýsingu skal greina, svo ekki verði um villst:

- a) Hvar hver íbúð er. Gefa skal það til kynna með götunafni, húsnúmeri, á hvaða hæð íbúð er og sérstakri merkingu samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.
- b) Stærð hverrar íbúðar og hvað henni fylgir sérstaklega.
- c) Hver sé hlutfallstala hverrar íbúðar, hafi hún verið ákveðin, sbr. 2. mgr. 8. gr.
- d) Hvort íbúð fylgir réttur til bílskúrs eða bílstæðis.

Hverri skiptayfirlýsingu skal fylgja teikning yfir hverja hæð fjölbýlishúss þar sem sýnd er stærð og merking hverrar íbúðar um sig og hvað henni fylgir sérstaklega. Sveitarstjórn skal staðfesta, að þessar upplýsingar séu réttar.

5. gr.

Eign í fjölbýlishúsi er með tvennu móti: Séreign og sameign.

Íbúðirnar sjálfar, eins og þeim er lýst í skiptayfirlýsingu eða skiptasamningi, og það sem þeim fylgir sérstaklega er í séreign íbúðareigenda. Aðrir hlutar fjölbýlishúss eru í sameign, þar með talin eignarlóð eða leigulóðarréttindi.

Hverri íbúð fylgir eftir ákveðinni hlutfallstölu hlutdeild í sameign. Sé hlutfallstalan ekki ákveðin eru íbúðirnar allar jafnrétt háar.

Íbúðunum fylgja eftir hlutfallstölu, sbr. 8. gr., réttlindi og skyldur til að taka þátt í félagsskap allra eigenda um fjölbýlishúsið.

Réttindi þau og skyldur, sem talað er um í 3. og 4. mgr., verða ekki skilin frá íbúðunum.

6. gr.

Skipti veggur fjölbýlishúsi svo aðeins hluti íbúða er um sama gang, stiga, svalir, tröppur eða annað sameiginlegt húsrými en aðrir íbúðareigendur hafa þar engin afnot eða aðgang, telst það til þeirra íbúða einna.

7. gr.

Sérhver íbúð í fjölbýlishúsi telst ásamt því, er henni fylgir sérstaklega, og eignarhluta sínum í sameign sérstök fasteign, enda sé fullnægt skilyrðum laga um skráningu og mat fasteigna.

8. gr.

Eignarhluti í sameign er reiknaður út eftir sérstaklega ákvarðaðri hlutfallstölu.

Reglur um útreikning hlutfallstölu skulu settar af félagsmálaráðuneytinu með reglugerð.

III. Um réttindi og skyldur.

9. gr.

Bygging ofan á eða við fjölbýlishús eða á lóð þess er háð samþykki allra eigenda hússins, nema gert hafi verið ráð fyrir henni í upphafi á samþykktri teikningu.

Að öðru jöfnu gengur sá fyrir um rétt til slíkrar byggingar, sem stærri hlut á í húsinu.

Hafi ekki frá upphafi verið gert ráð fyrir því að bílastæði fylgi ákveðnum íbúðum fjölbýlishúss, verða bílastæði ekki gerð eða þeim skipt, nema allir íbúðareigendur samþykki.

Ef bílastæðum er hlutað niður á íbúðir greiðir hver íbúðareigandi fyrir gerð síns stæðis, en ef bílastæðum er ekki skipt greiðist kostnaður við þau að jöfnu.

10. gr.

Allir íbúðareigendur eiga rétt til ákvörðunar um innréttingar og fyrirkomulag þess hluta fasteignar, sem sameiginlegur er, þar með talið útlit hússins, girðing og skipulag lóðar, enn fremur rekstur og viðhald þess sameiginlega, sbr. 11. gr., svo og gerð glers í gluggum. Hafi einhver íbúðareigandi ekki verið boðaður á fund þar sem ákvörðun er tekin um framkvæmdir samkvæmt þessari grein, getur hann neitað að taka þátt í kostnaði vegna þeirra og stöðvað þær, þar til lögleg ákvörðun hefur verið tekin um þær samkvæmt húsfélagssamþykktum.

11. gr.

Sameiginlegt viðhald telst hvers konar viðhald og viðgerðir á öllu sameiginlegu húsrými í fjölbýlishúsi, enn fremur hvers konar viðhald á sameiginlegu hitunar-, vatns-, skólp-, rafmagns- og dyrasímakerfi húss að undanskildum þeim tækjum, sem tengd eru kerfunum í hverri íbúð.

Bili sameiginleg leiðsla, skal reikna allt tjón, sem af því leiðir, svo og viðgerð og skemmdir, sem sameiginlegt tjón.

Bili leiðsla, sem ekki er sameiginleg í fjölbýlishúsi, eru íbúðareigendur skyldir til að leyfa viðgerð á henni, enda þótt rjúfa þurfi vegg, loft eða gólf í íbúðum þeirra, að því tilskildu, að þeim sé tilkynnt um viðgerðina í tæka tíð og öllu komið í lag, svo sem kostur er, án ástæðulausrar tafar og þeim að kostnaðarlausu.

Allt viðhald á húsinu að utan, svo og á lóð og girðingu er sameiginlegt, undanskilið er gler í gluggum og hurðir íbúða, að öðru leyti en málning þeirra.

12. gr.

Hver íbúðareigandi skal sjá um og kosta viðhald á íbúð sinni.

Íbúðareigandi er ábyrgur gagnvart sameigendum sínum fyrir því tjóni, sem þeir verða fyrir vegna óhapps í íbúð hans, svo sem vegna bilunar á tækjum eða leiðslum, sem íbúð hans tilheyrar.

13. gr.

Sameiginlegan kostnað, þar með talinn kostnað af framkvæmdum, sbr. 10. gr., hússtjórn o. fl., bera húseigendur samkvæmt hlutfallstölu íbúða sinna. Sama gildir um opinber gjöld, sem reiknuð kunna að verða af húsinu sem heild.

Greiði einhver íbúðareigandi ekki sinn hluta kostnaðar samkvæmt 1. mgr. eignast hinir íbúðareigendurnir lögveð í íbúð hans til tryggingar greiðslunni. Sá veðréttur fellur niður ef honum er eigi fylgt eftir með lögsókn áður en eitt ár er liðið frá þeim degi er greiðslan var innt af hendi.

14. gr.

Afnotaréttur sameiginlegs þvottahúss og þurrkherbergis skal vera jafn. Séu keypt tæki til sameiginlegra nota í þvottahúsi eða þurrkherbergi, skulu íbúðar-eigendur greiða að jöfnu kaupverð þeirra og viðhald.

15. gr.

Nánari reglur um stjórn húsfélagsins, reikninga, sameiginlegan hita, afnot sameiginlegs húsrýmis, endurskoðun o. fl., eru ákveðnar í samþykktum, sem félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð. Samþykktir þessar gilda, hafi húsfélagið ekki sett sér aðrar samþykktir og þinglýst þeim.

IV. Um sambýlisháttu.**16. gr.**

Íbúum fjölbýlishúss skal skylt að ganga þriflega um hús og lóð og gæta þess í umgengni sinni að valda ekki öðrum íbúum hússins óþægindum eða ónæði.

Húsfélag skal í húsreglum setja venjulegar umgengnisreglur.

17. gr.

Gerir eigandi eða annar íbúi húss sig sekan um gróf eða ítrekuð brot á skyldum sínum gagnvart húsfélaginu eða einhverjum félagsmanni þess getur húsfélagið eftir a. m. k. eina skriflega aðvörun krafist að hann flytji úr íbúð sinni með eins mánaðar fyrirvara.

V. Ýmis ákvæði.**18. gr.**

Sé íbúð í fjölbýlishúsi seld skal seljandi, áður en samningur er undirritaður, kynna kaupanda reikninga húsfélagsins og stöðu og framlög íbúðarinnar til þess.

Sé um hús í byggingu að ræða ber seljanda að gera glögga grein fyrir byggingarstigi svo og áföllnum byggingarkostnaði og áætlun um endanlegan byggingarkostnað miðað við rikjandi verðlag.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 19 24. apríl 1959, um sameign fjölbýlishúsa.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um skipulag ferðamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn mála þeirra, sem lög þessi taka til.

II. KAFLI

Ferðamálaráð Íslands.

3. gr.

Ferðamálaráð Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

4. gr.

Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn.

Skulu þrír skipaðir án tilnefningar, og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.

Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Félag hópferðamanna.
2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa.
3. Félag leiðsögumanna.
4. Félag sérleyfishafa.
5. Ferðafélag Íslands.
6. Flugleiðir hf.
7. Náttúruverndarráð.
8. Samband íslenskra sveitarfélaga.
9. Samband veitinga- og gistihúsaeygenda.
10. Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ferðamálaráð skal koma saman til fundar ekki sjaldnar en 10 sinnum á ári. Þóknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum, sem hafa tilnefnt þá.

5. gr.

Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflokkum, svo og sérstaka framkvæmdanefnd.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfsemi ráðsins í reglugerð.

6. gr.

Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs ræður samgönguráðherra ferðamálastjóra, sem annast daglega stjórn Ferðamálaráðs, samkvæmt því sem ráðið ákveður. Ráðningartími ferðamálastjóra skal vera 4 ár í senn. Heimilt er að endurráða ferðamálastjóra svo oft sem vera vill.

Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Verkefni ferðamálaráðs eru:

1. Skipulagning og áætlanagerð um íslensk ferðamál.
2. Landkynning.
3. Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.
4. Aðstoð við einstök ferðamálafélög og starfsemi þeirra.
5. Skipulagning náms og þjálfunar fyrir leiðsögumenn skv. sérstakri reglugerð þar að lútandi.
6. Forganga um hvers konar þjónustu- og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn.
7. Samstarf við náttúruverndarráð og aðra hlutaðeigandi aðila um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri, sem lög þessi taka til.
8. Frumkvæði um fegrun umhverfis og snyrtilega umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks.
9. Könnun á réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.
10. Undirbúningur og stjórn almennra ráðstefna um ferðamál, sem haldnar skulu eigi sjaldnar en annað hvort ár.
11. Önnur þau verkefni, sem Ferðamálaráði eru falin með lögum þessum eða á annan hátt.

8. gr.

Lagt skal sérstakt gjald á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík, og skal það nema 10% af árlegu söluverðmæti. Skal því ráðstafað á eftirfarandi hátt:

- a) Til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs.
- b) Til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga, sbr. 24. gr.
- c) Til að veita einka- og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn á stöðum, sem fjölsóttir eru.

Ferðamálaráð gerir tillögur til ráðherra um skiptingu fjárins, og tekur hann endanlega ákvörðun.

Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

III. KAFLI

Ferðaskrifstofa ríkisins.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal láta starfrækja ferðaskrifstofu. Nefnist hún Ferðaskrifstofa ríkisins og fer samgönguráðuneytið með yfirstjórn hennar.

10. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal annast alla þá starfsemi, sem um er fjallað í 14. gr. laga þessara, svo og annað er fellur undir almennan ferðaskrifstofurekstur.

Starfsemi hennar skal einkum beinast að fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn um Ísland.

11. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla, eftir því sem um semst við forráðaaðila skólanna.

Við þessa starfrækslu skal þess gætt að ekki sé efnt til óeskilegrar samkeppni við hótél á viðkomandi stöðum, sem rekin eru allt árið.

12. gr.

Ráðherra ræður forstjóra fyrir Ferðaskrifstofu ríkisins. Forstjóri ræður annað starfsfólk skrifstofunnar og stjórnar allri starfsemi hennar og ber ábyrgð gagnvart ráðherra.

13. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins greiðir fasteignaskatt samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, landsútsvar samkvæmt III. kafla sömu laga, svo og aðstöðugjald samkvæmt V. kafla sömu laga.

IV. KAFLI**Almennar ferðaskrifstofur.****14. gr.**

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

- a. Upplýsingar um ferðir innanlands eða erlendis.
- b. Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
- c. Útvegum gistihúsnæðis.
- d. Skipulagningu og sölu hópferða, innanlands eða erlendis, og móttöku erlendra ferðamanna.

Samgönguráðuneytið sker úr, ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a.-d. lið hér að framan, svo og um það, hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

15. gr.

Óheimilt er að stunda störf þau, er greind eru í 14. gr., svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

16. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leitað skal umsagnar Ferðamálaráðs Íslands um allar slíkar umsóknir.

17. gr.

Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

- a. Fjárræði og forræði á búi sínu.
- b. Búseta á Íslandi.

Enn fremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórnin innlend og aðsetur hér á landi, og gilda um slíka ferðaskrifstofu sömu ákvæði og að ofan greinir.

Nú telur ráðuneytið að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum, á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

18. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 7.0 millj. kr.

Fjárhæð tryggingar skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti og breytt í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

Ferðaskrifstofur skulu árlega senda ráðuneytinu ársreikninga sína, endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda.

19. gr.

Ekki má greiða af tryggingarfé samkv. 18. gr. aðrar kröfur en þær, sem aðfararhæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptaréttar, enda séu kröfurnar sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfjáreiganda.

Dó má vikja frá skilyrði 1. mgr. komi það í ljós að ferðaskrifstofa geti vegna fjárhagsörðugleika ekki annast heimflutning viðskiptavina sinna. Getur ráðuneytið þá annast eða falið öðrum að annast þennan flutning, og greiðist kostnaður við hann af tryggingarfénu, og hefur kostnaður af slíkum flutningi forgang fram yfir aðrar kröfur.

20. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

- a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
- b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 18. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum, sem ráðuneytið setur.
- c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu, fellur leyfið niður, ef einhverra þeirra skilyrða er misst, sem uppfylla ber samkvæmt lögum þessum, eða ef forstöðumaður andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður, sem uppfylli skilyrði laga þessara, innan þess frests, sem ráðuneytið setur.

21. gr.

Nú andast leyfishafi og er þá eftirlifandi maka hans, ef hann situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í eitt ár, enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 20. gr.

22. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til Ferðaskrifstofu ríkisins. Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja er heimilt að skipuleggja og selja farseðla í ferðir með slíkum samgöngutækjum, þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig, hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara, að því er lýtur að ferðum innanlands.

V. KAFLI

Ferðamálasjóður.

23. gr.

Ferðamálasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er stofnlánasjóður þeirra starfsgreina, sem ferðapjónusta

einkum byggist á. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánveitingum.

24. gr.

Fé Ferðamálaráðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir einka- og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingum.
2. Sjóðnum er heimilt að veita einka- og opinberum aðilum, gegn fullnægjandi tryggingum, lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.
3. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til byggingar gistirýmis, eða gerast eignaraðili að gistiaðstöðu, hvar sem rekstri er haldið uppi allt árið. Framlag þetta má aldrei nema meira en 30% af byggingarkostnaði.

25. gr.

Tekjur Ferðamálasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en 40 millj. kr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

26. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 300 milljón króna lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

27. gr.

Fela skal bankastofnun að annast umsjón Ferðamálasjóðs, vörslu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

28. gr.

Umsóknir um lán og framlög úr Ferðamálasjóði skulu sendar Ferðamálaráði, sem fjallar um þær og ákveður einstakar lánveitingar og framlög.

Ákvarðanir Ferðamálaráðs skulu staðfestar af ráðherra.

29. gr.

Til engrar einstakrar framkvæmdar má á sama ári veita herra lán en sem nemur $\frac{1}{3}$ hluta þess fjármagns, sem Ferðamálasjóður getur haft til umráða til útlána á árinu að lánsfé meðtöldu.

30. gr.

Telji Ferðamálaráð, að heimavistarbygging í þágu skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss, getur það farið fram á, að byggingarteikningum sé hagað svo, að húsnæðið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé Ferðamálaráð eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði, sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálaráði eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 20 millj. kr. árlega.

31. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til alls að 15 ára. Lán má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og heimilt er að binda greiðslur afborgana og vaxta vísitölu byggingarkostnaðar.

Nú tekur Ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengis-tryggingu.

32. gr.

Við afgreiðslu lána skal þess gætt, að lánveiting valdi ekki óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki, sem starfandi eru fyrir.

33. gr.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af láns skjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki útláns-skjölum.

34. gr.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að þeir aðilar, sem skipuleggja hópferðir um Ísland, skuli, samkvæmt nánari reglum, sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna kostnaðar, sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega, sem ferðast á þeirra vegum.

Enn fremur er ráðherra heimilt að ákveða, að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þessa starfa samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.

36. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu, sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs, nema samþykki þess komi til.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 100 000.00 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögnum skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1976.

Jafnframt falla úr gildi lög um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálaráð Íslands við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum Ferðamálaráðs þess, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 4/1969. Jafnframt tekur Ferðamálaráð Íslands við þeim verkefnum frá Ferðaskrifstofu ríkisins, sem ráðinu ber samkvæmt þessum lögum.

Ferðamálasjóður samkvæmt lögum þessum kemur í stað samnefnds sjóðs samkvæmt eldri lögum og tekur við eignum hans og skuldbindingum.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Ferðaskrifstofur þær, sem fengið hafa leyfi og starfandi eru við gildistöku laga þessara, skulu fyrir árslok 1976 leggja fyrir ráðuneytið tryggingarskilríki í samræmi við 18. gr. og reglur þær, sem ráðuneytið setur, og eiga þær þá rétt til að fá útgefin ný leyfi.

Sé trygging samkvæmt 18. gr. laga þessara ekki sett innan tilskilins frests, falla leyfi niður.

Ákvæði til bráðabirgða III.

Framlag úr ríkissjóði til Ferðamálasjóðs samkvæmt 25. gr. laga þessara verði 25 millj. kr. árið 1977.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til aðildar að Iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að Iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal, sem ákveðið hefur verið að stofna á vegum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að leggja fram á næstu 5 árum framlag Íslands til sjóðsins, jafnvirði samtals 846 045 sérstakra dráttarréttinda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (Special Drawing Rights).

3. gr.

Viðskiptaráðherra skipar fulltrúa Íslands í stjórnarnefnd sjóðsins og annan til vara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23
3. maí 1972 og lög nr. 25 24. apríl 1974.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir liðnum „Létt bifhjól“ í 2. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:

Beltabifhjól: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum hjólum eða meiðum og er 400 kg eða minna að eigin þyngd.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Dráttarvélar og beltabifhjól skulu búið öruggum tengibúnaði og tækjum þeim, sem um getur í 5. gr., eftir því sem við á og nánar skal ákveðið í reglugerð.

3. gr.

10. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð sett frekari ákvæði um gerð ökutækja, búnað o. fl. Hann getur og veitt nauðsynlegar undanþágur fyrir ökutæki, sem ætluð eru til sérstakra nota, og enn fremur kveðið á um áritanir og merki, sem nauðsynlegt er að setja á ökutæki til eftirlits.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að óheimilt sé að nota tiltekna hluti eða búnað í ökutæki eða til verndar ökumanni, farþegum eða öðrum vegfarendum, sem eigi hafa hlotið viðurkenningu bifreiðaeftirlits ríkisins. Hann getur og bannað viðskipti með hluti eða búnað, sem ekki hefur verið viðurkenndur.

4. gr.

1. og 2. mgr. 11. gr. orðist svo:

Áður en bifreið, bifhjól, létt bifhjól, beltabifhjól eða dráttarvél er tekin í notkun skal eigandi ökutækisins eða umráðamaður senda lögreglustjóra þess umdæmis, sem hann er búsettur í, tilkynningu um það. Sama er um tengi- eða festivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira.

Fullnægi ökutækis settum reglum, skráir lögreglustjóri það í ökutækjaskrá. Jafnframt skulu sett skráningarmerki á ökutækið. Á bifreiðum skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan. Á öðrum skráningarskyldum ökutækjum skal vera eitt skráningarmerki.

5. gr.

Á eftir 3. mgr. 28. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Enginn má stýra beltabifhjóli nema hann hafi skirteini til aksturs bifreiða, bifhjóla, dráttarvéla eða léttra bifhjóla.

6. gr.

55. gr. breytist sem hér segir:

a. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Lengd ökutækis má ekki vera meiri en 12 m. Ökutæki með festivagni má þó vera 15 m að lengd og ökutæki með tengivagni 18 m.

b. 6. mgr., sem verður 7. mgr., orðist svo:

Ákvæðin hér að framan um breidd, lengd og hæð ökutækis gilda einnig um farm þess.

7. gr.

Í stað orðsins „vegamálastjóri“ í 3. og 4. mgr. 56. gr. komi: veghaldari.

8. gr.

57. gr. orðist svo:

Við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél má aðeins tengja einn tengivagn eða festivagn. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessum, ef sérstök nauðsyn er, enda komi samþykki vegamálastjóra til um akstur á vegum utan kaupstaða.

Skráningarskyldan tengi- eða festivagn má aðeins tengja við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél, sem til þess er talin hæf og hefur um það áritun í skrásetningarskírteini.

9. gr.

1. mgr. 58. gr. orðist svo:

Til dráttar tengitækis má nota beltabifhjól, dráttarvél eða vinnuvél. Enn fremur bifreið, sem skráð er til aksturs með tengivagn eða viðurkennd til aksturs með tengitæki. Ekki má aka með meira en eitt tengitæki.

10. gr.

70. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 25 24. apríl 1974, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í váttryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við váttryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 12 000 000 fyrir bifreið og kr. 6 000 000 fyrir önnur ökutæki.

b. Í stað „kr. 400 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 600 000.

11. gr.

Í stað „2‰“ í 1. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972 og 2. gr. laga nr. 24 24. apríl 1974, komi: 1.25‰.

12. gr.

Á eftir „Bifreiðaeftirlit ríkisins“ í 2. mgr. 83. gr. komi: Bilgreinasambandið.

13. gr.

Ákvæði 4. gr. um skráningu beltabifhjóla koma til framkvæmda 1. júní 1976. Nægilegt er þó, að beltabifhjól, sem tekin hafa verið í notkun fram til 1. júní 1976, séu tilkynnt til skráningar fyrir 1. október 1976.

Ákvæði 10. og 11. gr. koma til framkvæmda 1. maí 1976.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdastofnun ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem annast áætlanagerð, byggðamál og lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

Stofnunin starfar í þremur deildum, áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild.

Framkvæmdastofnun ríkisins heyrir undir ríkisstjórnina.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar eru m. a. þessi:

- 1) að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ráðningu forstjóra og framkvæmdastjóra deilda;
- 2) að ákveða rekstraráætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn;
- 3) að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn og skera úr um, hver áætlunarverkefni skuli sitja fyrir. Starfsáætlun skal endurskoða á árinu, eftir því sem þurfa þykir;
- 4) að fjalla um og samþykkja allar áætlanir, sem stofnunin gerir, áður en þær eru sendar ríkisstjórninni, sbr. 9. gr., svo og skýrslur stofnunarinnar um framkvæmd áætlana;
- 5) að fara með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands, sbr. V. kafla laga þessara;
- 6) að fara með stjórn Byggðasjóðs, sbr. VI. kafla laga þessara.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Samkvæmt tillögum stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstjórnin forstjóra, er annast daglega stjórn stofnunarinnar. Á sama hátt skipar ríkisstjórnin framkvæmdastjóra áætlanadeildar, byggðadeildar og lánadeildar. Ráðning forstjóra og framkvæmdastjóra miðast við 12 mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör forstjóra, framkvæmdastjóra deilda og annarra starfsmanna.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Verkefni forstjóra eru m. a.:

- 1) að gera tillögur til stjórnarinnar um allar áætlanir, sem gerðar eru á vegum stofnunarinnar;
- 2) að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð, svo og um einstakar lánveitingar úr þeim;
- 3) að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra deilda, sbr. þó 3. gr. 1. tl.

5. gr.

8. gr. laganna falli niður.

6. gr.

9. gr. laganna (sem verður 7. gr.) orðist svo:

Deildin gerir áætlanir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir.

7. gr.

10. gr. laganna (sem verður 8. gr.) orðist svo:

Við gerð atvinnumálaáætlana skal stofnunin hafa nán samráð við aðila vinnu-markaðarins. Einnig skal haft samráð við samtök og stofnanir atvinnuveganna, eftir því sem við á, varðandi verkaskiptingu í áætlanagerð.

8. gr.

11. gr. laganna (sem verður 9. gr.) breytist þannig:

- a. Niður falli orðin „til samþykktar“ í 1. mgr.
- b. 2. mgr. hljóði svo:

Framkvæmdastofnunin fylgist með framkvæmd þeirra áætlana, sem stofnunin hefur annast, í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda. Áætlanir til lengri tíma en eins árs skal stofnunin endurskoða, eftir því sem tilefni gefast.

9. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein (sem verður 10. gr.) í nýjum kafla (sem verður III. kafli), með fyrirsögninni: **Byggðadeild.**

Greinin hljóði svo:

Byggðadeild gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins.

Deildin fjallar um áhrif opinberra aðgerða á byggðaðróun og gerir tillögur til úrbóta, ef þörf þykir.

Byggðadeild skal í störfum sínum hafa nána samvinnu við áætlanaeild og lánadeild.

10. gr.

12. gr. laganna (sem verður 11. gr.) hljóði svo:

Lánadeild hefur með höndum starfrækslu Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs, sbr. ákvæði V. og VI. kafla þessara laga.

Deildin semur árlega áætlun um fjáröflun og útlán Framkvæmdasjóðs Íslands og vinnur í samvinnu við aðrar stofnanir að því að samræma áætlun þessa lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.

Deildin fylgist með fjárhag opinberra fjárfestingarsjóða og vinnur að því að samræma lánakjör þeirra og skipuleggja fjáröflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þess, sem forgang þarf að hafa samkvæmt áætlunum stofnunarinnar.

Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda.

11. gr.

Í stað „Framkvæmdaráð“ í 15. gr. laganna (sem verður 14. gr.) komi: Framkvæmdastofnunin.

12. gr.

16. gr. laganna (sem verður 15. gr.) orðist svo:

Lánadeildin hefur vörslu og bókhald þeirra sjóða, sem á hverjum tíma eru í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins, og afgreiðslu lánsfjár og innheimtu.

Handbært fé Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs skal geymt á sérstökum reikn-

ingi í Seðlabanka Íslands. Þó er heimilt að geyma fé á viðskiptareikningum við aðra banka eða sparissjóði ef sérstaklega stendur á.

Árlega skal birta skrá yfir lánveitingar Framkvæmdastofnunarinnar.

13. gr.

Í stað „13. gr.“ í lok 24. gr. laganna (sem verður 23. gr.) komi: 12. gr.

14. gr.

28. gr. laganna (sem verður 27. gr.) orðist svo:

Tekjur Byggðasjóðs eru:

- 1) Eignir Atvinnuþjófnumarsjóðs samkvæmt lögum nr. 69/1966.
- 2) Framlag úr ríkissjóði, þannig að árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins verði eigi lægra en sem svarar 2% af útgjöldum fjárlaga.
- 3) Vaxtatekjur.

15. gr.

Í stað „8. gr.“ í 29. gr. laganna (sem verður 28. gr.) komi: 10. gr.

16. gr.

3. mgr. 30 gr. laganna (sem verður 29. gr.) falli niður.

17. gr.

31. gr. laganna (sem verður 30. gr.) breytist þannig:

Orðin „ $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu hlutum — af“ falli niður.

Við greinina bætist: enda sé árlega skilað skýrslu til Framkvæmdastofnunarinnar um þá starfsemi.

18. gr.

Í stað „Framkvæmdaráð“ í 32. gr. laganna (sem verður 31. gr.) komi: Framkvæmdastofnunin.

19. gr.

Í stað „300“ í 33. gr. laganna (sem verður 32. gr.) komi: 600.

20. gr.

Í stað „25. gr.“ í 34. gr. laganna (sem verður 33. gr.) komi: 24. gr.

21. gr.

35. gr. laganna (sem verður 34. gr.) orðist svo:

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að veita Framkvæmdastofnuninni allar upplýsingar, er hún þarf á að halda vegna skýrslugerða sinna og annarra starfa. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið.

Um upplýsingasöfnun skal stofnunin hafa samráð við Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

22. gr.

Orðin „Ríkissjóður, Seðlabanki Íslands“ í 36. gr. laganna (sem verður 35. gr.) falli niður.

23. gr.

1. mgr. 37. gr. laganna (sem verður 36. gr.) orðist svo:

Sameinað Alþingi kys tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Framkvæmdastofnunar ríkisins, svo og þeirra sjóða, sem eru í umsjá hennar.

24. gr.

38. gr. laganna (sem verður 37. gr.) orðist svo:

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins annast úrlausn þeirra verkefna, sem í öðrum lögum eru falin Efnahagsstofnuninni og Þjóðhagsstofnun eru ekki falin.

Nánari ákvæði um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 93 24. des. 1971, sbr. og 6. gr. laga nr. 54 21. maí 1974, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

ÁBÚÐARLÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um byggingu jarða.

1. gr.

Jörð eða lögbýli nefnist í lögum þessum hvert það býli, sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignamati, með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum, ef um hjáleigu eða býli er að ræða, sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Enn fremur verður býlið að hafa það landrými eða búrekstraraðstöðu, að það framfleyti minnst 10 kúgildum. Auk þess sé á landinu nauðsynlegur húsakostur til að nytja jörðina.

Jörð, sem ekki hefur verið setin í 2 ár eða lengur, telst eyðijörð, og þó að hús séu fallin eða rifin, telst hún lögbýli, nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t. d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð.

Jörð eða lögbýli teljast enn fremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli, sem hlotið hafa samþykki jarðanefndar og staðfestingu landnámsstjórnar sem lögbýli.

2. gr.

Hver sá, sem á jörð og rekur ekki búskap á henni sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda, að dómi jarðanefndar. Nú rækir jarðeigandi eigi þessa skyldu og ber þá sveitarstjórn að áminna hann um það og setja honum frest til næstu fardaga. Nú byggir hann eigi jörðina að þessum fresti liðnum fyrir 15. febrúar næst eftir að frestur rann út og skal þá sveitarstjórn í samráði við jarðanefnd ráðstafa jörðinni 5 ár í senn á þann hátt sem hagkvæmastur er fyrir sveitarfélagið.

Jarðanefnd getur undanþegið jarðareiganda byggingarskyldu á jörð, ef hún er að dómi nefndarinnar svo kostarýr til búskapar eða þannig í sveit sett, að nefndin telur ekki fært að hafa búskap þar að aðalatvinnu.

Nú hefur eigandi jarðar nytjað eignarjörð sína án þess að sitja á jörðinni og hvorki hann, fjölskylda hans né umsjónarmaður á hans vegum hefur þar lögheimili, en jörðin rýrnar svo, að sveitarfélagið bíður hnekki af, að mati jarðanefndar, og skal þá sveitarstjórn krefjast þess, að jarðareigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missira eða byggi jörðina frá næstu fardögum, en sæti ella ráðstöfun sveitarstjórnar á jörðinni skv. 1. málsg.

Nú er land fallið úr tölu lögbýla eða hefur skipst úr jörð án þess að verða nýbýli og er ekki nytjað af eiganda né leigt hreppsbum, en þess er þörf vegna búskapar í sveitarfélaginu að mati jarðanefndar og getur þá sveitarstjórn tekið það leigunámi til þeirra nota 5 ár í senn, en ábyrgjast verður hún að landið sé hóflega nýtt að viðlagðri bótaskyldu. Á sama hátt fer um jarðir, sem undanþegnar eru byggingarskyldu skv. 2. málsg.

Eftirgjald jarða eða landa, er sveitarstjórn tekur til ráðstöfunar skv. ákvæðum þessarar greinar, ákveður jarðanefnd, nema um semjast við eiganda, en hvor aðili um sig getur krafist yfirmats skv. 44. gr.

3. gr.

Sé ekki um annað samið, skal byggja jörð frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal þrjú samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn einu, leiguliði öðru, en hið þriðja skal afhenda jarðanefnd, er varðveitir það í skjalasafni sínu.

4. gr.

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annarra lönd, svo og þess, ef kvaðir hvíla á henni. Þá skal og kveða á um í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju hún sé goldin, svo og ef kúgildi fylgja jörð og hversu mörg þau séu.

Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatnsréttindi, þar með talið jarðhiti, námur, byggingarefni, svo sem sand- og malarnámur og önnur jarðefni, sem ekki geta talist til venjulegra leiguliðanota af jörð, einnig land til nauðsynlegra bygginga, til þess að eigandi geti hagnýtt þessi efni. Þó á leiguliði rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar, svo og byggingarefni til búsparfa. Leiguliði á rétt á bótum fyrir jarðrask og átroðning, sem leiðir af virkjun vatns eða starfrækslu þvilikra fyrirtækja.

II. KAFLI

Um ábúðartíma og eftirgjald.

5. gr.

Jarðir skal byggja hið skemmsta til 5 ára í senn. Jarðir í eigu ríkis, sveitarfélaga, opinberra sjóða og stofnana, skal byggja lífstíð leigutaka, nema nauðsyn beri til að ráðstafa jörð, svo sem embættisjörðum, skólajörðum, jörð, sem sveitarfélag á innan hreppsins, og jörðum, sem líkt stendur á um, þær skal byggja tiltekinn tíma.

Ekkja leiguliða heldur ábúðarrétti hans.

Heimilt er eiganda að taka jörð eða jarðarluta úr lífstíðarábúð vegna eigin þarfa eða til ábúðar handa sjálfum sér, barni sínu, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri, nema landsdrottinn hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar, skv. þessari grein, og er þá sú uppsögn ógild, og á leiguliði heimtingu á að fá jörðina aftur, ef hann krefst þess, innan árs frá því að hann flutti af jörðinni. Auk þess bæti landsdrottinn allan þann skaða, er leiguliði kann að hafa beðið af þessum sökum.

6. gr.

Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörð, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð lífstíð leigutaka og eftirgjald skal ákveðið af jarðanefnd, nema um annað semjist.

7. gr.

Landskuld, sem aðilar kunna að semja um, er heimilt að miða við ákveðna tölu búfjár eða ákveðið magn búsafurða eða verðmæti þeirra hlunninda, sem jörðinni fylgja, og greiðist í peningum eftir verðlagsgrundvelli þeirra afurða, sem við er miðað ár hvert, eða söluverði, sé um að ræða afurðir, sem verðlagsgrundvöllur nær ekki til.

Náist ekki samkomulag um eftirgjald skal jarðanefnd úrskurða það. Ákvörðun jarðanefndar má skjóta til yfirmats skv. 44. gr. innan eins mánaðar frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

8. gr.

Nú metur jarðanefnd jörð til eftirgjalds, og er þá rétt að miða landskuld við afrakstur hennar í búrekstri, aðstöðu til ræktunar og sölu afurða, að af sérstökum hlunnindum, húsakost, váttryggingarkostnað, girðingar og önnur mannvirki, er jörðinni fylgja, svo og kvaðir, sem á henni hvíla.

9. gr.

Ef jörð spillist af ástæðum, sem leiguliði má ekki við gera, og spjöllin valda röskun á búskaparaðstöðu hans, á hann rétt á eftirgjaldslækkun, að mati jarðanefndar, náist ekki samkomulag við landsdrottin.

III. KAFLI

Um mannvirki, ræktun, stöðu landsdrottins og leiguliða vegna framkvæmda.

10. gr.

Þegar jörð er byggð til lífstíðar eða á erfðaábúð, er landsdrottinn ekki skylt að láta jörðinni fylgja önnur hús en þau, sem eru á jörðinni og í hans eigu við upphaf leigutíma.

11. gr.

Jörð, sem leigð er til ákveðins árabils, er landsdrottinn skylt að láta íbúðarhús og peningshús í nothæfu ástandi fylgja, hvort tveggja að dómi úttektarmanna.

Vitalaust er landsdrottinn, ef íbúðarhús er fullnægjandi fyrir meðalfjölskyldu og þá vinnuhjálp, sem ætla má að þurfi, til þess að jörð verði nýttjuð með venjulegum hætti, og peningshús fylgja fyrir $\frac{3}{4}$ hluta þess bústofns, sem úttektarmenn meta, að jörðin geti borið, miðað við ástand hennar, þegar ábúandi tekur við ábúðinni.

Nú er ekki fyrir hendi hinn tilskildi húsakostur, er viðtaka fer fram, og skal þá í byggingarbréfi ákveðinn sá frestur, er landsdrottinn hefur, til þess að úr sé bætt, og tilgreint, með hvaða hætti það skuli gert. Húsakostur telst ekki leigufær án umbóta, ef ekki má ætla, að hann með eðlilegu viðhaldi sé nothæfur í 10 ár.

Undanþeginn þessari húsakýldu er landsdrottinn um þær jarðir, sem vegna kostarýrðar, skorts á ræktunarskilyrðum eða annarri aðstöðu til búrekstrar verða ekki taldar búhæfar að mati jarðanefndar, svo og jarðir innan takmarka kaupstaða,

sjávar- og sveitaborpa, er rétt þykir að dómi landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, að skipta niður í ræktunarlóðir.

12. gr.

Þegar endurreisa þarf jarðarhús eða auka við þau, hefur landsdrottinn rétt til að ákveða, að hann sjálfur kosti alla endurbyggingu á jörðinni. Hann ræður þá byggingarfyrirkomulagi. Landsdrottinn er þá heimilt, að endurbyggingu fullgerðri, að hækka landskuld. Náist ekki samkomulag, skal jarðanefnd meta, hverju sú hækkun nemur. Við matið skal þess gætt, að landskuldarhækkun ber aðeins að reikna af húsakosti, sem er við hæfi jarðarinnar og miðast að því er tekur til peningshúsa við þann bústofn, sem jörðin ber, og íbúðarhús með hliðsjón af búspörfum.

Nú leggur landsdrottinn að ósk leiguliða fram fé til umbóta á jörð sinni, og skal þá landskuld hækka, þannig að af framlaginu greiðist sömu vextir og af lánnum hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins á hverjum tíma.

Nú vill leiguliði auka húsakost ábúðarjarðar sinnar, og hans telst þörf, að mati viðkomandi héraðsráðunautar og byggingafulltrúa, en landsdrottinn vill ekki kosta auknar byggingaframkvæmdir. Leiguliða er þá heimilt að byggja, eftir að hafa sannanlega tilkynnt landsdrottinni, enda sé gerð bygginga og fyrirkomulag samþykkt af byggingafulltrúa viðkomandi héraðs og jarðanefnd.

13. gr.

Ef leiguliði vill gera meiriháttar jarðarbætur, skal hann leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðarbæturnar á sinn kostnað og hækki þá eftirgjald jarðarinnar sem svarar vöxtum Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðarbótina á sinn kostnað, en hún er samkvæmt skriflegu áliti hlutaðeigandi héraðsráðunautar álitleg til að gefa góðan arð, er leiguliða heimilt að framkvæma verkið.

14. gr.

Nú vill landsdrottinn gera meiriháttar jarðarbætur á jörð sem er í fastri byggingu, og skal hann þá leita samkomulags um það við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðarbótina engu síður, en bæti leiguliða það, sem verkið kann að spilla leiguliðaafnotum hans. Þegar jarðarbótinni er lokið, getur landsdrottinn látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðarbótina miðað við aðstæður leiguliða. Getur landsdrottinn þá afhent hana leiguliða, og ber leiguliða að halda henni vel við og svara henni í góðu lagi eða með álagi. Enn fremur ber leiguliða að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðarbótina.

15. gr.

Leiguliða er heimilt að veðsetja ábúðarjörð sína til tryggingar þeim lánnum, sem hann á kost á í Búnaðarbanka Íslands, Lifeyrissjóði bænda og Orkusjóði vegna framkvæmda á ábúðarjörð sinni, sem samþykktar hafa verið af byggingafulltrúa eða jarðræktarráðunaut og taldar eru við hæfi jarðarinnar að dómi jarðanefndar.

16. gr.

Nú á fráfaramandi leiguliði hús, hlut í húsum eða umbætur á jörð, og er það til frambúðar haganlega fyrirkomið og nauðsynlegt til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna, og skal þá landsdrottinn skylt að kaupa þær eignir fráfaramanda því verði, er úttektarmenn meta, enda séu þá hús jarðarinnar og önnur mannvirki ekki meiri og dýrari en svo, að jörðina megi leigja fyrir hæfilegt afgang, að mati úttektarmanna. Séu hús ekki nauðsynleg vegna almenns búrekstrar, skal taka tillit til

Þess við mat þeirra og þau metin lægra verði en hin nauðsynlegu jarðarhús. Landsdrottinn er einnig skylt að kaupa ræktun, sem fráfarandi hefur látið gera.

Helming þeirrar fjárhæðar sem landsdrottinn er gert að greiða samkvæmt mati, ber honum að inna af hendi með þremur jöfnum greiðslum innan níu mánaða frá því úttekt fór fram og eftirstöðvar með jöfnum afborgunum á sex árum nema um annað semjist. Landsdrottinn ber að greiða sömu vexti af skuldum vegna kaupa á mannvirkjum leiguliða og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánnum vegna sambærilegra mannvirkja hverju sinni.

Þau hús, sem ekki teljast nauðsynleg til búrekstrar og unnt er að flytja, er jarðareigandi ekki skyldugur að kaupa af fráfaranda. Verði ekki samkomulag um kaup á þeim, hefur fráfarandi rétt til að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og er skylt að sjá um, að þau verði rifin. ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að. Séu mannvirki minna virði, að mati úttektarmanna, en þau voru, er leiguliði tók við jörð, skal hann greiða landsdrottinn mismuninn. Sá mismunur, er greiðast skal, er lögtakskræfur. Við matsgerðir þessar ber úttektarmönnum að taka tillit til almennra verðbreytinga, sem orðið hafa á kostnaði við mannvirkjagerð.

17. gr.

Leiguliða er skylt að halda við húsum, öðrum mannvirkjum og ræktun, þannig að ekki rýrni umfram eðlilega fyrningu, að mati úttektarmanna.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um viðhald húsa á leigujörðum, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Byggingastofnunar landbúnaðarins.

18. gr.

Skyllt er úttektarmönnum, ef landsdrottinn eða leiguliði krefst, að skoða öll hús á leigujörð, mannvirki og ræktun og gefa um það skýrslu til aðila. Skulu úttektarmenn sérstaklega athuga umgengni og viðhald húsa og hvernig jörðin er setin yfirleitt.

19. gr.

Jarðarhús öll á leigujörðum skulu váttryggð gegn eldsvoða og skal landsdrottinn bera kostnaðinn, nema um annað sé samið. Um tryggingar gegn skaða af náttúruhamförum geta aðilar komið sér saman, enda skal þess getið í byggingarbréfi. Skyllt er leiguliða að annast váttryggingar fyrir hönd landsdrottins á eign hans í húsum og sjá um greiðslu iðgjalds gegn endurgreiðslu, beri landsdrottinn að greiða iðgjaldið. Af sameign aðila í húsum greiðir ábúandi iðgjald af sínum eignarhluta.

20. gr.

Sjá landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar samkvæmt lögum þessum, getur hann boðið leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjaldfrest á helmingi þess kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir. Skal leiguliði greiða þá fjárhæð með jöfnum árlegum afborgunum á 6 árum, nema öðruvísi semjist, gegn sömu vöxtum og bankar greiða af óbundnu sparifé. Taka skal veð í jörðinni næst á eftir áhvílandi veðskuldum.

Neiti leiguliði að kaupa eða hafi hann ekki svarað tilboði innan missiris, hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum.

Geti ábúandi ekki keypt ábúðarjörð sína eða vilji hann það ekki, hefur sveitarstjórn rétt til að ganga í kaupin með þeim skilmálum, sem jörðin var boðin ábúanda.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur leiguliða og ábúðarlok.

21. gr.

Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nytja hana og reka þar bú, nema sveitarstjórn og landsdrottinn samþykki annað.

22. gr.

Þegar leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju, þegar hann vill, en ekki má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru fjórir og hefjast, þegar sex vikur eru af sumri. Fimmtudagur í sjöundu viku sumars er fyrstur þeirra, en sunnudagur seinastur.

Leiguliða er skylt hið síðasta að hefja ábúð, þegar sjö vikur eru af sumri, ella fyrirgerir hann ábúðarrétti sínum, en ber að greiða eins árs jarðarafgjald auk bóta eftir almennum reglum, ef tjón sannast.

23. gr.

Fráfaranda ber að hafa hreinsað öll hús og haugstæði, flutt bú sitt, tæki og allt, sem er í hans eign á jörðinni, í burtu hinn síðasta fardag, nema um annað semjst. Nú vill fráfarandi selja hey, sem hann á á jörðinni við ábúðarlok, og á þá viðtakandi forkaupsrétt.

24. gr.

Leiguliði skal hafa öll leiguliðaafnot ábúðarjarðar sinnar, sbr. þó 2. mgr. 4. gr., en það eru leiguliðaafnot að hafa full afnotaumráð þeirra nytja, er jörðin sjálf gefur af sér, án þess að hún eða sá hluti hennar, sem afraksturinn gefur, rýrni eða eyðileggist við notkunina. Enn fremur telst til leiguliðaafnota réttur til framkvæmda, er auka framleiðsluhæfni jarðarinnar.

Til leiguliðaafnota teljast öll hús, mannvirki, ræktun, svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, sellátur, eggver og annað, sem leiguliðaafnotum hefur fylgt að fornri landsvenju, nema sérstakur samningur sé um annað, sbr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Leiguliði skal hafa not slíkra hlunninda það vor, sem hann flytur á jörð, nema um annað sé samið. Heimilt er landsdrottni eða leiguliða, ef samkomulag verður þar um, að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja af jörðinni, enda sé slíkt gert í samráði við jarðanefnd og býlið lífvænlegt til búrekstrar, að dómi jarðanefndar, þó að þau hlunnindi séu undan tekin. Þá má landsdrottinn og leigja lóðir undir hús eða land til uppsáturs og fiskverkunarreita og spildur til ræktunar í óyrktu landi leigujarðar, ef hlutaðeigandi héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telur það ekki valda leiguliða verulegum skaða eða takmarki ekki aðstöðu hans til ræktunar á jörðinni, enda lækki jarðar-afgjaldið að rétttri tiltölu eftir mati úttektarmanna.

25. gr.

Þegar reki fylgir jörð, er leiguliða skylt að hirða það, er rekur, og draga það úr flæðarmáli, svo að ekki taki út aftur. Hið sama gildir, þar sem sérstakt rekaftak er í ábýlisjörð hans. Skal hann þá marka þann viðvarmerki eiganda ítaksins. Til endurgjalds fyrir björgun og umhirðu rekans ber leiguliða $\frac{1}{3}$ hluti hans, nema byggingarbréf taki annað fram. Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um hverju sinni.

26. gr.

Ekki má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, né leyfa not hlunninda eða landsnytja, nema landsdrottinn leyfi eða ekki verði hjá því komist vegna ákvæða laga.

27. gr.

Skylt er leiguliða að halda við húsum jarðar og öllu, sem þeim fylgir, þannig að þau gangi ekki úr sér umfram eðlilega fyrningu. Honum ber einnig að halda við öðrum mannvirkjum, ræktun og hlunnindum. Hann skal á sinn kostnað annast viðhald heimreiðar, ræktunar, girðinga, framræsluskurða og lokræsa, þannig að þessi mannvirki gangi ekki úr sér umfram eðlilega fyrningu.

28. gr.

Leiguliði skal greiða skatta og skyldur, sem lög ákveða og tengdar eru notum hans af jörðinni, landsdrottni að kostnaðarlausu. Landskuld, leigur og önnur gjöld skal hann greiða fyrir 31. des. ár hvert, nema öðruvísi sé um samið.

29. gr.

Nú er leiguliðaréttur brotinn og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera aðvart, ef leiguliðaréttur hans er brotinn, og láta vita, hvort hann sækir.

30. gr.

Vanefni leiguliði verulega skyldur sínar samkvæmt ábúðarsamningi eða lögum þessum, er landsdrottinn heimilt að byggja leiguliða út, enda liggja fyrir skriflegg álit úttektarmanna og jarðanefndar er staðfesti vanefndir leiguliða.

Hvarvetna, þar sem landsdrottinn segir leiguliða upp ábúð eða byggir honum út, vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það sannanlega fyrir jól, miðað við næstu fardaga.

31. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af ábúðarjörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörðinni lausri fyrir jól miðað við næstu fardaga. Skal hann segja landsdrottinn eða umboðsmanni hans upp, þannig að sannað verði.

V. KAFLI

Um erfðaábúð.

32. gr.

Heimilt er að byggja jarðir í einkaeign, í eigu ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeygn (kristfjárjarðir, jarðir gjafasjóða, sýslusjóða eða hreppssjóða) á erfðaleigu.

33. gr.

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 32. gr., skal vera 3% af fasteignamatsverði lands og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að fylgja jörð, þegar erfðaábúð hefst.

34. gr.

Erfðaleiguabúanda er skylt að greiða árlega iðgjöld af brunabótavirðingu húsa og fasteignagjöld af ábúðarjörð sinni, án endurgjalds frá landsdrottinn. Kostnað við virðingu á eignum greiðir hver eigandi að sínum hluta.

35. gr.

Meðan sama ætt heldur jörð, skal afgjald ekki hækka umfram það, er leiðir af hækkun fasteignamats vegna verðbreytinga og framlaga jarðareiganda. Ef liðin eru þrjú ár eða meira frá síðasta fasteignamati, þegar ákvarða skal eftirgjald, er heimilt að krefjast millimats fasteignamatsnefndar og leggja það til grundvallar ákvörðun um eftirgjald.

36. gr.

Þegar ábúendaskipti verða á milli ætliða á jörð, sem er í erfðaábúð, skulu úttektarmenn tilkvaddir, ásamt jarðareiganda eða umboðsmanni hans, og jörðin tekin út. Úttektargerðin skal bera með sér:

- a) Eign jarðeiganda í húsum og öðrum mannvirkjum, sem fráfarandi hefur tekið við, ásamt eign jarðeiganda í húsum og mannvirkjum vegna fjárframlags hans til þeirra í tíð fráfaranda.
- b) Eign ættarinnar, sem fráfarandi tók við í húsum og mannvirkjum á jörðinni, og auk þess það, er fráfarandi leggur fram sem eignarauka. Að öðru leyti fer um úttekt þessa eftir almennum reglum.

37. gr.

Réttur til ábúðar á jörðum þeim, sem um ræðir í þessum kafla laganna, þar með talin hús og mannvirki, sem viðkomandi ætt á á jörðinni, erfist sem hér segir:

- 1) Það hjóna, sem lengur lifir, heldur réttindum, meðan það lifir.
- 2) Erfðaréttur erfist til barns þess hjóna, sem erfðaábúðarréttinn stofnaði eða erfði, og til barna þeirra og kjörbarna.
- 3) Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum þeirra skal erfa ábúðarréttinn, og skulu tilkynna það sýslumanni ekki síðar en þegar erfðaábúandi er fullra 60 ára.
- 4) Verði hjón ekki ásátt um, hvert barna þeirra skuli hljóta réttinn, skulu börnin eða forráðamenn þeirra leita samkomulags að viðstöddum sýslumanni.
- 5) Náist ekki samkomulag skv. 3. og 4. lið, skal elsta barnið erfa réttinn. Afsali það sér réttinum, hafa börnin hann eftir aldri.
- 6) Nú hefur erfingi erfðaábúðar ekki náð lögaldri, þegar ábúendaskipti verða, og skal þá sýslumaður byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina sjálfur til ábúðar.
- 7) Óski ekkert barnanna að nota erfðaréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni.
- 8) Nú deyr erfingi ábúðarréttar barnlaus innan 10 ára frá því er hann hefur tekið við ábýli sínu, enda hafi hann ekki tekið kjörbarn áður en hann dó, og hefur þá næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina.
- 9) Ef engar tillögur eða óskir liggja fyrir frá fráfaranda um ráðstöfun jarðarinnar, skal henni ráðstafað að tillögu jarðanefndar sem áður hefur leitað um-sagnar viðkomandi sveitarstjórnar.

VI. KAFLI

Um úttektir á leigujörðum.

38. gr.

Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmati skoðun-argerð.

Úttekt á jörð skal fara fram fyrir 20. júní. Úttektarmenn skulu gera viðtakanda og fráfaranda aðvart með nægum fyrirvara, hvenær úttekt fer fram, svo og landsdrottinni eða umboðsmanni hans, svo að þeir geti verið viðstaddir og gætt réttar síns.

39. gr.

Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmanninn skipar sýslumaður og tvo varamenn að fengu-um tillögum sveitarstjórnar. Nú hefur úttektarmaður forfall eða er svo nákominn aðila, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans, eða getur talist

vilhallur, og tekur þá varamaður sæti hans. Ef úttektarmenn greinir á, skal kalla til varamann þann, sem nær er, og er hann þá oddamaður.

40. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu skipaðir til 6 ára. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun, fyrr en 6 ár eru liðin frá því hann hætti starfanum.

Allir fullveðja búendur hreppsins, yngri en 60 ára, eru skyldir að taka útnefningu.

Úttektarmenn skulu, áður en þeir byrja störf sín, undirrita í úttektarbókina drengskaparheit um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir bestu vitund og sannfæringu.

41. gr.

Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, sem hér segir:

- 1) Fyrir úttekt á jörð skal greiðslan miðast við dagkaup, eins og það er reiknað í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða hverju sinni. Kostnaður þessi greiðist að jöfnu af fráfaranda og viðtakanda.
- 2) Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir ákveðst greiðslan á sama hátt, og ber þeim að greiða, sem krafist hefur virðingar- eða skoðunargerðar. Þó kosta landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er samkv. 16. gr., að hálfu hvor.

42. gr.

Úttektarmenn skulu hafa gerðarbók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður lög-gildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða, skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 18. gr. og allar matsgerðir úttektarmanna samkvæmt lögum þessum. Þegar úttekt, skoðunargerð eða mati er lokið, skulu úttektarmenn og þeir aðilar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar. Ef aðilar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit úr gerðarbók gegn hæfilegu gjaldi.

43. gr.

Úttektarmenn skulu lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa, skemmdum á þeim, ef orðið hafa af völdum ábúanda, hvernig húsunum hefur verið viðhaldið og öðru, eftir því sem þurfa þykir. Einn fremur skulu þeir taka út og lýsa öðrum mannvirkjum landsdrottins og leiguliða á jörðinni. Ef kúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort þau séu fullgild. Þeir skulu og kynna sér nákvæmlega allar jarðarnytjar og meta, hvort jörð hafi verið samlega setin.

44. gr.

Ef einhver, sem hlut á að máli, vill ekki hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, eða öðrum mats- og skoðunargerðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, getur hann innan tveggja vikna krafist yfirúttektar eða yfirmats. Í hverri sýslu skal vera sérstök yfirúttektar- og virðingarnefnd. Skal hún þannig skipuð:

Sýslumaður skipar tvo menn í nefndina eftir tilnefningu sýslunefndar til 6 ára og varamenn til sama tíma. Sýslumaður eða fulltrúi hans er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Heimilt er sýslumanni að kveðja, ef ástæða þykir til, að auki í nefndina tvo meðnefndarmenn, jarðræktarráðunaut og byggingarfulltrúa viðkomandi sýslu. Skylt er formanni nefndarinnar að tilkynna gagnaðila, að krafist hafi verið yfirmats, og veita honum nægan frest, svo að hann geti gætt réttar síns.

Yfirnefndarmenn eiga sömu laun fyrir starfa sinn sem úttektarmenn og auk þess hæfilegan ferðakostnað. Yfirnefnd úrskurðar hvernig kostnaður við yfirmat greiðist.

VII. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

45. gr.

Vanræki jarðeigandi skyldur sínar samkvæmt 2.—3. gr., 1. mgr. 4. gr. laga þessara, varðar það brot hans sektum, allt að kr. 100 000.00. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

46. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi ábúðarlög nr. 1 frá 1884, nr. 87/1933, nr. 8/1951, nr. 36/1961 og VIII. kafla laga nr. 102/1962, ásamt síðari lögum um breytingar á þeim lögum, svo og önnur lagafyrirmæli, að því leyti, sem þau fara í bága við lög þessi.

Fara skal eftir ákvæðum laga þessara um réttindi og skyldur leiguliða og landsdrottins varðandi framkvæmdir á leigujörð, sbr. 12.—16. gr., greiðslu jarðarafgjalds og annarra gjalda af jörð, sbr. 7.—9. gr., riftun og uppsögn ábúðarsamnings, sbr. 30. og 31. gr., enda þótt ábúðarsamningur hafi verið gerður fyrir gildistöku laganna.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

JARÐALÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmunum sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi taka til.

3. gr.

Lög þessi taka til jarða, jarðarhluta, afrettarlanda, öræfa og landspildna, svo og til ítaka, skóga, vatnsréttinda, veiðiréttinda og hvers konar annarra hlunninda, hvort sem þau eru skilin frá jörð eða ekki. Þéttbýlissvæði, sem skipulögð eru fyrir fasta búsetu manna, sem ekki stunda landbúnað, eru undanskilin ákvæðum laga þessara.

Rísi ágreiningur um, hvað teljast skuli landbúnaður skv. lögum þessum eða um starfssvið jarðanefnda að öðru leyti, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

II. KAFLI

Um jarðanefndir.

4. gr.

Í hverri sýslu skal starfa jarðanefnd skipuð þrem mönnum og jafnmörgum til vara, sem kosnir skulu hlutfallskosningu, ef óskað er. Búnaðarsamband viðkomandi sýslu tilnefnir 2 menn í jarðanefnd og sýslunefnd 1 mann. Skulu þeir, sem tilnefndir eru, kunna góð skil á byggð og búhátum í sýslunni. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi tilnefndra manna.

Allir jarðanefndarmenn skulu vera búsettir á starfssvæði nefndarinnar.

Jarðanefnd skal skipuð til fjögurra ára í senn.

5. gr.

Jarðanefndir skulu, hver á sínu svæði, vera sveitarstjórnnum til aðstoðar við framkvæmd laga þessara, sbr. 1. gr., með því að:

1. Fylgjast með eigendaskiptum og öðrum ráðstöfunum fasteigna skv. nánari fyrir-mælum laga þessara.
2. Gera tillögur um úthlutun landssvæða til félagsræktunar, byggingar sumar-bústaða og almennra útilífsnota, þar sem þörf er talin fyrir land í því skyni.
3. Fylgjast með því, að sveitarstjórn gæti ákvæða gildandi laga um mannvirkja-gerð í sveitum, töku hvers konar jarðefna og stuðla að góðri umgengni lands og mannvirkja.
4. Gæta þess, ásamt sveitarstjórnnum, að búseta á jörðum sé í samræmi við ákvæði ábúðarlaga.
5. Vera landnámsstjórn til aðstoðar við framkvæmd landnámslaga, hver á sínu svæði.

6. gr.

Nú eru fyrirhuguð aðilaskipti að réttindum yfir fasteign eða stofnun slíkra réttinda, svo sem fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með tal-inni útlagningu til veðhafa, bússkipti, félags- og sameignarslit, fyrirframgreiðslu arfs, lán eða leigu, og er þá jafnan skylt að tilkynna það sveitarstjórn og jarðanefnd og afla samþykkis þeirra til ráðstöfunarinnar. Sama gildir um eigendaskipti að hlutum í félögum, sem eiga fasteignir, sem lög þessi taka til.

Nú telja sveitarstjórn og jarðanefnd, að ráðstöfun fasteignar sé andstæð hagsmunum sveitarfélagsins, og er þá rétt að synja um áformaða ráðstöfun eignarinnar.

Nú verða sveitarstjórn og jarðanefnd ekki sammála um meðferð máls og getur þá hvor um sig skotið ágreiningsefninu til ráðherra, sem fellir úrskurð, að feng-inni umsögn Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins.

Samþykkis þarf ekki að afla:

1. Ef eigandi ráðstafar fasteignaréttindum til einhvers þeirra, sem upp eru taldir í 1. tölulið 26. gr. laga þessara.
2. Þegar ríkissjóður kaupir fasteignir eða selur.
3. Þegar banki eða önnur opinber lánastofnun, sem á veð í fasteign, lögveðshafar eða lögtakshafar vegna opinberra gjalda kaupa eða fá útlagða eign á nauðungar-uppboði.
4. Þegar veiðifélög ráðstafa veiðiréttindum.
5. Þegar leigðar eru slægjur, námur eða vatnsréttindi.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til aðilaskipta að eignaréttindum fyrir lög-erfðir eða ráðstöfun slíkra réttinda til annars hjóna við bússkipti vegna skilnaðar, en tilkynna skal þó sveitarstjórn og jarðanefnd um breytingar á eignaraðild, sem verða með þessum hætti.

7. gr.

Þegar samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar til ráðstöfunar á fasteign er leitað, ber þeim að afgreiða erindið innan 30 daga frá því að það barst. Hafi svar þá ekki borist, er hin áformaða ráðstöfun heimil næstu 6 mánuði.

8. gr.

Nú neita sveitarstjórn og/eða jarðanefnd að samþykkja áformaða sölu fasteignar, sbr. 6. gr., og ráðherra staðfestir þá ákvörðun, og getur þá eigandi eða umráðamaður eignarinnar gert kröfu til þess, að sveitarsjóður eða rikissjóður kaupi eign þá, sem hann vildi láta af hendi. Náist ekki samkomulag um verð, skal kaupverð eignarinnar ákveðið samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

9. gr.

Óheimilt er að þinglýsa skjölum varðandi ráðstöfun fasteignar, sem lög þessi taka til, nema fyrir liggja samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og jarðanefndar, sbr. þó 6. og 7. gr.

10. gr.

Í sveitarfélögum, sem ekki eru skipulagsskyld, er óheimilt að byggja sumarbústaði án samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar, að fenginni umsögn náttúruverndarnefndar.

Ef um sumarbústaðahverfi er að ræða, skulu þau skipulögð.

Það telst sumarbústaður, ef bygging er reist til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs.

Ávallt skal við byggingu sumarbústaða fullnægt kröfum heilbrigðisyfirvalda um frágang rotþróa, oljutanka og annað, sem mengunarhætta getur stafað frá.

11. gr.

Þar sem jarðanefndir gera tillögur um land til útilífs fyrir almenning, skal eftir því sem aðstæður leyfa nota land í opinberri eigu.

Tillögur jarðanefndar skulu lagðar fyrir viðkomandi sýslunefnd og ber henni að afla samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar og Landnáms ríkisins, áður en þær koma til framkvæmda.

Nú hljóta tillögur jarðanefndar um land, sem ekki er í opinberri eign, staðfestingu til almennra útivistarafnota, og skal þá jarðanefnd hlutast til um, að sýslunefnd eða sveitarfélög fái umráða- eða eignarrétt á landinu.

12. gr.

Land, sem við gildistöku laga þessara er nýtt til landbúnaðar, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum. Að öðrum kosti þarf samþykki ráðherra, enda hafi það áður verið samþykkt af jarðanefnd og Landnámi ríkisins.

Samþykki Landnáms ríkisins, jarðanefnda og sveitarstjórna þarf til að skipta landi jarða og sameiginlegu landi fleiri jarða, til að sameina jarðir og til að leggja lönd eða jarðir til afrétta.

Stofnun nýrra býla er háð samþykki jarðanefnda og staðfestingu Landnáms ríkisins.

13. gr.

Þar sem skipting jarðar hefur átt sér stað og bú er ekki rekið á úrskiptum jarðarhluta, er ráðherra heimilt, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, að leyfa eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, sem skipt var úr, að fengnum meðmælum jarðanefndar og landnámsstjórnar, að leysa til sín hinn úrskipta jarðarhluta og leggja

hann til hinnar upphaflegu jarðar. Á sama hátt er eiganda og ábúanda nýbýlis heimilt að leysa til býlis síns það, sem eftir stendur af landi hinnar upphaflegu jarðar, sé ekki rekinn þar sjálfstæður búskapur. Séu nýbýlin fleiri en eitt, getur einn eigandi krafist þess lands, sem ónytjað er skv. framansögðu. Skulu þá skipti gjörð af Landnámi ríkisins að fengnum tillögum jarðanefndar. Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

14. gr.

Nú er jörð í sameign, en einn sameigenda rekur bú á jörðinni og hefur þar fasta búsetu, og getur ráðherra þá, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, leyft honum að leysa til sín eignarhluta meðeigenda sinna, enda hafi jarðanefnd og landnámsstjórn mælt með því. Náist ekki samkomulag um verð á hinum innleystu hlutum, skal fara um mat og greiðsla bóta eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

15. gr.

Ef meðferð jarða, lands eða landsnytja er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara og ábúðarlaga, og þörf er á landinu til bættrar aðstöðu viðkomandi byggðarlags, getur landbúnaðarráðherra heimilað sveitarstjórn eignarnám á slíkum eignum, enda hafi jarðanefnd og landnámsstjórn mælt með eignarnámi.

16. gr.

Skylt er hreppstjórum, oddvitum, ráðunautum, eigendum og ábúendum jarða, og öðrum, sem til þess hafa aðstöðu, að láta í té upplýsingar um jarðir og ábúð á þeim, eftir því sem þörf kann að verða á samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Ákvörðunum sveitarstjórna eða jarðanefnda er heimilt að skjóta innan eins mánaðar til landbúnaðarráðuneytisins, og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan fjögurra vikna frá því, er kæra barst.

18. gr.

Nú er fasteign ráðstafað andstætt fyrirmælum laga þessara, og varðar sú ráðstöfun refsingu, sbr. 61. gr. Auk þess getur sveitarstjórn þá, með samþykki jarðanefndar og ráðherra, höfðað mál til ógildingar ráðstöfuninni með kröfu um, að sveitarfélagið fái þau umráð og not fasteignar, er ráðstöfunin laut að og með sömu skilmálum. Þó getur sveitarstjórn krafist mats á endurgjaldi í samræmi við ákvæði 25. gr. Málsókn skal hefjast innan þriggja mánaða frá því að jarðanefnd barst vitneskja um ráðstöfunina, og ber að halda málinu áfram með eðlilegum hraða.

19. gr.

Jarðanefnd skal ákveða aðsetursstað sinn í samráði við viðkomandi sýslunefnd og búnaðarsamband.

Rétt er, þar sem við verður komið, að jarðanefnd og búnaðarsamband hafi samvinnu um skrifstofuhald.

Jarðanefnd er heimilt að kaupa sérfræðilega aðstoð, þegar þörf krefur.

Rita skal fundargerðir á öllum fundum jarðanefndar, og halda ber skýrslu yfir allar ráðstafanir fasteigna, sem nefndin fjallar um.

20. gr.

Kostnaður við störf jarðanefndar greiðist að hálfu af viðkomandi sýslu og búnaðarsambandi og að hálfu af ríkissjóði.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun til jarðanefndarmanna.

III. KAFLI

Forkaupsréttur.

21. gr.

Eigi að selja fasteignarréttindi, sem lög þessi taka til, sbr. 3. gr., á sveitarstjórn þess sveitarfélags, þar sem eignin er, forkaupsrétt að þeim, nema um ráðstöfun ættaróðals sé að ræða, sbr. og 26. gr. laga þessara.

Nú hefur leiguliði setið jörð í 10 ár eða lengur og á hann þá forkaupsrétt á undan sveitarstjórn, enda taki hann jörðina til ábúðar og fullra nytja.

22. gr.

Ef fasteignarréttindi eru seld á opinberu uppboði eða lögð veðhafa út, getur forkaupsréttarhafi skv. 21. gr. gengið inn í hæsta boð.

Uppboðshaldara er skylt að tilkynna forkaupsréttarhafa uppboðsþing um leið og það er ákveðið. Skal forkaupsréttarhafi tilkynna uppboðshaldara innan 5 sólarhringa frá slitum uppboðs, að hann neyti forkaupsréttar síns.

23. gr.

Forkaupsréttur skv. 21. gr. skal jafnan boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn, sem hlut á að máli. Söluverð og aðrir skilmálar skal jafnframt tilgreint á tæmandi hátt. Ef um er að ræða makaskipti á fasteignarréttindum, tilgreini seljandi, hversu hátt hann metur hin framboðnu réttindi til peningaverðs, og hefur þá forkaupsréttarhafi rétt til þess að kaupa þau því verði eða á matsverði skv. 25. gr. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því að henni barst tilboð. Vanræki sveitarstjórn að svara innan þess tíma, hefur hún í það sinn glatað rétti sínum til að kaupa.

Yfirlýsing um afsal forkaupsréttar skal miðuð við ákveðinn kaupanda og fellur úr gildi sex mánuðum frá dagsetningu.

24. gr.

Ef eigandi eða annar réttihafi fasteignar ráðstafar fasteignarréttindum andstætt fyrirælum laga þessara um forkaupsrétt, getur forkaupsréttarhafi, sem órétti var beittur, krafist þess, að salan verði ógilt, enda sé málssókn til þess hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um misfelluna og málinu fram haldið með hæfilegum hraða.

25. gr.

Nú er forkaupsréttarhafa boðið að neyta forkaupsréttar, en tilgreint kaupverð er óeðlilega hátt eða skilmálar ósanngjarnir miðað við almennar viðskiptavenjur, þannig að ætla má að gert sé í því skyni að halda forkaupsréttarhafa frá að neyta réttar síns. Forkaupsréttarhafi getur þá, að fengnu samþykki jarðanefndar, krafist mats dómkvaddra manna á eigninni og gildir það þá sem söluverð.

Ákveði forkaupsréttarhafi að krefjast mats skal það gert innan 15 daga frá því að tilboð barst og matsgerð lokið innan 3ja vikna þar frá.

Forkaupsréttarhafa ber síðan innan einnar viku að ákveða, hvort hann neytir forkaupsréttar skv. matsgerðinni.

Matsmenn ákveða hvornig matskostnaður greiðist.

26. gr.

Ákvæði laga þessara um forkaupsrétt koma ekki til framkvæmda:

1. Þegar jarðeigandi selur eða afhendir jörð maka sínum, barni sínu, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri, enda taki viðtakandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.

2. Þegar ríkissjóður ráðstafar fasteignarréttindum.

Falli fasteignarréttindi við erfðir til annarra en þeirra, er greinir í 1. tölulið, á hreppsnefnd rétt á að fá þau keypt. Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

IV. KAFLI

Um jarðir í opinberri eigu.

27. gr.

Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins fer með málefni jarða í ríkiseign, nema annað sé ákveðið í lögum.

28. gr.

Heimilt er að selja jarðir eða jarðarhluta í ríkiseign þeim sveitarfélögum, sem jarðirnar eru í, enda mæli jarðanefnd með sölu og geri tillögur um söluverð, sem endanlega er ákveðið af ráðherra eða samkvæmt matsgerð dómkvaddra manna.

Ríkisjarðir, sem ekki byggjast samkvæmt ábúðarlögum og ekki eru teknar til sérstakra nota í þágu hins opinbera, er heimilt að leigja lengst til 10 ára í senn. Sé sótt um jörð til fastrar ábúðar, sem er leigð lausri leigu, er heimilt að segja slíkum samningi upp fyrir áramót miðað við næstu fardaga þar eftir. Leigusamninga um lóðir úr ríkislandi er heimilt að gera til allt að 50 ára, enda séu þeir gerðir í samræmi við skipulagsákvæði.

29. gr.

Ábúendur ríkisjarða og jarða í eigu opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, — sem hafa fengið erfða- eða lífstíðar-ábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa búið á jörðinni minnst 10 ár.
2. Gefa út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggja fram nauðsynleg skilríki þar að lútandi.
3. Leggja fram yfirlýsingu hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að ábúandi hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta.
4. Leggja fram meðmæli jarðanefndar viðkomandi sýslu með kaupum.

Ákvæði greinar þessarar taka þó ekki til jarða, sem þörf er á til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð, heldur ekki til jarða, sem að dómi Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndar eru líklegar til að verða nýttar til annars en búrekstrar, svo sem fólkvangar, sumarbústaðalönd eða til annarra útilífsnota, og ekki til þeirra jarða, sem að dómi Náttúruverndarráðs hafa sérstök náttúruyfyrirbæri innan sinna landamarka.

Námaréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin sölu, sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

Náist ekki samkomulag um verð milli kaupanda og seljanda, skal mat dómkvaddra manna ráða.

Sé áformuð sala jarðar eða jarðarhluta, sem seldur hefur verið af ríkissjóði skv. grein þessari, á ríkissjóður forkaupsrétt fyrir hlutfallslega sama verð og jörðin var seld á að viðbættum verðmætisauka vegna framkvæmda eftir að ríkissjóður seldi jörðina.

V. KAFLI
Jarðasjóður.

30. gr.

Við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins skal starfrækja sjóð, er nefnist Jarðasjóður ríkisins.

Hlutverk sjóðsins er, skv. nánari ákvörðun laga þessara, að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti að jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum, að búseta á jörðum og nýting lands verði í sem mestu samræmi við hagsmuni viðkomandi sveitarfélags.

Erindi, sem Jarðasjóði berast varðandi kaup og sölu jarða eða lánveitingar skulu send til umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda áður en þau eru afgreidd.

31. gr.

Jarðasjóði ríkisins er heimilt að kaupa jarðir, sem svo er ástatt um er hér greinir, enda hafi sveitarstjórn hafnað forkaupsrétti.

1. Jarðir, sem ekki seljast með eðlilegum hætti, en eigandi þeirra verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu.
2. Jarðir, sem hafa óhagstæð búskaparskilyrði.
3. Jarðir, sem ekki njóta framlaga og lána, sem veitt eru til umbóta á lögbýlum, sbr. jarðræktarlög, nr. 79/1972.
4. Jarðir, sem eru afskekktar og liggja illa við samgöngum.
5. Jarðir, sem eigendur hafa ekki tök á að sitja lengur vegna áhvilandi skulda, enda sitji seljendur jarðirnar áfram.
6. Jarðir, sem hreppsnefndir hafa hafnað forkaupsrétti á, en jarðanefnd viðkomandi sýslu mælir með, að Jarðasjóður kaupi.
7. Jarðir, sem hlunnindi eða önnur sérstök verðmæti fylgja eða eru þýðingarmiklar fyrir sveitarfélög til að koma betra skipulagi á byggð.
8. Jarðir, sem heppilegar teljast til almennra útilífsnota.

32. gr.

Nú hefur jörð, sem 2.—4. töluliður 31. gr. tekur til, undanfarin 5 ár verið í leigu-ábúð bónda, sem vill halda áfram búrekstri, og er þá Jarðasjóði heimilt að veita bónda þessum lán til að kaupa aðra jörð með góð framtíðarbúskaparskilyrði. Jarðasjóði er heimilt að veita sveitarfélögum lán til jarðakaupa, þá er þau neyta forkaupsréttar, skv. III. kafla laga þessara.

33. gr.

Við ákvörðun kaupverðs, samkv. 31. gr., skal af hálfu kaupanda höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða, sé þess kostur, og fjármunum þeim, sem eigandi hefur lagt í jörðina. Náist ekki samkomulag um kaupverð, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats á jörðinni, samkvæmt ákvæðum 36. greinar.

Jarðasjóði skal ætlað það fjármagn á fjárlögum, að hann geti sinnt hlutverki sínu skv. lögum þessum, að lágmarki kr. 12 000 000.00 ár hvert, auk þess skal greiða andvirði seldra ríkisjarða í Jarðasjóð.

34. gr.

Jarðir, sem ríkið eignast, samkvæmt 31. gr. laga þessara, má selja sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til, enn fremur einstaklingum til

varanlegrar ábúðar, ef það, að dómi jarðanefndar, verður til að styðja aðra byggð í viðkomandi sveitarfélagi. Setja skal í sölusamninga ákvæði um meðferð jarðarinnar.

Heimilt er og, að fengnum meðmælum jarðanefndar, að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi, til þess að bæta búrekstraraðstöðu þeirra.

Ábúendur jarða, sem selt hafa jarðir sínar skv. 5. tölulið 31. gr., eiga rétt á að kaupa þær aftur, ef þeir óska þess.

Náist ekki samkomulag um verð milli Jarðasjóðs og kaupanda, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats nefndar þeirrar, er starfar samkvæmt 36. gr.

35. gr.

Jarðanefnd og Búnaðarfélagi Íslands er skylt, áður en kaup fara fram, að rannsaka búrekstrarskilyrði þeirra jarða, sem ríkinu eru boðnar til kaups, skv. 1.—7. tölulið 31. greinar, og gera álitsgjörð um það, hvort réttmætt sé og æskilegt, samkvæmt ákvæðum þessara laga, að ríkið kaupi.

36. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjú menn í nefnd til fjögurra ára í senn til að meta kaupverð jarða, sem Jarðasjóður áformar að kaupa og mats er óskað á. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar, annar samkvæmt tilnefningu Stéttar-sambands bænda, en þriðji nefndarmaðurinn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, og er hann formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun nefndarmanna, er greiðist úr Jarðasjóði með öðrum kostnaði.

37. gr.

Jarðasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum af ónytjuðum jörðum sjóðsins, öðrum en fasteignaskatti og fjallskilum. Öll skjöl, sem gefin eru út af sjóðnum og í hans nafni, skulu undanþeginn stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Jarðasjóði og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal landbúnaðarráðuneytinu gert aðvart svo tímanlega, að unnt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

VI. KAFLI

Um óðalsjarðir.

38. gr.

Sérhverjum jarðeiganda er heimilt að gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi skilyrði eru fyrir hendi:

- Að jörðin sé svo stór eða svo gæðarík, að afraksturinn af búi, er jörðin getur borið, með hlunnindum, er henni fylgja, geti framfært að minnsta kosti meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi jarðanefndar.
- Að fyrir liggja samþykki barna jarðeiganda, 16 ára og eldri, um að jörðin sé gerð að ættaróðali.
- Að á jörðinni hvíli ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kunna að hafa verið teknar í Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands, Orkusjóði eða Lífeyrissjóði bænda vegna þeirra framkvæmda á jörðinni, sem þessar stofnanir lána til, eða lánastofnanir, sem koma kunna í þeirra stað.

39. gr.

Þegar jörð er gerð að ættaróðali, skal skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefur fylgt og jarðeigandi á, enn fremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl. Jarðeigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl, er varða jörðina frá fyrri tíð og eru í hans vörslu, einnig myndir og muni, er hafa minningargildi fyrir þá bændur eða bændaeitt, er situr eða setið hefur jörðina.

40. gr.

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi ásamt lýsingu af jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 38. gr.

Þegar sýslumaður hefur sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skal hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn fremur skal hann senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í undæmi hans, ásamt staðfestu samriti af gerningi þar að lútandi.

Búnaðarfélag Íslands skal láta gera fyrirmynd, í samráði við landbúnaðarráðuneytið, að gerningi, þar sem fram sé tekið, auk þess sem áður er tilgreint, þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og ræktanlegs, meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin, hlunnindi og aðra aðstöðu til búrekstrar.

Verði misbrestur á, að stjórn Búnaðarfélags Íslands berist þau gögn, er að framan greinir, skal stjórn félagsins krefjast, að úr því verði bætt.

41. gr.

Allar tryggingar, sem stofnað hefur verið til vegna ættaróðalsins eða þess, sem því fylgir, tilheyra óðalinu ásamt skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt þeim.

42. gr.

Nú hefur bóndi gert jörð sína að ættaróðali, og eiga þá skylduerfingjar hans kröfu til þess, að viðtakandi (óðalserfingi) greiði fráfaranda eða búi hans fjárhæð sem svarar hálfu fasteignamati jarðarinnar.

Frá þessari greiðslu ber að draga áhvilandi veðskuldir, er viðtakandi tekur að sér.

43. gr.

Eignir óðalsbónða og konu hans, aðrar en ættaróðalið og fylgifé þess, erfast samkvæmt ákvæðum erfðalaga.

44. gr.

Skylt er þeim, sem óðal hlýtur, að lofa fyrrverandi óðalsbónða og konu hans, ef með þarf, að dveljast á óðalsjörðinni meðan þau kjósa, enda sé honum það ekki um megn.

Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr.

45. gr.

Erfðafjárskattur greiðist ekki af ættaróðali eða fylgifé þess við afhendingu óðalsins til erfingja eða viðtakanda.

46. gr.

Jarðeigandi og aðrir geta ánaðnað ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, og er það þá fylgifé óðalsins, sem skylt er að halda við

og endurnýja. Jarðræktarstyrkur, byggingarstyrkur og aðrir opinberir styrkir, sem veittir eru til umbóta á óðalsjörðum, verða eign óðalsins.

47. gr.

Heimilt er eiganda ættaróðalsins, að fengnu samþykki skv. 12. gr. laga þessara að skipta því milli erfingja í tvö eða fleiri býli, enda fullnægi hin nýju býli ákvæðum 38. greinar.

Þegar skipti eru ákveðin, skal gera landamerki milli hinna nýju ættaróðala, svo sem þörf krefur. Skjöl og minjagripir, sem til eru, tilheyra gamla óðalinu.

48. gr.

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsbóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni í Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands, í Orkusjóði og Lífeyrissjóði bænda, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

49. gr.

Þegar eigendaskipti verða á óðalsjörð, skal kveðja til úttektarmenn hreppsins.

Úttektarmenn skulu færa í úttektarbók lýsingu á jörðinni, mannvirkjum hennar og fylgifé, svo að auðvelt sé að gera sér grein fyrir ástandi jarðarinnar og öðru, er henni fylgir.

Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafist yfirúttektar og fer um það samkvæmt 44. gr. ábúðarlaga.

50. gr.

Nú krefst skuldheimtumaður, að gerð sé aðför í ættaróðali vegna áhvílandi veðskulda eða opinberra gjalda af eigninni, og skal sýslumaður þá tilkynna óðalseiganda um kröfuna með símskeyti eða á annan jafntryggan hátt. Geti óðalseigandi ekki innan mánaðar fullnægt skuldheimtumanni, svo að hann taki kröfuna aftur, skal sýslumaður þá þegar kveðja til fundar þá, er vegna frændsemi koma til greina sem erfingjar óðalsins, eða forráðamenn þeirra ásamt óðalseiganda með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, Skuldheimtumanni eða umboðsmanni hans ber að koma á slíkan fund. Á fundinum skal sýslumaður hlutast til um, að ákveðið sé, hver taki við óðalinu og taki að sér aðkallandi greiðslur.

Nú vill enginn af hlutaðeigendum taka við jörðinni, og skal þá sýslumaður selja hana með tilheyrandi fylgifé, enda hafi hlutaðeigandi hreppur hafnað kaupum á jörðinni.

51. gr.

Eigi má gera aðför í ættaróðali eða selja það til lúkningar skuldum öðrum en áhvílandi veðskuldum eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

52. gr.

Þegar óðalsbóndi bregður búi eða deyr og hefur ekki ráðstafað óðalsréttindum, skal sýslumaður, sbr. þó 56. gr., kveðja til fundar þá, er næstir standa til að erfa óðalið, og skal þar tekin ákvörðun um, hver tekur við því, eða ákveða annan fund síðar, ef það telst nauðsynlegt.

Nú treystist enginn, sem rétt hefur til óðalsins, að taka við því, og skal þá sýslumaður ráðstafa jörðinni ásamt fylgifé hennar sem ættaróðali í samráði við fráfarandi óðalseiganda eða maka hans, ef á lífi eru, annars sýslunefnd. Söluverð jarðarinnar má ekki fara yfir fasteignamatsverð hennar, en skal þó ekki vera lægra en áhvílandi veðskuldir og greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

53. gr.

Nú tekur maður af annarri ætt við ættaróðalinu, og falla þá minjagripir ættarinnar til erfingja fráfarandi óðalsbónda ásamt andvirði jarðarinnar að frádregnum veðskuldum og kostnaði.

54. gr.

Ættaróðal og fylgifé þess gengur óskipt til eftirgreindra aðila og í þessari röð, ef óðalseigandi hefur ekki gert aðrar ráðstafanir:

- a) Það hjóna, er lengur lifir, heldur réttinum, meðan það lifir.
- b) Til barna þess hjónanna, sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði. Á sama hátt fá kjörbörn óðalsrétt.
- c) Til barnabarna óðalsbónda, systkina hans og barna þeirra.

55. gr.

Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum, að börnum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni ekki síðar en þegar óðalsbóndi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um, að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans.

Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda.

Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. 47. gr., og sitji það barn eða þau börn fyrir, sem hafa að staðaldri unnið með foreldrum sínum á jörðinni og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr.

56. gr.

Þegar svo stendur á, að óðalserfingi hefur ekki náð lögaldri, er skipti fara fram, skal fjárráðamaður hans byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina til ábúðar. Á umráðamanni (eftirlifandi maka, óðalserfingja eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda, meðan hann fer með það. En hafi óðalseigandi ekki tekið jörðina til ábúðar, þegar hann er 26 ára gamall, skal sýslumaður ráðstafa henni til næstu erfingja, sbr. 52. gr.

Óski ekkert barnanna að nota óðalsréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni. Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefur til óðalsins, eða enginn af þeim, sem rétt hefur til óðalsins, treystist til að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og maka hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

57. gr.

Nú deyr það hjónanna, er óðalsréttinn erfði, barnlaust, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn, og hafa þá næstu erfingjar rétt til að taka við óðali, þó ekki fyrr en að einu ári liðnu frá andláti óðalseiganda.

Slíti óðalseigandi og kona hans samvistum, heldur það hjónanna óðalinu, sem erfði það.

58. gr.

Enginn óðalseigandi getur átt nema eitt ættaróðal. Nú erfir maður fleiri en eitt ættaróðal, og er honum þá heimilt að velja milli þeirra, en sá, er næstur stendur til arfs, tekur við hinu.

Við ákvörðun á búshluta maka og erfðahlutum erfingja, skal telja óðal á því verði, sem viðtakanda þess ber að gjalda fyrir það samkvæmt 42. gr.

Ákvæði erfðalaga um skylduvarf eru því ekki til fyrirstöðu, að óðalsbóndi ráðstafi óðali til eins erfingja samkvæmt því, sem nánar greinir í þessum kafla, en andvirði óðalsins samkvæmt 42. gr. rennur í búið.

59. gr.

Óðalsbóndi fyrirgerir óðalsrétti sínum, ef hann:

- a) Greiðir ekki sammingsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, sem á ættaróðalinu hvíla, svo að það leiði til kröfu um sölu, sem hann getur ekki afstýrt.
- b) Telur sér heimili annars staðar en á ættaróðalinu eða hættir að reka búskap, sbr. þó 56. gr.
- c) Ef hann að áliti sýslunefndar, enda skal leitað umsagnar viðkomandi hreppnefndar, og jarðanefndar situr óðalið svo illa, að það mundi varða útbyggingu eftir ábúðarlögum.

60. gr.

Þegar óðalsbóndi verður að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum, sem valda því, að honum er ókleift að halda áfram búskap, er landbúnaðarráðherra heimilt að leysa óðalið frá óðalsákvæðum, ef engir þeirra ættingja, sem rétt hafa til óðalsins, vilja taka við því til ábúðar, enda mæli sýslunefnd, Búnaðarfélag Íslands og jarðanefnd með þeirri ráðstöfun. Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals frá óðalsákvæðum, er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda, er hann kys, enda hafi þeir, sem forkaupsrétt eiga að lögum, hafnað honum.

61. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000.00. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

62. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40/1948, nr. 54/1967 og I.—VII. kafli laga nr. 102/1962.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um Orkubú Vestfjarða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum skal heimilt að setja á stofn orkufyrirtæki, er nefnist Orkubú Vestfjarða.

2. gr.

Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið og eiga og reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni.

3. gr.

Orkubú Vestfjarða er sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Eignarhluti ríkissjóðs skal vera 40%, en eignarhlutir sveitarfélaganna skulu nema samtals 60%.

Eignarhlutdeild sveitarfélaganna skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra.

Eignarhlutföllum verður ekki breytt nema til samræmis við íbúafjölda, sbr. 9. gr., og engum sameignarfélagum er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili þess og varnarþing er á Ísafirði.

4. gr.

Sameigendur beri einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Orkubús Vestfjarða gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum.

5. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum skulu afhenda Orkubúi Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi, enda yfirtaki fyrirtækið samkvæmt samkomulagi skuldir vegna mannvirkja þeirra, sem það tekur við.

6. gr.

Iðnaðarráðherra veitir Orkubúi Vestfjarða einkaleyfi til þeirrar starfsemi, sem felst í tilgangi fyrirtækisins samkvæmt 2. gr. Ráðherra er þó heimilt, að fengnu áliði stjórnar Orkubús Vestfjarða, að ákveða, að rekstur einstakra orkumannvirkja skuli vera undanþeginn, svo sem bygging og rekstur mannvirkja til raforkudreifingar, jarðvarmaveitna og fjarvarmaveitna með kyndistöðvum innan þeirra sveitarfélaga, sem þess óska.

7. gr.

Stjórn Orkubús Vestfjarða skal skipuð 5 mönnum. Á aðalfundi skulu fulltrúar sveitarfélaganna kjósa 3 menn og jafnmarga til vara. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skulu skipa einn mann hvor og einn mann hvor til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur félagið.

8. gr.

Stjórn Orkubús Vestfjarða hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri.

Stjórn Orkubús Vestfjarða ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu for-

stöðu. Framkvæmdastjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins. Skal hann eiga sæti á stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt.

9. gr.

Aðalfund Orkubús Vestfjarða skal halda fyrir 1. júní ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með tveggja vikna fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti fulltrúar sameignaraðila, sem fara með atkvæðisrétt í hlutfalli við eignarhlutdeild umbjóðenda sinna. Fyrir aðalfund skal leggja skrá um skiptingu eignarhlutdeildar sameignaraðila og atkvæðisrétt samkvæmt manntali 1. desember árið áður. Fulltrúar sveitarfélaganna fara með eitt atkvæði fyrir hvern íbúa í hverju viðkomandi sveitarfélagi. Fulltrúi ríkisins fer með atkvæðisrétt sem svarar til 40% heildaratkvæða. Afl atkvæða ræður á aðalfundi.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Lagðir skulu fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosning stjórnar skv. 7. gr.
4. Kosning eins endurskoðanda, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan. Varamenn skal velja með sama hætti.

10. gr.

Stjórn Orkubús Vestfjarða setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda.

Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

11. gr.

Heimilt er stjórn Orkubús Vestfjarða að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni.

Stjórnin getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samantlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á lánum er Orkubú Vestfjarða tekur til orkuframkvæmda, að fjárhæð allt að 2500 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er kæmi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr. Lánið endurlánar ríkisstjórnin Orkubúi Vestfjarða með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

13. gr.

Orkubú Vestfjarða er undanþegið tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sýslu- og sveitarfélaga.

14. gr.

Ráðherra getur heimilað Orkubúi Vestfjarða að taka eignarnámi jarðhitaréttindi, vatnsréttindi, lönd og mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til

framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fer eftir lögum nr. 11/1973.

15. gr.

Þegar eftir að heimild samkvæmt 1. gr. þessara laga er notuð, skal iðnaðarráðherra beita sér fyrir, að sameignarsamningur sé gerður milli aðila og stofnfundur fyrirtækisins haldinn samkvæmt reglum 9. gr. eftir því sem við á.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð, þar sem nánar skal ákveðið um framkvæmd þessara laga og starfsemi Orkubús Vestfjarða. Skal stjórn Orkubús Vestfjarða undirbúa reglugerðina í samráði við eignaraðila.

16. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 47/1948, um hitaafsstöð og hitaveitu á Ísafirði, lög nr. 54/1954, um orkuver Vestfjarða, ásamt síðari breytingu, sbr. lög nr. 32/1973, svo og aðrar heimildir í lögum fyrir Rafmagnsveitur ríkisins til virkjunar fallvatna á Vestfjörðum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um löggilta endurskoðendur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja að til sé í landinu á hverjum tíma stétt manna sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningskilum til notkunar í viðskiptum.

2. gr.

Ráðherra veitir löggildingu til endurskoðunar manni sem

1. er búsettur hér á landi,
2. er lögráða og hefur forræði fjár síns,
3. hefur lokið brottfararprófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið,
4. hefur eftir 18 ára aldur unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn

löggilts endurskoðanda samtals í þrjú ár, þar af a. m. k. eitt ár að loknu brottfararprófi frá viðskiptadeild, sbr. 3. tl.

5. hefur staðist prófraun skv. 3. gr.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við hagi hans.

3. gr.

Sá sem öðlast vill löggildingu til endurskoðunar skv. 1. gr. skal ganga undir verklegt próf, sbr. 5. tl. 2. gr., fyrir prófnefnd, er ráðherra skipar, enda fullnægi hann skilyrðum 1.—4. tl. 2. gr. Engum er heimilt að endurtaka próf þetta nema einu sinni.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd prófs, skipan prófnefndar og störf prófnefndarmanna.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að veita manni, sem lokið hefur prófi eða hlotið hefur löggildingu endurskoðanda erlendis, undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá ákvæðum 3., 4. og 5. tl. 2. gr. enda mæli prófnefnd og/eða viðskiptadeild Háskóla Íslands með því, eftir því sem við á.

5. gr.

Endurskoðandi skal fá um löggildingu sína skirteini er ráðherra gefur út.

6. gr.

Þeim einum er heimilt að nefna sig „löggiltur endurskoðandi“ sem ráðherra hefur löggilt til endurskoðunar.

Öðrum mönnum en löggiltum endurskoðendum er eigi heimilt að nota orðið endurskoðandi í starfsheiti sínu. Þá er og óheimil notkun starfsheitis sem til þess er fallið að vekja þá trú að maður sé löggiltur endurskoðandi, ef hann er það ekki.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Ráðherra getur sett nánari reglur um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda og starfsmanna þeirra.

8. gr.

Endurskoðandi, sem fær löggildingu samkvæmt lögum þessum, skal vinna svo-fellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður að endurskoðunarstarf mitt skal ég rækja með kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og halda lög og reglur sem að starfi mínu og framkvæmd þess lúta.

9. gr.

Löggiltum endurskoðendum er skylt að tilkynna ráðherra í hvaða sveitarfé-lögum þeir reka skrifstofur.

Starfræki löggiltur endurskoðandi, eða félagsskapur löggiltra endurskoðenda, skrifstofur í fleiri en einu sveitarfélagi skal hverri skrifstofu veitt forstaða af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Áritun löggilts endurskoðanda á reikningsskil þýðir, nema annað sé fram tekið með árituninni, að reikningsskilin og bókhaldið, sem þau eru byggð á, hafi verið endurskoðuð af honum og að reikningsskilin gefi, að hans mati, glögga mynd af hag og afkomu aðila og að bókhaldið sé fært eftir viðurkenndum bókhaldsreglum.

11. gr.

Löggiltum endurskoðanda er óheimilt að framkvæma endurskoðun hjá þeim stofnunum og fyrirtækjum þar sem hann er, að öllu leyti eða að hluta, ábyrgur fyrir skuldbindingum viðkomandi stofnana eða fyrirtækja.

Þá má hann ekki vera í stjórn eða fulltrúanefnd, framkvæmdastjóri eða starfsmaður viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis.

Hann má heldur ekki vera undir stjórn eða á annan hátt háður stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, prókúruhafa eða þeim starfsmönnum sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi og fjármálum.

Hann má ekki vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja, fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

Hann má ekki vera fjárhagslega háður viðkomandi stofnun eða fyrirtæki.

12. gr.

Nú ákveður dómari að endurskoðun bókhalds eða reikninga skuli fram fara og skal þá til þess starfa kveðja löggiltan endurskoðanda, ef hans er kostur.

13. gr.

Ráðherra ákveður að fengnum tillögum Álitsnefndar Félags löggiltra endurskoðenda hvort endurskoðunarstarf samrýmist öðru starfi eða starfrækslu fyrirtækis. Nú gegnir löggiltur endurskoðandi öðru starfi eða rekur atvinnufyrirtæki andstætt fyrir mælum ráðherra og getur ráðherra þá svipt endurskoðanda löggildingunni.

14. gr.

Nú missir löggiltur endurskoðandi lögmælt skilyrði til löggildingar eða til endurskoðunarstarfa samkvæmt löggildingunni, sbr. 13. gr., og fellur þá úr gildi löggilding hans, enda ber honum þá að skila aftur löggildingarskírteini sínu. Ef hann síðar fullnægir lagaskilyrðum skal ráðherra, að fengnum tillögum Álitsnefndar Félags löggiltra endurskoðenda, veita honum löggildingunni að nýju.

15. gr.

Nú sætir löggiltur endurskoðandi ákæru í opinberu máli um brot á refsilögum og ber þá ákvörðun um sviptingu löggildingar hans af því efni, eftir kröfu ákærvalds, undir dómara þess máls.

Ákvörðun um sviptingu löggildingar vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru, ber undir ráðherra. Nú vill endurskoðandi ekki una úrlausn ráðherra og getur hann þá borið sakarefnið undir dómstóla. Fer um meðferð þess máls að hætti opinberra mála. Ákvörðun ráðherra í málinu skal halda gildi uns dómur gengur.

16. gr.

Allur kostnaður af framkvæmd laga þessara, þ. á m. þóknun prófnefndarmanna, er ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varðar allt að 1 000 000 kr. sekt til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 89 frá 29. desember 1953, um löggilta endurskoðendur, og lög nr. 42 frá 29. mars 1961, um breyting á

þeim lögum. Þó skulu þeir menn, sem löggiltir hafa verið sem endurskoðendur fyrir gildistöku þessara laga, halda starfsheiti sínu og starfsréttindum, en ákvæði 7.—17. gr. þessara laga gilda einnig um þá.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir gildistöku laga þessara skal heimilt, eftir nánari fyrirætlunum ráðherra, að þreyta próf samkvæmt reglugerð nr. 217/1953 fram til ársloka 1980.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

- a) Í stað orðanna „5 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda“ í 1. málsg. komi: 7 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda.
- b) Á eftir orðunum „Samband eggjaframleiðenda“ í 2. málsg. bætist: eða Hagsmunafélag hrossabænda.

2. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Framleiðsluráð úthlutar leyfum til slátrunar stórgripa, nautgripa og hrossa, og má enginn slátra stórgripum til sölu né versla með kjöt af þeim í heildsölu nema hann hafi fengið til þess slíkt leyfi. Um úthlutun slátrunarleyfa á stórgripum gilda sömu ákvæði og um úthlutun slátrunarleyfa fyrir sauðfé, sbr. 14. gr. þessara laga.

Landbúnaðarráðherra getur fyrirskipað eftir tillögum Framleiðsluráðs, að slátrun svína og alifugla skuli fara fram í löggiltum slátruhúsum, sbr. lög nr. 30 frá 28. apríl 1966.

Framleiðsluráð skal hafa eftirlit með sölu og meðferð stórgripakjöts.

3. gr.

Við 1. málsg. 21. gr. laganna bætist:

að fengnum tillögum Hagsmunafélags hrossabænda.

4. gr.

1. másl. 1. málsg. 23. gr. laganna orðist svo:

Framleiðendur solumjólkur á hverju mjólkursölusvæði velja sér stjórn er hefur

á hendi stjórn mjólkurmálanna á því sölusvæði, þ. á m. heilidsöludreifingu mjólkur, rjóma, skyr og annarra skyldra mjólkurvara.

5. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Þar sem samsölustjórn er starfandi samkvæmt ákvæðum 23. gr., skal hún annast alla heilidsöludreifingu á mjólk, rjóma og nýju skyri á sölusvæðinu.

Sexmannanefnd ákveður hverju sinni verð á mjólk og rjóma í heilidsölu og smásölu, sbr. 2. málsg. 6. gr. Í því sambandi skal hún einnig ákveða losunargjald, sem heilidsöluaðila er heimilt að taka í hvert skipti sem mjólk, rjómi eða aðrar skyldar mjólkurvörur eru afgreiddar við dyr smásöluverslunar eða aðra útsölastaði. Getur nefndin ákveðið gjald þetta jafnhátt að krónutölu, hvort sem afgreitt er mikið eða lítið magn vöru hverju sinni, sé um sölu í þéttbýli að ræða. Heilidsöluaðila (samsölu eða mjólkurbúi) er heimilt að selja mjólk og mjólkurvörur á hinu skráða smásöluverði til aðila, sem ekki reka smásöluverslun. Skal þá ekki taka losunargjald.

Mjólkursamlögum og verslunum, er selja mjólk og mjólkurvörur, ber að hlíta verðákvörðunum Sexmannanefndar, og má aldrei grípa til sölustöðvunar á mjólk og skyldum vörum þó að ósamkomulag kunní að koma upp út af verðlagningu þeirra vara.

Ekki má selja mjólk, rjóma og skyr eða skyldar mjólkurvörur til annarra verslana en þeirra, er fengið hafa samþykki heilbrigðisyfirvalda í viðkomandi sveitarfélagi til sölu mjólkur. Skal í þeim efnum fylgt ákvæðum gildandi laga og reglugerða á hverjum tíma.

6. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Þar sem eitt mjólkurbú er starfandi á mjólkursölusvæði, skal stjórn þess annast alla heilidsölu á mjólk, rjóma, skyri, súrmjólk, jógurt og öðrum skyldum mjólkurafurðum, sbr. 1. málsg. 25. gr.

7. gr.

27. gr. laganna orðist þannig:

Nú er starfandi mjólkurbú eða samsala, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur viðurkennt, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk, rjóma, skyr, súrmjólk og aðrar skyldar mjólkurafurðir í heilidsölu á því sölusvæði.

Nú kemur upp deila milli mjólkurbúa og framleiðenda á einhverju sölusvæði um móttöku mjólkur eða önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila, og skal þá Framleiðsluráð leitast við að jafna ágreininginn milli málsaðila og úrskurða, ef með þarf.

8. gr.

28. gr. laganna orðist þannig:

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til heilidsölu á mjólk, sbr. ákvæði 25. gr., að sjá um að ætíð sé nóg neyslumjólk til á sölusvæði þeirra, sé þess nokkur kostur. Öll mjólk og allur rjómi, sem seldur er frá sölumiðstöð mjólkurbúa samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneyddur.

Verslanir, sem leyfi hljóta til sölu á mjólk, rjóma og skyri, skulu einatt hafa á boðstólum allar vörutegundir, sem mjólkursamsala og mjólkursamlögin hafa til sölu á hverjum tíma.

Nú telja héraðsdýralæknir, mjólkureftirlitsmaður eða héraðslæknir, að mjólk frá einhverjum framleiðanda sé ekki söluhæf, og geta þeir þá, hver um sig eða allir saman, stöðvað mjólkursölu frá viðkomandi framleiðanda.

Um framkvæmd þess sölubanns skal setja ákvæði í reglugerð.

Nú telur heilbrigðisnefnd eða héraðslæknir meðferð sölumjólkur áfátt hjá einhverju mjólkurbúi eða mjólkursöluaðila (verslun), og getur heilbrigðisnefndin þá stöðvað sölu mjólkur frá þeim aðila og krafist úrbóta á því sem áfátt er, áður en sala hefur verið leyfð að nýju. Um slíkar aðgerðir ber nefndinni að hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit ríkisins.

9. gr.

30. gr. laganna orðist þannig:

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum, og skal þá Framleiðsluráð hlutast til um, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæði og forráðamenn hlutaðeigandi kaupstaða og kaupþúna, að bót fái á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Enn fremur er Framleiðsluráði heimilt, ef mjólk vantar á vissum tíma árs, að fyrirskipa misjafnt mjólkurverð til framleiðenda eftir árstíðum og gera aðrar ráðstafanir, er líklegar þykja til að tryggja jafnari mjólkurframleiðslu á mjólkursölusvæðinu.

Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf einstakra byggðarlaga verði aðeins fullnægt með kostnaðarsömum flutningum milli sölusvæða, og er Framleiðsluráði þá heimilt að styrkja þá flutninga. Ber Sexmannanefnd að taka tillit til aukakostnaðar, er af slíku leiðir. Því fé, sem Sexmannanefnd ákveður í þessu skyni, skal haldið aðskildu frá öðru ráðstöfunarfé Framleiðsluráðs.

10. gr.

40. gr. laganna orðist þannig:

Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig, að sama verð fái fyrir sams konar vörur komnar á vinnslustað miðað við meðalvinnslukostnað og nýtingu. Verðjöfnunargjald skal teljast til dreifingarkostnaðar. Skal því hagað þannig:

- a. Kjöt: Af öllu kindakjöti skal greiða sérstakt gjald, er nota skal til verðjöfnunar. Við verðjöfnun er Framleiðsluráði heimilt að taka tillit til mismunandi fjármagskostnaðar sláturhúsa og mismunandi flutningskostnaðar frá sláturstað til markaðsstaðar. Auk þess er Framleiðsluráði heimilt að framkvæma útjöfnun á flutningskostnaði sláturfjár að sláturhúsi, sérstaklega þegar svo stendur á, að það getur auðveldað hagkvæman rekstur sláturhúsa. Þá er Framleiðsluráði heimilt að taka upp verðjöfnun á stórgripakjöti, er taki til svipaðra aðstæðna og segir í grein þessari varðandi kindakjöt.
- b. Mjólk og mjólkurvörur: Greiða skal sérstakt gjald af allri innveginni mjólk í mjólkursamlög og skal verja því til þess að koma á hentugri vinnuskiptingu milli þeirra svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða. Í því sambandi er heimilt að taka tillit til mismunandi fjármagskostnaðar mjólkurbúanna. Þá er og heimilt að verja fé til jöfnunar á flutningskostnaði mjólkur að samlagi, ef þörf krefur að mati Framleiðsluráðs.
- c. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af eggjum.
- d. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum, til jöfnunar á flutningskostnaði milli sölusvæða.
- e. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af öllum búvörum til að jafna halla af útflutningi, ef verðábyrgð skv. 12. gr. nægir ekki. Gjald þetta hefur ekki áhrif á dreifingarkostnað eða útsöluverð, sbr. 1. málsg. 12. gr.

11. gr.

42. gr. laganna orðist svo:

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkursamlaga eða mjólkursölusvæða og aðrir, sem versla með gjaldskyldar vörur skv. 40. gr., skulu standa Framleiðsluráði skil

á verðjöfnunargjaldi skv. fyrirmælum þess. Selji framleiðandi búvörur sínar beint til neytenda þer honum að standa skil á verðjöfnunargjaldi til Framleiðsluráðs.

Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðjöfnunar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skytt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita Framleiðsluráði upplýsingar er að þessu lúta og þær geta látið í té.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Breytingar þær, sem felast í 3.—8. gr. frá eldri ákvæðum, skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 1. febrúar 1977. Tímabil það, sem líður frá samþykkt laganna, skulu aðilar nota til að koma sér saman um ýmis framkvæmdaatriði, sem ekki er búið að ganga frá, svo sem yfirfærslu eigna, ráðningu starfsfólks, fyrirkomulag á afhendingu og móttöku mjólkur og greiðslu á andvirði varanna og önnur slík atriði, sem nauðsynlegt er að semja um.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 600 milljónum króna, eða jafngildi allt að 9 milljóna gyllina, vegna kaupa á gæsluflugvél fyrir Landhelgisgæsluna, og allt að 140 milljónum króna vegna endurbóta á varðskipinu Óðni, og verða lánin að hluta til tekin erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán Landsvirkjunar
og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun
til virkjana í Tungnaá.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til virkjana í Tungnaá ásamt tilheyrandi ráðstöfunum, umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59/1965 (með áorðnum breytingum), svo og 1. gr. laga nr. 96/1970, að fjárhæð allt að 15 milljónum Bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðli. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar samkvæmt 1. málsgrein, og endurlána það Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum sem hún ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit,
sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970 og lög nr. 66 30. apríl 1973,
um breyting á þeim lögum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 61. gr. orðist svo:

Sömu refsingu skal sá sæta, sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vörum, enda viti hann eða megi vita, að þær séu ólöglega innfluttar.

2. gr.

2. mgr. 71. gr. orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum mega nema allt að kr. 4 000 000.

3. gr.

2. mgr. 76. gr. orðist svo:

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærrí sekt en kr. 80 000, enda játtist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsí-ákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur toll-yfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verð-mæti eigi fram úr kr. 150 000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-þykki mínu:

	Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1973 er veitt:	Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	10 047
01	Forsætisráðuneytið	53 781
02	Menntamálaráðuneytið	218 461
03	Útanríkisráðuneytið	29 232
04	Landbúnaðarráðuneytið	278 330
05	Sjávarútvegsráðuneytið	194 594
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	323 946
07	Félagsmálaráðuneytið	69 419
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	808 528
09	Fjármálaráðuneytið	371 297
10	Samgönguráðuneytið	725 814
11	Iðnaðarráðuneytið	87 902
12	Viðskiptaráðuneytið	459 519
14	Ríkisendurskoðun	3 595

Samtals 3 634 464

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1974.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

	Þús. kr.
Til viðbótar við gjöld í 2. gr. fjárlaga 1974 er veitt:	
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	17 665
01 Forsætisráðuneytið	217 952
02 Menntamálaráðuneytið	1 095 093
03 Utanríkisráðuneytið	100 996
04 Landbúnaðarráðuneytið	959 601
05 Sjávarútvegsráðuneytið	160 491
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	746 442
07 Félagsmálaráðuneytið	599 355
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	2 343 687
09 Fjármálaráðuneytið	659 392
10 Samgönguráðuneytið	1 101 921
11 Iðnaðarráðuneytið	1 243 647
12 Viðskiptaráðuneytið	2 252 182
13 Hagstofa Íslands	5 940
14 Ríkisendurskoðun	10 830
Samtals	11 515 194

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

LÖG

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 7. lið 2. gr. laganna komi nýr 8. liður, sem orðist svo:
8. Strandaumdæmi: Strandasýsla.

2. gr.

8. liður 2. gr. laganna verði 9. liður og orðist svo:
Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla.

3. gr.

Aftan við 20. lið 2. gr., sem verður 21. liður, bætist: Þó er bændum í Vestur-Eyjafjallahreppi vestan Seljalandsmúla heimilt að vitja dýralæknis í Hvolsumdæmi, kjósi þeir það heldur.

4. gr.

Í stað 21. töluliðar komi tveir töluliðir, sem orðist svo:

22. Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur og Rangárvallahreppur, austan Eystri-Rangár.
23. Hvellumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúpárhreppur, Ásahreppur, Holtahreppur og Landmannahreppur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1977. Fella skal meginmál þessara laga og meginmál laga nr. 38 24. maí 1972, laga nr. 43 7. maí 1974, laga nr. 34 23. maí 1975 og laga nr. 35 23. maí 1975 inn í lög nr. 31 5. maí 1970 og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, jörðina Reykhóla, að undanskildu landi tilraunastöðvarinnar og Þörungaverksmiðjunnar hf. Um aðild eða eignarrétt hreppsfélagsins að hitavatnsréttindum fer eftir samningum milli ríkisins og hreppsins.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðeignarinnar, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um ráðstöfun eftirstöðva Olíusjóðs fiskiskipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fé, sem innheimt er skv. ákvæðum laga nr. 106/1974 og laga nr. 55/1975, um Olíusjóð fiskiskipa, umfram skuldbindingar skv. sömu lögum svo og aðrar eignir Olíusjóðs fiskiskipa umfram skuldir, skal renna til Tryggingasjóðs fiskiskipa til greiðslu iðgjaldastyrkja vegna tímabilsins 1. janúar 1975 til 15. febrúar 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Albert Hörður Hannesson, nemi á Akureyri, f. í Þýskalandi 25. júní 1960.
2. Arndís Ágústsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 22. janúar 1974.
3. Brooks, Tina April, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 25. ágúst 1972.
4. Candi, Manlio, tæknifræðingur í Reykjavík, f. á Ítalíu 5. september 1933.
5. Cleaveland, Hulda Patricia, barn í Hafnarfirði, f. á Íslandi 11. maí 1970.
6. Collins, William Edward, barn í Ártúni, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjar-sýslu, f. í Vestmannaeyjum 9. maí 1971.
7. Douglas, George Robert William, menntaskólakennari í Reykjavík, f. á Norður-Írlandi 8. október 1945.
8. Evensen, Karl Mörk, verkamaður á Akureyri, f. í Noregi 4. júlí 1912.
9. Fisarova, Dana, íþróttakennari í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 20. ágúst 1951.
10. Gambrell, Charles Edward, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 17. apríl 1972.
11. Gambrell, Gloria Joan, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 6. apríl 1971.
12. Horvath, Terezia, ekkja í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 21. ágúst 1910.

13. Idland, Karl Olaf, flugmaður í Reykjavík, f. í Noregi 12. mars 1944.
14. Johannesen, Marita Sofia, húsmóðir í Ólafsvík, f. í Færeyjum 7. október 1940.
15. Johannesen, Ruben, verkamaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 8. maí 1936.
16. Johnson, Pétur Snæbjörn, barn í Sólheimum í Grímsnesi, f. í Bandaríkjunum 24. júní 1965.
17. Jörgensen, María Kristín Lund, húsmóðir í Mosfellssveit, f. á Íslandi 31. mars 1949.
18. Kahl, Holger, vélsmiður í Keflavík, f. í Þýskalandi 19. febrúar 1950. Fær réttinn 1. ágúst 1976.
19. Kári Bergsson, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 12. apríl 1968.
20. Kearns, Christine Carol, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 14. febrúar 1970.
21. Kearns, Eric James, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 18. febrúar 1971.
22. Kearns, Kimberly Ann, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 30. júlí 1966.
23. Kim, Mee Ae, barn á Marbakka í Bessastaðahreppi, f. í Kóreu 14. ágúst 1973.
24. Kinchin, Eric Arthur, símvirki í Reykjavík, f. í Englandi 8. desember 1943.
25. Kolbrún Bergsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 28. apríl 1969.
26. Lareau, Árni Benedikt, nemi í Garðabæ, f. á Íslandi 16. maí 1955.
27. Lång, Maj-Britt Saga Margareta (Aðalsteinsson), húsmóðir í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu, f. í Finnlandi 25. október 1933.
28. Luckas, Dieter Maximilian, tannsmiður í Garðabæ, f. í Þýskalandi 13. október 1941.
29. Martinez, Isidoro Ruiz, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. á Spáni 4. janúar 1938.
30. McNiff, Joseph Leonard, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 29. mars 1971.
31. Maya Jill Einarsdóttir, barn í Reykjavík, f. á Indlandi 28. október 1966.
32. Möller, Edith Ingeborg Elfriede Giesela, verkakona í Reykjavík, f. í Þýskalandi 18. febrúar 1930.
33. Neighbour, Svava Jóhanna, verslunarmær í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 26. maí 1957.
34. Neubauer, Vlastimil, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 7. mars 1923.
35. Nilsen, Terry, matreiðslumaður í Revkjaskóla í Hrutafirði, f. í Bandaríkjunum 3. júlí 1952. Fær réttinn 23. júní 1976.
36. Óskar Ingi Ágústsson, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 12. júlí 1972.
37. Petersen, Hulda Sóley, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 9. október 1941.
38. Petersen, Margrét, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 3. febrúar 1947.
39. Petersen, Mýrna Johanne, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 26. febrúar 1935.
40. Pope, James Henry, blaðaljósmyndari í Kópavogi, f. í Englandi 13. desember 1946.
41. Ragna Margrét Sigurðardóttir, barn í Kópavogi, f. í Kóreu 1. ágúst 1971.
42. Rigensborg, Emilía Kristín, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 14. febrúar 1974.
43. Robertson, Robert Petur Nielsen, verkamaður á Akureyri, f. í Færeyjum 11. febrúar 1956.
44. Scheel, Angelika Hulda, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 1. mars 1954.
45. Schmidt, Lore Else Charlotte, húsmóðir í Garðabæ, f. í Þýskalandi 4. nóvember 1933.
46. Shwaiki, Mohammad Ali Jamil, verkamaður í Reykjavík, f. í Jórdaníu 29. desember 1943.
47. Skorpel, Edit, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýskalandi 7. júlí 1934.
48. Stanzeit, Barbara Margarete, húsmóðir í Garðabæ, f. í Þýskalandi 19. maí 1935.
49. Stein, Christel Emma Ilse, húsmóðir á Akureyri, f. í Þýskalandi 24. desember 1935.
50. Torrini, Salvatore, framreiðslumaður í Reykjavík, f. á Ítalíu 9. júní 1946.
51. Zeisel, Ellen Hrefna, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 28. desember 1964.
52. Zeisel, Haraldur, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 10. júní 1966.
53. Zeisel, Harry, verkamaður í Reykjavík, f. á Íslandi 4. september 1946.

54. Zeisel, Henry, málarameistari í Reykjavík, f. á Íslandi 4. september 1946.

55. Zeisel, Stefán Helgi, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 27. apríl 1970.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um jafnrétti kvenna og karla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla.

2. gr.

Konum og körlum skulu veittir jafnri möguleikar til atvinnu og menntunar og greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

3. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildir það meðal annars hvað varðar ráðningu og skipun í starf, stöðuhækkun, stöðuheiti, uppsögn úr starfi, veitingu hvers konar hlunninda og almenn vinnuskilyrði.

4. gr.

Starf, sem auglýst er laust til umsóknar, skal standa opið jafnt konum sem körlum. Í slíkri auglýsingu er óheimilt að gefa til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

5. gr.

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, ef umsækjandi óskar þess, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera, er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa, ef konu er veitt starfið.

6. gr.

Konur og karlar, er starfa hjá sama atvinnurekanda, skulu njóta sömu möguleika til framhalds starfsþjálfunar og til að sækja námskeið, er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

7. gr.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnrétti kvenna og karla. Kennslubækur og kennslutæki, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð og hönnuð, að kynjum sé ekki mismunað.

8. gr.

Auglýsendum er óheimilt að birta nokkrar þær auglýsingar í orðum eða myndum, er orðið geti öðru kyninu til minnkunar eða lítilsvirðingar.

9. gr.

Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara. Jafnréttisráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Verkefni Jafnréttisráðs er að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.—8. gr. þessara laga um jafnrétti kvenna og karla sé framfylgt.
2. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafnrétti með konum og körlum í kjaramálum og við ráðningu eða skipun til starfs.
3. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem m. a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang þessara laga.
4. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks svo og aðra þá aðila sem jafnréttismál kvenna og karla varða, svo að stefnu og markmiði laga þessara verði náð með sem eðlilegustum hætti.
5. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í jafnréttismálum að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum svo og félagssamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
6. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málskjöl til þeirra aðila, sem málið snertir.

11. gr.

Nú telur Jafnréttisráð, að ákvæði 2.—8. gr. laga þessara séu brotin, og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila.

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins, er ráðinu heimilt, í samráði við hlutaðeigandi starfsmann, að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

12. gr.

Sá, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum, er skaðabóta-skyldur samkvæmt almennum reglum.

Slíkt brot skal varða fésektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

13. gr.

Þegar héraðsdómari fer með mál út af brotum á lögum þessum, kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn, sem hafa viðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnréttismálum.

14. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 24. apríl 1973, um Jafnlaunaráð.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G**um breyting á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við vegalög, nr. 66 14. júlí 1975, komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 10.—11. gr. laga þessara skal bráðabirgðavegáætlun samþykkt einungis fyrir árið 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði,
sbr. lög nr. 33 26. apríl 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 124. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. málsgreinar um fjarlægðir eiga ekki við, þegar manni er stefnt til að bera vitni fyrir erlendum dómstóli samkvæmt lögum um norræna vitnaskyldu.

2. gr.

Við 135. gr. laganna, sbr. 16. gr. laga nr. 33 1963, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar manni er stefnt til vitnisburðar samkvæmt ákvæðum laga um norræna vitnaskyldu, ákveður dómari vitnaþóknun samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmustu nýtingu fiskstofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

3. gr.

Íslenskum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum. Þegar rætt er um viðmiðunarlínu er átt við línu, sem dregin er umhverfis landið á milli eftirtalinna staða:

	N.br.:	V.lgd.:
1. Horn (grp. 1)	66°27'4	22°24'3
2. Selsker (viti)	66°07'5	21°30'0
3. Ásbúðarrif (grp. 2)	66°08'1	20°11'0
4. Siglunes (grp. 3)	66°11'9	18°49'9
5. Flatey (Skjálfanda) (grp. 4)	66°10'3	17°50'3
6. Mánareyjar (Lágey) (grp. 5)	66°17'8	17°06'8
7. Rauðinúpur (grp. 6)	66°30'7	16°32'4
8. Rifstangi (grp. 7)	66°32'3	16°11'8
9. Hraunhafnartangi (grp. 8)	66°32'2	16°01'5
10. Langanes (grp. 9)	66°22'7	14°31'9
11. Skálatáarsker	65°59'7	14°36'4
12. Almenningsfles	65°33'1	13°40'5
13. Glettinganes (grp. 10)	65°30'5	13°36'3
14. Norðfjarðarhorn (grp. 11)	65°10'0	13°30'8
15. Gerpír (grp. 12)	65°04'7	13°29'6
16. Hólmur (Seley) (grp. 13)	64°58'9	13°30'6
17. Skrúður (Þursi) (grp. 15)	64°54'1	13°36'8
18. Papey (viti)	64°35'5	14°10'5
19. Hvítningar (grp. 18)	64°23'9	14°28'0
20. Stokksnes (grp. 19)	64°14'1	14°58'4
21. Hrollaugseyjar (grp. 20)	64°01'7	15°58'7
22. Ingólfshöfði (grp. 22)	63°47'8	16°38'5
23. Hvalsíki (grp. 23)	63°44'1	17°33'5
24. Meðallandssandur I (grp. 24)	63°32'4	17°55'6
25. Meðallandssandur II (grp. 25)	63°30'6	17°59'9
26. Mýrnatangi (grp. 26)	63°27'4	18°11'8
27. Kötlutangi (grp. 27)	63°23'4	18°42'8
28. Lundadrangur (grp. 28)	63°23'5	19°07'5
29. Bakkafjara (skúr við sæstreng)	63°32'3	20°10'9
30. Knarrarós (viti)	63°49'4	20°58'6
31. Hafnarnes	63°50'6	21°23'5
32. Selvogur (viti)	63°49'3	21°39'1
33. Krýsuvíkurborg (viti)	63°49'8	22°04'2
34. Reykjanes (aukaviti)	63°48'0	22°41'9
35. Önglabrjótisnef	63°49'0	22°44'3
36. Stafnes (viti)	63°58'3	22°45'5
37. I. sjm. r/v V af Garðskagavita	64°04'9	22°43'6
38. Malarrif (viti)	64°43'7	23°48'2
39. Dritvíkurtangi	64°45'0	23°55'3
40. Skálasnagi	64°51'3	24°02'5
41. Öndverðarnes (viti)	64°53'1	24°02'7
42. Skor (viti)	65°24'9	23°57'2
43. Bjargtangar (grp. 33)	65°30'2	24°32'1
44. Kópanes (grp. 34)	65°48'4	24°06'0
45. Barði (grp. 35)	66°03'7	23°47'4
46. Straumnes (grp. 36)	66°25'7	23°08'4
47. Kögur (grp. 37)	66°28'3	22°55'5
48. Horn (grp. 38)	66°27'9	22°28'2

Þar sem í lögum þessum er rætt um lengd skipa, er miðað við mestu lengd samkvæmt mælingum Siglingamálastofnunar ríkisins.

Þar sem í lögum þessum er rætt um skip 39 metrar að lengd og minni, eru undanskildir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri.

A. NORÐURLAND.

- A1. Frá línu réttvísandi norður frá Horni (vms 1) að línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) er heimilt allt árið að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílar utan við viðmiðunarlínu.
- A2. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.
- A3. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar (67°08'8 N, 18°40'6 V).

B. AUSTURLAND.

- B1. Frá línu réttvísandi austur frá Langanesi (vms 10) að línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19), er heimilt allt árið að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílar utan við viðmiðunarlínu.
- B2. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 5 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks (64°35'8 N, 13°16'6 V).
- B3. Skipum, 39 metrar að lengd eða minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti 6 sjómílar réttvísandi austur frá Langanesi (vms 10) í punkt 6 sjómílar réttvísandi austur frá Glettiganesi (vms 13).

C. SUÐAUSTURLAND.

- C1. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílar utan við viðmiðunarlínu.
- C2. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) og réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí—31. janúar utan línu, sem dregin er 9 sjómílar utan við viðmiðunarlínu.
- C3. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) og réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. september—31. janúar utan línu, sem dregin er 4 sjómílar utan við viðmiðunarlínu.
- C4. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að 18°00' v.lg. er skipum sem eru 39 metrar að lengd eða minni heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílar utan við viðmiðunarlínu.
- C5. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að 18°00' v.lg. er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- C6. Frá 18° v.lg. að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílar utan við viðmiðunarlínu.

- C7. Frá 18° v.lg. að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd og minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- C8. Á svæði, sem afmarkast af línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur frá Hvít-
ingum (vms 19), að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Hvalnesi
(64°24,1' n.br., 14°32,5' v.lg.), er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjó-
mílum frá fjöruborði á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.

D. SUÐURLAND.

- D1. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.
- D2. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður úr Lundadrang (vms 28) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey, eru skipum, sem eru 39 metrar að lengd og minni, heimilar veiðar með botnvörpu og flotvörpu allt árið.
- D3. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V) í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.
- D4. Á tímabilinu 1. ágúst—31. desember er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V).
- D5. Frá línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) að línu réttvísandi suð-
vestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd
eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 16. maí—
31. desember utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.
- D6. Frá línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) að línu réttvísandi suð-
vestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd
eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu,
sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- D7. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Svæði þetta takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan, og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að austurkant Ysta-
kletts og Faxaskersvita beri saman. Enn fremur er öll veiði bönnuð á svæði, þar sem sæsímastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda, á 200 metra belti báðum megin við strengina.
- D8. Skipum, 26 m og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu 15. febrúar til 16. apríl upp að suðurströnd meginlandsins á svæði sem takmarkast að austan af línu sem dregin er til lands úr Faxaskersvita í Vestmannaeyjum um austurbrún Ystakletts og að vestan af línu réttvísandi suðvestur frá Þjórsárósi (63°46'5 n.br., 20°49'0 v.lg.).

- D9. Skipum, 26 m og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu frá 1. janúar til 20. júní og 1. ágúst til 15. september upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57' v.lg. og að vestan af lengdarbaug 22°32' v.lg.

E. REYKJANES- OG FAXAFLÓASVÆÐI.

- E1. Utan línu, sem dregin er 5 sjómíllur utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt í 6 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Malarriði (vms 38), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.
- E2. Á tímabilinu 1. nóvember—31. desember er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á svæði, sem að sunnan markast af línu dreginni réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms 34) og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Reykjanesaukavita.
- E3. Frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.

F. BREIÐAFJÖRÐUR.

- F1. Utan línu, sem dregin er frá punkti í 6 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40), þaðan í punkt 65°05'0 N og 24°21'5 V, þaðan í punkt 65°05'0 N og 24°42'5 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.
- F2. Utan línu, sem dregin er frá punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.
- F3. Á tímabilinu 1. júní—31. desember er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms 41) og Skorarvita (vms 42). Að norðan takmarkast svæði þetta af 65°16'0 n.brd.

G. VESTFIRÐIR.

- G1. Frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43) að línu réttvísandi norður frá Horni (vms 48) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum í takmarkaðan tíma á tilgreindum veiðisvæðum, ef hafis lokar venjulegum veiðisvæðum innan fiskveiðilandhelginnar, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, með því að banna notkun ákveðinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma.

6. gr.

Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Er ráðuneytinu heimilt að tilkynna bann við öllum togveiðum á þeim svæðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsyn þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

7. gr.

Drátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, þar sem veiðar með botnvörpu og flotvörpu eða fleiri gerðum veiðarfæra eru bannaðar á tilteknum svæðum í Íslandskri fiskveiðilandhelgi, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.

8. gr.

Stefnt skal að því, að auk eftirlits Landhelgisgæslunnar skuli sérstök eftirlitsskip, sem gerð verði út af Hafrannsóknastofnuninni, fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni í því skyni að koma í veg fyrir óhóflegt smáfiskadráp eða aðrar skaðlegar veiðar. Skipstjóri hvers eftirlitsskips skal vera sérstakur trúnaðarmaður sjávarútvegsráðherra og skal ráðinn af honum í samráði við Hafrannsóknastofnunina. Skipstjórar þessir hafi reynslu af fiskveiðum, þ. á m. togveiðum.

Ráðherra getur sett sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip, eftir því sem þurfa þykir, og er skipstjórum veiðiskipa skylt að veita eftirlitsmönnum þessum þá aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum, sem nánar er ákveðið í erindisbréfum útgefnum af ráðuneytinu til handa eftirlitsmönnum þessum.

Hvenær sem skipstjórar eftirlitsskipa, leiðangursstjórar rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar eða sérstakir trúnaðarmenn, sbr. 2. mgr., verða varir við verulegt magn af smáfiski í afla, geta þeir bannað veiðar á ákveðnu svæði, sem þeir afmarka í þessu skyni, í allt að þrjá sólarhringa. Hinir sérstöku trúnaðarmenn skulu ekki hafa framangreint leyfi nema samkvæmt sérstakri ákvörðun ráðherra.

Skyndilokanir skv. 3. mgr. taka gildi um leið og þær eru tilkynntar í útvarpi eða í fjarskiptatæki af viðkomandi trúnaðarmönnum ráðherra eða leiðangursstjórum.

Hafrannsóknastofnuninni og sjávarútvegsráðuneytinu skulu tilkynntar forsendur slíkra skyndilokana um leið og ákvörðun þar að lútandi hefur verið tekin. Ráðuneytið ákveður þá í samráði við Hafrannsóknastofnunina innan þriggja sólarhringa hvort og þá hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til verndunar ungfisks á viðkomandi svæði.

9. gr.

Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða skulu fylgjast með samsetningu landaðs sjávarafla og gera ráðuneytinu þegar viðvart, er þeir verða varir við ólöglegt magn smáfisks í afla.

Skipstjórum veiðiskipa er skylt að veita þær upplýsingar um samsetningu afla í afladagbók, sem Fiskifélag Íslands segir fyrir um á hverjum tíma.

10. gr.

Þegar rökstutt álit Hafrannsóknastofnunarinnar liggur fyrir um það, að einstakir fiskstofnar séu hættulega ofveiddir og viðkoma þeirra sé í yfirvofandi hættu,

getur ráðherra í samráði við hana og að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands sett reglur um hámark þess afla, sem veiða má af hverri fisktegund á tilteknu tímabili, vertíð eða heilu ári.

11. gr.

Nú er togskip í fiskveiðilandhelgi þar sem því er óheimil veiði og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs, þannig að toghlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp.

12. gr.

Ráðherra setur reglur um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang veiðarfæra, um lágmarksmöskvastærðir netja og um lágmarksstærðir þeirra fisktegunda, sem landa má. Skulu reglur um þessi atriði aldrei ganga skemmra en alþjóðasamþykktir um sama efni, sem Ísland hefur eða mun staðfesta fyrir sitt leyti.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilar samkvæmt sérstökum eða almennum leyfum ráðherra. Getur ráðherra ákveðið, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 30. nóvember eða skemmri tíma. Leyfi til dragnótaveiða samkvæmt slíkri ákvörðun má veita íslenskum skipum, sem eru 20 metrar að lengd og minni. Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingunni, sem honum þykja nauðsynleg.

Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð að því er varðar veiðar í Faxaflóa.

14. gr.

Veiðar á rækju, humri, síld, loðnu, spærlingi og kolmunna í botnvörpu og flotvörpu skulu háðar sérstökum eða almennum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi eða úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

Ráðherra getur einnig ákveðið í reglugerð, að aðrar veiðar í tiltekin veiðarfæri skuli háðar sérstökum eða almennum leyfum.

15. gr.

Ráðherra getur að fengnu álitni Hafrannsóknastofnunarinnar veitt heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna innan fiskveiðilandhelginnar og þurfa þær heimildir ekki að vera bundnar við íslenska aðila eina. En ætíð skulu slíkar tilraunir og rannsóknir fara fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

16. gr.

Veiðiheimildir samkvæmt 13.—15. gr. skulu jafnan vera tímabundnar, og skal ávallt leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og að jafnaði Fiskifélags Íslands áður en þær eru veittar. Auk þess skal ráðherra leita umsagnar annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til.

17. gr.

Brot gegn 2. gr., 3. gr. og 5.—8. gr. laga þessara varða sektum svo sem hér segir:

1. Ef skip er 39 metrar að lengd eða minna, skulu sektir nema 4000—20 000 gullkrónum.
2. Ef skip er meira en 39 metrar að lengd, skulu sektir nema 14 000—40 000 gullkrónum.

Allar sektir samkvæmt þessari grein eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4, 11. apríl 1924.

Brot samkvæmt framansögðu skulu og varða upptöku á veiðarfærum, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innanborðs. Nú næst ekki í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálfst eða andvirði þess að hluta. Upp-töku má einnig beita, þótt ekki sé höfðað refsímál út af brotum og þótt refsímáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, um-boðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Lagt skal löghald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður hefur verið greitt að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr, ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar skv. þessari grein og kostnaðar skal vera lög-veð í skipinu.

18. gr.

Brot gegn 11. gr., reglum settum samkvæmt 10. og 12. gr. eða ákvæðum leyfis-bréfa settum samkvæmt 13.—15. gr., varða sektum 2000—14 000 gullkr., sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávar-afla eftir því sem við á. Ef brot falla ekki undir ákvæði þeirra laga skal um upp-töku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 17. gr., ef um ítrekað brot er að ræða.

Nú er ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum innan fiskveiðimarka né undirbúningur gerður í því skyni, og má ljúka málinu með áminn-ingu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum 2000—14 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

19. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við ólöglegar veiðar í íslenskri fiskveiðiland-helgi, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 2000—14 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í togveiðiskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að ólöglegum veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á veiðiskipinu.

20. gr.

Skipstjóra, er gerir sig sekan um ítrekað brot á lögum þessum, má auk sektar-hegninga samkvæmt 17. gr., 18. gr. 1. mgr. og 19. gr. láta sæta fangelsi allt að 6 mánuðum. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta sömu refsingu fyrir fyrsta brot á greinum þessum.

Einnig er heimilt að svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum í tiltekinn tíma fyrir ítrekuð brot á lögum þessum, svo og svipta skip rétti til tiltekinna veiða í allt að 30 daga.

21. gr.

Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði upptækra verðmæta rennur í Landhelgissjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita sam-þykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi.

22. gr.

Um mál þau, sem risa af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

23. gr.

Frá gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, og síðari lög um breytingar á þeim lögum, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975. Þó halda gildi sínu lög nr. 73 5. desember 1975. Enn fremur halda gildi sínu reglugerðir þær, sem settar hafa verið samkvæmt ofangreindum lögum.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1976.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skip, sem áður höfðu notið veiðiheimilda skv. stærðarmælingu 105 brúttórúmllestir og minni og 350 brúttórúmllestir og minni, skulu áfram njóta sömu veiðiheimilda skv. lögum þessum og skip 26 m og minni og 39 m og minni.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. skulu skip, sem eru 45 rúmllestir brúttó eða minni og hafa notið heimilda til dragnótaveiði, njóta sömu veiðiheimilda.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um norræna vitnaskyldu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hinir almennu dómstólar geta kvatt menn, sem orðnir eru 18 ára og búsettir eru eða dveljast í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, til vitnisburðar fyrir dómi hér á landi.

Við yfirheyrslur skal fara eftir ákvæðum X. kafla laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, eða XII. kafla laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála, nema annað leiði af 2.—8. gr. þessara laga.

2. gr.

Vitnastefnu má því aðeins gefa út, að telja verði, að vitnisburður kunni að hafa verulega þýðingu fyrir úrslit máls, og það hafi verulega þýðingu, að vitni beri vælti fyrir dómi hér á landi.

Við mat á þessu ber að taka tillit til þess, hversu mikilvægt málið er og hvort þingsókn muni hafa veruleg óþægindi í för með sér fyrir vitni.

Einungis í undantekningartilvikum verður vitni stefnt til að bera vætti fyrir öðrum dómstóli en þeim, er dæma skal málið.

3. gr.

Hlutaðeigandi dómstóll gefur út vitnastefnur.

Í stefnu skal geta stefnufrests og hvaða viðurlögum megi beita, ef vitni mætir ekki. Dómstóllinn ákveður stefnufrest.

4. gr.

Í einkamálum getur dómstóll, skv. 124. gr. 3. mgr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, skyldað vitni til að hafa með sér og sýna eða leggja fram skjöl, sem vitnið hefur ráð yfir.

Í refsímálum getur dómstóll, sbr. 98. gr. 3. mgr. laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála, skyldað vitni, svo og þann, sem brotið er gegn í refsímáli, til að hafa með sér til sýningar eða framlagningar sakargögn, sem vitnið hefur ráð yfir.

Ef unnt er, skal gefa vitni tækifæri til að tjá sig, áður en úrskurðað er um skyldu þess til að leggja fram skjal.

Nú lætur vitni undir höfuð leggjast, án lögmætra ástæðna, að hafa með sér skjal, og verður há einungis beitt þeim viðurlögum, sem nefnd eru í 148. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Beita skal ákvæðum 1. mgr. 5. gr. þessara laga eftir því sem við á.

5. gr.

Eigi verður vitni krafíð vættis, ef það bryti í bága við ákvæði 125. gr.—128. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, eða ákvæði 89. gr.—101. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála, eða sams konar ákvæði í því landi, þar sem vitni er búsett.

Í opinberum málum (refsímálum) má kveðja þann, sem brotið hefur verið gegn, fyrir rétt til vfirheyrslu skv. ákvæðum þessara laga. Ef þeir, sem brotið er gegn, eru búsettir í Finnlandi eða Svíþjóð, verða þeir ekki beittir viðurlögum, þótt þeir neiti að bera vitni, og eigi verður þeim heldur refsað fyrir rangan framburð.

6. gr.

Ef vitni, sem ekki dvelst hér á landi, mætir ekki án lögmætra forfalla, eða hoðar ekki forföll í tæka tíð, getur dómstóll aðeins dæmt það í sektarrefsingu og til að greiða þann kostnað, sem útivist þess hefur haft í för með sér.

7. gr.

Meðan vitni dvelst hér á landi til að fullnægja vitnaskyldu samkvæmt ákvæðum þessara laga, verður það ekki látið sæta ábyrgð fyrir refsiverðan verknað, sem það hefur framið fyrir för sína hingað til lands. Eigi verður það heldur framselt til þriðja lands í þessu skyni.

Þessi regla gildir þó ekki, ef vitni gefur í réttarhaldi samþykki sitt til ákæru, afplánunar refsingar eða til framsals, eða ef vitni dvelst meira en 15 daga hér á landi eftir að hafa fullnægt vitnaskyldu, enda hafi það óhindrað getað farið úr landi.

8. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um greiðslur til vitna, sem stefnt er til vitnisburðar samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Um leið og vitnastefna er birt, ber að bjóða vitni þær greiðslur, sem það á rétt á til að standa straum af ferða- og dvalarkostnaði, eða hæfilega fyrirframgreiðslu í þessu skyni.

Greiðslur þessar skulu inntar af hendi fyrir fram af almannafé.

9. gr.

Ákvæðum 1. gr.—7. gr. þessara laga skal beita eftir því sem við á gagnvart aðiljum í barnsfaðernismálum og í hjúskaparmálum, ef dómur telur brýna nauðsyn til þess að yfirheyra aðilja til þess að ákveða hvoru foreldri beri forræði barns.

Dómur getur ákveðið, að aðiljum þessum sé greitt í samræmi við ákvæði 8. greinar.

10. gr.

Beita skal ákvæðum 4. gr., 5. gr. og 7. gr. gagnvart þeim, er mæta óstefndir sem vitni eða aðiljar í þeim málum, sem getið er í 9. grein.

11. gr.

Þeir, sem orðnir eru 18 ára gamlir og hafa búsetu hér á landi eða dveljast hér eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, eru skyldugir til að gefa skýrslu fyrir rétti í þessum löndum í samræmi við þær reglur, sem um þetta gilda í hlutaðeigandi landi.

Sama regla gildir um þá, sem dveljast hér á landi, en hafa búsetu í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

12. gr.

Sé þess krafist, má hér á landi fullnægja dómi, sem gerir manni að greiða skaðabætur vegna útivistar eða annarrar vanrækslu, enda sé dómurinn kveðinn upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð samkvæmt lögum hlutaðeigandi lands um norræna vitnaskyldu.

Við fullnustu á dómum þessum eða úrskurðum skal fara eftir ákvæðum í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra frá 16. mars 1932, sbr. lög nr. 30 23. júní 1932.

13. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi taka gildi. Ákveða má, að lög þessi taki einungis gildi gagnvart einu eða fleirum þeirra landa, sem upp eru talin í 1. grein.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á hafnalögum, nr. 45 frá 24. apríl 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, er verði 13. gr., svo hljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Vörugjald af vörum, sem umskipað er, útskipað eða uppskipað utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við gjaldskrá næstu hafnar og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til skipa undir 30 brúttórúmllestum að stærð, þegar um sjávarafla er að ræða.

2. gr.

Núverandi 20. gr. orðist svo:

Tekjur til Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, sem sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þó aldrei lægra en 30 millj. kr.
2. Vöru- og aflagjald af vörum og afla, sem losað er utan hafnarsvæða, sbr. 13. gr.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

3. gr.

Núverandi 21. gr. 1. mgr. orðist svo:

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða utan allt að 750 millj. króna. Ríkissjóði skal heimilt að ábyrgjast þau lán.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lokamálsgrein 25. gr. laganna orðist svo:

Fyrir innheimtu ríkissjóðstekna og annarra gjalda, er innheimtumenn ríkissjóðs (þ. e. sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar og yfirsakadómarinn, yfirborgardómarinn, yfirborgarfógetinn og tollstjórinn í Reykjavík) innheimta samkvæmt embættisskyldu sinni, skulu greidd laun samkvæmt reglugerð, er fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skipar 6 menn í lyfjanefnd til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra vera læknir með sérfræðingsmenntun í lyfjafræði lækna (pharmacology) eða klínískri lyfjafræði (clinical pharmacology), annar lyfjafræðingur með sérfræðingsmenntun í lyfjaefnafræði, þriðji læknir með sérfræðingsmenntun í eiturefnafræði (toxicology), fjórði læknir með sérfræðingsmenntun í lyflækisfræði, fimmti starfandi lyfjafræðingur og sjötti læknir, sem starfar að heimilislækningum. Landlæknir gerir tillögur um nefndarmenn og ráðherra skipar formann.

Yfirdýralæknir og einn héraðsdýralæknir taka sæti í lyfjanefnd þegar fjallað er um mál, er sérstaklega varða dýralækningar.

Ef eigi fást sérfræðingar, sbr. 1. mgr., til setu í lyfjanefnd, telst nefndin þó starfhæf, er minnst fjórir sitja í henni.

Ráðherra getur heimilað, að skipaðir verði sérfræðingar í hinum ýmsu greinum lækis- og lyfjafræði, til að vera lyfjanefnd til ráðuneytis.

Nefndarmenn lyfjanefndar mega ekki hafa hagsmuna að gæta um sölu eða framleiðslu lyfja.

Verkefni lyfjanefndar er að gera tillögur til ráðherra um:

1. Skráningu og afskráningu lytja.
2. Veitingu leyfa til tilrauna með óskráð lyf.
3. Lyfjastaðla og flokkun lyfja.
4. Framleiðsluforskriftir fyrir lyf.
5. Reglugerð til nánari skilgreiningar á lyfjahugtakinu.
6. Reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.
7. Skráningu aukaverkana og eiturverkana lyfja. Heimilt er að ráða sérhæft starfslið til þessa verkefnis og hliðstæðra verkefna.
8. Önnur atriði er varða framkvæmd lyfjalaga, svo sem ráðherra mælir um í reglugerð, hér með talið samvinna við erlendar lyfjanefndir eða lyfjaskrárnefndir.

Leita skal umsagnar landlækis og lyfjaeftirlits ríkisins eftir því sem við á um framangreindar tillögur lyfjanefndar.

2. gr.

47. gr. laganna orðist svo:

Lyfjaeftirlit ríkisins annast faglegt eftirlit með rekstri lyfjabúða, lyfjaheildverslana, lyfjagerða og öðrum fyrirtækjum og stofnunum, er framleiða, flytja inn eða búa um lyf. Enn fremur eftirlit með lyfjum í öðrum stofnunum, þar sem þau eru höfð um hönd.

Lyfjaeftirlitið annast almennt eftirlit með lyfjum, innflutningi lyfja og lyfjauglýsingum.

Heimilt er að fela lyfjaeftirlitinu eftirlit með öðrum fyrirtækjum eða með öðrum vörum en lyfjum, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Lyfjæftirlitinu veitir forstöðu lyfjafraeðingur, er stenst kröfur þær, er greinir í 9. gr. til þess að öðlast lyfsöluleyfi. Tryggja skal lyfjæftirlitinu auk þess hæfilegt starfslið og aðstöðu til nauðsynlegra rannsókna. Heimilt er að fela óháðum rannsóknastofnunum hér á landi eða erlendis að annast rannsóknir á vegum lyfjæftirlitsins.

Leggja skal árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki þau og stofnanir, er lyfjæftirlit ríkisins hefur eftirlit með. Til eftirlitsins falla jafnframt að hluta gjöld af sérlyfjum samkvæmt úrskurði ráðherra, sbr. ákvæði 1. málsg. 62. gr. Skal verja tekjum þessum til greiðslu kostnaðar við eftirlitið. Nú hrökkva tekjurnar ekki fyrir þessum kostnaði og greiðist það, sem á vantar, þá úr ríkissjóði.

Ráðherra kveður nánar á um starfssvið og starfshætti lyfjæftirlits ríkisins í reglugerð. Mæla skal einnig fyrir um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra í reglugerð. Eftirlitsgjöld eru lögtakskræf.

3. gr.

Við 62. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra, að höfðu samráði við landlækni og lyfjanefnd, að veita undanþágu frá skráningargjaldi og árgjaldi því, sem getur í 1. málsg., ef sérstakar ástæður mæla með.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1976.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

FORSETA BRÉF

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi, 97. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

10. júní 1976.

205

Nr. 87.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að í samkomulagi um lausn á fiskveiðideilu Íslands og Bretlands frá 1. júní 1976 sé ákveðið, að veiðar af hálfu þeirra veiðiskipa, sem heimild hafa til veiða á tilteknum svæðum innan fiskveiðilandhelginnar þann tíma, sem samkomulagið gildir, er fara í bága við ákvæði samkomulagsins, varði þeim viðurlögum, að viðkomandi skip missi rétt til veiða samkvæmt samkomulaginu.

Beri brýna nauðsyn til að marka framkvæmd á sviptingu leyfis í lögum um viðauka við lög nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan í gildi er samkomulag um lausn á fiskveiðideilu milli Íslands og Bretlands frá 1. júní 1976, skulu brot gegn ákvæðum samkomulagsins af hálfu þeirra bresku veiðiskipa, sem tilgreind eru á skrá, sem er fylgiskjal með samkomulaginu, og heimilaðar eru veiðar á umsömdum svæðum í fiskveiðilandhelginni, varða þeim viðurlögum, að veiðiskip, sem brotlegt hefur orðið við ákvæði samkomulagsins, skal fellt niður af fyrrnefndri skrá, og missir þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt ákvæðum samkomulagsins.

Dómsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um þá framkvæmd samningsins, er það hefur fengið gögn í hendur frá Landhelgisgæslunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 10. júní 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

A 26

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958 með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 21. maí 1976 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76 17. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

32. gr. C orðist svo:

Skrásetningargjald, bæði við frumskráningu og árlega skrásetningu, er 5 000.00 krónur og skiptlist þannig:

Til Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands renna 3 000.00 krónur, til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 1 400.00 krónur, en 600.00 krónur renna í sjóð, er nefnist stúdentaskiptasjóður. Skal fé hans vera í vörslu stúdentaráðs, sem tekur ákvarðanir um veitingu fjár úr sjóðnum. Fé sjóðsins má aðeins verja til þess að stuðla að stúdentaskiptum milli Íslands og annarra ríkja, eftir því sem nánar verður ákveðið í skipulagsskrá sjóðsins, sem stúdentaráð setur, og staðfesta skal með venjulegum hætti.

Háskólaráði er heimilt að áskilja samkvæmt tillögu háskóladeildar, að nemendur greiði gjöld vegna þátttöku í námskeiði til þess að standa straum af sérstökum kostnaði, svo sem vegna efniskaupa.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. júní 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1976.

Alþingi hefur hinn 19. maí 1976 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1976.

Alþingi ályktar samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 66 14. júlí 1975, sbr. lög um breyting á þeim lögum, samþykkt á Alþingi 18. maí 1976, að árið 1976 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m.kr.)

1.1. Fastir liðir:		1976
1. Innflutningsgjald	1 923	
2. Þungaskattur	613	
3. Gúmmígjald	77	
	<hr/>	2 613
Endurgr. innfl.gjald	28	
Endurgr. þungaskattur	1	
	<hr/>	29
Markaðar tekjur nettó	2 584	
4. Ríkisframlag	530	
	<hr/>	3 114
1.2. Sérstök fjáröflun:		
1. Almenn lánsfjáröflun	1 350	
2. Sérstök lánsfjáröflun	250	
	<hr/>	4 714

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

2.1. Stjórn og undirbúningur:		1976
1. Skrifstofukostnaður	96.0	
2. Verkfræðil. undirbúningur	101.7	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	20.3	
4. Eftirlaunagreiðslur	13.0	
	<hr/>	231
2.2. Viðhald þjóðvega:		
1. Sumarviðhald:		
1. Viðhald vega	451.0	
2. Viðhald brauta	102.0	
3. Viðhald brúa	58.0	
4. Heflun vega	210.0	
5. Rykbinding	40.0	
6. Vinnsla efnis	196.0	
7. Vatnask. og ófyrirséð	42.0	
	<hr/>	1 099.0
2. Vetrarviðhald	264.0	
3. Vegmerkingar	18.0	
	<hr/>	1 381
2.3. Til nýrra þjóðvega:		
1. Hraðbrautir	1 081.0	
2. Þjóðbrautir	341.9	
3. Landsbrautir	284.1	

		1976	
4.	Girðingar og uppgræðsla	40.0	
5.	Sérstakar áætlanir:		
	1. Austurlandsáætlun	177.0	
	2. Norðurlandsáætlun	175.0	
	3. Djúpvegur	25.0	
	4. Norður- og austurvegur	150.0	
		-----	2 274
2.4.	Til fjallvega o. fl.:		
	1. Aðalfjallvegir	7.0	
	2. Aðrir fjallvegir	14.0	
	3. Reiðvegir	1.0	
	4. Þjóðgarðavegir o. fl.	10.0	
		-----	32
2.5	Til brúagerða:		
	1. Brýr 10 m og lengri	183.0	
	2. Smábrýr	43.0	
		-----	226
2.6.	Til sýsluvega		113
2.7.	Til vega í kaupst. og kaupst.		292
2.8.	Til véla- og áhaldakaupa:		
	1. Til véla- og verkfærakaupa	20.0	
	2. Til byggingar áhaldahúsa	30.0	
		-----	50
2.9.	Til tilrauna		15
2.10.	Til greiðsluhalla:		
	1. Halli í lok árs 1975	330.0	
	2. Yfirfært á næsta ár	230.0	
		-----	100

			4 714

SUNDURLIÐUN:

2.3 Til nýrra þjóðvega.

1. Hraðbrautir:

Vegnr.	Vegheiti Kaflabeiti	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
1	Suðurlandsvegur	
01	Í Flóa	65
34	Eyrbakkavegur	
02	Selfoss—Þorlákshafnarvegur	9
02	Um Ölfusárós (hönnun)	1
1	Vesturlandsvegur	
16	Um Kiðafell	47
40	Hafnarfjarðarvegur	
02	Í Kópavogi	76

Vegnr.	Vegheiti Kafleheiti	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
03	Kópavogslækur—Arnarnes	78
06	Um Setbergslæk	12
45	Garðskagavegur	
01	Keflavík—Garður	53
1	Vesturlandsvegur	
05	Um Borgarfjörð	390
11	Í Norðurárdal	30
51	Akranesvegur	
01	Vesturlandsvegur—Akranes	49
61	Djúpvegur	
20	Flugvöllur—Hnífsdalur	30
1	Norðurlandsvegur	
02	Um Hrútafjarðarháls	15
03	Laugabakki—Norðurbraut	16.8
05	Víðidalsv. v.—Víðidalsv. ey.	7
07—08	Vatnsdalur—Blönduós	50
17	Um Vallhólm	15
72	Hvammstangavegur	
01	Norðurlandsvegur—Hvammstangi	15.2
75	Sauðárkróksbraut	
01	Norðurlandsvegur—Reynistaður	12
1	Norðurlandsvegur	
05	Norðan Akureyrar	70
08	Á Svalbarðsströnd	40

 Samtals 1 081

2. Þjóðbrautir:

1	Suðurlandsvegur	
12	Austan Víkur	21.0
14	Skarphóll—Skeiðflötur	2.0
17	Við Hvamm	12.0
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	
02	Ólafsvallavegur—Brautarholt	10.0
31	Skálholtsvegur	
03	Við Spóastaði	13.5
45	Garðskagavegur	
02	Gerðar—Sandgerði	3.0
54	Ólafsvíkurvegur	
02	Um Urriðaá	1.6
07	Um Gróulæk og Viðralæk	4.5
11	Hvalsá—Fossá	5.5
56	Stykkishólmsvegur	
03	Síkisá—Nesvogur	10.0
57	Snæfellsnesvegur	
03	Norðan Laxár	1.5
60	Vestfjarðavegur	
04	Brautarholt—Þorbergsstaðir	10.0

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
60	Vestfjarðavegur	
03	Tindar—Kambur	11.0
03	Hríshóll—Skáldastaðir	10.0
09	Galtará—Eyri	5.0
14	Fossá—Vatnsdalsá	40.0
21	Sandafell—Ketilseyri	20.0
26	Um Breiðadalsheiði	1.0
61	Djúpvegur	
05	Um Arngerðareyri	10.5
08	Um Eyri í Mjóafirði	4.5
09	Laugardalsá—Strandsel	6.5
19	Arnardalur—flugvöllur	13.0
68	Hólmavíkurvegur	
05	Stóra-Hvalsá—Sauðanes	16.5
76	Siglufjarðarvegur	
10	Almenningsnöf—Siglufjörður	2.0
82	Ólafsfjarðarvegur	
02	Knappsstaðir—Siglufjarðarvegur	2.2
1	Norðurlandsvegur	
01	Grjótá—Öxnadalsá	10.0
11	Norðausturvegur—Aðaldalsvegur	4.5
17	Kísiliðja—Austaraselsheiði	9.0
17	Austan Námaskarðs	6.4
85	Norðausturvegur	
22	Sveinungsvík—Krossavík	2.8
26	Hafralónsá—Langanesvegur	3.1
1	Austurlandsvegur	
14	Egilsstaðir—Upphéraðsvegur	5.0
17	Víðilækur—Axarvegur	2.0
40	Hólmur—Smyrlabjörg	6.0
44	Jökulsá—Fjallsá	33.5
85	Norðausturvegur	
07	Vesturdalsvegur—Vopnafjörður	11.0
12	Teigará—Bæjaröxl	8.0
92	Norðfjarðarvegur	
03	Mjóafjarðarvegur—Neðstabrú	3.0
99	Hafnarvegur	
01	Austurlandsvegur—Höfn	0.8
Samtals		341,9

3. Landsbrautir:

204	Meðallandsvegur	
01	Um Tungulæk	3.2
215	Reynishverfisvegur	
01	Suðurlandsvegur—Prestshús	1.5
25	Þykkvabæjarvegur	
02	Djúpós—Þykkvibær	1.8

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
252	Landeyjavegur	
	01—06 Ýmsir staðir	2.5
255	Akureyjarvegur	
	01 Ýmsir staðir	1.5
261	Fljótshlíðarvegur	
	02 Hvolsvöllur—Deild	9.0
33	Gaulverjabæjarvegur	
	02 Um Baugsstaðasíki	1.0
350	Grafningsvegur	
	01 Torfastaðir—Hlíð	11.7
356	Tjarnarvegur	
	01 Ofan Vatnsleysu	2.8
358	Einholtsgvegur	
	01 Á Einholtsmelum	0.5
44	Hafnavegur	
	02 Flugvöllur—Stapafellsvegur	11.5
48	Kjósarskarðsvegur	
	02 Meðalfellsvegur—sýslumörk	1.5
410	Elliðavatnsvegur	
	01 Suðurlandsvegur—Reykjanesbraut	2.1
460	Eyrarfjallsvegur	
	01 Vesturlandsvegur—Vesturlandsvegur	2.9
50	Borgarfjarðarbraut	
	01 Um Draga	2.0
505	Melasveitarvegur	
	01 Ás—Súlunes	1.5
510	Vatnshamravegur	
	01 Vatnshamravegur	1.5
511	Hvanneyrarvegur	
	01 Vesturlandsvegur—Hvanneyri	7.9
519	Reykholtisdalsvegur	
	01 Stóri-Ás—Gúljar	5.0
528	Norðurárdalsvegur	
	01 Glitstaðir—Skarðshamrar	7.0
574	Útnesvegur	
	Snjóastaðir	6.0
586	Haukadalsvegur	
	01 Vestfjarðavegur—Smyrlahóll ..	10.0
590	Klofningsvegur	
	04 Efríbyggðarvegur—Ballará	10.0
619	Ketildalvegur	
	01 Bíldudalur—Svarthamar	2.0
624	Ingjaldssandsvegur	
	01 Vestfjarðavegur—Ingjaldssandur	3.0
65	Súgandafjarðarvegur	
	04 Fyrir Spilli	4.0
643	Strandavegur	
	08 Árnes—Melar	7.0
704	Miðfjarðarvegur	
	01 Norðurlandsvegur—Vesturárdalsvegur	3.6

Vegnr.	Vegheiti Kafllaheiti	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
706	Núpsdalsvegur	
01	Miðfjarðarvegur—Miðfjarðarvegur	2.0
711	Vatnsnesvegur	
06	Vesturhópshólar—Siðuvegur	3.1
715	Víðidalsvegur vestri	
01	Hvarf—Kolugil	2.4
724	Reykjabraut	
01	Norðurlandsvegur—Svinvetningabraut	2.0
725	Miðásvegur	
01	Norðurlandsvegur—Hæll	0.3
726	Auðkúluvegur	
01	Reykjabraut—Svinvetningabraut	9.0
741	Neðribyggðarvegur	
01	Skagastrandarvegur—Skagastrandarvegur	6.7
744	Þverárfjallsvegur	
02	Engjadalur—Skagavegur	2.4
745	Skagavegur	
02	Hlíð—Krókssel	1.7
03	Krókssel—Hafnaá	0.6
09	Þverárfjallsvegur—Sauðárkrókur	1.8
752	Skagafjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur—Efribyggðarvegur	7.7
02	Efribyggðarvegur—Svartárdalsvegur	1.5
754	Héraðsdalsvegur	
01	Skagafjarðarvegur—Kjálkavegur	2.5
757	Tunguhálsvegur	
01	Skagafjarðarvegur—Héraðsdalsvegur	1.5
762	Sæmundarhlíðarvegur	
01	Sauðárkróksbraut—Fjall	2.0
764	Hegranesvegur vestri	
01	Hegranesvegur eystri—Helluland	10.0
83	Grenivíkurvegur	
02	Fnjóskadalsvegur eystri—Grenivík	4.2
802	Ólafsfjarðarvegur eystri	
02	Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur	5.0
815	Hörgárdalsvegur	
01	Norðurlandsvegur—Ólafsfjarðarvegur	10.2
821	Eyjafjarðarbraut vestri	
02	Finnastaðavegur—Eyjafjarðarbraut eystri	9.8
829	Eyjafjarðarbraut eystri	
01	Norðurlandsvegur—Munkaþverá	4.0
842	Bárðardalsvegur vestri	
02	Hlíðarendi—Bárðardalsvegur eystri	2.4
843	Lundarbrennuvegur	
01	Bárðardalsvegur eystri—Víðiker	4.6
847	Stafnsvegur	
01	Norðurlandsvegur—Stafn	2.5
856	Laxárdalur vestri	
01	Staðarbraut—Halldórsstaðir	0.5

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
865	Gilsbakkavegur	
01	Norðausturvegur—Gilsbakki	5.0
94	Borgarfjarðarvegur	
04	Steinsvaðsvegur—Hjaltastaðavegur	10.0
08	Njarðvík—Borgarfjörður	0.4
917	Hlíðarvegur	
02	Hallgeirsstaðir—Eyjavegur	0.8
919	Sunnudalsvegur	
01	Hlíðarvegur—Guðmundarstaðir	6.0
924	Jökuldalsvegur eystri	
02	Refshöfði—Austurlandsvegur	13.0
925	Hróarstunguvegur	
02	Húseyjarvegur—Lagarfoss	0.6
926	Húseyjarvegur	
01	Tunguvegur—Geirastaðir	0.4
931	Upphéraðsvegur	
08	Hallormsstaður—Gunnlaugsstaðir	10.0
951	Vestdalseyrarvegur	
03	Vestdalseyri—Sunnuholt	6.0
953	Mjóafjarðarvegur	
01	Norðfjarðarvegur—Háheiði	5.0
964	Breiðdalsvegur	
01	Austurlandsvegur—Austurlandsvegur	0.5
986	Rauðabergsvegur	
01	Austurlandsvegur—Holtasel	2.0
Samtals		284.1

5.1. Austurlandsáætlun.

1	Austurlandsvegur	
25	Axarvegur—Urðarteigur	0.7
29	Melrakkanes—Hof	19.3
85	Norðausturvegur	
12	Teigará—Bæjaröxl	7.0
92	Norðfjarðarvegur	
02	Seyðisfjarðarvegur—Mjóafjarðarvegur	2.0
10	Gangamunni Eskifj.—Kirkjuból	100.0
93	Seyðisfjarðarvegur	
03	Sýslumörk—kaupstaður	23.0
96	Suðurfjarðavegur	
08	Vík—Stöðvarfjörður	25.0
Samtals		177.0

5.2. Norðurlandsáætlun.

STRANDABYGGÐ

68	Hólmavíkurvegur	
05	Kolbeinsá—Guðlaugsvík	10.0

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
HÚNABYGGÐ		
1	Norðurlandsvegur	
02	Brautarholt—Sveðjustaðir	20.0
11	Hvammur—Svinvetningabraut	15.0
SKAGAFJARÐARBYGGÐ		
75	Sauðárkróksbraut	
05	Sauðárkrókur—Siglufjarðarvegur	51.0
EYJAFJARÐARBYGGÐ		
82	Ólafsfjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur—Hjalteyrarvegur	10.0
1	Norðurlandsvegur	
01	Grjóta—Öxnadalsá	8.0
08	Vaðlaheiðarvegur—Grenivíkurvegur	15.0
SKJÁLFAFANDABYGGÐ		
85	Norðausturvegur	
01	Norðurlandsvegur—Hólsgerði	8.0
NORÐAUSTURBYGGÐ		
85	Norðausturvegur	
17	Leirhöfn—Sigurðarstaðir	21.0
25	Syðra-Áland—Hafralónsá	15.0
Verkfræðilegur undirbúningur		2.0
		Samtals 175.0
5.3. Djúpvegur.		
61	Djúpvegur	25.0
		Samtals 25.0
5.4 Norður- og austurvegur.		
1	Norðurlandsvegur	
801—01	Á Öxnadalshéiði	25.0
1	Norðurlandsvegur	
	Á Holtavörðuheiði	75.0
1	Suðurlandsvegur	
201—28	Austan Þjórsár	30.0
1	Austurlandsvegur	
901—30 til 32	Fyrir Hvalneshorn	10.0
901—17	Viðilækur—Axarvegur	10.0
		Samtals 150.0

2.5. Til brúagerða.

1. Til brúa 10 m og lengri

Tungulækur í Landbroti (204)	11.1
Bjarnardalsá (1)	33.0
Þingmannaá (60)	23.6
Laugardalsá í Djúpi (61)	27.6
Hvalsá í Hrútafirði (68)	17.0
Laxá hjá Tindum (724)	15.0
Laxá á Þverárfjallsv. (744)	7.1
Öxnadalsá hjá Hrauni (sýsluv.)	7.3
Vesturdalsá hjá Haugsst. (sýsluv.)	13.0
Vesturdalsá hjá Fremri-Hlíð (sýsluv.)	10.0
Kolgríma í Suðursveit (1)	18.3
	<hr/>
Samtals	183.0

III. FLOKKUN VEGA

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Suðurlandskjördæmi.

- 1 Suðurlandsvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.
- 22 Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum: Af vegamótum ofan við kirkjuna um Ofanleitishverfi að Stórhöfðavita.
- 25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.
- 26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli á Þjórsárdalsveg austan Sandafells.
- 202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.
- 203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.
- 204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljóttum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Suðurlandsveg austan Eldvatns.
- 205 Klausturvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.
- 206 Holtsvegur á Síðu: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú að vegamótum hjá Heiði.
- 208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Skaftárdal.
- 210 Ljótárstaðavegur: Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.
- 211 Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfssstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.
- 212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jórviðhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

- 214 Kerlingardalsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fagradal, inn með Kerlingardalsá, að heimreið að Bólstað.
- 215 Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.
- 216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.
- 218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.
- 219 Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.
- 242 Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Suðurlandsveg austan Svaðbælisár.
- 243 Leirnavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Suðurlandsveg austan við Steina.
- 245 Hverfisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Suðurlandsveg austan Írár.
- 246 Skálavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Suðurlandsveg austan við Hvamm.
- 247 Sandhólmavegur: Af Suðurlandsvegi við Hvamm, um Efraholt, á Suðurlandsveg hjá Fitjamýri.
- 248 Markarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts að Stóru-Mörk.
- 249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.
- 250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg við Eyvindarmúla.
- 251 Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi á Markarfljótsaurum um Dalsel og Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
- 252 Landeyjavegur: Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt á Suðurlandsveg austan Þverár.
- 254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álfarhóls að Hólmum.
- 255 Akureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
- 257 Ártúnsvegur: Af Landeyjavegi vestan Fróðholts um Ártún á Landeyjaveg hjá Eystra-Hóli.
- 261 Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múla-
kot að Háamúla.
- 262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
- 264 Rangárvallavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varma-
dals.
- 266 Oddavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Vindási.
- 268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjar-
skógar.
- 271 Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteins-
höfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Þúfu.
- 273 Bugavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vettleifsholti.
- 275 Ásvegur: Af Suðurlandsvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Húnakoti.
- 282 Ásmundarstaðavegur: Af Suðurlandsvegi við Áshól um Ásmundarstaði á Ás-
veg við Áshverfi.
- 284 Heiðarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gísl-
holt, á Hagabraut.

- 286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Raftholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
- 288 Hamravegur: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa að Syðri-Hömrum.
- 30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stóru-Laxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut hjá Kjóstöðum.
- 31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
- 32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnalóns, yfir Þjórsá hjá Sandafelli, yfir Tungnaá hjá Sigöldu að Sigölduvirkjun.
- 33 Gaulverjabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokks eyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.
- 34 Eyrarbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.
- 35 Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínvatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.
- 36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjabakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellisheiði.
- 37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
- 38 Þorlákshafnarvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.
- 39 Þrengslavegur: Af Suðurlandsvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
- 302 Urriðafossvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss yfir Villingaholtsveg, um Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.
- 303 Ölvisholtsvegur: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði um Miklholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
- 304 Oddgeirshólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði að vegamótum við Austurkot og Oddgeirshóla.
- 305 Villingaholtsvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
- 308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
- 309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
- 310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjörðali.
- 311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
- 312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
- 314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
- 316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að vegamótum að Hreiðurborg.
- 318 Langholtsvegur í Flóa: Af Suðurlandsvegi nálægt Túni að Langholti.
- 321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
- 322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
- 324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti að vegamótum að Fjalli.

- 325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
- 326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Lækjarbakka.
- 328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minna-Núpi á Gnúpverjaveg við Ása-skóla.
- 329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Skáldabúðum.
- 340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
- 341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
- 344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
- 345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
- 349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að heimreið að Jaðri.
- 350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
- 351 Búrfellssvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
- 353 Kiðjabergsvegur: Af Biskupstungnabraut austan Seyðishóla að heimreið að Gelti.
- 354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minni-Borg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
- 355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
- 356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
- 358 Einholtssvegur: Af Biskupstungnabraut við Tungufljótsbrú, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
- 359 Bræðratunguvegur: Af Einholtssvegi norðan Tungufljóts að Ásakoti.
- 360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
- 364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
- 365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
- 366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
- 374 Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Suðurlandsveg vestan Kotstrandar.
- 375 Arnarbælisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að heimreið að Egilsstöðum.
- 42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herðisarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg ofan við Þorlákshöfn.
- 48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
- 52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjaneskjördæmi.

- 1 Suðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna til Reykjavíkur.
- 1 Vesturlandsvegur: Frá Reykjavík við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.

- 36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Vesturlandsveg nálægt Köldukvísl.
- 40 Hafnarfjarðarvegur: Frá mörkum Reykjavíkur við Fossvogslæk, um Kópavog og Garða á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
- 41 Reykjanesbraut: Frá Reykjavík við Elliðaár, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, Keflavík og Miðnesheiði til Sandgerðis.
- 42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
- 43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
- 44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum að Höfnum.
- 45 Garðskagavegur: Af Reykjanesbraut norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
- 48 Kjósarskarðsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxár um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisvatns.
- 410 Elliðaavatnsvegur: Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
Sé slíkt gangverð sambærilegra eigna ekki þekkt skal skráð matsverð ákveðið effir bestu fánlegri vitneskju um sambærilegt gangverð með hliðsjón af kostnaði við gerð mannvirkja, aldri þeirra, legu eignar með tilliti til samgangna, nýtingarmöguleikum, hlunnindum, jarðvegsgerð, gróðurfari, náttúrufegurð og öðrum þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif á gangverð eignarinnar.

Bújarðir skulu metnar miðað við notkun þeirra til búskapar á meðan þær eru nýttar þannig.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um mat fasteigna.

18. gr.

Við ákvörðun matsverðs skv. 17. gr. skal eftir föngum finna tölfræðilega fylgni gangverðs við ýmsar staðreyndir um seldar eignir, s. s. stærð, gerð, búnað, stað o. s. frv., og sennilegt gangverð ákvarðað með útreikningum á grundvelli þeirra vísbendinga.

Huglægu, órökstuddu mati skal ekki beitt nema engra annarra kosta sé völ um ákvörðun matsverðs.

Ákvæði skulu sett í reglugerð um aðferð við útreikning staðgreiðsluvirðis miðað við mismunandi greiðslukjör við kaup og sölu.

19. gr.

Fasteignamat ríkisins annast mat fasteigna samkvæmt lögum þessum.

Fasteignamat ríkisins skal leitast við að tryggja samræmingu í matsstörfum og samræmingu upplýsinga sem máli skipta við framkvæmd mats. Þá er Fasteignamati ríkisins heimil útvegum sérfræðilegrar aðstoðar við mat eigna eftir því sem þörf krefur.

Fasteignamati ríkisins er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að ráða trúnaðarmenn í einstökum kjördæmum, er annist mat og/eða skoðun fasteigna. Ef til kemur skal í reglugerð setja nánari ákvæði um ráðningu og starfssvið trúnaðarmanna.

20. gr.

Fasteignamat ríkisins skal hlutast til um að allar nýjar eða breyttar eignir, sem upplýsingar berast um skv. 9. gr., skuli metnar frummati innan tveggja mána-

aða frá því að upplýsingar um þær búrúst Fasteignamati ríkisins nema sérstakar ástæður hamli.

Fasteignamati ríkisins er heimilt að höfðu samráði við hlutaðeigandi stjórnvöld að meta ásláttarmati eignir sem eru þess eðlis að venjulegt mat er erfitt og/eða þjónar ekki opinberum hagsmunum.

21. gr.

Aðili, sem verulega hagsmuni getur átt í matsverði eignar og sættir sig ekki við skráð mat skv. 19. og 20. gr., getur krafist nýs úrskurðar Fasteignamats ríkisins um matið. Krafa um endurmat skal vera skrifleg og studd rökum og nauðsynlegum gögnum.

Nýtt matsverð skal þegar skráð í fasteignaskrá og gildir með þeim almennu breytingum sem á því geta orðið, shr. 22. gr., þar til því er hrundið með nýju mati eða yfirmati.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sá sem krefst endurmats beri kostnað af því mati ef krafan er bersýnilega tilefnislaus.

22. gr.

Fasteignamati ríkisins er heimilt, sé þess krafist af hálfu fjármálaráðuneytisins eða sveitarfélags, að taka til endurmats einstakar tegundir eigna eða eignir í tilteknum hverfum, sveitarfélögum eða landshlutum, með gildistöku frá þeim tíma sem Fasteignamat ríkisins ákveður, ef það telur matsverð ekki í samræmi við gangverð eins og til er ætlast samkvæmt lögum þessum. Endurmat einstakra eigna skal fara fram eftir ákvæðum 21. gr.

23. gr.

Yfirmat fasteigna annast yfirfasteignamatsnefnd fyrir landið allt.

Nefndina skipar fjármálaráðherra þremur mönnum og þremur til vara til þriggja ára í senn, úr hópi tíu manna sem Hæstiréttur tilnefnir.

Kostnaður við yfirmat greiðist úr ríkissjóði. Yfirfasteignamatsnefnd getur þó gert eiganda fasteignar að greiða kostnað vegna tilefnislausrar kæru til nefndarinnar.

24. gr.

Hagsmunaaðilar skv. 21. gr. geta kært niðurstöðu endurmats samkvæmt þeirri grein til yfirfasteignamatsnefndar. Kæra skal vera skrifleg og studd rökum og nauðsynlegum gögnum. Um meðferð máls fyrir nefndinni, framlagningu gagna eða málflutning fer eftir ákvörðun nefndarinnar.

Nefndin skal úrskurða slíkt mál innan þriggja mánaða frá kæru nema sérstök heimild fyrir frestun sé veitt af hálfu ráðuneytisins. Niðurstaða kærumáls skal þegar tilkynnt aðila þess og nýtt matsverð þegar skráð í fasteignaskrá.

Úrskurður yfirfasteignamatsnefndar er fullnaðarúrskurður.

25. gr.

Nú varðar mat eða yfirmat á tiltekinni fasteign starfsmann Fasteignamats ríkisins, sem mat framkvæmit, eða yfirmatsnefndarmann, maka hans, skvlda menn honum eða tengda að feðgatali eða niðja, kjörbarn hans eða kjörforeldri, fósturbarn eða fósturforeldri, og skal hann þá víkja sæti, þegar mat fer fram, og annar settur í hans stað.

26. gr.

Yfirfasteignamatsnefnd ber í nóvembermánuði ár hvert að ákveða framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna

við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins á grundvelli gagna sem Fasteignamat ríkisins safnar og vinnur úr, sbr. 13. gr. Gerir Fasteignamat ríkisins tilögur um slíka framreikningsstuðla eftir því sem yfirfasteignamatsnefnd óskar eftir. Stuðlar þessir geta verið misjafnir, til hækkunar eða lækkunar fyrir mismunandi tegundir eigna, byggðahverfi, sveitarfélög eða landshluta, eftir mati nefndarinnar.

Ef eignir í einstökum sveitarfélögum verða fyrir verulegum og óvenjulegum verðbreytingum hefur hlutaðeigandi sveitarstjórn umsagnarrétt áður en yfirfasteignamatsnefnd tekur ákvörðun skv. 1. mgr.

Skráðu matsverði fasteigna skal breytt í fasteignaskrá í samræmi við ofangreinda stuðla og skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 1. desember til jafnlengdar næsta ár nema sérstakt endurmat komi til.

27. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Áður en slík reglugerð er sett skal um hana leitað umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

28. gr.

Um brot gegn ákvæðum laga þessara skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum nema þyngri refsing komi til samkvæmt öðrum lögum.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 29. apríl 1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu. Umboð yfirfasteignamatsnefndar skv. lögum nr. 28/1963 fellur niður við gildistöku laganna svo og umboð millimatsmanna skv. 22. gr. laga nr. 28/1963, þó svo, að þeir skulu skila gögnum fyrir árið 1976 eftir því sem Fasteignamat ríkisins ákveður. Þá eru stöður við Fasteignamat ríkisins, sem ekki eru uppsegjanlegar með 3 mánaða fresti eða skemmri, lagðar niður frá gildistöku löganna, sbr. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fasteignamat samkvæmt aðalmati 1970, með þeim breytingum sem á því hafa verið gerðar lögum samkvæmt, gildir þar til því er breytt samkvæmt ákvæðum þessara laga.

II.

Fasteignamat ríkisins tekur við öllum eignum og gögnum sem nú eru í vörslu fasteignamatsins í Reykjavík eða utan Reykjavíkur, þar með talin hvers konar kerfisgögn og forrit vegna vélavinnslu fasteignaskrár.

III.

Jafnhliða framkvæmd 4. mgr. 12. gr. laganna skal Fasteignamat ríkisins búa fasteignaskrá sína svo úr garði að flytja megi skrásetningu réttinda yfir fasteignum, sem nú fer fram við þinglýsingu, inn í fasteignaskrá þegar slík breyting þykir tímahær. Því til undirbúnings er Fasteignamati ríkisins heimilt að gera og gefa út staðlaðar gerðir skuldabréfa með veði í fasteignum sem falla mundu að slíku nýju skráningarkerfi eignar- og veðréttar á fasteignum.

IV.

Nú vinnst eigi tími til skráningar einstakra hluta fasteigna í landinu, sbr. 2. mgr. 2. gr., fyrir 1. nóvember 1976 og skal Fasteignamatí ríkisins þá heimilaður frestur til að ljúka þeirri skráningu til 1. nóvember 1977.

V.

Áður en nýtt fasteignamat tekur gildi hinn 1. desember 1976, sbr. 3. mgr. 26. gr., skal fara fram endurskoðun á ákvæðum gildandi laga sem fasteignamat hefur áhrif á, þannig að samþykkt þessara laga valdi ekki breytingum á gjöldum af fasteignum.

Gjört í Reykjavík 20. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 95 31. desember 1975 um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn bæri til að setja lög um breytingu á 3. gr. laga nr. 95, 31. desember 1975 um álagningu og innheimtu svokallaðs sjúkratryggingagjalds á árinu 1976. Í ljós hefur komið, að skýr ákvæði vantar í lögum um það, hvaða aðili skuli leggja umrætt gjald á og að álag þetta hefur verið lagt á tekjulitla elli- og örorkulífeyrisþega, en það var hins vegar ekki tilgangur laganna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

3. grein laga nr. 95/1975 orðist svo:

Á árinu 1976 skal álagningaraðili útsvars leggja á og innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvara og skulu sveitarfélög standa sjúkrasamlögum skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu þess mánaðarlega.

Hjá þeim, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu eða áttu rétt á örorkulífeyri á skattárinu skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með áorðnum breytingum, skal lækka álag skv. 1. mgr. sem hér segir:

- a. Hjá einstaklingum með tekjur til útsvars kr. 320 000 eða lægri og hjá hjónum með tekjur til útsvars kr. 570 000 eða lægri skal álag þetta alveg falla niður.
- b. Hjá einstaklingum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 320 100 til kr. 640 000 skal álag þetta lækka um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 640 000 króna tekjumark.
- c. Hjá hjónum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 570 100 til kr. 1 140 000 skal álag þetta lækkað um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 1 140 000 króna tekjumark.
- d. Eftirstöðvar álags þessa, sem lækkað hefur verið skv. ákvæðum b.- og c. liða skal að lokinni lækkun standa á heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en kr. 100 skal sleppt.

Gjald þetta er háð sömu reglum og útsvar varðandi innheimtu og viðurlög.

Við ákvörðun Tryggingarstofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal taka tillit til þessa framlags til hlutfallslegrar lækunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 6. ágúst 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 — 1976

24. ágúst 1976.

247

Nr. 96.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974 um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að setja lög um breytingu á lögum nr. 101 28. desember 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974 um breyting á þeim lögum.

Í sambandi við lausn kjaradeilunnar í febrúarmánuði s. l. gerðu Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna með sér samkomulag um málefni lífeyrissjóða, þar sem m. a. var gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara samtaka veittu lífeyrisþegum sínum, sem rétt eiga skv. lögum nr. 63/1971, sérstaka uppbót árin 1976 og 1977, þannig að lífeyrisgreiðslur þessar verði betur verðtryggðar en hingað til.

Með lögum nr. 33 20. maí 1976 um breyting á lögum nr. 63/1971 var þessu áformi hrundið í framkvæmd. Jafnframt var gert ráð fyrir, að sambærilegar breytingar yrðu gerðar á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Ekki vannst þó tími til þess á s. l. þingi að bera fram slíkt frumvarp, þótt ljós væri þörf slíkrar breytingar þegar á þessu sumri, en lífeyrisfjárhæðir til aldraðra félaga í Lífeyrissjóði bænda hafa ekki hækkað síðan á árinu 1974.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í 3. málsg. 7. gr. komi nýr málslíður, er verði 2. málslíður og orðist svo:

Þó skal gjaldið ekki vera lægra en svo, að það nemi 50% hærri hundraðshluta en hundraðshluta sjóðfélaga samkvæmt 1. málsg., reiknuðum af $\frac{3}{4}$ hlutum heildarverðmætis búvara á almanaksárinu.

2. gr.

Í 12. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 5. málsg. og orðist svo:

Greiða skal barnalífeyri í samræmi við ákvæði þessarar greinar, ef maki sjóðfélaga fellur frá, og heimilt er stjórn sjóðsins að greiða barnalífeyri, ef makinn missir starfsorku sína að mestu eða öllu leyti. Sé jafnframt um barnalífeyrisrétt að ræða vegna fráfalls eða örorku sjóðfélaga sjálfs, fer þó um greiðslu lífeyris eftir 2. málslíð 2. málsg.

3. gr.

Í 17. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 4. málsg. og orðist svo:

Við ákvörðun örorkulífeyris manns, sem lífeyrisrétt á samkvæmt 10. gr., fæddur er árið 1914 eða fyrr og verið hefur sjóðfélagi frá stofnun sjóðsins, skal reikna með

réttindatíma til ársloka 1970 í samræmi við 3. málsg. þessarar greinar og áætla stig aftur í tímunn í samræmi við ákvæði 2. málsg. 10. gr. Bráðabirgðaákvæði laganna um skert iðgjöld til sjóðsins árin 1971—1973 skulu ekki skerða lífeyrisréttinn. Þá skal við ákvörðun ellilífeyris samkvæmt þessari grein reikna sem réttindatíma tíma- bil frá því er slíkur öryrki hefur látið af búskap til 70 ára aldurs.

4. gr.

3. málsg. 18. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrir samkvæmt 9.—11. gr. kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein og örorkulífeyri samkvæmt 4. málsg. 17. gr. Frestun á töku lífeyris samkvæmt 9. gr. telst lokið, um leið og greiðslur samkvæmt þessari grein hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. eða 11. gr. en elli- eða makalífeyrir samkvæmt þessari grein, telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein að ræða.

5. gr.

Í stað „18. gr.“ í 19. gr. laganna komi „17. og 18. gr.“.

6. gr.

Ný grein, er verði 24. gr., orðist svo:

Lífeyrir samkvæmt II. kafla skal árið 1976 miðast við grundvallarlaun 1971—1975 og árið 1977 við grundvallarlaun 1972—1976. Síðan er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu upp- bótar á lífeyri samkvæmt II. kafla, sem þegar hefur verið úrskurðaður. Miðast heimild þessi við byrjun hvers almanaksárs, í fyrsta sinn við ársbyrjun 1978.

7. gr.

Ný grein, er verði 25. gr., orðist svo:

Nú ávaxtar sjóðurinn hluta af höfuðstóli sínum í verðtryggðum skuldabréf- um eða með öðrum þeim hætti, er hefur í för með sér betri ávöxtun en sem nemur hæstu almennum útlánsvöxtum af skuldabréfum, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri samkvæmt I. kafla.

Stjórnin skal leita álits tryggingafræðings á því, hve miklar uppbætur hann telur sjóðinn megnugan að greiða. Tryggingafræðingurinn skal hafa hliðsjón ann- ars vegar af hækkun grundvallarlauna samkvæmt 8. gr. frá því, sem þau voru á því tímabili, er lífeyrisfjárhæð hvers einstaks lífeyrisþega miðast við, en hins vegar af hagnaði sjóðsins af þeirri umframávöxtun, sem nefnd er í 1. málsg., og fjárhagsstöðu sjóðsins í heild. Aldrei má hækka lífeyri meira en tryggingafræð- ingur hefur lagt til.

Uppbætur, sem stjórn sjóðsins hefur einu sinni ákveðið, skulu ekki felldar niður né lækkaðar, nema lækkun verði á grundvallarlaunum. Lækki grundvallar- laun, skal endurskoða fjárhæðir uppbóta með hliðsjón af breyttum forsendum, sbr. 2. málsg.

8. gr.

Greinatala laganna breytist þannig, að 24. gr. verði 26. gr. og 25. gr. verði 27. gr.

9. gr.

Aftan við 27. gr. laganna (ákvæði til bráðabirgða) bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Árin 1976 og 1977 skal sjóðurinn greiða þeim lífeyrisþegum, sem rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, sérstaka uppbót, þannig að frá 1. janúar 1976 hækki grundvallarlaun, sem við er miðað, um 50% frá því, sem þau eru að lokinni hæk-

un samkvæmt 24. gr., en síðan hækki þau á ný 1. júlí 1976, 1. janúar 1977 og 1. júlí 1977 í hlutfalli við þá hækkun, er þá verður á grundvallarlaunum samkvæmt lögum nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Elli-, örorku- og makalífeyrir þeirra lífeyrisþega, sem ekki eiga rétt samkvæmt II. kafla, skal hækka á sama hátt, þó þannig, að slíka hækkun skal einungis reikna á lífeyri, er svarar til 15 stiga eða minna, en um afganginn fer eftir ákvæðum 25. gr. Nú á lífeyrisþegi rétt samkvæmt II. kafla, en mundi engu að síður fá hærri lífeyri, ef farið væri eftir þessum síðarnefndu ákvæðum, og skal þá sjóðurinn greiða honum mismuninn.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1975.

Gjört í Reykjavík 24. ágúst 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um Framkvæmdastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 25. gr. laga nr. 63 31. maí 1976 um breyting á lögum nr. 93 24. des. 1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins, sbr. og 6. gr. laga nr. 54 21. maí 1974 hef látið fella ákvæði þeirra laga inn í meginmál laga nr. 93 24. des. 1971 og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Framkvæmdastofnun ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem annast áætlanagerð, byggðamál og lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

Stofnunin starfar í þremur deildum, áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild. Framkvæmdastofnun ríkisins heyrir undir ríkisstjórnina.

2. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skal skipuð 7 mönnum, kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Ríkisstjórnin skipar formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu stjórnarmanna. Formaður stjórnarinnar boðar hana til fundar. Á fundinum ræður afl atkvæða. Ríkisstjórnin ákveður þóknun stjórnarinnar.

3. gr.

Verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar eru m. a. þessi:

- 1) að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ráðningu forstjóra og framkvæmdastjóra deilda;
- 2) að ákveða rekstraráætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn;
- 3) að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn og skera úr um, hver áætlunarverkefni skuli sitja fyrir. Starfsáætlun skal endurskoða á árinu, eftir því sem þurfa þykir;
- 4) að fjalla um og samþykkja allar áætlanir, sem stofnunin gerir, áður en þær eru sendar ríkisstjórninni, sbr. 9. gr., svo og skýrslur stofnunarinnar um framkvæmd áætlana;
- 5) að fara með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands, sbr. V. kafla laga þessara;
- 6) að fara með stjórn Bygðasjóðs, sbr. VI. kafla laga þessara.

4. gr.

Samkvæmt tillögum stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstjórnin forstjóra, er annast daglega stjórn stofnunarinnar. Á sama hátt skipar ríkis-

stjórnin framkvæmdastjóra áætlanadeildar, byggðadeildar og lánadeildar. Ráðning forstjóra og framkvæmdastjóra miðast við 12 mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör forstjóra, framkvæmdastjóra deilda og annarra starfsmanna.

5. gr.

Verkefni forstjóra eru m. a.:

- 1) að gera tillögur til stjórnarinnar um allar áætlanir, sem gerðar eru á vegum stofnunarinnar;
- 2) að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð, svo og um einstakar lánveitingar úr þeim;
- 3) að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra deilda, sbr. þó 3. gr. 1. tl.

II. KAFLI

Áætlanadeild.

6. gr.

Áætlanadeild gerir áætlanir um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreina og um heildarþróun atvinnulífsins.

7. gr.

Deildin gerir áætlanir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir.

8. gr.

Við gerð atvinnumálaáætlana skal stofnunin hafa nán samráð við aðila vinnu- markaðarins. Einnig skal haft samráð við samtök og stofnanir atvinnuveganna, eftir því sem við á, varðandi verkaskiptingu í áætlanagerð.

9. gr.

Áætlanir skulu sendar ríkisstjórninni, og gerir hún Alþingi grein fyrir þeim. Ríkisstjórnin skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Framkvæmdastofnunin fylgist með framkvæmd þeirra áætlana, sem stofnunin hefur annast, í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda. Áætlanir til lengri tíma en eins árs skal stofnunin endurskoða, eftir því sem tilefni gefast.

III. KAFLI

Byggðadeild.

10. gr.

Byggðadeild gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins.

Deildin fjallar um áhrif opinberra aðgerða á byggðaðróun og gerir tillögur til úrbóta, ef þörf þykir.

Byggðadeild skal í störfum sínum hafa nána samvinnu við áætlanadeild og lánadeild.

IV. KAFLI**Lánadeild.****11. gr.**

Lánadeild hefur með höndum starfrækslu Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs, sbr. ákvæði V. og VI. kafla þessara laga.

Deildin semur árlega áætlun um fjáröflun og útlán Framkvæmdasjóðs Íslands og vinnur í samvinnu við aðrar stofnanir að því að samræma áætlun þessa lánsfjár-áætlun ríkisstjórnarinnar.

Deildin fylgist með fjárhag opinberra fjárfestingarsjóða og vinnur að því að samræma lánakjör þeirra og skipuleggja fjáröflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þess, sem forgang þarf að hafa samkvæmt áætlun stofnunarinnar.

Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda.

12. gr.

Lánadeildin annast rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja, sem fyrirhugað er að setja á stofn, í samráði við hagdeildir bankanna, og einnig rannsóknir á stöðu starfandi fyrirtækja, sem þarfnast endurskipulagningar og nýrrar fjármögnunar. Um athuganir á tæknilegum forsendum nýrra atvinnugreina skal leita umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins og viðkomandi rannsóknarstofnana.

Lánadeildin getur átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. Lætur hún þá vinna nauðsynleg áætlunar- og undirbúningsstörf og leitar síðan samvinnu við aðra aðila um að koma fyrirtækinu á fót.

13. gr.

Lánadeildin tekur við umsóknum um lán úr Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði og annast athugun þeirra. Áður en lánveiting er samþykkt, beitir lánadeild sér fyrir að tryggja það með samningum við aðra fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, að nægileg stofnlán fái til framkvæmdarinnar og að eðlileg rekstrarfyrirgreiðsla fái til hjá viðskiptabanka.

Nú verður ákveðið með viðeigandi breytingum á lögum um aðra opinbera stofnlánasjóði að fela Framkvæmdastofnun ríkisins umsjá þeirra, og skulu þeir þá starfræktir í lánadeild með sérstöku reikningshaldi.

14. gr.

Framkvæmdastofnunin skal hafa náð samstarf við stofnlánasjóði og viðskiptabanka í því skyni að samræma sjónarmið þessara aðila og aðgerðir til eflingar íslensku efnahags- og atvinnulífi.

15. gr.

Lánadeildin hefur vörslu og bókhald þeirra sjóða, sem á hverjum tíma eru í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins, og afgreiðslu lánsfjár og innheimtu.

Handbært fé Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs skal geymt á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands. Þó er heimilt að geyma fé á viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði ef sérstaklega stendur á.

Árlega skal birta skrá yfir lánveitingar Framkvæmdastofnunarinnar.

16. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skal leita eftir samningum við stjórnir Iðnþróunarsjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs, lífeyrissjóða og tryggingarfélagaga um samvinnu þessara sjóða og félaga við stofnunina varðandi lánveitingar.

V. KAFLI

Um Framkvæmdasjóð Íslands.

17. gr.

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland), sem stofnaður var með lögum nr. 66 13. maí 1966, er eign ríkisins. Tekur Framkvæmdastofnun ríkisins við stjórn hans, sbr. 5. tl. 3. gr., svo og umsjá allri og rekstri.

18. gr.

Mótvirðisfé í vörslu sjóðsins skal, ásamt vöxtum af því, lána að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til annarrar starfsemi Framkvæmdasjóðs. Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin á efnahagsreikningi Framkvæmdasjóðs.

19. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs er að beina fjármagni til aðkallandi framkvæmda, sem æskilegar eru taldar fyrir þjóðarþúíð að dómi stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar og eru í samræmi við þau markmið, sem felast í áætlunum hennar.

Þessu hlutverki gegnir sjóðurinn með því:

- 1) að veita fé til þeirra fjárfestingarsjóða, sem veita lán til einstakra framkvæmda, enda sé því fé varið til lána, sem eru í samræmi við fjárfestingaráætlanir stofnunarinnar;
- 2) að veita lán til einstakra framkvæmda, þegar stjórn stofnunarinnar þykir sérstaka nauðsyn hera til þess og
- 3) að veita lán til meiri háttar opinberra framkvæmda.

20. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins tekur ákvarðanir um lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands og ráðstöfun fjármuna hans.

Hún tekur ákvarðanir um heildaráætlun, er gera skal árlega um ráðstöfunarfé sjóðsins, bæði eigið fé og lánsfé, og heildarútlán hans og skiptingu þeirra milli fjárfestingarlánastofnana og einstakra framkvæmda. Heimilt er henni að setja lána- stofnunum skilyrði um notkun þess lánsfjár, er þær fá úr síððnum.

Hún tekur enn fremur ákvarðanir um vexti og önnur útlánakjör Framkvæmdasjóðs að fengnu samþykki ríkisstjórnar og úrskurðar reikninga sjóðsins og tekur ákvörðun um afskriftir af kröfum sjóðsins.

21. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs Íslands.

22. gr.

Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og endurlánar það innanlands, og skal þá svo um samið við lántakanda, að hann beri halla eða nióti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenskum krónum við slíkar breytingar.

23. gr.

Heimilt er stjórn Framkvæmdastofnunarinnar að veita fé til rannsóknna á nýjungum í atvinnulífi. Um slíkar styrkveitingar skal leita umsagnar viðkomandi rannsóknarstofnana eða Rannsóknaráðs ríkisins, eftir því sem við á. Einnig má verja

fé til undirbúnings nýrra fyrirtækja, sem stofnunin hyggst beita sér fyrir samkvæmt síðari málsgrein 12. gr.

24. gr.

Framkvæmdasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana, með sama hætti og ríkisbankar.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Framkvæmdasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal Framkvæmdasjóði gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæla eða láta mæla við uppboðið.

VI. KAFLI

Um Byggðasjóð.

25. gr.

Byggðasjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og lýtur sömu stjórn, sbr. 3. gr.

26. gr.

Byggðasjóður tekur við stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs, skv. lögum nr. 69/1966, greiddu og ógreiddu, og öðrum eignum hans og skuldbindingum eins og þær eru 1. janúar 1972.

27. gr.

Tekjur Byggðasjóðs eru:

- 1) Eignir Atvinnujöfnunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 69/1966.
- 2) Framlag úr ríkissjóði, þannig að árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins verði eigi lægra en sem svarar 2% af útgjöldum fjárlaga.
- 3) Vaxtatekjur.

28. gr.

Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 10. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.

29. gr.

Heimilt er Byggðasjóði að veita vaxtalaus bráðabirgðalán til allt að tveggja ára til framkvæmda, sem greiðast eiga af opinberu framlagi, sem tryggt hefur verið. Þá er og heimilt að veita óafturkræf framlög, ef sérstaklega stendur á.

30. gr.

Stjórn Byggðasjóðs er heimilt að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga af fé sjóðsins sem svarar árslaunum starfsmanns, að því tilskildu, að hann vinni að undirbúningi og gerð áætlana fyrir viðkomandi landshluta í samvinnu við áætlana-deild, enda sé árlega skilað skýrslu til Framkvæmdastofnunarinnar um þá starfsemi.

31. gr.

Framkvæmdastofnunin gerir árlegar áætlanir um heildarútlán Byggðasjóðs á komandi ári og gerir frumvarp að slíkri áætlun á grundvelli landshlutaáætlana og leggur fyrir stjórnina. Þá tekur stjórnin einnig ákvörðun um einstakar lánveitingar og kveður á um tryggingu fyrir láni, vexti og afborgunarskilmála hverju sinni.

Stjórn Byggðasjóðs skal hafa samráð við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, eftir því sem við verður komið.

32. gr.

Framkvæmdastofnuninni er heimilt að afla Byggðasjóði lánsfjár allt að 600 milljónum króna á ári næstu fimm árin eftir gildistöku þessara laga, gegn ábyrgð ríkissjóðs.

33. gr.

Ákvæði 24. gr. ná einnig til Byggðasjóðs.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að veita Framkvæmdastofnuninni allar upplýsingar, er hún þarf á að halda vegna skýrslugerða sinna og annarra starfa. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið.

Um upplýsingasöfnun skal stofnunin hafa samráð við Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

35. gr.

Framkvæmdasjóður, Byggðasjóður og sérstakir sjóðir, sem stofnuninni kann að verða falin umsjá með, greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar eftir nánari reglum og samkvæmt þeim hlutföllum, sem ríkisstjórnin ákveður.

36. gr.

Sameinað Alþingi kys tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Framkvæmdastofnunar ríkisins, svo og þeirra sjóða, sem eru í umsjá hennar.

Ársreikningar sjóðanna skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn Framkvæmdastofnunarinnar til staðfestingar.

37. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins annast úrlausn þeirra verkefna, sem í öðrum lögum eru falin Efnahagsstofnuninni og Þjóðhagsstofnun eru ekki falin.

Nánari ákvæði um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

38. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 66/1966 og lög nr. 69/1966, svo og önnur lög og lagaákvæði, sem brjóta kunna í bága við þessi lög.

Gjört í Reykjavík 29. júní 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um kaup og kjör sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess að ákveða með lögum kaup og kjör sjómanna um land allt á tímabilinu frá 16. febrúar 1976 til 15. maí 1977, en kjör sjómanna á togurum yfir 500 br. lestir til 1. janúar 1977. Langvarandi óvissa hefur skapað í kjaramálum sjómanna þar sem einstök félög og landssambönd hafa fellt samninga, sem samninganefndir sjómanna hafa undirritað eða skuldbundið sig til þess að undirrita og einnig eru dæmi þess að sjómannafélög hafi ekki átt aðild að samninganefndum, sem unnu að gerð þessara samninga. Nokkur félög hafa samþykkt samningana en sum þeirra sem felldu þá hafa staðið í málaferlum út af gildi þeirra. Til þess að eyða þessari óvissu og samræma kjör sjómanna, ber brýna nauðsyn til að lögbinda þessa samninga, þannig að þeir ákveði kaup og kjör sjómanna um land allt, enda eru samningar þessir gerðir í beinu framhaldi þeirra breytinga, sem gerðar voru á síðakerfi sjávarútvegsins með lögum nr. 4 12. febrúar 1976 um Stofnfjársljóð fiskiskipa og nr. 5 12. febrúar 1976 um útlutningsgjald af sjávarafurðum, en með síðakerfishreytingunni var gert ráð fyrir því, að samningar af þessu tagi yrðu gerðir.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Samningar þeir, sem samninganefndir sjómanna og útvegsmanna undirrituðu 29. febrúar 1976, 1. og 27. mars 1976, 14. maí 1976 og 28. júlí 1976 og prentaðir eru á fylgiskjölum I.—X. með lögum þessum skulu gilda um kaup og kjör sjómanna um land allt eftir því sem við á fyrir hvert félag sem aðild átti að heim og fyrir það tímabil, sem samningarnir kveða á um. Fyrir þau félög sjómanna, sem ekki áttu neina aðild að samningum þessum skulu þeir einnig ákveða kaup og kjör, eftir því sem við getur átt og með heim hætti, sem tíðkast hefur. Samningurinn frá 28. júlí 1976 skal einnig gilda eftir því sem við á fyrir þau félög sjómanna, sem ekki áttu aðild að honum.

2. gr.

Verkhönn og verkföll, þar á meðal samúðarverkföll, eða aðrar aðgerðir í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða eru óheimil, sbr. 17. gr. laga nr. 88 frá 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þó er samningsaðilum sbr. 1. grein heimilt að koma sér saman um breytingar á þar greindum samningum, en eigi má knýja þær breytingar fram með vinnustöðvun.

3. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en falla að fullu og öllu úr gildi 15. maí 1977.

Gjört að Bessastöðum 6. september 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Fylgiskjal I.

SAMKOMULAG
um breytingar á
VERTÍÐARSAMNINGI
milli

Sjómannasambands Íslands f.h. Sjómannafélags Reykjavíkur, Sjómannafélags Hafnarfjarðar, Verkalýðsfélag Skagastrandar, Skagaströnd, Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum, Verkalýðsfélags Hveragerðis vegna Þorlákshafnar, Sjómanna- og vélstjóradeildar verkalýðsfélags Grindavíkur, Vélstjórafélags Suðurnesja, Sjómannadeildar Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps, Verkalýðs- og sjómannafélags Gerðahrepps, Sjómanna- og vélstjóradeildar Verkalýðsfélags Akraness, Sjómannadeildar Verkalýðsfélagsins Aftur-elding, Hellissandi, Verkalýðsfélagsins Jökuls, Ólafsvík, Verkalýðsfélagsins Stjórn-unnar, Grundarfirði, Verkalýðsfélags Stykkishólms, Verkamannafélagsins Ársæls, Hofsósi, Verkamannafélagsins Fram, Sauðárkróki, Verkalýðsfélagsins Vöku, Siglu- firði, Sjómannafél. Eyjafjarðar og Matsveinafél. S.S.Í. annars vegar og hins vegar Landssambands ísl. útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegs- mannafél. Hafnarfjarðar, Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafél. Suðurnesja, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegs- mannafélags Snæfellsness og Útvegsmannafélags Norðurlands.

1. gr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutaskiptaákvæði þau, sem koma skulu í stað fyrri ákvæða samninga.

	Bátar, stærðarflokkar								Minni skutt. 260-500 brl.
	12-20 brl.	21-30 brl.	31-50 brl.	51-110 brl.	111-200 brl.	201-300 brl.	301-500 brl.	501 brl. og yfir	
1. Lína:									
	Grunnprósenta	38,0	32,0	29,5	28,5	28,2	27,5	27,5	.
	Áhafnarstærð	7	8	10	11	11	11	11	.
2. Net:									
	Grunnprósenta	38,0	32,0	29,5	28,5	28,2	27,5	27,5	.
	Áhafnarstærð	7	8	10	11	12	12	12	.
3. Botvarpa:									
	Grunnprósenta	30,0	30,0	30,0	29,5	29,0	28,5	28,0	28,3
	Áhafnarstærð	6	6	6	8	12	14	14	15
4. Dragnót:									
	Grunnprósenta	32,5	32,5	32,5	32,5
	Áhafnarstærð	7	7	7	7
5. Þorsknót:									
	Grunnprósenta	34,0	34,0	34,0	33,0
	Áhafnarstærð	5	6	7	10
6. Spæringsvarpa:									
	Grunnprósenta	.	.	30,0	29,0	28,0	27,5	27,5	.
	Áhafnarstærð	.	.	6	6	7	9	10	12
7. Líðuveiðar:									
	Grunnprósenta	33,0	33,0	33,0	32,0	31,5	31,5	31,0	.
	Áhafnarstærð	5	5	6	9	12	12	12	.
8. Grálúðveiðar:									
	Grunnprósenta	.	.	.	28,5	28,5	28,0	27,5	.
	Áhafnarstærð	.	.	.	13	13	13	13	.
9. Rækjuvarpa:									
	Grunnprósenta	31,0	31,0	31,0	30,0	28,5	28,0	.	.
	Áhafnarstærð	4	4	4	6	7	8	.	.
10. Hörpudiskur:									
	Grunnprósenta	35,0	35,0	35,0	35,0
	Áhafnarstærð	6	6	6	6
11. Humarvarpa:									
	Grunnprósenta	33,0	33,0	32,5	31,5	30,5	30,5	.	.
	Áhafnarstærð	6	6	6	6	6	6	.	.
12. Síld- og loðnuv. m/hringnót									
	Grunnprósenta	31,5	31,5	31,5	30,0	29,3	29,1	29,0	Síldv. Loðnuv.
	Áhafnarstærð	6	6	6	10	12	14	14	28,2
13. Loðnu-, kohluna- og síldv. m/flotvörpu									
	Grunnprósenta	.	.	.	29,5	29,0	29,0	29,0	28,5
	Áhafnarstærð	.	.	.	8	10	14	14	15
14. Reknetti¹⁾									
	Grunnprósenta	.	.	34,0	33,0	32,0	31,5	31,0	.
	Áhafnarstærð	.	.	8	9	10	10	10	.

1) Þegar allinn er verkaður um borð, er heimilt að hafa tveimur fleiri en hér greinir án þess að grunnprósenta breytist.

2. gr.

Í stað 2% í II-lið 2. og 3. gr. samningsins komi 1.8%.

3. gr.

Í stað 1.5% í 2. mgr. 5. gr. samningsins komi 1.3%.

4. gr.

- a) 6. gr. samningsins breytist og verður: þegar spærtingur er veiddur í vörpu.
b) Í stað 2% í 2. mgr. komi 1.4%.

5. gr.

Í stað 2% í 2. mgr. 8. gr. samningsins komi 1.8%.

6. gr.

Í stað 2% í 3. mgr. 9. gr. samningsins komi 1.8%.

7. gr.

Í stað 2% í 2. mgr. 12. gr. samningsins komi 1.7%.

8. gr.

Ný grein, er verði 13. gr.

„Aldrei skal skipta í fleiri staði, en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

Forfallist skráður skipverji, skal kauptrygging hans skiptast milli þeirra manna, sem þann róður fara.“

9. gr.

Aftan við 13. gr. síðustu samninga komi eftirfarandi ný grein:

„Komi fram nýjar veiði- eða verkunaraðferðir eða um verði að ræða breytningar á gildandi veiði- eða verkunaraðferðum, er horfa til verksparnaðar og hagræðingar, þá skulu samningsaðilar gera um það sérstakan samning, þ.á.m. um mannfjölda og skiptaprósentu, án uppsagnar á þessum samningi. Verði farið á fjarlægari mið, en 1000 sjómílna veg frá Íslandi, skal semja um það sérstaklega. Aðilar eru sammála um að gera innan tveggja mánaða sérstakt samkomulag um þetta efni. Í því verði m. a. ákveðin kaupgreiðsla til áhafnar á siglingatíma til og frá miðum, þegar lengra er farið til veiða en 1000 sjómílnur frá Íslandi.“

10. gr.

13. gr. samningsins breytist og verður 14. gr.

Í stað „kr. 5 135.00“ í 1. mgr. komi „kr. 6 450.00.“

11. gr.

16. gr. er verði 17. gr. orðist svo:

- a) I. vélstjóri skal hafa $1\frac{1}{2}$ hásetahlut
b) II. vélstjóri skal hafa $1\frac{1}{4}$ hásetahlut
c) III. vélstjóri skal hafa $1\frac{1}{8}$ hásetahlut
d) Netamaður á togbát skal hafa $1\frac{1}{4}$ hásetahlut
e) Netamaður á skuttogara skal hafa $1\frac{1}{8}$ hásetahlut.
f) Bátismaður skal hafa $1\frac{1}{8}$ hásetahlut
g) Matsveinn skal hafa $1\frac{1}{4}$ hásetahlut

f) liður er verði m) liður orðist svo:

„Verði sjóttjón eða vélabilun meðan á veiðitímabilinu stendur, og þurfi vélstjórar að vinna við skipið, skal þeim greitt eftir að þeir hafa unnið í samtals 8 klst. við viðgerð kr. 490.00 (grunnlaun) pr. klst. Þó hálfu skemmri tíma á landróðrabátum.“

12. gr.

16. gr. breytist og verður 17. gr.

f) liður verður kr. 12 680.00.

g) liður verður kr. 102.00.

h) liður breytist þannig, að í stað kr. 4 674.00 komi kr. 5 980.00.

j) liður breytist þannig, að í stað kr. 2 400.00 komi kr. 3 020.00.

k) liður breytist þannig, að í stað kr. 385.00 komi kr. 500.00.

13. gr.

17. gr. vertíðarsamningsins verði 18. gr. og orðist svo:

„Á skipum þeim, sem samningur þessi tekur til og stunda þær veiðar sem um getur, skal vera lögskráður matsveinn. Hann skal hafa $1\frac{1}{4}$ hásetahlut fyrir störf sín sem matsveinn, enda skal hann hafa tiltækan mat, sem skipverjar hafa aðgang að þegar skipið er í heimahöfn.“

Matsveinn skal á sama hátt og öðrum skipverjum tryggt helgarfrí. Einnig skal hann hafa hafnarfrí, þegar afla er landað úr útilegubátum, nema þegar skipshöfnin landar sjálf, enda fái hann sömu greiðslu, eins og aðrir skipverjar.

Matsveini ber að halda hreinni íbúð skipstjóra, matsal og eldhúsi.

Allir fæðisreikningar skulu vera viðurkenndir af matsveini.“

14. gr.

18. gr. vertíðarsamningsins verði 19. gr. og orðist svo:

Um lágmarkskaup og vinnu skipverja:

Útgerðarmaður skal tryggja skipverjum lágmarkskaup fyrir hvern mánuð (30 daga) af lögskráningartímanum, sem hér segir:

a) Hásetum	kr. 84 320
b) I. vélstjóra	— 114 800
c) II. vélstjóra	— 99 560
d) III. vélstjóra	— 99 560
e) Matsveini	— 99 560
f) Netamanni	— 99 560
g) Bátsmanni	— 99 560

Skipverji hefur rétt til að fá kauptryggingu greidda vikulega, að frádregnum fæðiskostnaði að þeim hluta, sem skipverja ber að greiða sjálfur, sbr. samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

15. gr.

Ný grein er verði 20. gr. er orðist svo:

Um sérstök aflalaun:

Nái hlutur hálfri kauptryggingu (að meðtöldum fatapeningum sbr. h. lið 16. gr.) skal greiða sérstök aflalaun til þeirra skipverja, sem eru samfelld í skiprúmi allt tryggingartímabilið. Aflalaun þessi skulu nema 25% af þeirri fjárhæð, sem hluturinn fer fram úr hálfri kauptryggingu (að meðtöldum fatapeningum).

Kauptrygging og sérstök aflalaun skulu ráða kaupi skipverja þar til hluturinn er orðinn hærri en nemur samtölu kauptryggingar og sérstakra aflaverðlauna skv. þessari grein.

16. gr.

19. gr. vertiðarsamningsins verði 21. gr. og orðast svo:

Um tryggingartímabil og uppsagnarfresti skipverja:

Á öllum veiðum samkvæmt samningum þessum skulu kauptryggingartímabil vera þessi:

- a) Frá 1. janúar—15. maí.
- b) Frá 16. maí—15. september.
- c) Frá 16. september—31. desember.

Heimilt er að skipta um veiðarfæri innan þessara tryggingatímabila, án þess að nýtt tryggingatímabil hefjist.

Nýtt kauptryggingartímabil tekur þó gildi í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar skipt er af sildveiðum yfir á aðrar veiðar.
2. Þegar loðnuveiðiskip fer til veiða á fjarlæg mið.
3. Þegar skip hefur stöðvast lengur en í 14 daga, af öðrum ástæðum en þeim, að veður hamli veiðum.
4. Línuveiðar, rækjuveiðar og hörpudiskaveiðar teljast sérstakt kauptryggingartímabil. Uppgjör skal þó miðast við hin almennu kauptryggingartímabil.

Uppsagnarfrestur undirmanna skal vera 7 dagar, en vélstjóra 3 mánuðir.

Heimilt er, að ráðningartími skipshafnar sé ákveðinn í byrjun vertiðar í samræmi við ofangreind tryggingartímabil.

Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi, hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skipverjans úr skiprúmi.

Stöðvist skip af öðrum ástæðum en þeim, að veður hamli veiðum, skal greiða viðkomandi skipverjum skv. 1. mgr. 22. gr. fyrir þá daga, sem eru umfram 14, miðað við 40 stunda vinnuviku, enda hafi ráðningu eigi verið slitið.

Greiðsla þessi kemur til viðbótar við aflahlut, ef um hann er að ræða á viðkomandi kauptryggingartímabili, en fellur niður, ef aflahlutur nær ekki kauptryggingu.

Sé skip á veiðum, þegar nýtt kauptryggingartímabil hefst, skal afli þeirrar veiðiferðar skiptast á milli tímabila á þann hátt, að afla skal skipta jafnt á hvern dag frá því skipið fer á veiðar, og þar til það kemur úr veiðiferð á ný.

17. gr.

Við 19. gr., er verði 22. gr. bætist nýr liður g) liður.

„Ákvæði E og F liða 19. gr. skulu einnig taka til útilegu- og togbáta undir 160 rúml.“

18. gr.

3. mgr. 23. gr. orðist svo:

„Sé siglt með afla til sölu erlendis, skal söluverð aflans að frádregnum, 20% vegna útflutningsgjalda o. s. frv.“

19. gr.

Við 20. gr. bætist ný mgr. er verði 6. mgr. 23. gr.

„Komi til verkfalls sjómanna, er samningur þessi tekur til, heimilast skipum þeim, er verkfallið nær til, að ljúka veiðiferð þeirri, er þau voru komin í, þegar verkfallið hófst, þar með talin löndun, og telst þar með söluferð á erlendan markað. Hins vegar skuldbinda útgerðarmenn sig til að láta skipin koma heim og hætta að lokinni veiðiferðinni, ef verkfalli er ekki lokið.“

Sé ekki staðið við þá skuldbindingu, eru skipverjar ekki skyldir að framkvæma neina vinnu í þágu útgerðarinnar, nema því einu að sigla skipinu heim.

20. gr.

8. mgr. 22. gr. breytist þannig og verði 8. mgr. 25. gr.

Um útbúnað skips og veiðarfæra á skuttogurum:

„Þegar skipverji er kvaddur til skips, skal miðað við það að skip sé ferðbúið og sjóklárt á þeim tíma, þegar skipverjar koma um borð þ. e. þilfar hreint, matvælum og veiðarfærum komið fyrir í skipinu. Veiðarfærum í veiðarfærageymslu.

Öll stykki í trollinu skulu koma um borð bolsuð og tilsniðin til ísetningar. Belgir og pokar samanleystir með hlíf og kolllínnumöskvum. Höfuðlínur og fiskilínur skulu koma splæstar og vafðar. Fótreypi grandarar og belgsnörlur skulu koma splæstar um borð. Séu teknir nýjrir vírar skulu þeir koma merktir og niðurraktir, og skulu skipverjar koma þeim fyrir á tromlurnar eftir að hafnarfrí er lokið“.

21. gr.

22. gr. breytist svo og verði 25. gr.

Í stað „kr. 275.00 í 1. mgr. komi kr. 348.00“.

Í stað „kr. 385.00 í 3. mgr. komi kr. 490.00“.

22. gr.

2. mgr. 23. gr. „Um löndunarfrí“ breytist þannig og verði 26. gr.

Í stað „kr. 650.00 komi kr. 820.00“.

23. gr.

Við 23. gr. bætist ný mgr., er verði 7. mgr. 26. gr., um hafnarfrí.

„Á skuttogurum skal skipverjum tryggt þriggja sólarhringa hafnarfrí yfir jólahelgina, sé skipið á veiðum fyrir heimamarkað“.

24. gr.

Við 23. gr. bætist ný mgr., er verði 10. mgr. 26. gr.

„Þegar hafnarfrí eru gefin, skal gilda sú aðalregla, að útgerðarmaður sjái um, að vélstjórar þurfi ekki að hafa eftirlit með skipi.

Þurfi vélstjórar að hafa eftirlit með skipi, skal þeim greitt kaup skv. launaskrá samnings þessa.

Auk þess skal útgerðarmaður sjá vélstjóra fyrir fari, ef hann þarf að fara á milli byggðarlaga í eftirlitsferðir.“

25. gr.

6. mgr. 27. gr. breytist þannig og verði 6. mgr. 30. gr.

„Sé skipverji óvinnufær að dómi læknis, og eigi útgerðin að lögum að greiða sjúkrakostnað hans og fæði, skal útgerðin greiða honum kr. 500.00 á dag.“

26. gr.

1. mgr. 32. gr. breytist svo, og verði 1. mgr. 35. gr.

Í stað 0.25% komi 0.4%.

27. gr.

33. gr. breytist svo, og verði 36. gr.

Í stað kr. 3 000.00 komi kr. 25 000.00.

28. gr.

Ný grein, er verði 37. gr.

„Nú fær skip í veiðarfæri verðmæti annað en fisk, sem er að verðmæti meira en 100 þúsund krónur í veiðiferð þá skulu björgunarlaun eða annað andvirði fengsins, ef um er að ræða, koma til skipta sankvæmt hlutaskiptareglum.

Ákvæði þetta á ekki við um eigin veiðarfæri.

Finnist eigandi að slíku verðmæti, skal því skilað án þess að krafist sé björgunarlauna.“

29. gr.

Ný grein, er verði 38. gr., og komi í stað síðari málsliðar 3. mgr. 36. gr.

Um endurskoðun frádráttarprósentu:

Ef tollar af ífiski erlendis lækka almennt, svo að verulega muni á samnings-tímabilinu, t. d. vegna milliríkjasamninga, skal frádráttarprósenta við sölur erlendis lækka sem tollalækkun nemur.

30. gr.

33. gr. er verði 35. gr. orðist svo:

Samningur þessi gildir frá 16. febrúar 1976 til 15. maí 1977. Samningurinn er uppsagjanlegur með 2ja mánaða fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp framlengist hann um eitt ár í senn með sama uppsagnarfresti.

Þótt samningur þessi sé gerður og undirritaður sameiginlega fyrir framangreind félög, skal hvert félag fyrir sig teljast sérstakur samningsaðili, og þá einnig varðandi uppsögn.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslensku krónunnar er samningur þessi uppsagjanlegur með eins mánaðar uppsagnarfresti innan tveggja mánaða frá því gengisbreyting tekur gildi.

S A M K O M U L A G**um breytingar á****SÍLDAR- OG LOÐNUSAMNINGI****milli****sömu aðila og að framan greinir.**

1. gr.

g) liður 2. gr. fellur niður.

2. gr.

Ný grein, er verður 4. gr.

Um skiptakjör á reknetaveiðum.

Helgarfri skal vera á reknetaveiðum,

Á reknetum skal síldin vegin upp úr bát.

Þegar aflinn er verkaður um borð, er heimilt að hafa tveimur fleiri en fyrr greinir, án þess að grunnprósentan breytist.

Aldrei skal skipta í fleiri staði, en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

3. gr.

Í stað 2% í 3. mgr. 3. gr. samningsins komi 1.7%.

4. gr.

5. gr. verði 6. gr. samningsins og verður eftirfarandi:

d) liður breytist þannig, að í stað kr. 4 674.00 komi kr. 5 980.00.

e) liður breytist þannig, að í stað kr. 2 400.00 komi kr. 3 020.00.

f) liður breytist þannig, að í stað kr. 385.00 komi kr. 500.00.

5. gr.

6. gr. verði 7. gr. og orðist svo:

„Á skipum þeim, sem þessi samningur tekur til og stunda þær veiðar, sem um getur, skal vera lögskráður matsveinn. Hann skal hafa 1¼ hásetahlut fyrir

störf sín sem matsveinn, enda beri honum að matreiða í höfn, ef skipverjar eru umborð, þó ekki í heimahöfn, nema skipverjar séu við vinnu um borð.

Matsveini ber að halda hreinum matsal og eldhúsi og íbúð skipstjóra. Allir fæðisreikningar skulu vera viðurkenndir af matsveini.“

3. mgr. breytist þannig, að í stað kr. 2 000.00 komi kr. 2 700.00.

6. gr.

7. gr. verði 8. gr. og orðist svo:

„Útgerðarmaður skal tryggja skipverjum lágmarkskaup fyrir hvern mánuð (30 daga) af ráðningartímanum, sem hér segir:

a) Hásetum	kr. 84 320.00
b) Matsveini	— 99 560.00
c) III. vélstjóra	— 99 560.00
d) II. vélstjóra	— 99 560.00
e) I. vélstjóra	— 114 800.00“

7. gr.

3. mgr. 9. gr. verði 3. mgr. 10. gr. og orðist svo:

„Þegar fyrir liggur ákveðin veiðiheimild til síldveiða í Norðursjó 1976 skal semja sérstaklega um frádráttarprósentu frá söluverði við síldarsölur erlendis.“

8. gr.

11. gr. sammingsins breytist og verður 12. gr.

Í stað kr. 275.00 komi kr. 348.00 og í stað kr. 400.00 komi kr. 486.00.

9. gr.

16. gr. breytist og verður 17. gr.

5. mgr. breytist þannig, að kr. 1 668.00 verði kr. 2 100.00.

6. mgr. sömu greinar breytist og verði:

„Sé skipverji óvinnufær að dómi læknis, og eigi útgerðin að greiða sjúkra-kostnað hans og fæði, skal útgerðin greiða honum kr. 500.00 pr. dag.“

10. gr.

1. mgr. 17. gr. breytist og verði 1. mgr. 18. gr.

„Í stað 0.25% komi 0.4%“.

11. gr.

25. gr. breytist svo og verði 26. gr.

„Í stað kr. 3 000.00 komi kr. 25 000.00“.

11. gr. a.

Við 13. gr. bætist ný málsgrein.

„Eftir að löndun síldar af heimamiðum lýkur skulu skipverjar hafa 12 stunda frí, þó 24 stunda, þegar landað er í heimahöfn“.

12. gr.

Ný grein, er verði 29. gr. og komi í stað síðari málsliðar 2. mgr. 28. gr.

Um endurskoðun frádráttarprósentu:

„Ef tollar af ífiski erlendis lækka almennt, svo að verulega muni á sammings-tímabilinu, t.d. vegna millirikjasamninga, skal frádráttarprósentu við sölu erlendis lækka sem tollalækkun nemur.“

Þegar skip selur afla til bræðslu erlendis skal aðeins stofnfjársljóðsgjald koma til frádráttar áður en til skipta kemur.“

13. gr.

28. gr. breytist svo og verði 29. gr.

Samningur þessi gildir frá 16. febrúar 1976 til 15. maí 1977.

Samningurinn er uppsegjanlegur með 2ja mánaða fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp framlengist hann um eitt ár í senn með sama uppsagnarfresti.

Þótt samningur þessi sé gerður og undirritaður sameiginlega fyrir framangreind félög, skal hvert félag fyrir sig teljast sérstakur samningsaðili, og þá einnig varðandi uppsögn.

Sé farið til loðnuveiða í Barentshaf, skal greiða skipverjum kaup skv. flutningasamningi í 5 sólarhringa hvora leið.

Frá kauptryggingartímabilinu dragast þeir dagar, sem flutningakaup er greitt.“

Í viðkomandi greinar um tryggingartímabil komi:

„2. Loðnuveiðar á fjarlægum miðum teljast sérstakt kauptryggingar-tímabil.“

Reykjavík, 14. maí 1976.

F. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,

Kristján Ragnarsson. Óli Guðmundsson. Þorsteinn Jóhannesson.

Ágúst Einarsson. Ingólfur Arnarsson.

F. h. Sjómannasambands Íslands.

Hilmar Jónsson. Guðni M. Jónsson. Skúli Einarsson.

Kjartan Kristófersson. Marteinn Sigurðsson. Tryggvi Helgason.

Óskar Vigfússon.

F. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Ingólfur Sig. Ingólfsson.

Fylgiskjal X.

SAMKOMULAG

um breytingar á kjarasamningum eftirtaldrá aðila,
er undirritaðir voru hinn 1. mars 1976, ásamt viðauka, dags. 14. maí s.l.,
er gildi að öðru leyti óbreyttir

milli

Sjómannasambands Íslands f.h. Sjómannafélags Reykjavíkur, Sjómanna- og vélstjóradeildar Verkalýðsfélags Akraness, Sjómannadeildar Verkalýðsfélagsins Aftur-elding, Hellissandi, Verkalýðsfélagsins Jökuls, Ólafsvík, Verkalýðsfélagsins Stjórnunnar, Grundarfirði, Verkalýðsfélags Stykkishólms, Verkalýðsfélags Skagastrandar, Verkamannafélagsins Fram, Sauðárkróki, Verkamannafélagsins Farsæll, Hofsósi, Verkalýðsfélagsins Vöku, Siglufirði, Sjómannafélags Eyjafjarðar, Verkalýðsfélagsins Jökuls, Höfn, Hornafirði, Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum, Verkalýðsfélags Hveragerðis vegna Þorlákshafnar, Sjómanna- og vélstjóradeildar verkalýðsfélags Grindavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélags Gerðahrepps, Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps, Sjómannadeildar Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, Vélstjórafélags Suðurnesja, Sjómannafélags Hafnarfjarðar og Matsveinafélags S.S.Í. annars vegar og hins vegar Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Norðurlands, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs, vegna útvegsmanna á Hornafirði, Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafélags Suðurnesja og Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar.

VERTÍÐARSAMNINGUR.

I. Hlutaskiptaákvæði.

Netaveiðar á skipum 301—500 rúml. 28.0% miðað við 12 menn.
Botnvörpuveiðar á skipum 301—500 rúml. 28.5% miðað við 14 menn.
Veiðar á minni skuttogurum 260—500 rúml. 28.8% miðað við 15 menn. 29.7% miðað við 16 menn.
Breytingar þessar skulu gilda frá 16. maí 1976.

II. Frádráttarprósenta við ísfisksölur erlendis.

3. mgr. 24. gr. breytist þannig, að í stað 20% komi 13%.

Breyting þessi skal gilda frá undirskriftardegi samnings þessa, og miðast við að „bókun 6“ sé í gildi. Falli bókun 6 úr gildi á samningstímanum, skulu samningsaðilar koma sér saman um nýja frádráttarprósentu. Takist það ekki, skal Þjóðhagsstofnunin úrskurða um hana.

FLUTNINGASAMNINGUR

I. Um mánaðarkaup í flutningum.

1. gr. samningsins verði þannig:

Mánaðarkaup skipverja skal vera sem hér segir:

Háseti	kr. 92 120.00
Matsveinn	— 108 200.00
II. vélstjóri	— 108 200.00
I. vélstjóri	— 124 060.00

Framangreint kaup gildir, þegar skip flytur lausan ísvarðan fisk til sölu á erlendan markað.

Í öðrum tilvikum, þegar greitt er samkv. flutningasamningi, skal mánaðarkaup vera kr. 8 180.00 hærra til hvers manns.

Skipverjar hafi fritt fæði.

Breyting þessi skal gilda frá 1. ágúst 1976.

SAMEIGINLEGT ÁKVÆÐI

fyrir vertíðarsamning, síldar- og loðnusamning og flutningasamning.

- I. Um líf- og örorkutryggingu fer samkvæmt lögum nr. 58/1972 og lögum nr. 108/1972, þó með þeirri breytingu að dánarbætur hækki úr 1 milljón kr. í 2 millj. kr. og örorkubætur úr 3 millj. kr. í 6 millj. kr.

Breyting þessi skal gilda frá 15. ágúst 1976.

Reykjavík, 28. júlí 1976.

F.h. Sjómannasambands Íslands vegna framangreindra stéttarféлага sjómanna,
með fyrirvara um samþykki félaganna,

Jón Sigurðsson. Guðjón Jónsson. Jón Kr. Ólsen.
Hilmar Jónsson. Óskar Vigfússon. Karl Steinar Guðnason.
Guðberg Halldórsson.

F.h. Landssambands ísl. útvegsmanna vegna framangreindra útvegsmannaféлага,
með fyrirvara um samþykki einstakra féлага, stjórnar L.Í.Ú. og stjórnar

Vinnuveitendasambands Íslands,
Kristján Ragnarsson. Björn Guðmundsson. Ingólfur Arnarson.
Jónas Haraldsson.

Viðbótarskjal.

SAMKOMULAG

Sjómannasamband Íslands, Alþýðusamband Vestfjarða, Alþýðusamband Austurlands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, fyrir hönd sjómanna, og Landssamband íslenskra útvegsmanna og Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda, fyrir hönd útvegsmanna, gera með sér samkomulag um eftirgreind atriði:

1. Þar sem ríkisstjórnin hefur lýst því yfir, að hún muni beita sér fyrir setningu laga og reglugerða í samræmi við tillögur og ábendingar tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, lýsa aðilar því yfir, að þeir muni gera þá samninga sín á milli, sem nú eru lausir, um kjör sjómanna á grundvelli tillagna og ábendinga, sem fram koma í skýrslu nefndarinnar, dags. 19. janúar 1976.
2. Aðilar lýsa því enn fremur yfir, að þeir munu beita sér fyrir því, að heimildir verði veittar til þess að taka þegar upp samninga á þessum grundvelli um breytingar á þeim kjarasamningum aðila, sem ekki hefur verið sagt upp, með sama hætti og væru þeir lausir.
3. Aðilar þessa samkomulags gera ráð fyrir, að ríkisstjórnin láti fara fram sérstaka athugun á kjörum áhafna og afkomu útgerðar á stærri togurum (þ.e. 500 brl. og yfir) við þessar breytingar. Athugun þessi verði gerð í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna og fulltrúa þeirra byggðarlaga, sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta, með það fyrir augum að tryggja atvinnu sjómanna og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja á þessum stöðum, sbr. og bréf sjávarútvegsráðuneytisins til Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda, dags. 3. júlí 1975.

Reykjavík, 8. febrúar 1976.

F.h. Sjómannasambands Íslands,
Jón Sigurðsson.

F.h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,
Ingólfur Stefánsson.

F.h. Alþýðusambands Austurlands,
Sigfinnur Karlsson.

F.h. Alþýðusambands Vestfjarða,
Pétur Sigurðsson.

F.h. Landssambands ísl. útvegsmanna,
Kristján Ragnarsson.

F.h. Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda,
Ingimar Einarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 18 — 1976

10. september 1976.

299

Nr. 99.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1976.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 10. september 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

22. september 1976.

Nr. 100.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958 með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 21. september 1976 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 7617. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

Felldar eru úr gildi eftirfarandi greinar:

51. gr. b. töluliður 1, 52. gr. töluliður 1 og 85. gr. 4. málsg.

Í stað þeirra kemur ný grein í upphafi V. kafla, 39. gr. a., sem hljóðar svo:

39. gr. a.

Heimspekileg forspjallsvísindi skulu vera hluti af námi allra stúdenta, annarra en þeirra, sem stunda nám í íslensku fyrir erlenda stúdenta, og ber deildum að taka tillit til þess á námsskrám sínum. Er stúdentum skylt að hafa lokið prófi í greininni áður en þeir ganga undir fullnaðarpróf.

Kennslu annast kennarar í heimspeki við heimspekideild, en lúta um þessa grein yfirstjórn háskólaráðs. Námsefni skal svara til allt að þriggja námseininga, sem ekki teljast til fullnaðarprófs, nema deild ákveði. Heimilt er að láta verkefni koma að hluta í stað prófs.

2. gr.

40. gr. V., upphaf 1. málsgr. orðist svo:

Heimilt er að skipta prófi í hverri kennslugrein í prófbætti og meta ritgerðir og frammistöðu í æfingum sem hluta af prófi. Við ákvarðanir þessar skal jafnan haft samráð við kennara í viðkomandi grein. Skal stúdent hljóta tilskilda lágmarks-einkunn, D, í hverjum þætti til að standast próf.

41. gr. VIII., upphaf 1. málsgr. orðist svo:

Í guðfræðideild er heimilt að stunda B. A. nám í kristnum fræðum allt að 60e skv. námskrá er deildarfundur setur.

3. gr.

Við 50. gr. bætist svohljóðandi kafli:

IX. Sérákvæði um kjörsvið í endurskoðun.

Viðskiptadeild skal standa fyrir sérstöku kjörsviði um endurskoðun er komi í framhaldi af fyrirtækjakjarna.

Kennslugreinar í endurskoðunarkjörsviði eru:

- 5.5 Reikningshald IV.
- 5.6 Endurskoðun I.
- 6.7 Endurskoðun II.
- 6.8 Skattaréttur og skattskil II.
- 6.9 Fjármuna- og félagaréttur.
- 7.0 Fjármál ríkisbúskapar.

Endurskoðun II er metin 6 námseiningar. Allar aðrar greinar eru metnar 3 námseiningar. Stúdent, sem velur þetta kjörsvið, er skylt að þreyta próf í öllum ofantöldum námsgreinum og kemur þetta kjörsviðsnám í stað kjörsviðs og frjálsra kjörgreina hjá þeim stúdentum sem velja annað kjörsvið.

Öll ákvæði annarra kafla þessarar greinar reglugerðarinnar gilda um kjörsviðsnám í endurskoðun, eftir því sem við getur átt. Jafnframt skal öllum stúdentum í viðskiptadeild heimilt að velja sér sem frjálsar kjörgreinar þær ofantalinna námsgreina sem ekki eru taldar upp í I. kafla þessarar greinar.

4. gr.

XI. kafli orðist svo:

XI. KAFLI

Félagsvísindadeild.

88. gr.

Hlutverk félagsvísindadeildar er að annast kennslu og rannsóknir á þeim fræðasviðum sem undir hana falla.

89. gr.

1. Stjórn deildarinnar er falin deildarforseta og deildarfundi.
2. Deildarforseti og deildarfulltrúi. Deildarforseti boðar deildarfundi og stýrir þeim en varaforseti í forföllum hans. Deildarforseti hlutast til um framkvæmd á samþykktum deildarfundar. Deildarforseta til aðstoðar við framkvæmd á samþykktum deildarfundar skal, að fenginni fjárveitingu, vera fastur starfsmaður, deildarfulltrúi, er lýtur stjórn háskólayfirvalda og deildarforseta. Deildarfulltrúa skal sett erindisbréf.

3. **Deildarfundur.** Deildarfundur fer með ákvörðunarvald í málefnum deildarinnar. Nú er fundur ekki ályktunarfær og skal þá boða til nýs fundar með sömu dagskrá innan 14 daga og er þá sá fundur ályktunarfær þótt innan við helmingur atkvæðisbærra manna sæki fundinn.
4. **Námsnefndir.** Við hverja námsgrein skal starfa námsnefnd, sem í eiga sæti jafnmargir kennarar og stúdentar. Kosning fer fram í febrúar og er til eins árs í senn. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um námsefni í hverri grein, skiptingu þess í námskeið, mat þeirra til eininga og önnur þau atriði er snerta námsskipan hvorrar námsgreinar sérstaklega og gera tillögur þar að lútandi til deildarfundar.

90. gr.

Kennsla og nám.

1. **Kennsla.** Í félagsvísindadeild skal kenna:

- A. Aðalgreinar til B. A.-prófa: Bókasafnsfræði, félagsfræði, sálarfræði, stjórn-málafræði, uppeldisfræði.
- B. Uppeldis- og kennslufræði til fullnægingar ákvæðum 92. gr. um kennslu-réttindi.
- C. Aukagreinar (30e í grein) til stuðnings aðalgreinum. Sjá þó 3. lið 6. málsg.

Deildarfundur tekur ákvarðanir um kennslu í hverri einstakri aðalgrein og í aukagreinum að fengnum tillögum frá námsnefndum, greinarkennurum og stúdentum. Skal námsefni nánar lýst í námsskrá. Á vegum deildarinnar er undir-búin námsskrá hvers kennsluárs og skal leggja hana fyrir deildarfund til endan-legs samþykkis.

2. **Námseiningar.** Nám í félagsvísindadeild skal metið í einingum (e). Ársnám í deildinni er metið til 30e og svarar hver eining til sem næst einnar fullrar vinnu-viku í námi. Til B. A.-prófs er krafist minnst 90e.
3. **Námskeið og samval greina.** Sérhver aðalgrein og aukagrein skiptist í námskeið. Deildarfundur ákveður að fengnum tillögum frá námsnefndum, greinarkennurum og stúdentum skiptingu greina í námskeið og mat þeirra til eininga. ennfremur í hvaða röð námskeið skulu tekin og hver þeirra séu skyldunámskeið í aðal-grein eða aukagrein. Námskeið skal eigi vera minna en 3e. Heimilt er að sama námskeið sé hluti úr fleiri en einni aðalgrein eða aukagrein en eigi má reikna það nema einu sinni í samanlögðum einingafjölda stúdents.

Deildarfundur setur nánari reglur um samval aðalgreina og aukagreina og stærð og mat lokaritgerða.

Heimilt er stúdent að sækja nám í aukagreinum til annarra deilda að fengnu samþykki deildarfundar félagsvísindadeildar og þeirrar deildar, sem námið er sótt til.

Heimilt er að ákveða að tiltekinn hluti námskeiðs skuli vera samning heima-ritgerða (seminarritgerða og/eða prófritgerða). Heimilt er að setja í námsskrá ákvæði um skylduþátttöku stúdenta í skriflegum, munnlegum og verklegum æfingum, svo og vettvangsbjálfun á stofnunum, hvort heldur um er að ræða hluta af námskeiði eða heilt námskeið.

Við gerð námsskrár skal stefnt að því, þegar við verður komið, að stúdent þurfi ekki að ákveða aðalgrein sína á fyrstu tveimur misserum námsins.

Til B. A.-prófs úr félagsvísindadeild skal stúdent hafa lokið 60 eininga námi í aðalgrein og 30 einingum í viðbótarnámskeiðum aðalgreinar eða aukagreinar. Heimilt er félagsvísindadeild að veita 30 eininga viðbótarnám í aðalgrein eða aukagrein, að loknu B. A.-prófi.

4. **Námstími.** Námsárinu er skipt í tvö misseri. Haustmisseri er frá 15. sept til 20. janúar. Vormisseri er frá 21. janúar til 15. júní.

Kennslu til B. A.-prófa skal haga þannig, að stúdent sé unnt að ljúka námi í 90e á þremur árum. Hámarkstími til að ljúka B. A.-prófi miðað við 90e er 9 kennslumisseri frá því er stúdent var fyrst skráður í félagsvísindadeild. Deildarfundi er heimilt að veita undanþágur frá þessum ákvæðum. Sé um að ræða meira nám en 90e framlengist námstími stúdenta í hlutfalli við aukinn einingafjölda.

5. **Endurmenntun.** Félagsvísindadeild getur staðið fyrir námskeiðum til endurmenntunar fyrir þá sem lokið hafa fullnaðarprófi í kennslugreinum deildarinnar. Heimilt er einstökum greinum að fengnu samþykki deildarfundar að halda sérstök fræðslunámskeið fyrir ákveðna starfshópa.

91. gr.

Próf og einkunnir.

Námsmat felst í prófum (skriflegum, munnlegum eða verklegum), æfingaverk-efnum eða heimaritgerðum. Próf skulu haldin þrisvar á ári: 7.—20. janúar, 1.—31. maí og 1.—14. september. Í hverju námskeiði, sem lyktar með prófi, er prófað tvisvar á ári:

- a) þegar kennslu í námskeiði lýkur (í janúar eða maí) og
- b) í september. Heimilt er þó að halda próf á öðrum tímum ef brýna nauðsyn ber til. Til þess að standast próf verður stúdent að hafa hlotið minnst einkunnina 5 á prófi í námskeiði. Einkunnir skal skrá í heilum og hálfum tölum frá 0—10. Gefa skal einkunn fyrir hvert námskeið um sig, en meðaleinkunn aðal- og aukagreinar skal vera vegið meðaltal námskeiðseinkunna í hlutfalli við einingafjölda námskeiðanna. Meðaleinkunnir reiknast með einum aukastaf.

92. gr.

Próf í uppeldis- og kennslufræðum.

Próf í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda tekur til námsefnis í uppeldisfræði, uppeldislegri sálarfræði, kennslufræði og kennslu og skal námsskrá ákveðin með tilliti til sérþarfa kennslu- og uppeldisstarfa.

Nám þetta skal alls svara til 30e. Þó er heimilt að veita stúdentum sem hafa lokið samsvarandi námskeiðum og/eða aflað sér verulegrar reynslu af kennslustörfum, undanþágu frá tilteknum námskeiðum allt að 15e. Stúdent skal sækja um slíka undanþágu skriflega. Deildarfundur ákveður að fenginni umsögn prófessors í uppeldisfræðum hver undanþága skuli veitt. Próffyrirkomulag í öðrum námskeiðum en kennslu lýtur reglum 91. gr.

Kennslupróf eru tvö, að jafnaði í tveimur kennslugreinum. Teljast kennsluprófin sameiginlega mynda eitt námskeið, sbr. 91. gr. og vega prófin jafnt til einkunnar í því. Stúdent er ekki heimilt að taka þátt í kennsluæfingum né ljúka kennsluprófi fyrr en hann hefur lokið 30e í kennslugreininni.

Háskólinn lætur í té prófvottorð undirritað af prófessor í uppeldisfræðum.

Heimilt er að hafa samvinnu við Kennaraháskóla Íslands um þetta nám og semja um að hann annist tiltekna þætti þess.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú óskar stúdent, sem þegar er skráður í deildina, að útskrifast samkvæmt ákvæðum í XI. kafla skal þá deildarráð meta til námskeiða og eininga þau próf sem hann hefur lokið samkvæmt eldri reglugerð.

5. gr.

XII. kafli orðist svo:

Námsbraut í hjúkrunarfræðum.

93. gr.

Kennsla og rannsóknir í hjúkrunarfræðum fara fram í námsbraut í tengslum við læknadeild Háskóla Íslands.

94. gr.

Stjórn námsbrautarinnar er í höndum námsbrautarstjórnar. Í henni sitja námsbrautarstjóri, fastráðnir kennarar námsbrautarinnar, tveir fulltrúar læknadeildar kosnir til tveggja ára í senn og einn fulltrúi háskólaráðs kosinn til sama tíma. Ennfremur fulltrúar stúdenta og fer um tölu þeirra eftir sömu reglum og gilda um setu stúdenta á deildarfundum. Stjórnin kys formann úr sínum hópi.

95. gr.

Þegar háskólaráð eða deildarráð læknadeildar fjallar sérstaklega um málefni námsbrautarinnar skal boða formann námsbrautarstjórnar eða þann, sem hann kveður til úr hópi stjórnarmanna á fund háskólaráðs eða deildarráðs og hefur hann þar fullt málfrelsi og tillögurétt.

96. gr.

Námsbrautarstjórn gerir árlega áætlun um kennslu, húsnæðisþörf, rekstrar-kostnað og þróun námsbrautarinnar. Námsbrautarstjórn fjallar um umsóknir um starf námsbrautarstjóra og fastra kennara. Námsbrautarstjórn ræður stundakennara í samráði við námsbrautarstjóra.

97. gr.

Námsbrautarstjóri skal starfa við námsbrautina þar til minnst 3 fastir kennarar hafa verið ráðnir, eða annað verður ákveðið. Hann skipuleggur námið eins og það er ákveðið af námsbrautarstjórn. Hann ber ábyrgð á daglegri stjórn námsins, semur lestrar- og kennsluáætlanir í samráði við kennara, samræmir námsefni, kennslu og próf, veitir nemendum leiðbeiningar og ráðgjöf, skipuleggur og hefur eftirlit með prófum í samráði við kennara og prófstjóra Háskóla Íslands og hlutast til um að nemendur geti eftir atvikum átt aðild að rannsóknarverkefnum. Námsbrautarstjórn ákveður kennsluskyldu námsbrautarstjóra.

98. gr.

Hjúkrunarfræði á námsbrautinni er fjögurra ára nám og lýkur með B. S.-gráðu í greininni. Hámarksnámstími er sex ár. Námsbrautarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstaklega stendur á.

99. gr.

Námsbrautarstjórn ákvarðar vægi kennslugreina nema greinin sé tekin að öllu leyti á vegum annarrar deildar eða námsbrautar.

Kennsla í hverri námsgrein er miðuð við það, að stúdentar fái sem fyllsta yfirferð yfir hana áður en þeir skrá sig til prófs í greininni. Kennslan fer fram í fyrirlestrum, samtölum, umræðuhópum, með sýningu og verklegum æfingum.

100. gr.

Á vegum námsbrautarinnar eru kennð almenn hjúkrunarfræði og sérgreinar hjúkrunar. Eftirtalдар námsgreinar og námsgreinaflokka skal sækja til deilda háskólans:

1. Efnafræði
2. Félagsfræði
3. Líffærafræði
4. Sýkla- og ónæmisfræði
5. Sálarfræði
6. Lífefnafræði
7. Lífeðlisfræði
8. Lyfjafræði
9. Meinafræði

Leitast skal við að þau námskeið, sem sótt eru til deilda, séu sem mest sniðin við hæfi nemenda í hjúkrunarfræðum. Sé þess ekki kostur skal efnt til sérstakra námskeiða.

101. gr.

Um almenn ákvæði um próf visast til 6. kafla reglugerðar Háskóla Íslands. Prófað er í janúar, að vori og hausti. Haustpróf eru eingöngu upptöku- og sjúkra-próf og skal lokið fyrir 15. september. Námsbrautarstjórn getur þó ákveðið í samráði við kennara próf á öðrum tímum.

Próf skulu vera skrifleg, verkleg eða munnleg eftir nánari ákvörðun námsbrautarstjórnar og í samráði við kennara. Prófa skal sem víðast úr námsefni. Stúdent skal ljúka námsefni 1. og 2. árs á þremur árum hið mesta. Námsbrautarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á.

Einkunnir skal skrá í heilum og hálfum tölum frá 0—10. Stúdent, sem nær ekki einkunn 5,0 á einhverju prófi, telst ekki hafa staðist það próf.

102. gr.

Námsbraut í hjúkrunarfræðum er heimilt að standa fyrir námskeiðum til endurmenntunar eða framhaldsmenntunar fyrir þá, sem lokið hafa prófi í greininni við háskóla eða sérskóla.

6. gr.

XIII. kafli orðist svo:

XIII. KAFLI

Námsbraut í sjúkráþjálfun.

103. gr.

Kennsla og rannsóknir í sjúkráþjálfun fara fram á námsbraut í tengslum við læknadeild Háskóla Íslands.

104. gr.

Stjórn námsbrautarinnar er í höndum námsbrautarstjórnar. Í henni sitja námsbrautarstjóri, fastráðnir kennarar námsbrautarinnar, tveir fulltrúar læknadeildar, kosnir til tveggja ára í senn, og einn fulltrúi háskólaráðs, kosinn til sama tíma. Ennfremur fulltrúar stúdenta og fer um tölu þeirra eftir sömu reglum og gilda um setu stúdenta á deildarfundum. Stjórnin kys formann úr sínum hópi.

105. gr.

Þegar háskólaráð eða deildarráð læknadeildar fjallar sérstaklega um málefni námsbrautarinnar skal boða formann námsbrautarstjórnar eða þann, sem hann kveður til úr hópi stjórnarmanna á fund háskólaráðs eða deildarráðs og hefur hann þar fullt málfrelsi og tillögurétt.

106. gr.

Námsbrautarstjórn gerir árlega áætlun um kennslu, húsnæðisþörf, rekstrar-kostnað og þróun námsbrautarinnar. Námsbrautarstjórn fjallar um umsóknir um starf námsbrautarstjóra og annarra fastra kennara. Námsbrautarstjórn ræður stunda-kennara í samráði við námsbrautarstjóra.

107. gr.

Námsbrautarstjóri skal starfa við námsbrautina þar til minnst 3 fastir kennarar hafa verið ráðnir, eða annað verður ákveðið. Hann skipuleggur námið eins og það er ákveðið af námsbrautarstjórn. Hann ber ábyrgð á daglegri stjórn námsins, semur lestrar- og kennsluáætlanir í samráði við kennara, samræmir námsefni, kennslu og próf, veitir nemendum leiðbeiningar og ráðgjöf, skipuleggur og hefur eftirlit með prófum í samráði við kennara og prófstjóra Háskóla Íslands og hlutast til um að nemendur geti eftir atvikum átt aðild að rannsóknarverkefnum. Námsbrautarstjórn ákveður kennsluskyldu námsbrautarstjóra.

108. gr.

Námsbrautarstjórn gerir árlega tillögu til háskólaráðs um hve mörgum nýjum stúdentum námsbrautin veiti viðtöku. Ákvörðun háskólaráðs um takmörkun innritana, ef þörf krefur, skal liggja fyrir við upphaf innritunarfrests. Tillögur námsbrautarstjórnar skulu byggðar á þeirri aðstöðu, sem námsbrautin er búin. Ef nauðsynlegt reynist að takmarka inngöngu skulu eldri stúdentar, sem ekki hafa lokið prófum fyrsta árs, sækja um námsvist á fyrsta ári að nýju og verður fjallað um umsóknir þeirra á sama hátt og nýrra stúdentar.

109. gr.

Sjúkraþjálfun er fjögurra ára nám og lýkur með B. S.-gráðu í greininni. Hámarksnámsstími er fimm ár. Námsbrautarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstaklega stendur á.

110. gr.

Námsbrautarstjórn ákvarðar vægi kennslugreina nema greinin sé tekin að öllu leyti á vegum annarrar deildar eða námsbrautar.

Kennsla í hverri námsgrein er miðuð við það, að stúdentar fái sem fyllsta yfirferð yfir hana áður en þeir skrá sig til prófs í greininni.

Kennslan fer fram í fyrirlesturum, samtölum, umræðuhópum, með sýningu og verklegum æfingum.

111. gr.

Á vegum námsbrautarinnar er kennd sjúkraþjálfunarfræði. Eftirtaldar námsgreinar og námsgreinaflokkar skal sækja til deilda háskólans:

1. Inngang að líffærafræði.
2. Eðlisfræði.
3. Líffærafræði.
4. Lífeðlisfræði.
5. Sálfræði.
6. Almenna vefjafræði.
7. Almenna meinafræði.
8. Sjúkdómafræði.
9. Félagsfræði.

Leitast skal við að þau námskeið, sem sótt eru til deilda, séu sem mest sniðin við hæfi nemenda í sjúkraþjálfun. Sé þess ekki kostur skal efnt til sérstakra námskeiða.

112. gr.

Um almenn ákvæði um próf vísast til 6. kafla reglugerðar Háskóla Íslands. Prófað er í janúar, að vori og hausti. Haustpróf eru eingöngu upptöku- og sjúkrapróf og skal lokið fyrir 15. september. Námsbrautarstjórn getur þó ákveðið í samráði við kennara próf á öðrum tímum.

Próf skulu vera skrifleg, verkleg eða munnleg eftir nánari ákvörðun námsbrautarstjórnar og í samráði við kennara. Prófa skal sem víðast úr námsefni. Stúdent skal hafa lokið öllum prófum hvers árs áður en hann getur hafið nám á næsta ári. Námsbrautarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

Einkunnir skal skrá í heilum og hálfum tölum frá 0—10.

Stúdent, sem nær ekki einkunn 5,0 á einhverju prófi, telst ekki hafa staðist það próf.

113. gr.

Námsbraut í sjúkraþjálfun er heimilt að standa fyrir námskeiðum til endurmenntunar fyrir þá sem lokið hafa prófi í greininni.

7. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. september 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson

28. desember 1976.

307

Nr. 101.

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar greinar laganna falla úr gildi við gildistöku laga þessara:

2. og 3. mgr. 123. gr., 182. gr. og 224. gr.

2. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsg. svofelld:

Ákvæði 1. mgr. má beita um verknað manns, sem er ríkisborgari í eða búsettur í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og dvelst hér á landi.

3. gr.

39. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fullnustu varðhalds- og fangelsisrefsinga.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að dómfelldur maður sé um stundarsakir eða allan refsítímann vistaður á sjúkrahúsi eða annarri stofnun, þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar eða forsjár, enda sé slíkt talið henta vegna heilsuhaga hans, aldurs eða annarra sérstakra ástæðna.

4. gr.

49. gr. orðist svo:

Sektir renna í ríkissjóð, nema annað sé ákveðið í lögum.

Dæma má fésektir jafnframt refsivist, sem við brotinu liggur, þegar ákærði hefur aflað sér eða öðrum fjárvinnings með brotinu eða það hefur vakað fyrir honum.

5. gr.

50. gr. orðist svo:

Eigi má beita hærri fésekt en 5 milljónum króna, nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

6. gr.

51. gr. orðist svo:

Þegar fjárhæð sektar er ákveðin, skal höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings og afkomu hans, þ. á m. framfærsluskyldu hans og öðrum atriðum, er orka á greiðslugetu hans.

Ákvörðun um vararefsingu í stað sektar, sbr. 54. gr., skal vera óháð því tilliti til greiðslugetu sakbornings, sem um ræðir í 1. málsg. r.

7. gr.

53. gr. orðist svo:

Nú greiðist sekt ekki, og kemur þá í stað hennar varðhald eða fangelsi, nema háttsemi sé manni ósaknæm og er vararefsing þá eigi ákveðin.

8. gr.

4. málsg. 57. gr., sbr. lög 22/1955, 4. gr., er hefst á orðunum „Nú er heimilt að dæma . . .“ fellur niður.

9. gr.

Á eftir 57. gr., sbr. lög 22/1955, 4. gr., kemur ný grein, 57. gr. a svofelld:

Heimilt er að kveða svo á í dómi, að hluti af refsivist, verði óskilorðsbundinn, allt að 3 mánuðir, en aðrir hlutar refsivistar verði skilorðsbundnir. Heimilt er, þegar svona stendur á, að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu, þótt varðhald liggji ekki við broti. Heimilt er að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu en skilorðsbundna fangelsisrefsingu.

Dæma má fésekt í tengslum við skilorðsdóm, þótt fésekt liggji ekki við broti, sem dæmt er út af.

10. gr.

1. málsg. 95. gr., sbr. lög 47/1941, orðist svo:

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, fána Sameinuðu þjóðanna eða fána Evrópuráðs, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, ef miklar sakir eru.

11. gr.

Við 1. málsg. 106. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Beita má sektum, ef brot er smáfellt.

12. gr.

142. gr. orðist svo:

Hver, sem skýrir rangt frá einhverju fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem hefur heimild til heitfestingar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum. Hafi skýrsla verið heitfest skal virða það refsingu til þyngingar.

Sé skýrsla röng í atriðum, sem ekki varða málefni það, sem verið er að kanna, má beita sektum eða varðhaldi.

13. gr.

2. málsg. 143. gr. orðist svo:

Hafi maður borið rangt fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem í 1. málsg. 142. gr. getur, um atriði, sem honum var óheimilt að skýra frá eða heimilt að neita að gefa skýrslu um, má færa hegningu niður og jafnvel láta hana falla niður, ef málsbætur eru.

14. gr.

145. gr. orðist svo:

Hafi maður, án þess að brot hans varði við ákvæði 142. gr., gefið opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu að viðlögðum drengskap eða á annan samsvarandi hátt, þar sem slík aðferð er boðin eða heimiluð, þá varðar það sektum eða varðhaldi, en fangelsi allt að 2 árum, ef sök er stórfelld.

15. gr.

Í 1. málsgr. 148. gr. falli niður þessi málsliður:

„Hafi með þessu verið framinn verknaður, sem lýst er í 142. gr., skal refsing ekki vera lægri en þar er ákveðið.“

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1977 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfastgjöld, önnur en þau er um ræðir í aukatækjulögum nr. 79/1975 og reglugerðum settum með heimild í þeim lögum.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 23. des. 1975, um aukatekjur ríkissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með, skal greiða skiptagjald $1\frac{1}{2}\%$ af öllum eignum búans — þar með talin búshelpt maka — án tillits til skulda er á því hvíla.

2. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir, skip eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir: Þegar fjárhæðin er 100 000 kr. eða minni 2 000 kr. og síðan 500 kr. fyrir hver hundrað þúsund eða brot úr þeirri fjárhæð sem umfram er. Skráningargjald fyrir kaupmála skal þó vera 150 kr. af hverjum hundrað þúsundum og broti af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr. Af afsölum fyrir fasteignum skal gjaldið þó vera 75 kr. af hverjum hundrað þúsundum og broti af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr. Fyrir þinglýsingu skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal greiða 240 kr. fyrir hver hundrað þúsund eða brot af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1976.

Gjört að Bessastöðum 27. desember 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 24 7. apríl 1971, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 24/1971) orðist svo:

Með 0.25% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbréf fyrir fasteignum og skipum

yfir 5 brúttósmálestum, öðrum en þeim, sem keypt eru erlendis. Sama gildir um afsöl við fógetagerðir, skipti og uppboð, svo og önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf og próventusamninga, enn fremur erfðafestubréf, ef þau veita rétt til að selja eða veðsetja.

2. gr.

4. mgr. 17. gr. laganna (sbr. 2. gr. 1. nr. 24/1971) falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1976.

Gjört að Bessastöðum 27. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 17. gr. 1. nr. 10/1974) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977 og gilda til loka þess árs.

Gjört að Bessastöðum 27. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

FORSETA BRÉF
um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 98. löggjafarþings, frá 21. desember 1976 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 24. janúar 1977.

Gjört í Reykjavík 20. desember 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74
21. ágúst 1974.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 8. gr. bætist nýr töluliður, 7. töluliður, svo hljóðandi: Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, lögreglustjórinn í Reykjavík og fulltrúar þeirra.

2. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir verknaður að vísu refsiverður að landslögum, en þó þykir mega telja, að hvorki almenningshagsmunir né almenningsálit krefjist málshöfðunar né refsisdóms, svo sem ef langt er liðið síðan brot var framið, án þess þó að refsikrafa sé fyrnd, og sökunautur hefur síðan hegðað sér óaðfinnanlega, ef telja má álit manna á verki hafa breyst sökunaut í hag síðan refsíákvæði var sett, ef telja má brot mjög lítilsvært eða miklar eru málsbætur, brot hefur valdið sökunaut sjálfum sérstaklega óvenjulegum þjáningum o. s. frv., og getur þá héraðsdómari, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins eða lögreglustjóri sent ríkissaksóknara tillögur um niðurfellingu saksóknar. Ríkissaksóknari getur bæði að tillögu framangreindra aðila og af sjálfdáðum lagt til, að saksókn verði felld niður. Dómsmálaráðherra ákveður síðan eða gerir tillögu um, hvort neyta skuli heimildar stjórnarskrár eða annarra laga, er þar um kynnu að vera sett, um niðurfellingu saksóknar.

3. gr.

1. mgr. 27. gr. laganna orðist svo:

Nú er brot framið hér á landi utan allra lögsagnarumdæma og ákvæðum 26. gr. verður ekki við komið, og ákveður ríkissaksóknari þá, hvar mál skuli höfðað.

4. gr.

1. mgr. 29. gr. laganna falli niður.

5. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Sýslumenn eru lögreglustjórar utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Þar sem sérstakir lögreglustjórar eru skipaðir fara þeir með lögreglustjórn. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir lögreglumenn, aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra.

Lögreglustjórar, þar með talinn rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, halda uppi löggæslu hver í sínu umdæmi. Skulu þeir, er þeir telja heppilegt eða nauðsynlegt, hefja rannsókn vegna gruns um, að refsivert verk hafi verið unnið, hvort sem þeim hefur borist kára eða ekki. Háðir eru þeir fyrirmælum ríkissaksóknara í þessum efnum.

Lögreglan (rannsóknarlögregla ríkisins) fer með frumrannsókn opinberra mála, að því leyti sem slík rannsókn er ekki falin öðrum stjórnvöldum (landhelgisgæslu, rannsóknardeild ríkisskattstjóra, rannsóknardeild tollgæslu o. s. frv.) eða dómstólum lögum eða venju samkvæmt. Markmið frumrannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að handhafa ákærvalds sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað, og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar, sbr. þó 73. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins annast frumrannsókn brota samkvæmt þeim reglum, sem greinir í lögum um hana.

Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota að fengnum tillögum ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og lögreglustjóra í Reykjavík.

6. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu lögreglumanna, prófkröfur og önnur hæfisskilyrði að fengnum tillögum ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og lögreglustjóra í Reykjavík. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur umsjón með kennslu og prófun lögreglumanna í öllu, er lýtur að rannsókn brota.

7. gr.

2. mgr. 35. gr. orðist svo:

Gefa skulu lögreglumenn yfirmanni sínum eða dómara skýrslu um aðgerðir sínar, svo fljótt sem unnt er.

8. gr.

Orðin „áður en til dómara næst og síðan, eftir því sem þörf þykir og dómari ákveður“ í 39. gr. laganna falli niður.

9. gr.

Aftan við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein (8. mgr.), svo hljóðandi:

Að lokinni frumrannsókn sendir sá, sem henni hefur stjórnað, ríkissaksóknara endurrit af rannsókninni. Ríkissaksóknari getur mælt fyrir um frekari rannsóknar- aðgerðir, ef hann telur nauðsyn á. Mál, sem ætla má að afgreiða megi án málshöfðunar samkvæmt ákvæðum 112. gr., sendir lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri ríkisins) til viðkomandi dómara. Telji dómari mál, sem honum eru þannig send, ekki falla undir ákvæði 112. gr., sendir hann þau áfram til ríkissaksóknara til frekari ákvörðunar.

10. gr.

Í stað orðanna „sakadómari eða lögreglustjóri“ í 1. mgr. 42. gr. laganna komi: lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri ríkisins), og í stað orðanna „sakadómara eða lögreglustjóra“ í 3. mgr. komi: lögreglustjóra (rannsóknarlögreglustjóra ríkisins).

11. gr.

73. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir þörf á aðgerðum, sem að lögum þarf til atbeina dómara, eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls, meðan frumrannsókn stendur yfir, og getur lögreglustjóri eða rannsóknarlögreglustjóri þá snúið sér til dómara

með beiðni um slíkar aðgerðir. Beiðnin skal vera skrifleg eða borin fram munnlega á dómþingi, og fylgi nauðsynleg gögn. Dómari getur krafist lögreglustjóra eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins um þau gögn eða þær aðgerðir, sem hann telur nauðsynlegar, áður en hann tekur beiðni til úrlausnar.

Nú telur dómari ekki efni til þess að verða við beiðni um dómsaðgerðir samkvæmt 1. mgr. og getur lögreglustjóri eða rannsóknarlögreglustjóri ríkisins þá krafist úrskurðar dómara um synjunina. Slíkum úrskurði getur ríkissaksóknari skotið til æðri dóms samkvæmt reglum um kæru.

Lögreglustjóri, sem jafnframt er sakadómari, getur hafið frumrannsókn máls fyrir dómi, þegar hann telur það heppilegt.

12. gr.

74. gr. laganna orðist svo:

Nú telur ríkissaksóknari að lokinni frumrannsókn rannsóknarlögreglu, lögreglustjóra eða annarra aðila (sbr. 32. gr.) ekki fært að taka ákvörðun um það, hvort höfða skuli opinbert mál eða ekki, eða hvernig máli skuli ljúka, og getur hann þá beiðst rannsóknar fyrir dómi, til þess að nauðsynleg atriði verði í ljós leidd í þessu skyni.

Í beiðni um dómsrannsókn skal greina:

1. Nafn og heimili sökunauts og önnur deili á honum.
2. Það eða þau brot, sem honum eru gefin að sök og rannsókninni er ætlað að heinast að.
3. Skrá um þau gögn, sem ætlast er til, að fram verði færð við rannsóknina.

Beiðni um dómsrannsókn skulu fylgja gögn um frumrannsókn í nægilega mörgum eintökum.

Er dómsrannsókn fer fram, á dómari rétt á aðstoð lögreglu (rannsóknarlögreglu ríkisins) við rannsóknina og getur krafist tiltekinna rannsóknaraðgerða lögreglu eftir því sem nauðsyn ber til.

Nú telur dómari ekki efni til þess að verða við beiðni ríkissaksóknara um dómsrannsókn og getur ríkissaksóknari þá krafist úrskurðar dómara um synjunina. Slíkum úrskurði getur ríkissaksóknari skotið til æðri dóms samkvæmt reglum um kæru.

Eftir að dómari tekur mál til rannsóknar skal hann framkvæma ráðstafanir þær, sem í 36. gr. getur, ef skilyrði eru til, svo og kveða á um framhald þeirra, ef lögreglumenn hafa gert þær. Haldast skulu þessar ráðstafanir uns dómur gengur, ef því er að skipta, en felldar skulu þær niður, jafnskjótt sem úr er bætt, þar sem það á við, eða rannsókn eða málshöfðun er látin falla niður.

Að lokinni dómsrannsókn lætur dómari svo fljótt sem unnt er gera endurrit af rannsókninni og senda ríkissaksóknara hana ásamt gögnum máls.

13. gr.

Framan við 75. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dómara ber að rannsaka af sjálfsdáðum og sjálfstætt öll sakatriði, enda þótt lögreglumenn hafi áður rannsakað og gert skýrslu um þau atriði. Nú hefur sökunautur játað á sig brot, og skal dómari þá allt að einu prófa það, hvort sú játning er sannleikanum samkvæm.

14. gr.

Aftan við 80. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er dómara að skipa sökunaut réttfargæslumann við rannsókn máls hjá rannsóknarlögreglu samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. eftir því sem þau eiga við.

15. gr.

Á eftir 1. mgr. 86. gr. laganna komi ný málsgrein sem verður 2. málsgrein:

Grunaður maður, sem fengið hefur skipaðan réttargæslumann, á rétt á því að réttargæslumaður sé viðstaddur yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu, enda þyki það hættulaust vegna rannsóknar málsins. Dómari úrskurðar um þetta atriði, ef ágreiningur verður.

16. gr.

1. mgr. 106. gr. laganna orðist svo:

Líkiskoðun skal fram fara, ef lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri ríkisins), dómari eða ríkissaksóknari telur nauðsynlegt.

17. gr.

113. gr. laganna falli niður.

18. gr.

114. gr. laganna falli niður.

19. gr.

115. gr. laganna orðist svo:

Er ríkissaksóknari hefur fengið í hendur rannsóknargögn máls og telur ekki ástæðu til að krefjast frekari rannsóknar, annaðhvort skv. 8. mgr. 40. gr. eða 74. gr. (dómsrannsóknar), athugar hann, hvort mál skuli höfða eða ekki. Ef hann telur það, sem fram er komið, eigi nægjanlegt eða líklegt til sakfellis, lætur hann við svo búið standa, en ella getur hann:

- a) neytt heimildar 24. gr., ef svo stendur á sem þar greinir,
- b) frestað, ef við á, ákæru skv. 56. gr. alm. hegningarlaga,
- c) óskað eftir því að dómari ljúki máli með dómsátt, ef svo stendur á sem í 2. tölulið 1. mgr. 112. gr. segir.
- d) gefið út ákæru á hendur sökunaut eða sökunautum.

Í ákæruskjali skal greina svo ekki sé um villst:

1. Dómstól þann, sem mál er höfðað fyrir.
2. Nafn sökunauts, heimilisfang og önnur deili á honum.
3. Hvert það brot, sem sök er gefin á, stað og stund eftir föngum, er það er talið framíð, það heiti, sem það hefur í lögum, og aðra skilgreiningu, og loks það eða þau lagaákvæði, sem brot er talið varða við.
4. Þær kröfur sem gerðar eru, svo sem kröfur um refsingu, réttindamissi, eignartöku, skaðabætur, greiðslu sakarkostnaðar o. s. frv.

Í ákæruskjali skal ekki skírskota til fram kominna sannana né setja þar lögfræðilegar athugasemdir framur en sagt er.

Dómari ritar ákvörðun sína um stað og stund til þingfestingar máls á ákæruskjal og lætur birta það fyrir sökunaut með venjulegum hætti eða fyrir dómi. Um leið og ákæra er birt sökunaut skal hann spurður um það, hvort hann vilji halda uppi vörnum eða fá verjanda, og hvern. ef því er að skipta.

20. gr.

Síðasti málsliður 116. gr. orðist svo:

Ákærða skal afhenda eftirrit af ákæruskjali.

21. gr.

Orðin „svo og dómari samkvæmt 114. gr.“ í 1. mgr. 118. gr. falli niður.

22. gr.

120. gr. laganna orðist svo:

Þegar ákæra hefur verið birt sökunaut, nefnist hann ákærði og málið er nefnt: Ákærvaldið gegn N. N.

23. gr.

1. málsliður 1. málsgreinar 121. gr. laganna orðist svo:

Að liðnum þeim fresti, sem til var tekinn samkvæmt síðustu málsgrein 115. gr. eða 117. gr., setur dómari dómþing og þingfestir mál.

24. gr.

122. gr. laganna orðist svo:

Mál skal taka til dóms í þinghaldi samkvæmt 121. gr., ef sökunautur kemur fyrir dóm og játar skýlaust háttsemi þá, sem honum er gefin að sök, og þarf þá ekki að færa fram önnur sönnunargögn. Ávallt skal þó dómari gæta ákvæða 1. mgr. 75. gr. laga þessara.

Ef ákærði neitar sakarefni að nokkru leyti eða öllu, skal fram færa sönnunargögn svo og ef dómari annars telur slíkt nauðsynlegt eða þess er krafist af hálfu ákærvaldsins eða sökunautar.

25. gr.

Fyrri málsgrein 125. gr. laganna orðist svo:

Nú eru öll gögn fram komin og vörn hefur verið flutt eða lögð fram, og tekur dómari málið þá til dóms.

26. gr.

126. gr. laganna falli niður.

27. gr.

127. gr. laganna falli niður.

28. gr.

129. gr. laganna orðist svo:

Nú kemur ákærði ekki fyrir dóm, er mál skal fyrir taka, þótt honum hafi verið birt ákæra með löglegum hætti skv. síðustu mgr. 115. gr. eða 117. gr., og er ekki kunnugt um forföll hans, og má þá fara með mál og leggja á það dóm, ef fullnægt er skilyrðum 1. eða 2. tl. hér á eftir.

1. Sökunautur hefur komið fyrir dóm, áður en ákæra var út gefin, og játað þar skýlaust alla þá háttsemi, sem honum er gefin að sök og máli skiptir, ekkert veikir þá játningu og vafalaust má þykja um aðrar staðreyndir, svo sem þær er orka kunna refsihækkun eða refsilækkun, refsileysi eða niðurfelling refsingar, sakhæfisskortri eða notkun lagaákvæða.
2. Ætla má að brot varði eigi yfir 100 000 króna sekt og eignaupptöku og þess hefur verið getið í ákæru, að fjarvist ákærða kunni að verða metin til jafns við viðurkenningu hans og að dómur gangi um málið, þótt hann komi ekki.

29. gr.

1. málsliður 145. gr. laganna orðist svo:

Nú kemur það í ljós í rannsókn opinbers máls, að þriðji maður hefur beðið tjón af háttsemi þeirri, sem sökunautur er borinn, og skal þá lögreglu maður sá eða dómari, sem rannsókn málsins annast, þegar er efni standa til, benda þriðja manni

á það, að hann eigi þess kost að koma bótakröfu sinni að í væntanlegu refsímáli, og að þar megi dæma hana, ef hún verði nægilega skýrð án verulegra tafa eða óhagræðis í því máli.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nr. 108.

28. desember 1976.

L Ö G

um rannsóknarlögreglu ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aðsetur í Reykjavík og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðherra.

Hún skal hafa á að skipa starfsfólki, er sé sérhæft til að rannsaka ýmsar tegundir brota.

2. gr.

Forseti Íslands skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

Hann skal fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér þekkingar í þeim efnum, er varða eftirgrennslan brota.

Dómsmálaráðherra getur skipað honum fulltrúa með lögræðiprófi.

3. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögreglurannsóknir brotamála í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar, samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra réttarreglna.

Með sama hætti skal rannsóknarlögregla ríkisins hafa með höndum rannsóknir brotamála í Keflavík, Grindavík, Njarðvíkum, Gullbringusýslu og á Keflavíkurflugvelli þegar dómsmálaráðherra ákveður.

4. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins skal veita lögreglustjórum og sakadómurum, hvar sem er á landinu, aðstoð við rannsókn brotamála, þegar þeir óska og rannsóknarlögreglustjóri og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt. Ríkissaksóknari getur og falið rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknir einstakra mála hvar sem er á landinu, þegar hann telur þess þörf. Loks getur rannsóknarlögreglustjóri að eigin frumkvæði tekið í sínar hendur rannsókn máls utan þeirra umdæma, sem upp eru talin í 3. gr., en tilkynna skal hann viðkomandi lögreglustjóra um málið svo

fljótt sem verða má, enda ber honum að veita rannsóknarlögreglu ríkisins alla nauðsynlega aðstoð. Ríkissaksóknari sker úr ágreiningi, sem rísa kann milli rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og viðkomandi lögreglustjóra í sambandi við lögreglurannsókn.

5. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins heldur skrá um myndir og fingraför, sem tekin eru samkvæmt heimild í 57. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, og geymir gögn samkvæmt reglum, er dómsmálaráðherra setur.

Lögreglustjórar skulu senda rannsóknarlögreglu ríkisins eintök mynda og fingrafara, sem tekin eru samkvæmt fyrrnefndu lagaákvæði.

6. gr.

Við embætti lögreglustjóra í umdæmum, þar sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögreglurannsóknir brotamála, sbr. 3. gr., skulu starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra.

Deildir þessar skulu annast rannsókn eftirgreindra málaflokka:

1. Umferðarslys og brot á umferðarlögum.
2. Brot á lögreglusamþykktum.
3. Brot á áfengislögum, önnur en þau, er varða ólögmætan innflutning áfengis.
4. Brot á lögum um tilkynningar aðsetursskipta.
5. Aðra málaflokka, sem ákveðið kann að verða í reglugerð að fela viðkomandi lögreglustjórum, sbr. 9. gr. laga þessara.

7. gr.

Við lögreglustjóraembætti utan þeirra umdæma, sem upp eru talin í 3. gr., skulu starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra og eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Deildir þessar skulu annast lögreglurannsóknir, aðrar en þær, sem falla undir rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt ákvæðum laga þessara.

8. gr.

Þegar rannsóknarlögreglustjóri er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Þegar ráðherra berst slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, skipar hann annan löghæfan mann til meðferðar þess máls, sbr. 2. gr. Sama gildir, er rannsóknarlögreglustjóri hefur lögmæt forföll.

Þegar dómsmálaráðherra skipar mann til að fara með einstakt mál samkvæmt framansögðu, ákveður hann honum þóknun.

9. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Hann setur og reglur um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og koma að fullu til framkvæmda 1. júlí 1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara er núverandi rannsóknarlögregla í Reykjavík lögð niður.

Dómsmálaráðherra ákveður hverjir starfsmenn hennar flytjast til rannsóknar-lögreglu ríkisins, hverjir til lögreglustjórans í Reykjavík og hverjir starfi áfram við sakadómaraembættið í Reykjavík.

Hann ákveður einnig um skiptingu tækjabúnaðar.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði,
lögreglustjórn, tollstjórn o.fl.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfégetaembætti, sakadómara-
embætti, lögreglustjóraembætti, tollstjóraembætti svo og rannsóknarlögregla ríkisins.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Undir sakadómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. opinber mál, sbr. 1. og 2.
gr. laga nr. 74/1974, barnsfaðernismál, uppkvaðning lögheimilisúrskurða svo og
uppkvaðning meðlagsúrskurða og úrskurða samkvæmt lögum um innheimtustofnun
sveitarfélaga nr. 54/1971.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórnin í Reykjavík fer með lögreglustjórn aðra en stjórn rannsóknar-
lögreglu ríkisins, strandmál, útlendingaeftirlit, útgáfu vegabréfa og önnur þau mál,
er lög ákveða. Starfssvið rannsóknarlögreglu ríkisins er ákveðið með sérstökum
lögum.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög ákveða, hver störf skuli lögð
undir embætti þau, sem nefnd eru í lögum þessum.

5. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins skal fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru
í 2. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Jafnframt er felld úr gildi lokasetning 3. mgr. 16. gr. laga um fangelsi og vinnu-
hæli, nr. 38/1973.

Gjört i Reykjavík 28. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

31. desember 1976.

Nr. 110.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 frá 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

- a. Framlög sveitarfélaga, sem skulu nema kr. 150.00 fyrir hvern íbúa sveitarfé-
lags miðað við Þjóðskrá 1. desember undanfarið ár.
- b. 0.35% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945,
um stofnun búnaðarmálasjóðs.
- c. Framlag ríkissjóðs, sem nema skal samanlögðum framlögum samkvæmt staf-
liðum a og b þessarar greinar.
- d. Vextir af fé sjóðsins.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að veita einstaklingum, félögum og sveit-
arfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar tjón á fasteignum og lausafé af
völdum náttúruhamfara, að svo miklu leyti sem ekki er unnt að tryggja gegn slíkum
tjónum eða fá þau bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga nr. 52 frá 27. maí 1975, um
Viðlagatryggingu Íslands.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara er
fólgin í veitingum styrkja og/eða vaxtalausra lána eftir reglum, sem sjóðsstjórn
setur. Lánstími skal að jafnaði vera 5 ár.

Lán, sem veitt eru einstaklingum eða félögum, skulu tryggð með sjálfskuldar-
ábyrgð sveitarfélags eða annarri tryggingu, sem stjórn sjóðsins metur gilda.

Lán til sveitarfélaga skulu tryggð með framlagi til þeirra úr Jöfnunarsjóði
sveitarfélaga.

Verði vanskil á láni sveitarfélags, er ráðherra heimilt að inna greiðslu af
hendi af jöfnunarsjóðsframlagi til sveitarfélagsins. Sama gildir um vanskil sveit-

arfélags sem ábyrgðaraðila, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, enda hafi sveitarfélag sannanlega áður verið krafíð um greiðslu án árangurs.

Umsóknir um aðstoð skulu að jafnaði hafa borist sjóðnum innan árs, frá því að tjón varð.

4. gr.

Við 16. gr. laganna bætist:

Enn fremur skulu undanþegin stimpilgjöldum skuldabréf fyrir lánum, sem sveitarfélög veita einstaklingum af fé, sem þau hafa tekið að láni hjá Bjargrásjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974, lög nr. 85/1974 og lög nr. 76/1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 76/1975) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 18% — átján af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 9 27. febrúar 1976, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI.

1. gr.

Markmið með starfsemi dagvistarheimila er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði er eflí persónulegan og félagslegan þroska þeirra.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varða dagvistarheimili.

Aðili, sem hyggst setja á stofn dagvistarheimili, skal hljóta samþykki ráðuneytisins til þess.

Ríkið skal leggja fram fé til byggingar dagvistarheimila fyrir börn en sveitarfélög til rekstrar þeirra svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

3. gr.

Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar dagvistarheimila og rekstrarstyrks úr sveitarsjóði, eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga.

4. gr.

Eftirtalin dagvistarheimili njóta styrks til byggingar úr ríkissjóði og til rekstrar frá sveitarfélagi samkvæmt lögum þessum:

1. Dagheimili fyrir börn frá 3ja mánaða aldri til skólaskyldualdurs þar sem börnin geta dvalist a. m. k. 5 st. á dag.
 2. Skóladagheimili fyrir börn á skólaskyldualdri.
 3. Leikskólar fyrir börn frá 2ja ára aldri til skólaskyldualdurs þar sem börnin geta dvalist a. m. k. 3 st. á dag.
- Ákveðið skal nánar um starfstíma ofangreindra dagvistarheimila í reglugerð.

5. gr.

Framlags úr sveitarsjóði geta notið þau dagvistarheimili sem reka starfsemi sína að minnsta kosti 4 mánuði ársins samfellt.

Sveitarstjórn getur veitt dagvistarheimili styrk úr sveitarsjóði enda þótt það starfi skemur en 4 mánuði ef sérstakar aðstæður krefjast.

II. KAFLI.

6. gr.

Sveitarfélag, sem óskar að reisa dagvistarheimili eftir lögum þessum, skal njóta styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

Til dagheimila, skóladagheimila og leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla, nr. 159/1969.

Þeir aðilar aðrir en sveitarfélög, sem taldir eru upp í 3. gr., skulu njóta sama ríkisframlags ef viðkomandi sveitarfélag mælir með því.

Nú hefur aðili fengið styrk úr ríkissjóði til stofnunar dagvistarheimilis en hætt rekstri þess og er þá styrkurinn endurkræfur til ríkissjóðs samkvæmt reglum þar um sem ákveðnar verða í reglugerð.

7. gr.

Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að festa kaup á eldra húsnæði til rekstrar dagvistarheimilis og skal framlag ríkisins til þess vera sambærilegt við framlag til nýbyggingar.

Umsóknir aðila um ríkisframlag í þessu skyni skulu hlíta sömu skilyrðum sem um nýbyggingar væri að ræða.

III. KAFLI

8. gr.

Af rekstrarkostnaði dagvistarheimila greiði sveitarfélag sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 60%.
2. Til leikskóla allt að 40%.

Af rekstrarkostnaði dagvistarheimila, sem leyfi hafa til rekstrar og eigi eru rekinn af sveitarfélaginu sjálfu, greiði sveitarfélagið rekstrarstyrk að loknu ársuppgjöri dagvistarheimilisins. Skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hvað falla skuli undir þann rekstrarkostnað sem sveitarfélagið tekur þátt í.

Heimilt er að greiða allt að 50% af rekstrarkostnaði fyrirfram.

IV. KAFLI

9. gr.

Þegar aðili skv. 3. gr. óskar styrks úr ríkissjóði til að reisa og/eða leyfis til að reka dagvistarheimili fyrir börn skal hann senda beiðni um það til menntamálaráðuneytisins.

Umsókn um leyfi til að reisa og/eða reka dagvistarheimili skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Áætlanir um starfsemi stofnunarinnar, upplýsingar um rekstraraðila og starfsfólk.
2. Rekstraráætlun.

Þegar annar aðili en sveitarfélag sækir um styrk eða leyfi til rekstrar dagvistarheimilis skal auk framangreindra gagna fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar um hvort dagvistarheimilið sé í samræmi við þarfir sveitarfélagsins og á þeim stað er hagkvæmast má telja fyrir íbúana.

Óski aðili að reka dagvistarheimili í leiguhúsnæði er heimilt að veita styrk til rekstrarins samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur athuga umsókn og þau gögn sem henni fylgja. Að lokinni athugun tilkynnir ráðuneytið hvort það hafi fallist á umsókn.

Ef ráðuneytið getur ekki á umsókn fallist skal það tilkynnt aðila og skal í synjun ráðuneytis tekið fram hvort hafnað sé í heild hugmyndum um téð heimili eða hvort synjun stafi af því að frumathugun sé áfátt þannig að bæta megi úr og skal þá bent á hverju áfátt er að dómi ráðuneytisins.

11. gr.

Ráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um húsakost dagvistarheimila, stærð-

areiningar, húsrými á barn, barnafjölda á deild, fjölda starfslíðs hverrar deildar, svo og ákvæði um útivistarsvæði og innri gerð.

Ráðuneytið skal láta gera staðlaðar teikningar af dagvistarheimilum sem byggjendur dagvistarheimila eiga kost á að fá gegn samngjörnu gjaldi.

12. gr.

Eftir að ráðuneytið hefur fallist á umsókn samkvæmt 3. og 9. gr. skal umsóknaraðili leggja fram uppdrætti og gögn varðandi alla undirbúningsvinnu til samþykktar. Til undirbúningsvinnu telst m. a.:

1. Uppdráttur að lóð.
2. Uppdrættir að fyrirhuguðu mannvirki.
3. Séruppdrættir að því sem menntamálaráðuneytið kann að áskilja sérstaklega.
4. Vottorð byggingafulltrúa eða oddvita um að byggingarnefnd (hreppsnefnd) hafi fallist á uppdrætti, svo og vottorð annarra (byggingar-) yfirvalda um að uppdrættir séu í samræmi við lög og reglugerðir.
5. Tíma- og greiðsluáætlun um framkvæmd verksins og yfirlýsing hlutaðeigandi umsóknaraðila um að tryggð verði þau fjárframlög sem um er að ræða frá öðrum en ríkissjóði. Ef ráðuneytið telur framangreind gögn ekki fullnægjandi skal það tilkynna hvað á skorti.

13. gr.

Þegar ráðuneytið hefur gengið úr skugga um að undirbúningur sé fullnægjandi samkvæmt framansögðu og fjárframlög tryggð sér það um að gerður verði samningur milli þess og annarra aðila um greiðslur samkvæmt 6. gr. þessara laga og heimilar að hafinn verði tæknilegur undirbúningur.

14. gr.

Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum framlag til byggingarframkvæmda.

Eigi er heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins.

Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytis verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

Ríkissjóður skal að jafnaði greiða sinn hluta af áætluðum byggingarkostnaði dagvistarheimila á næstu fjórum árum eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt.

Ef framkvæmdaraðili getur útvegað lánsfé til byggingar dagvistarheimila með sölu skuldabréfa eða á annan hátt er heimilt að ríkissjóður ábyrgist slík lán allt að því er nemur greiðslu hluta ríkissjóðs samkv. 6. gr.

Áætlaður stofnkostnaður dagvistarheimila skiptist í áætlaðan byggingarkostnað og áætlaðan kostnað stofnbúnaðar. Skal í áætlun þessari miða við þá staðla sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma þegar áætlun er gerð og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð að viðbætti visitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma.

15. gr.

Ráðuneytið skal hafa í þjónustu sinni starfsmann sem lokið hefur námi í Fósturskóla Íslands eða í sambærilegum skóla og hlotið framhaldsmenntun. Auk þess skal hann hafa reynslu í uppeldisstarfi. Þessi starfsmaður skal athuga allar umsóknir um húsaskipan og rekstur dagvistarheimila áður en leyfi er veitt. Ber honum að hlutast til um að fullnægt sé öllum ákvæðum sem lög þessi og reglugerðir mæla fyrir um varðandi byggingu og rekstur dagvistarheimila. Hann skal vera stjórn-

endum dagvistarheimila til ráðuneytis um starfsemi heimilanna og annast eftirlit með þeim.

V. KAFLI

16. gr.

Forstöðumaður dagvistarheimilis og starfslið, er annast fósturstörf, skal hafa hlotið fósturmenntun, svo og þeir sem annast umsjón með dagvistarheimilum á vegum rekstraraðila.

Heimilt er þó með samþykki ráðuneytisins að vikja frá þessu ákvæði sé þess einnig kostur að fá fólk með framangreinda menntun til starfs.

17. gr.

Læknar skulu hafa eftirlit með heilsufari barna á dagvistarheimilum. Skal kveða nánar á um það í reglugerð, svo og reglum um heilbrigðiseftirlit með starfsfólki.

Stefnt skal að því að dagvistarheimili eigi kost á sálfræði- og ráðgjafarþjónustu. Tengja skal þá þjónustu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla eða félagsmálastofnana eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.

18. gr.

Forstöðumaður dagvistarheimilis skal halda reglulega fundi með starfsliði um stjórn heimilisins og velferð hvers einstaks barns.

Skylt er rekstraraðila dagvistarheimilis að skipuleggja tengsl milli foreldra barnanna og dagvistarheimilis í því skyni að efla samstarf milli þessara aðila um velferð barnsins.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 29/1973, um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, og önnur ákvæði sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna orðist þannig:

Samgönguráðherra leggur að fengnum tillögum vegamálastjóra tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir Alþingi. Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri, sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu, og útgjöld sundurliðuð eftir

helstu framkvæmdaflokkum skv. lögum þessum. Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þingsályktun um vegáætlun fyrir fjögurra ára tímabil.

Sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma vegáætlunarinnar á sama hátt og að framan getur.

Er þingsályktun um vegáætlun hefur gilt í tvö ár, skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár.

2. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Í þingsályktun um vegáætlun skal þjóðvegum skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

Stofnbrautir:

Vegir, sem ná til 1000 íbúa svæðis og mynda eðlilegt samfelld vegakerfi til tengingar byggða landsins. Víkja má frá reglunni um íbúafjölda, ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kauptúna, sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði. Sama gildir um tengivegi, sem hafa mikla árstíðabundna umferð eða þar sem innan 10 ára má búast við 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina.

Þjóðbrautir:

Vegir, sem eru minnst 2 km langir frá vegamótum og ná til a. m. k. þriggja býla, þannig að þeir nái að þriðja býli frá vegarendu. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kauptúni. Sömuleiðis má, þar sem aðalfjallvegur liggur úr byggð, telja þjóðbraut að innsta býli.

Heimilt er að taka í tölu þjóðbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkvæmt leyfi samgönguráðuneytisins í eitt ár eða lengur. Enn fremur er heimilt að taka í tölu þjóðbrauta vegi að skólastöðum og öðrum hliðstæðum stöðum, þar sem vísir að þorpi hefur myndast vegna þeirrar starfsemi, sem þar fer fram.

Við skiptingu fjárveitinga til þjóðbrauta á milli kjördæma skal hafa hliðsjón af ástandi þeirra, notkun og lengd í hverju kjördæmi.

3. gr.

13. gr. laganna orðist þannig:

Stefnt skal að því að leggja bundið slitlag á þá vegarkafila, þar sem innan 10 ára má búast við 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina. Um það atriði, breidd vega, fjarlægð skurða og girðinga, hurðarþol og önnur tæknileg efni varðandi gerð þjóðvega í hverjum flokki skal setja reglugerð.

4. gr.

19. gr. laganna orðist þannig:

Í hverri sýslu skal vera sýsluvegasjóður. Sýslunefndir gera samþykktir fyrir sýsluvegasjóði, og öðlast þær gildi, er ráðherra hefur staðfest þær.

Í sýsluvegasjóðssamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Í tölu sýsluvega skulu vera:

- a. Vegir að öllum býlum, sem ekki hafa beint vegasamband við þjóðvegi.
- b. Vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum.
- c. Vegir í þorpum með undir 200 íbúum.
- d. Heimilt er sýslunefnd að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum orkuverum, sumarhústöðum, eyðibýlum, fjallskilaréttum, bryggjum, sjúkraflugvöllum og skipbrotsmannaskýlum.
- e. Heimilt er í sýsluvegaáætlun að veita fé til fjallvega, sem nauðsynlegir teljast vegna nýtingar afréttar- og beitilanda.

Sýsluvegur samkvæmt a-lið þessarar greinar skal aldrei teljast ná nær býli en 50 m, ef hann endar þar.

5. gr.

21. gr. laganna orðist þannig:

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvírði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvírði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

6. gr.

23. gr. laganna orðist þannig:

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaптúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja landa og lóða með lögákvæðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7.000. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

26. gr. laganna orðist þannig:

Í kaптúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu $\frac{3}{4}$ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

8. gr.

28. gr. laganna orðist þannig:

Af tekjum vegamála samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tveimur og hálfum sinnum heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan viðkomandi fjárlagaári. Frá því dregst þó mótframlag ríkissjóðs, sem þegar hefur verið greitt skv. síðustu málsgrein þessarar greinar.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helm-

ingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkisframlagið miðast við. Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu, sem falla undir a—c-lið 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær.

Framlag, sem hreppur kann að hafa greitt umfram lágmark samkvæmt 21. gr., skal, ásamt mótframlagi ríkissjóðs, sem heimilt er að greiða á sama ári og framlag hrepps er innheimt, renna óskipt til sýsluvega í viðkomandi hreppi, án tillits til 2. mgr. 28. gr.

9. gr.

Aftan við 37. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

Skýlt er að leita samráðs við vegamálastjóra áður en framkvæmdir eru hafnar við lagningu einkavega utan landareigna lögbýla.

10. gr.

69. gr. laganna orðist þannig:

Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu þjóðbrauta og 30 m frá miðlínu stofnbrauta. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð skv. 13. gr.

Verði ágreiningur um, hvar miðlína vegar muni verða, sker vegamálastjóri úr. Þar sem þjóðvegur liggur um skipulagt svæði, skal fjarlægð bygginga frá vegi ákveðin í samræmi við skipulag.

Vörupalla eða vöruskýli vegna mjólkurflutninga skal heimilt að setja nær vegi en um getur í 1. mgr., þó ekki nær en svo, að bifreið geti staðnæmst við skýlið utan akbrautar.

Loftlínur má ekki strengja yfir veg, nema lægsti hluti línu sé a. m. k. 5 metra frá yfirborði vegar.

11. gr.

72. gr. laganna orðist þannig:

Óheimilt er að grafa framræsluskurði, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu þjóðbrautar og 30 m frá miðlínu stofnbrautar. Nánar skal kveðið á um þetta atriði í reglugerð samkvæmt 13. gr. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi vegagerðarinnar.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í vegalög nr. 66 14. júlí 1975 og gefa þau út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G**um verðjöfnunargjald af raforku.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. l. 83/1974 kemur: 1977.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G**um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 22. mars 1972.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. komi svofelld viðbót:

Eigi er þó heimilt á árinu 1977 að leggja fasteignaskatt á byggingar, fyrr en þær hafa verið teknar til afnota eða eru fullgerðar.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á árinu 1977 er ekki heimilt að bækkja gjöld af fasteignum umfram það, sem leyfilegt hefði verið samkvæmt aðalmati fasteigna er gildi fyrir 31. desember 1976, að viðbættu 236% álagi. Heimild þessi tekur til notkunar fasteignamatsins til ákvörðunar gjalda til sveitarfélaga á árinu 1977, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1977 að jafnvirði allt að 9 732 millj. kr.

2. gr.

Af fjáröflun skv. 1. gr. skal 6 870 millj. kr. varið til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1977. Auk þess er fjármálaráðherra heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði allt að 2 862 millj. kr. á árinu.

3. gr.

Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast allt að 700 millj. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri vegna orkuframkvæmda á vegum sveitarfélaga á árinu 1977.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að innlend skuldabréfalán, allt að 100 millj. kr., er sveitarfélög þjóða út vegna mikils háttar hitaveituframkvæmda á árinu 1977 skuli hljóta sömu meðferð og ríkisskuldabréf skv. 1. gr. laga nr. 7/1974, um skattalega meðferð verðbréfa o. fl.

Heimild þessi gildir einnig þótt skuldabréfin séu verðtryggð enda fullnægi þau ákvæðum laga nr. 71/1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 40. grein komi ný 41. gr., svo hljóðandi:

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, sem ríkið rekur og 45. gr. nær ekki til, eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálpi og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

2. gr.

3. mgr. 46. gr. hefst svo:

Daggjöld sjúkrahúsa, annarra en ríkisspítalanna, svo og daggjöld hjúkrunarheimila og annarra stofnana, sem 42. grein tekur til, ásamt gjaldskrár sömu stofnana vegna utansjúkrahússjúklinga skulu ákveðin af 5 manna nefnd, daggjaldanefnd.

3. gr.

Tveir fyrstu málsliðir 1. mgr. 49. gr. hljóði svo:

Af kostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir 15%. Framlagi sveitarsjóða skal Tryggingastofnun ríkisins jafna niður á sveitarfélög samlagssvæðisins í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Ný 4. mgr. 49. gr. hljóði svo:

Þegar uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1977 liggur fyrir, skal Tryggingastofnun ríkisins kanna hver breyting hefur orðið á útgjöldum hvers sjúkrasamlags vegna þessara laga og gera tillögur um hvernig jafna megi þá kostnaðarbreytingu. Frá gildistöku laganna áætla Tryggingastofnun ríkisins útgjöld sjúkrasamlaga þeirra vegna og greiðir ársfjórðungslega inn á reikning þeirra samlaga, er fyrir útgjöldum verða, jafnháa upphæð og hinn áætluðu útgjaldaaukningu nemur. Með reglugerð skal kveða nánar á um tilfærslu fjármuna.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Á árinu 1977 skal álagningaráðili útsvara leggja á, en innheimtumenn ríkissjóðs innheimta, 1% álag á gjaldstofn útsvara. Skal ríkissjóði staðið skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu mánaðarlega. Eigi skal leggja gjald þetta á þá, sem ekki er gert að greiða útsvar.
2. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1. tl., til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.
3. Lög þessi skal endurskoða fyrir árslok 1978.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af vörum, sem inn eru fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs sem hér segir:

Tollskrár- númer	Vörutegund	Gjald- eining	Vörugjald í kr.
17.04	Sykurvörur sem kakaó er ekki í:		
01	Lakkris, sykraudur og lakkrisvörur	1 kg	45,60
03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a.	1 kg	45,60
04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	1 kg	45,60
05	Karamellur	1 kg	45,60
06	Vörur úr gúmmí arabikum	1 kg	45,60
09	Aðrar	1 kg	45,60
18.06	Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó:		
úr 18.06.09	Súkkulaði og ís húðaður með súkkulaði		0,00
úr 18.06.04	Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ.e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri. Lágmarksstærð í smásöluumbúðum 100 grömm	1 kg	20,80
úr 18.06.04	Annað	1 kg	45,60
úr 18.06.05	Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt	1 kg	45,60
úr 18.06.06	Fyllt súkkulaði og súkkulaðihúðað sælgæti, þar með talið konfekt	1 kg	45,60
úr 18.06.09	Annars	1 kg	45,60
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	1 l	13,20
22.02.01	Gosdrykkir	1 l	13,00
22.02.09	Annað	1 l	13,00
22.03.01	Maltöl og annað yfirgerjað öl sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% af alkóhólmagni miðað við rúmmál	1 l	10,80
úr 22.03.09	Annað	1 l	13,80

2. gr.

12. gr. orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða til Styrktarsjóðs vangefinna framlag, er nemur 7,00 kr. af hverjum lítra innlendrar framleiðslu, sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.01, 22.02.09, 22.03.01 og 22.03.09. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977 og gilda til 31. desember 1977.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 1., 2., 3. og 4. gr. laga nr. 20/1976) orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 18% til 31. desember 1977 og greiðast af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

03.01.11	13.03.03	20.07.30	37.04.00
04.06.00	17.01.10	20.07.40	37.05.01
04.07.00	17.01.21	20.07.50	37.05.09
05.13.00	17.01.22	20.07.60	37.06.00
06.02.01	17.01.25	20.07.70	38.11.10
06.02.09	17.01.26	21.05.11	38.11.20
06.04.01	17.02.01	21.07.04	38.11.30
06.04.09	17.02.02	21.07.05	39.11.40
07.02.00	17.02.03	21.07.06	38.11.50
07.03.00	17.02.09	21.07.07	38.14.00
07.04.00	17.03.09	21.07.08	38.17.00
07.06.00	17.04.01	21.07.11	38.19.31
08.01.50	17.04.03	21.07.19	38.19.32
08.01.60	17.04.04	22.01.01	38.19.35
08.01.79	17.04.05	22.02.01	38.19.49
08.03.00	17.04.06	22.02.09	39.01.25
08.04.21	17.04.09	22.03.01	39.01.35
08.04.29	17.05.00	22.03.09	39.01.44
08.10.00	18.06.09	22.10.00	39.01.45
08.11.00	19.02.09	25.01.01	39.01.54
08.12.01	19.03.00	27.08.20	39.01.69
08.12.02	19.04.01	27.10.82	39.01.79
08.12.03	19.04.09	27.11.11	39.01.89
08.12.09	19.05.00	27.11.19	39.01.96
08.13.00	19.07.01	27.11.20	39.02.16
09.03.00	19.07.02	27.11.30	39.02.24
09.04.00	19.07.09	27.16.00	39.02.37
09.05.00	19.08.01	29.04.50	39.02.45
09.06.00	19.08.02	30.03.44	39.02.46
09.07.00	19.08.03	30.05.00	39.02.48
09.08.00	19.08.04	32.10.00	39.02.52
09.09.00	19.08.09	32.13.20	39.02.62
09.10.10	20.01.00	33.06.02	39.02.63
09.10.20	20.02.02	33.06.04	39.02.65
11.01.23	20.02.03	33.06.06	39.02.67
11.01.24	20.02.04	33.06.08	39.02.73
11.01.25	20.02.05	33.06.12	39.02.94
11.02.10	20.02.06	33.06.19	39.04.09
11.02.29	20.02.07	34.05.03	39.05.09
11.02.31	20.02.08	34.05.09	39.06.29
11.02.32	20.02.09	34.07.00	39.07.12
11.03.01	20.03.00	35.03.09	39.07.30
11.03.09	20.04.00	36.01.00	39.07.36
11.04.00	20.05.01	36.02.00	39.07.39
11.05.01	20.05.02	36.03.00	39.07.49
11.05.09	20.05.03	36.04.00	39.07.64
11.06.09	20.05.09	36.07.00	39.07.65
11.08.01	20.06.10	36.08.00	39.07.73
11.08.02	20.06.20	37.01.09	39.07.74
11.08.03	20.07.11	37.02.02	39.07.78
11.08.09	20.07.19	37.02.09	39.07.99
11.09.00	20.07.20	37.03.09	40.08.02

40.09.01	48.12.00	65.07.00	71.15.00
40.09.09	48.13.00	66.01.00	71.16.00
40.11.10	48.14.01	66.02.00	73.10.12
40.11.20	48.14.02	66.03.00	73.10.13
40.11.40	48.14.03	67.01.00	73.10.21
40.11.50	48.14.09	67.02.00	73.13.51
40.11.61	48.15.20	67.03.00	73.17.00
40.11.69	48.15.31	67.04.00	73.18.19
40.12.00	48.15.32	67.05.00	73.18.22
40.13.01	48.15.39	68.03.00	73.18.29
40.14.06	48.21.10	68.04.00	73.20.02
40.14.08	48.21.29	68.05.00	73.20.03
40.14.19	48.21.32	68.06.00	73.20.09
40.16.09	48.21.39	68.07.00	73.23.02
41.06.00	48.21.51	68.08.09	73.24.00
41.07.00	48.21.52	68.09.00	73.25.01
42.03.03	48.21.69	68.10.01	73.25.09
42.05.03	55.03.01	68.10.09	73.26.00
42.06.00	58.01.10	68.12.01	73.27.01
44.02.00	58.01.20	68.12.02	73.27.02
44.03.42	58.02.10	68.12.09	73.27.09
44.03.49	58.02.20	68.13.09	73.29.02
44.04.10	58.02.30	68.14.00	73.29.09
44.04.20	58.02.40	68.16.01	73.32.00
44.09.10	58.02.50	68.16.09	73.33.00
44.09.29	58.02.60	69.04.00	73.34.01
44.10.00	58.02.70	69.05.00	73.34.09
44.11.00	58.02.80	69.07.00	73.35.09
44.13.11	58.02.90	69.08.00	73.36.11
44.13.19	58.03.00	69.09.00	73.36.12
44.13.29	59.02.10	69.10.00	73.36.13
44.22.09	59.06.02	69.11.00	73.36.14
44.25.09	59.06.09	69.12.00	73.36.20
44.28.95	59.08.01	69.14.00	73.36.30
44.28.99	59.09.02	70.11.00	73.38.11
45.02.00	59.10.00	70.12.00	73.38.19
45.03.09	59.11.02	70.13.00	73.38.23
45.04.02	59.11.09	70.14.02	73.38.29
45.04.09	59.15.00	70.14.03	73.39.01
46.01.00	62.05.01	70.14.09	73.39.09
46.02.09	62.05.04	70.15.00	73.40.47
46.03.09	62.05.05	70.16.00	73.40.56
48.05.10	62.05.07	70.17.09	73.40.59
48.05.20	64.01.02	70.18.00	74.07.09
48.05.49	64.01.03	70.19.00	74.08.00
48.07.31	64.02.03	70.20.20	74.10.00
48.07.44	64.02.04	70.20.32	74.13.00
48.07.45	64.06.00	70.20.39	74.15.00
48.07.46	65.01.00	70.21.09	74.16.00
48.07.59	65.02.00	71.13.01	74.17.00
48.10.00	65.04.00	71.13.09	74.18.10
48.11.00	65.06.09	71.14.09	74.18.20

74.19.03	83.01.01	84.17.10	84.53.40
74.19.09	83.01.02	84.18.12	84.53.50
75.04.00	83.01.05	84.18.13	84.53.60
75.06.02	83.01.09	84.18.21	84.54.10
75.06.03	83.02.03	84.18.22	84.54.20
75.06.09	83.02.09	84.18.29	84.55.10
76.03.01	83.03.09	84.18.31	84.55.21
76.06.09	83.04.00	84.18.39	84.55.29
76.07.00	83.05.09	84.19.10	84.55.30
76.10.01	83.06.00	84.19.20	84.56.10
76.11.00	83.08.00	84.19.31	84.56.20
76.12.00	83.10.00	84.22.19	84.56.31
76.13.01	83.11.00	84.22.21	84.56.39
76.13.02	83.13.04	84.22.29	84.56.40
76.13.09	83.13.09	84.22.39	84.56.50
76.15.10	84.06.31	84.22.41	84.58.00
76.15.20	84.06.32	84.22.49	84.59.20
76.16.04	84.06.33	84.22.50	84.59.50
76.16.19	84.06.39	84.22.69	84.59.82
77.02.00	84.06.40	84.22.79	84.59.89
77.03.00	84.06.51	84.23.10	84.59.91
77.04.20	84.06.52	84.23.21	84.61.03
78.05.00	84.06.53	84.23.22	84.61.04
78.06.09	84.06.59	84.23.29	84.61.09
79.04.00	84.06.61	84.23.30	84.61.12
79.05.00	84.06.62	84.23.40	84.61.13
79.06.01	84.06.69	84.23.50	84.61.14
79.06.02	84.06.70	84.23.61	84.61.19
79.06.03	84.08.31	84.23.69	84.62.00
79.06.09	84.08.39	84.23.70	84.63.03
80.05.00	84.08.41	84.25.11	84.63.04
80.06.02	84.08.49	84.25.19	84.63.05
80.06.09	84.08.60	84.25.51	84.63.06
82.01.09	84.09.00	84.40.10	84.63.07
82.02.00	84.10.10	84.40.21	84.63.09
82.03.10	84.10.20	84.40.50	84.64.00
82.03.20	84.10.39	84.40.61	84.65.09
82.03.30	84.10.49	84.40.69	85.01.10
82.04.00	84.10.50	84.40.71	85.01.29
82.05.00	84.10.69	84.40.72	85.01.31
82.08.00	84.11.19	84.51.10	85.01.39
82.09.01	84.11.29	84.51.21	85.01.40
82.09.09	84.11.30	84.51.29	85.01.59
82.10.00	84.11.49	84.51.31	85.01.60
82.11.01	84.12.00	84.51.39	85.01.74
82.11.09	84.13.09	84.52.10	85.01.80
82.12.01	84.15.10	84.52.20	85.01.89
82.12.09	84.15.20	84.52.30	85.01.90
82.13.01	84.15.31	84.52.40	85.02.00
82.13.09	84.15.32	84.53.10	85.03.09
82.14.00	84.15.41	84.53.20	85.05.00
82.15.00	84.15.42	84.53.30	85.06.11

85.06.19	85.19.17	90.07.39	91.10.00
85.06.20	85.19.19	90.08.11	91.11.00
85.06.31	85.19.21	90.08.19	92.01.00
85.06.39	85.19.29	90.08.21	92.02.00
85.06.40	85.20.10	90.08.29	92.03.09
85.06.50	85.20.20	90.08.31	92.04.01
85.07.02	85.20.30	90.08.39	92.04.09
85.07.03	85.20.40	90.09.01	92.05.00
85.07.04	85.20.50	90.09.09	92.06.00
85.07.09	85.21.10	90.10.10	92.07.01
85.08.00	85.21.20	90.10.20	92.07.09
85.09.00	85.21.39	90.10.32	92.08.00
85.10.09	85.21.60	90.10.39	92.09.00
85.12.10	85.22.20	90.11.00	92.10.00
85.12.21	85.23.01	90.12.00	92.11.00
85.12.29	85.23.09	90.13.00	92.11.20
85.12.30	85.25.10	90.14.20	92.11.31
85.12.41	85.25.20	90.16.10	92.11.39
85.12.49	85.25.30	09.16.20	92.11.40
85.12.51	85.26.10	90.17.10	92.12.11
85.12.52	85.26.20	90.17.20	92.12.19
85.12.53	85.26.30	90.17.30	92.12.21
85.12.54	85.27.00	90.18.01	92.12.23
85.12.55	85.28.00	90.18.09	92.12.29
85.12.56	87.01.10	90.20.00	92.13.01
85.12.57	87.01.39	90.21.00	92.13.09
85.12.59	87.04.01	90.23.01	93.01.00
85.12.61	87.04.09	90.23.02	93.02.00
85.12.69	87.06.09	90.23.03	93.03.00
85.12.70	87.07.11	90.23.09	93.04.03
85.13.10	87.07.19	90.24.01	93.04.04
85.13.20	87.07.20	90.24.09	93.04.05
85.14.10	87.10.00	90.25.00	93.04.09
85.14.20	87.12.09	90.26.01	93.05.00
85.15.19	87.13.31	90.26.02	93.06.00
85.15.20	87.13.39	90.26.09	93.07.10
85.15.25	87.14.10	90.27.02	93.07.22
85.15.30	87.14.29	90.27.09	93.07.29
85.15.35	87.14.31	90.28.10	94.01.11
85.15.40	87.14.39	90.28.29	94.02.00
85.15.59	87.14.49	90.28.30	95.01.00
85.15.60	90.01.01	90.28.40	95.02.00
85.15.79	90.01.09	90.28.50	95.03.00
85.15.81	90.03.00	90.29.09	95.04.00
85.15.82	90.04.09	91.02.00	95.05.00
85.15.89	90.05.00	91.03.00	95.06.00
85.16.00	90.06.00	91.04.00	95.07.00
85.17.01	90.07.13	91.05.00	95.08.09
85.17.09	90.07.21	91.06.00	96.02.05
85.19.12	90.07.29	91.07.00	96.04.00
85.19.14	90.07.31	91.08.00	96.05.00
85.19.15	90.07.32	91.09.00	96.06.00

97.04.01	97.06.01	98.04.00	98.10.00
97.04.02	97.06.02	98.05.00	98.11.00
97.04.03	97.06.09	98.06.01	98.14.00
97.04.04	97.08.00	98.06.09	98.15.00
97.04.09	98.01.01	98.08.00	98.16.00
97.05.00	98.03.00	98.09.00	99.06.00

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 27. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

31. desember 1976.

339

Nr. 120.

L Ö G

um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

A

Tollskrá

Vöruskrá með tolli

1. gr.

Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða aðflutningsgjöld, nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða öðrum sérstökum lögum. Skulu gjöldin vera eins og fyrir er mælt í eftirfarandi

tollskrá,

þannig, að dálkar merktir A gilda fyrir allar innfluttar vörur, nema sérstaklega sé á annan hátt ákveðið í dálkum merktum E. Dálkar merktir E gilda fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalagið Evrópu (EBE). Dálkar merktir E gilda þó ekki um vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum sem innfluttar eru til landsins frá Efnahagsbandalagi Evrópu (þ. e. Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Hollandi, Írlandi, Ítalíu, Luxembourg og Vestur-Þýskalandi):

05.04.00	16.04.01	16.05.02
05.06.00	16.04.02	16.05.03
05.15.00	16.04.03	16.05.04
14.02.00	16.04.04	16.05.09
14.03.00	16.04.05	20.02.01
14.04.00	16.04.06	21.03.00
14.05.00	16.04.07	21.05.29
15.04.10	16.04.08	22.01.01
15.04.20	16.04.09	22.08.00
15.04.30	16.04.11	23.01.10
15.05.00	16.04.12	23.01.20
15.06.00	16.04.19	24.02.32
16.03.00	16.05.01	

A 43

Almennar reglur um túlkun tollskrárákvæða

Við skýringar á tollskránni skal fylgja eftirfarandi reglum:

1. Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Tollflokkunin skal byggð á orðalagi tollskrárnúmera, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla, og brjóti það eigi í bága við orðalag tollskrárnúmeranna eða athugasemdanna skal fylgt eftirfarandi reglum:
2. a. Þegar talað er um tilteknar vörur í tollskrárnúmeri tekur það einnig yfir ófullgerðar vörur eða vörur sem eitthvað vantar á, ef þær við innflutning að öllu verulegu leyti líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það yfir þessar vörur fullgerðar eða heilar (eða vörur sem flokkast þannig samkvæmt þessum lið) þegar þær eru fluttar inn ósamsettar eða sundurteknar.
b. Þegar talað er um tiltekið efni í tollskrárnúmeri tekur það eigi einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða samböndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. liðs hér á eftir.
3. Nú kemur til álita skv. 2. lið að framan, eða af öðrum ástæðum, að telja vörur til tveggja eða fleiri tollskrárnúmera og skal þá tollflokkunin fara eftir því sem hér segir:
 - a. Tollskrárnúmer sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu skal tekið fram yfir tollskrárnúmer með almennri vörulýsingu.
 - b. Blöndur og samsettar vörur, sem eru úr ýmsum efnum eða eru samsettar af mismunandi hlutum og eigi verða flokkaðar eftir reglunni í 3 a, skulu flokkaðar eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir vöruna, enda verði slíku mati komið við.
 - c. Ef eigi er unnt að flokka vörur eftir reglunum í 3 a eða 3 b hér á undan skal telja þær til þess tollskrárnúmers sem ber hæstan toll.
4. Vörur, sem eigi falla undir neitt tollskrárnúmer, skulu taldar til sama tollskrárnúmers og þær vörur sem þeim eru líkastar.

I. flokkur

Lifandi dýr og afurðir úr dýraríkinu

1. KAFLI

Lifandi dýr

Athugasemd:

Til kaflans teljast öll lifandi dýr nema:

- Fiskur, krabbadýr og lindýr sem teljast til nr. 03.01 og 03.03.
- Hreinræktaður sýklagróður og aðrar vörur sem teljast til nr. 30.02.
- Dýr sem teljast til nr. 97.08.

	Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E	A	E
01.01 00 Hestar, asnar, múlasnar og múldýr	50	%	50	%	50	%	50	%
01.02 Nautgripir:								
10 — Hreinræktuð dýr til undaneldis	50		50		50		50	
20 — Önnur	50		50		50		50	
01.03 00 Svín	50		50		50		50	
01.04 Sauðfé og geitfé:								
10 — Sauðfé	50		50		50		50	
20 — Geitfé	50		50		50		50	
01.05 Alifuglar (hænsni, endur, gæsir, kalkúnar og perluhænsni):								
10 — Alifuglar sem vega 185 g eða minna	50		50		50		50	
20 — Aðrir	50		50		50		50	
01.06 Önnur lifandi dýr:								
10 — Einkum ætluð til neyslu handa mönnum	50		50		50		50	
— Annað (þar á meðal dýr í dýragarða, hundar og kettir):								
21* — — Loðdýr	0		0		0		0	
29 — — Annað	50		50		50		50	

* Tilgreina ber stykkjatólu á aðflutningsskýrslu.

2. KAFLI

Kjöt og ætir hlutar af dýrum

Athugasemd:

Til kaflans telst ekki:

- a. Vörur þær er teljast til nr. 02.01—02.04 og nr. 02.06 ef þær eru óhæfar til neyslu handa mönnum.
- b. Parmar, blöðrur og magar (nr. 05.04) og dýrablóð (nr. 05.15).
- c. Dýrafeiti, þó ekki vörur sem teljast til nr. 02.05 (15. kafli).

	Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980		
	A	E	A	E	A	E	A	E	
	%	%	%	%	%	%	%	%	
02.01	Kjöt og ætir hlutar af dýrum er teljast til nr. 01.01-01.04, nýtt, kælt eða fryst:								
10	— Nautgripakjöt, með beini							50	50
20	— Nautgripakjöt,úrbeinað							50	50
30	— Kindakjöt eða geitakjöt							50	50
40	— Svínakjöt							50	50
50	— Kjöt af hrossum, ösnum, mülösnum eða müldýrum							50	50
60	— Aðrir ætir hlutar							50	50
02.02	00 Kjöt og ætir hlutar (þó ekki lifur) af alifuglum (hænsnum, öndum, gæsnum, kalkúnnum og þerluhænum), nýtt, kælt eða fryst								
02.03	00 Lifur úr alifuglum, ný, kæld, fryst, söltuð eða í saltlegi								
02.04	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:								
01	— Hvalkjöt og hvalrengi							0	0
09	— Annars							50	50
02.05	00 Svínafita án kjöts og alifuglafita (óbrædd og ópressuð), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt								
02.06	Kjöt og ætir hlutar af dýrum (þó ekki alifuglalifur), saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt:								
10	— „Bacon“, svínlæri og annað alisvínakjöt							50	50
20	— Annað							50	50

3. KAFLI

Fiskur, krabbadýr og lindýr

Athugasemd:

Til kaflans telst ekki:

- a. Sjávarspendýr (nr. 01.06) og kjöt af þeim (nr. 02.04 eða 02.06).
 b. Fiskur (þar með talin hrogn og lifur), krabbadýr og lindýr, dautt, óhæft til manneldis vegna uppruna síns eða ástands (5. kafli).
 c. Styrjuhrogn, einnig eftirlíkingar (nr. 16.04).

	Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%	%	%
03.01								
Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), kældur eða frystur:								
— <i>Fiskur, nýr (lifandi eða dauður) eða kældur (þó ekki flök):</i>								
11 — — Lifandi fiskur í búri eða öðru íláti	50		50		50		50	
12 — — Síld, ný	0		0		0		0	
13 — — Annar fiskur, nýr	0		0		0		0	
14 — — Síld, kæld	0		0		0		0	
19 — — Annar fiskur, kældur	0		0		0		0	
— <i>Fiskur, frystur (þó ekki flök):</i>								
21 — — Síld	0		0		0		0	
29 — — Annar	0		0		0		0	
30 — <i>Fiskflök, ný eða kæld</i>	0		0		0		0	
40 — <i>Fiskflök, fryst</i>	0		0		0		0	
03.02								
Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi; reyktur fiskur, einnig soðinn á undan eða jafnhliða reykingu:								
10 — <i>Fiskimjöl hæft til manneldis</i>	0		0		0		0	
20 — <i>Þorskur, þó ekki flök, þurrkaður, einnig þótt hann sé saltaður</i>	0		0		0		0	
— <i>Fiskur, þurrkaður (þó ekki þorskur sem telst til nr.03.02.20), saltaður eða í saltlegi:</i>								
31 — — Síld	0		0		0		0	
39 — — Annar	0		0		0		0	
— <i>Reyktur fiskur:</i>								
41 — — Síld	0		0		0		0	
49 — — Annar	0		0		0		0	
03.03								
Krabbadýr og lindýr, með eða án skeljar, ný (lifandi eða dauð), kæld, fryst, söltuð, í saltlegi eða þurrkuð; krabbadýr með skel, aðeins soðin í vatni:								
01 — Smokkfiskur og skelfiskur til beitu	0		0		0		0	
09 — Önnur	0		0	10	0		0	

4. KAFLI

Mjólkurafurðir; fuglaegg; býflugnahunang; ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a.

Athugasemdir:

1. Til *mjólkur* telst nýmjólk, undanrenna, áfir, mysa, kefir, jóghúrt og þess háttar gerjuð mjólk.
2. Mjólk og rjómi í loftþéttum dósum telst niðursoðin mjólk og rjómi og heyrir þannig til nr. 04.02. Hins vegar telst mjólk og rjómi, sem æðeins hefur verið pasteuriserað, dauðhreinsað eða peptoniserað, ekki niðursoðið nema vörurnar hafi verið lagðar niður í loftþéttar dósir.

	Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%	%	%
04.01 00 Mjólk og rjómi, nýtt, þó ekki þurrkað eða sykrað	50		50		50		50	
04.02 Mjólk og rjómi, niðursoðið, þurrkað eða sykrað:								
10 — Mýsa	50		50		50		50	
20 — Mjólk (þó ekki mýsa) í formi dufts eða korns sem inniheldur ekki meira en 1,5% fitu miðað við þunga	50		50		50		50	
30 — Mjólk (þó ekki mýsa) og rjómi í formi dufts eða korns sem inniheldur meira en 1,5% fitu miðað við þunga	50		50		50		50	
40 — Mjólk (þó ekki mýsa) og rjómi í öðru formi en sem duft eða korn	50		50		50		50	
04.03 00 Smjör	70		70		70		70	
04.04 00 Ostur og ostahlaup	70		70		70		70	
04.05 Fuglaegg og eggjarauður, nýtt, þurrkað eða varið skemmdum á annan hátt, sykrað eða ósykrað:								
10 — Fuglaegg í skurn	0		0		0		0	
20 — Önnur	0		0		0		0	
04.06 00 Náttúrulegt hunang	35		35		35		35	
04.07 00 Ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a.	35		35		35		35	

5. KAFLI

Afurðir úr dýraríkinu, ót. a.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Ætar afurðir (að undanteknum þörmum, blöðrum og mögum úr dýrum, heilum eða í stykkjum, enn fremur dýrablóð, fljóttandi eða þurrkað).
 - b. Húðir og skinn (þar með talin loðskinn), að undanteknum vörum þeim er teljast til nr. 05.05—05.07 (41. eða 43. kafla).
 - c. Spunaefni úr dýraríkinu, að undanteknu hrosshári og hrosshársúrgangi (XI. flokkur).
 - d. Hárnippi tilsníðin til burstagerðar (nr. 96.03).
2. Mannshár, flokkað eftir lengd, telst vera óunnið (nr. 05.01), enda sé það ekki jafnframt flokkað þannig að rótarendarnir séu allir sömu megin.
3. Til *filabeins* teljast alls staðar í tollskránni vígtennur úr filum, mammútum, mastódonum, rostungum, náhvelum og villisvínunum, horn af nashyrningum og tennur úr öllum dýrum.
4. Hvarvetna í tollskránni er með *hrosshári* átt við hár af makka eða svíra og tagli eða hala dýra er teljast til hrossa- eða nautgripaætta.

	Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E	A	E
05.01 00 Mannshár, óunnið, einnig þvegið eða affitað; úrgangur af mannhári	0		0		0		0	
05.02 00 Hár og burstir af tömdum svínunum og villisvínunum; greifingjahár og annað hár til burstagerðar; úrgangur af slíkum burstum og hári	0		0		0		0	
05.03 00 Hrosshár og hrosshársúrgangur, einnig sett á undirlag eða á milli laga, úr öðrum efnum	0		0		0		0	
05.04 00 ¹⁾ Þarmar, blöðrum og magar, heilt eða í stykkjum, úr öðrum dýrum en fiskum	21	10	18	7	14	3	10	0
05.05 00 Fiskúrgangur	0		0		0		0	
05.06 00 ¹⁾ Sinar og taugar; afklippur og þess háttar úrgangur af óunnum húðum og skinnunum	21	10	18	7	14	3	10	0
37. Að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, svo og stöfum, úrum og öðrum búnaði sem sérstaklega er gerður fyrir blint eða verulega sjónskert fólk, enda sé búnaður þessi fluttur til landsins af Blindrafélaginu eða Blindravinafélaginu til nota fyrir framangreint fólk.
38. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings.
39. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði sem íslenskar vísindastofnanir eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum.
40. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði til Norrænu eldfjallarannsóknastöðvarinnar.
41. Að lækka toll úr 90% í 40% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa akstur leigubifreiða til fólksflutninga, akstur sendiferðabifreiða eða kennslu í bifreiðakstri að aðalstarfi. Enn fremur er heimilt að lækka toll úr 90% í 65% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa slíkan akstur að aukastarfi.
42. Að fella niður gjöld af varningi, allt að ákveðnu hámarki hverju sinni, sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum, umfram þá muni sem greinir í 4. og 5. tölulið 2. gr., enda sé ekki um innflutning í atvinnuskyni að ræða. Undanþágu þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti tiltekinna vörutegunda. Að öðru leyti gilda ekki aðrar innflutningshömlur um slíkan varning en settar eru vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana.
43. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í sveitarfélögum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni véla- samstæðu fyrir hvert sveitarfélag.
44. Að lækka eða fella niður gjöld af sölumerkjum sem góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni.
45. Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugarða, svo og af tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í gróðurhúsum, sem svari því að greiddur sé 7% tollur.
46. Að fella niður gjöld af áteknum og óáteknum myndsegulböndum fyrir Ríkis- útvarp/sjónvarp.
48. Að ákveða að sameina megi í eitt tollskrárnúmer vörur sem falla í mismunandi tollskrárnúmer og fluttar eru til landsins í smásendingum að fob-verðmæti allt að kr. 10 000, enda verði greidd af þeim gjöld miðað við tolltaxta þess tollskrárnúmers sem verðmætasti hluti sendingarinnar fellur undir.
49. Að fella niður gjöld af sýnishornum verslunarvara og auglýsingarefnis, svo og varningi sem gerður hefur verið ónothæfur sem almenn verslunarvara, enda sé um óverulegt verðmæti að ræða og vörurnar verði einungis notaðar til að ákveða eftir þeim pantanir.
51. Að semja svo um að gjöld af framangreindum númerum í 1. gr. sem merkt eru með stjörnu (*) skuli vera bundin og eigi hærrí en þar greinir. Enn fremur að gjöld af eftirtöldum númerum skuli ekki vera hærrí en hér segir:

06.01.00	80%	08.12.03	40%	10.06	0
08.05.00	90%	08.12.09	40%	11.01.11	0
08.06.10	12%	10.01.00	0	11.01.12	0
08.12.02	40%	10.05.00	0	11.01.22	0

11.01.23	0	33.06.04	125%	73.12.00	15%
11.01.24	0	34.02.01	110%	73.13.10	15%
11.02.21	0	34.02.09	110%	73.13.20	15%
15.07.89	30%	37.07.00	1 kg 50 kr.	73.13.30	15%
15.10.19	30%	38.19.19	50%	73.13.51	15%
15.12.09	35%	39.02.87	35%	73.13.59	15%
18.03.00	40%	39.02.99	40%	73.15.82	15%
18.04.00	40%	39.07.89	70%	73.18.31	15%
18.05.00	50%	40.09	35%	73.27.02	20%
19.03.00	80%	44.23.01	40%	78.04.01	15%
19.07.00	80%	53.07	50%	82.02.00	35%
19.08.00	80%	55.09.23	50%	82.03.00	35%
20.02.00	60%	58.04.30	65%	82.05.00	35%
20.06.00	50%	64.01.01	25%	82.06.00	35%
20.07.01	40%	64.01	50%	83.07.05	70%
20.07.09	50%	64.02.01	80%	84.09.00	25%
21.05.00	100%	64.02.09	80%	84.19.09	25%
21.07.01	40%	64.06.00	100%	84.23.09	25%
22.05.01	20%	69.11.00	100%	84.30.05	10%
22.05.02	20%	69.12.00	100%	84.32.00	25%
22.05.03	20%	70.04.00	35%	84.35.00	25%
22.05.09	20%	70.05.00	35%	84.36.00	25%
22.09.05	20%	70.06.00	35%	84.37.01	25%
22.09.09	20%	70.07	50%	84.37.09	25%
23.07.00	0	70.08.00	50%	84.40.11	35%
28.30.01	20%	70.10.09	60%	84.42.00	25%
30.04.00	35%	73.09.00	15%	84.45.00	25%
31.04.22	0	73.10.11	15%	84.47.01	25%
32.05.00	25%	73.10.19	35%	84.49.00	25%
32.07.00	25%	73.10.21	35%	84.59.23	25%
32.09.09	60%	73.10.23	35%	85.05.00	35%
32.12.00	60%	73.10.29	15%	87.07.00	25%
33.06.02	125%	73.11.10	15%	90.16.00	35%
33.06.03	125%	73.11.20	15%		

52. Að endurgreiða eða fella niður gjöld af ökutækjum sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar.
53. Að lækka í 15% toll af bifreiðum sem hjálpar- og björgunarsveitir festa kaup á og þegar eftir tollafgreiðslu verða sérstaklega útbúnar til leitar og sjúkraflutninga.
54. Að endurgreiða eða lækka í 50% toll af merktum borðbúnaði í tnr. 69.11.00, 69.12.00, 70.13.00, 73.38.11, 73.38.19, 82.09.01 og 82.14.00, sem fluttur er inn til veitingarekstrar af hótél- og veitingahúseigendum, svo og af merktum borðbúnaði fyrir spítala, hæli, elliheimili og aðrar heilsugæslustöðvar.
56. Að endurgreiða með nánar ákveðnum skilyrðum gjöld af efni, vélum og tækjum í hitaveitur.
58. Að fella niður gjöld af skíðalyftum.
59. Að lækka í 7% toll af reyk háfum fiskimjölsverksmiðja sem settir verða upp að kröfu heilbrigðisyfirvalda.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um undanþágu- og lækkunarheimildir samkvæmt þessari grein.

Vörur úr viðgerð og annarri aðvinnslu

4. gr.

Nú eru vörur sendar til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, gyllingar, silfrunar eða annarrar aðvinnslu, og þær breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnslna að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning þeirra er fullnægt þeim skilyrðum sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgreinar, og skal þá greiða af aðvinnslukostnaði, að viðbættum sendingarkostnaði báðar leiðir, þann hundradshluta í aðflutningsgjöld sem sams konar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni, þó ekki lægri verðtoll en 5%. Ef sams konar erlendar aðfluttar vörur eru undanþegnar gjöldum skal greiða af vörunum 5% af fyrrnefndum kostnaði, að viðbættum sendingarkostnaði báðar leiðir. Undanþága, sem felst í þessum ákvæðum, er þó bundin þeim skilyrðum

- a. að vöru sé framvísað fyrir tollstarfsmanni áður en hún er flutt til útlanda,
- b. að við útflutning skrái útflytjandi á þar til gert eyðublað nákvæma lýsingu á vöru og fyrirhugaðri viðgerð eða aðvinnslu hennar,
- c. að viðkomandi tollstarfsmaður votti á eyðublaðið að vöru hafi verið framvísað og lýsing útflytjanda sé rétt,
- d. að við endurinnflutning vöru sé hinni staðfestu lýsingu framvísað við tollafgreiðslu.

Breyti vörur þær, sem sendar eru til útlanda til aðvinnslu, svo eðli sínu við aðvinnslna að úr verði nýir hlutir skal greiða af þeim gjöld eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

Undanþegnar framangreindu gjaldi eru viðgerðir á íslenskum skipum, bátum og flugvélum sem fram fara erlendis.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður eða endurgreiða gjald það, sem um ræðir í þessari grein, af aðvinnslukostnaði íslenskra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis, enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram hér á landi.

B**Tollmeðferð o. fl.****Tollverð vara og verðtollun****5. gr.**

Tollverð (tollreikningsverð) verðtollsskyldrar vöru er eðlisverð (normalverð) hennar, og er með því átt við það verð, sem myndi fást fyrir vöruna á frjálsum markaði í viðskiptum kaupanda og seljanda, sem eru óháðir hvor öðrum, á þeim tíma sem varan er tekin til tollmeðferðar.

Við ákvörðun eðlisverðs skal við það miðað

- a. að varan sé afhent kaupanda á innflutningsstað í innflutningslandinu,
- b. að seljandi beri allan kostnað, gjöld og önnur útgjöld við sölu og flutning vörunnar til innflutningsstaðar og afhendingu hennar þar, en
- c. kaupandi greiði alla tolla og önnur gjöld sem falla á vöruna í innflutningslandinu.

Innflutningsstaður vöru telst sá staður þar sem hún er affermd úr því fari sem flutti hana til landsins.

6. gr.

Kostnaður sá, gjöld og önnur útgjöld, sem greind eru í b-lið 2. málsg. 5. gr., skulu innifalín í eðlisverði og telst þar til m. a.:

1. Flutningsgjald og annar flutningskostnaður.
2. Vátrygging.
3. Umsýslubókun.
4. Miðlaraþókun.
5. Kostnaður, gjöld og önnur útgjöld við að gefa út utan innflutningslandsins skjöl sem nauðsynleg eru við flutning vöru þangað, þar með talin gjöld til ræðismanna.
6. Tollar og önnur gjöld sem falla á vöru utan innflutningslandsins, að frádregnum endurgreiðsluupphæðum.
7. Umbúðakostnaður, vinnulaun og annar kostnaður við umbúðir.
8. Fermingarkostnaður.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er unnt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað, sem sá framhaldsflutningur hefur haft í för með sér, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka. Þá skal og heimilt með sama skilyrði að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu, eða vegna þess að far affermir á fleiri stöðum en einum, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

Sé vara vernduð með einkaleyfi eða mynsturvernduð eða hún er flutt hingað með erlendu vörumerki eða í því skyni að seljast hér með slíku vörumerki skal eðlisverðið taka til verðmætis réttarins til að nota einkaleyfið, mynstrið eða vörumerkið.

7. gr.

Við sölu á frjálsum markaði milli kaupanda og seljanda, sem eru óháðir hvor öðrum, skal við það miðað

- a. að verðið sé eina endurgjaldið fyrir vöruna,
- b. að það hafi ekki áhrif á verðið að sérstakt samband, fjárhagslegt, viðskiptalegt eða einhvers annars eðlis, hvort heldur er samkvæmt samningi eða á einhvern annan hátt, sé á milli seljanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, annars vegar, og kaupanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, hins vegar, og
- c. að enginn hluti þess arðs, sem hefur orðið til við síðari endursölu, notkun eða ráðstöfun vörunnar, falli í hlut seljanda, beint eða óbeint, eða til nokkurs annars aðila sem stendur í viðskiptalegu sambandi við hann.

Um viðskiptalegt samband tveggja aðila er að ræða, beint eða óbeint, ef

- a. annar þeirra hefur einhverra hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir hins, eða
- b. báðir hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta í sambandi við einhvern annan viðskiptarekstur eða eignir, eða
- c. einhver þriðji aðili hefur hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir þeirra beggja.

Þegar um kaup á vöru er að ræða skal yfirleitt leggja hið umsamda kaupverð til grundvallar, þó með þeim leiðréttingum sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að færa vöruna til réttis eðlis- og tollverðs samkvæmt lögum þessum.

Við leiðréttingu á verði má, þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar vara er flutt inn af dótturfyrirtæki eða útibúi, hafa hliðsjón af því verði sem innflytjandi fær fyrir hana í endursölu.

Því aðeins skal leiðrétta tollverð vegna verðbreytinga á vöru, sem keypt er til landsins, að lengri tími en 6 mánuðir líði frá því að kaup eru gerð og þar til varan er tekin til tollmeðferðar.

8. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja nánari ákvæði um ákvörðun eðlis- og tollverðs, m. a. að ákveða hvers konar afsláttur skuli undanþeginn tolli og hvað sé eðlilegt flutningsgjald og aðrir eðlilegir kostnaðarliðir í eðlis- og tollverði.

9. gr.

Nú fást ekki fullnægjandi gögn um verð vöru og skal þá verðtollur greiddur af verði sem svarar til verðs á sams konar vöru eða vöru af svipuðu tagi, með umbúðum en án tolls, frá heildsala til smásala hér á landi á þeim tíma sem vara er tekin til tollmeðferðar.

10. gr.

Nú er verð vöru eigi tilgreint eða tollstarfsmenn telja við tollmeðferð vöru að verð það sem staðfest kann að vera með framlögðum skjölum sé ekki hið rétta tollverð hennar og skulu þeir þá ákveða verðið í samræmi við ákvæði laga þessara.

Þurfi að fara fram mat á vörunni í þessu skyni er tollyfirvaldi þó jafnan heimilt að láta dómkveðja menn til að framkvæma matið á kostnað viðtakanda. Skal það einkum gert ef viðtakandi vöru finnst ekki, viðtöku hennar er neitað, vara er til muna skemmd eða matið þykir aðeins vera á færi sérfróðra manna.

Sætti viðtakandi vöru sig ekki við það verð sem ákveðið hefur verið skv. 1. og 2. málsg., getur hann gert skriflega kröfu um yfirmat til viðkomandi tollyfirvalds, áður en það afhendir eða samþykkir að afhenda megi viðtakanda vöruna.

Tollyfirvald getur einnig krafist yfirmats innan sama tíma. Eftir að fram er komin krafa um yfirmat skal tollyfirvald gera ráðstafanir til að matið verði framkvæmt af þrem dómkvöddum matsmönnum sem tilkynna skulu viðtakanda vöru og tollyfirvaldi hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Matsmenn skulu ákveða verð vörunnar, eftir ákvæðum laga þessara um tollverð eftir því sem við verður komið, og skal úrskurður þeirra vera endanlega bindandi fyrir báða aðila. Sá, sem yfirmats krefst, skal greiða matskostnaðinn, nema matið gangi honum í vil. Ákvæði 54. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit skulu gilda eftir því sem við á um matskostnað.

Nú fær innflytjandi batur fyrir rýrnun eða skemmdir, sem verða á vöru á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslum tollyfirvalda eða í viðurkenndum geymslum farmflytjanda, áður en hún er afhent honum, og hann eða aðrir eiga ekki sök á rýrnuninni eða skemmdunum, og má þá tollyfirvald lækka tollverð vörunnar sem svarar bótunum, enda hafi tollstarfsmenn verið viðstaddir skoðun og mat vörunnar og telji bæturnar ekki of háar miðað við ástand hennar.

11. gr.

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess tilgreint í erlendra mynt, og skal þá því eða hluta þess við ákvörðun tollverðs breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi þegar varan er tekin til tollmeðferðar, sbr. 14. gr. Fjármálaráðuneytið getur ákveðið með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að sölugengi, sem skráð er í bönkum hér á landi, skuli við ákvörðun tollverðs gilda fyrir ákveðinn tíma, þó eigi lengur en til eins mánaðar í senn.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. að innflytjanda vöru, sem eigi hefur verið greidd eða greiðsla tryggð fyrir í viðskiptabanka, skuli heimilt að tollafgreiða vöruna á því gengi sem gildi sem tollskjöl voru afhent tollyfirvaldi. Tollskjölin skulu þó hafa verið afhent innan þess tíma er fjármálaráðuneytið ákveður skv. 23. gr. og formleg breyting eigi orðið á skráðu gengi íslenskrar krónu eða hlutaðeigandi erlendra myntar.

Bönkum og útibúum þeirra er skylt að gefa tollyfirvöldum upplýsingar um gengi er þau æskja þess. Nú er ekkert gengi skráð hér í bönkum á einhverri mynt eða ekki fæst vitneskja um það og skal þá breyta eftir því gengi sem fjármálaráðuneytið ákveður.

12. gr.

Ef verð vara, sem greiða ber af mismunandi háan verðtoll, er tilgreint í einni fjárhæð skal greiða af öllum vörunum þann verðtollshundraðshluta sem hvílir á þeirri af vörunum sem ber hæstan verðtoll.

Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur ef viðtakandi afhendir til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hverrar einstakrar vöru á innkaupsstað, og deilir niður á aðflutnings-skýrslu hinum ósundurliðaða flutningskostnaði milli innkaupsverðs varanna innbyrðis.

13. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að greiða skuli tiltekna fjárhæð af hverri einstakri nánar tilgreindri vöru, sem tollskyld telst í farangri farþega og áhafna, í stað venjulegra gjalda samkvæmt tollskránni.

Fjármálaráðuneytinu skal einnig heimilt að setja sérstakar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs. Má ráðuneytið m. a. ákveða að tollverðið miðist

við verð bifreiðanna nýrra að frádregnum hundraðshluta fyrir hvert ár eða hluta úr ári af aldri þeirra og má í því skyni krefja innflytjendur um upplýsingar um verð nýrra bifreiða sem þeir hafa umboð fyrir hér á landi.

14. gr.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þó skal, er breyting verður á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg, taka hin nýju aðflutningsgjöld af þeim vörum, er eigi hafa verið teknar til tollmeðferðar er breytingin öðlast gildi, þó að inn hafi verið fluttar fyrir breytinguna. Í þessu sambandi telst vara tekin til tollmeðferðar þegar fyrir hendi er eitthvert þeirra tilvika sem um ræðir í 1.—3. tölulið hér á eftir:

1. Hlutaðeigandi tollyfirvald hefur tekið við skjölum þeim yfir vöruna sem afhenda ber vegna tollmeðferðar hennar, enda fullnægi skjölin að öllu leyti skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða hana þegar í stað.
2. Tollyfirvald hefur afhent eða leyft að afhenda vöruna gegn tryggingu, sbr. 21. gr. laga þessara.
3. Tollyfirvald lætur selja vöruna á uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 54. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Ef aðflutningsgjöld lækka, eftir að skjöl eru afhent skv. 1. tölulið en áður en tollafgreiðsla fer fram, skal þó greiða hin lægri gjöld.

Nú hefur vara komist í hendur viðtakanda án þess að hún hafi verið tollafgreidd og án leyfis tollyfirvalds og skal þá heimilt að innheimta af henni hæstu aðflutningsgjöld, er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu frá því varan var flutt inn, þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

Aðflutningsskýrsla

15. gr.

Áður en viðtakandi (innflytjandi, eigandi eða annar) vitjar innfluttrar vöru eða sendingar skal hann afhenda hlutaðeigandi tollýfirvaldi skriflega skýrslu (aðflutningsskýrslu) um vöruna eða sendinguna. Enn fremur skal hann framvísa eða láta framvísa vörunni eða innihaldi sendingarinnar fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar. Þetta tekur þó ekki til sendinga sem pósthöfnunir — eftir nánari reglum settum af fjármálaráðuneytinu — mega afhenda beint til viðtakenda. Fjármálaráðuneytið hefur þó heimild til að mæla svo fyrir að ekki þurfi að gefa skriflega skýrslu um vörur eða sendingar af vissu tagi, sem ekki eru á farmskrá, svo og að fresta framvísunarskyldu viðtakenda á vörum eða innihaldi sendinga fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar.

Viðtakanda vöru er heimilt að telja gjald fyrir framvísun vörunnar í kostnaðarverði vöru, samkvæmt gjaldskrá sem ráðuneytið setur.

16. gr.

Eftirtalin atriði skal viðtakandi tilgreina í aðflutningsskýrslu:

1. Nafn viðtakanda eða firma hans og heimilisfang.
2. Hvernig varan eða vörurnar eru komnar til þess staðar þar sem tollafgreiðslan á að fara fram og hvenær þær komu þangað (heiti fars, komudagur o. þ. h.).
3. Stykkjatölu og tegund umbúða, ef vara eða sending er í umbúðum.
4. Auðkenni á stykkjum (nöfn, merki, númer o. s. frv.).
5. Tollskrárnúmer hvernar einstakrar vörutegundar, með fullri 6 stafa tölu.
6. Í hvaða landi vara er framleidd og í hvaða landi hún er keypt.
7. Tegund vara eða vöru sem nákvæmast.
8. Brúttó- og/eða nettóþyngd hvernar einstakrar vörutegundar eftir því sem nánar er ákveðið af fjármálaráðuneytinu. Enn fremur stykkjatölu, lítratölu eða rúm-mál vörusendingar, þar sem það á við, samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
9. Verð eða verðmæti hvernar einstakrar vöru kominnar um borð í far sem flytur hana hingað til lands (fob-verð eða fob-verðmæti), bæði í erlendri og innlendri mynt.
10. Flutningsgjald hvernar einstakrar vöru og skal tilgreina það án sérstaks afsláttar.
11. Vátryggingariðgjald, miðlaraþóknun, umboðslaun (þóknun fyrir innkaup vöru) og annan kostnað á leiðinni hingað til lands sérstaklega fyrir einstaka vöru án sérstaks afsláttar.
12. Önnur atriði, sem fjármálaráðuneytinu þykir ástæða til að tekin verði upp í aðflutningsskýrslu og varða innkaup, viðskipti, innflutning, vöru, sendingu o. þ. h. og eyðublöð, sem gerð eru fyrir aðflutningsskýrslur, gera ráð fyrir að tilgreind verði.

Þá skal vera í aðflutningsskýrslu eftirgreind yfirlýsing viðtakanda, eða sams konar yfirlýsing vera skráð af honum á framlagðan vöru-eikning, þar sem hann lýsir því yfir, að viðlagðri ábyrgð að lögum, sbr. 32. gr. þessara laga,

að framlagður vöru-eikningur og önnur framlögð skjöl séu rétt,

að hið tilgreinda tollverð í skýrslunni sé í samræmi við ákvæði 5.—7. gr. þessara laga,

að öll sölu- og viðtökuskilyrði séu tilgreind í vöru-eikningnum og/eða skýrslunni,

að frá tollverðinu í skýrslunni hafi ekki verið og sé ekki dreginn afsláttur eða önnur verðhækkun, sem ekki komi greinilega fram í vörureikningnum og/eða skýrslunni,

að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda söluverð á vörureikningnum sé undir markaðsverði erlendis á þeim stað og tíma sem kaup voru gerð.

Í stað þess eða jafnframt því að tollflokkun vara, umreikningsverð erlendra myntar, tollverð og aðflutningsgjöld séu tilgreind í framlagðri aðflutningsskýrslu má setja fyrirmæli um að þessi atriði skulu vera skráð á framlagðan vörureikning.

Fjármálaráðuneytið má setja nánari fyrirmæli um aðflutningsskýrslur og útfyllingu þeirra og ákveða í hve mörgum eintökum þær skuli afhentar.

Nú hefur verið ákveðið í lögum að hver einstaklingur og hvert fyrirtæki skuli hafa auðkennisnúmer, og er fjármálaráðuneytinu þá heimilt að mæla svo fyrir, að sérhver innflytjandi skuli tilgreina númer sitt í aðflutningsskýrslu og skjöl skuli ekki tekin til tollmeðferðar nema þessari skyldu sé fullnægt. Jafnframt getur fjármálaráðuneytið ákveðið að tollyfirvald geti krafist þess af innflytjanda að hann framvísi skírteini til sönnunar því að rétt númer sé tilgreint í aðflutningsskýrslu.

17. gr.

Tollyfirvald getur neitað að taka við skjölum til tollmeðferðar ef aðflutningsskýrslueyðublað er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn ekki afhent eða öðrum settum skilyrðum ekki fullnægt.

Ef síðar kemur í ljós að afhentum skjölum er áfátt getur tollyfirvald neitað um tollafgreiðslu uns úr er bætt.

Vörureikningar og önnur staðfestingarskjöl

18. gr.

Viðtakendur eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu frumrit eða samrit af sölu- eða vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu og skal tolyfirvald halda þessu reikningseintaki eftir.

Sé vara eða sending endanlega seld hingað til lands skal sölureikningurinn undirritaður af seljanda eða þeim er samkvæmt lögum í landi seljanda hefur rétt til að skuldbinda hann eða firma hans. Þá skal sölureikningurinn tilgreina eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili sendanda.
2. Hvar og hvenær reikningurinn er gefinn út og enn fremur með hvaða fari sending er afhent til flutnings áleiðis til Íslands.
3. Nafn og heimili kaupanda.
4. Tölu stykkja og þunga þeirra með umbúðum, tegund umbúða, nöfn, merki, númer o. þ. h. á stykkjum, og séu í sendingu, sem í eru fleiri en eitt stykki, tvær eða fleiri vörutegundir skal tilgreina á reikningnum hvaða vörur séu í hverju stykki og hvornig það stykki sé merkt og hver sé þungi þess.
5. Nöfn vörutegunda, sem reikningurinn hljóðar um, og má ekki nota verð- eða vörulistanúmer o. þ. h. í stað vörutegundarheita.
6. Framleiðsluland vörunnar.
7. Söluverð hverrar einstakrar vörutegundar, bæði einingar- og heildarverð, og skulu allir töluliðir reikningsins lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt tilgreind.
8. Nettóhyngd hverrar einstakrar vörutegundar í sendingu, svo og stykkjatölu.
9. Afslátt og annan frádrátt, sem er veittur, upphæð hans og hvers vegna frádrátturinn er gerður, og nægja þar ekki almenn orðatiltæki eins og t. d. verslunarafsláttur o. þ. h.
10. Hvenær sala fór fram, hvornig vara er seld (fob, cf, cif o. þ. h.) og í hvaða mynt reikningsverð er tilgreint.
11. Greiðsluskilmála og önnur greiðsluskilyrði.
12. Yfirlýsing seljanda um,

að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur sem eru í sendingu með tilgreindu fari,

að vörunnar séu tilgreindar með því verði sem þær eru seldar fyrir, og

að hann viti ekki til þess að hið tilgreinda verð sé lægra en markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma sem kaup voru gerð. Sé markaðsverðið lægra skal einnig tilgreina það á reikningnum.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að viðtakendur aðfluttra vara skuli sjá svo um að vörureikningur tilgreini nákvæmlega tollskrárnúmer vara samkvæmt tollskránni.

Sé vara ekki endanlega seld hingað til lands skal á vörureikningi, sem afhenda skal til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu og gerður er og undirritaður af sendanda vöru eða sendingar erlendis, tilgreina eftir því sem við á sömu atriði og sölureikningar yfir selda vöru, sbr. 1.—11. tölulið 2. málsg. þessarar greinar. Sem verðmæti skal tilgreina markaðsverð á sams konar vöru eða hliðstæðri vöru til útflutnings á þeim stað og tíma sem sendingin er send til Íslands. Hafi vara ekki verið til sölu eða að öðru leyti á markaði skal tilgreina framleiðsluverð hennar eða áætlað notagildi ásamt áætlaðri hæfilegri álagningu.

Einn og sami sölu- eða vörureikningur skal vera fyrir hverja innflutta sendingu (þ. e. einn sölu- eða vörureikningur yfir vöru eða sendingu á einu og sama farmskírteini, flugfarmbréfi, fylgibréfi eða öðru flutningsskilríki). Annist sendandi erlendis innkaup hjá einum eða fleiri aðilum fyrir viðtakanda hérlendis skal sendandi láta fylgja sendingunni einn heildarreikning yfir innkaupin, þóknun sína og annan útlagðan kostnað á sendingarstað, ásamt sölu- eða vörureikningi frá hverjum einstökum aðila, sem keypt er hjá, og skulu þessir reikningar afhentir til tollmeðferðar ásamt heildarreikningi. Þessir einstöku sölu- eða vörureikningar skulu að öðru leyti fullnægja fyrirmælum þessarar greinar um einstök atriði.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að tilgreina skuli í vörureikningum fleiri atriði en talin eru í þessari grein, svo og að veita undanþágu frá einstökum atriðum ef þurfa þykir.

19. gr.

Viðtakendur vöru eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu viðurkenningu (kvittun) viðskiptabanka um greiðslu eða tryggingu kröfu samkvæmt sölu- eða vörureikningi, farmskírteini, flugfarmbréf, fylgibréf eða annað flutningsskilríki, reikning yfir umbúðarkostnað, þökkunarlista, efnagreiningu og önnur skjöl og gögn, sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og sölu- eða vörureikningi, eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetning hennar, magn og verð. Krefjast má þess að farmskírteini, flugfarmbréf, fylgibréf eða annað flutningsskilríki sé afhent í fleirriti og má tollfyrirvald þá halda eftir einu eintaki eða fleiri eftir þörfum. Tollyfirvald má gera afrit af staðfestingarskjölum ef ástæða þykir til.

Nú gerist Ísland aðili að alþjóðasamningi um niðurfellingu eða lækkun á gjöldum af vörum með uppruna í ákveðnum löndum, og má þá binda slíka tollmeðferð því skilyrði að innflytjandi leggi fram nauðsynlegar upplýsingar og sannanir fyrir uppruna varanna. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um þetta atriði ásamt því hvernig nauðsynlegu eftirliti verði við komið.

20. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendingar leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn, sem 18. og 19. gr. taka til, eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki atriði, sem fyrirskipuð eru í 18. gr. og verulegu máli skipta, skal greiða toll af því tollverði sem ákveðið verður eftir reglum laga þessara, með 10% viðauka við það.

Ef tilgreint er rangt tollskrárnúmer í aðflutningsskýrslu eða hún er röng á þann hátt að tollur eða önnur gjöld eru vanreiknuð, má innheimta 10% viðauka á þann toll eða þau gjöld önnur sem greiða ber samkvæmt leiðréttri skýrslu. Þó skal viðauki aldrei vera hærri en gjaldamismunur í rangri skýrslu og leiðréttri skýrslu.

Ef ekki er um venjulega verslunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á, má tollyfirvald sleppa 10% viðauka við tollverð, toll eða önnur gjöld sem um ræðir í 1. og 2. málsg. þessarar greinar.

21. gr.

Nú gerir viðtakandi vöru það sennilegt að hann hafi ekki fengið þau gögn sem 18. og 19. gr. taka til, eða þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sem tollyfirvald ákveður, og afhendi eða leiðréttri gögn, sem misfella eru á, innan hæfilegs tíma sem tollyfirvald tiltekur. Ef vanefndir verða á því má tollyfirvald ákveða gjöldin og taka fjártryggingu upp í þau.

Heimila má farmflytjendum að afhenda neyðarsendingar án fullnaðartollafgreiðslu, enda taki farmflytjandi tryggingu er nægi til greiðslu hins erlenda kaupverðs og allra ríkissjóðsgjalda og sé ábyrgur fyrir greiðslu þeirra ef innflytjandi stendur ekki sjálfur í skilum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um þetta atriði.

22. gr.

Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslum, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind er tolyfirvaldi heimilt að krefjast aðgangs að verslunarbókum hlutaðeigandi, bréfaviðskiptum og öðrum skjölum sem að dómi þess geta veitt upplýsingar um nefnd atriði.

23. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrir- mælum að viðtakandi vöru skuli, innan ákveðinna tímamarka frá komudegi henn- ar til landsins, afhenda til tollmeðferðar fullgild aðflutningsskjöl um vöruna eða tiltekin skjöl um hana. Má leggja viðurlög við ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila.

24. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að koma á sérstöku vörureikningseftirliti til athugunar á hvort verð, sem tilgreint er á vörureikningi, sé undir eðlilegu verði eða hvort um undirboð o. þ. h. sé að ræða.

Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um slíkt eftirlit.

25. gr.

Tollyfirvaldi er heimilt að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörum sem teknar hafa verið til tollskoðunar. Sýnishorn þessi skulu geymd í sér- stöku sýnishornasafni við tollstjóraembættið í Reykjavík og skal gefa þaðan upp- lýsingar um tollflokkun varanna.

Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um sýnishornasafnið.

Undirboðs- og jöfnunartollar

26. gr.

Nú má ætla að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum (dumping) og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun og má þá fjármálaráðherra leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá má fjármálaráðherra í sama skyni og með sömu skilyrðum leggja á sérstakan jöfnunartoll ef ætla má að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur o. þ. h. erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. málsg. þessarar greinar.

Ákvarðanir fjármálaráðherra um þetta efni taka gildi frá og með þeim degi sem þær eru birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

Undirboðs- og jöfnunartolla má ekki leggja á til lengri tíma en 6 mánaða í senn.

27. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við það, ef erlend vara er flutt inn eða boðin fram

- a. á verði sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarendi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
- b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort
 1. á verði sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarendi vöru til einhvers annars lands, eða
 2. á verði sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann er um ræðir í 1. málsg. skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar sem skipt getur máli.

28. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en sem svarar undirboðinu, þ. e. a. s. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en sem svarar greiðslum eða uppbótum sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

29. gr.

Leggja má undirboðs- og jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka bráðabirgða undirboðs- og jöfnunartolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en eins mánaðar og skal sá mánaðartími vera innifalinn í þeim 6 mánuðum sem um ræðir í síðustu málsg. 26. gr., ef um það er að ræða.

Fjármálaráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Um lögvernd tolla þessara fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

30. gr.

Fjármálaráðherra skal, svo fljótt sem unnt er, skýra Alþingi frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðunum fyrir álagningu þeirra.

31. gr.

Til rannsóknar á því hvort skilyrði séu fyrir hendi til að leggja á undirboðs- og jöfnunartoll skal fjármálaráðuneytinu heimilt að krefja atvinnurekendur um upplýsingar og láta athuga verslunarbækur hlutaðeigandi, bréfaviðskipti og önnur skjöl sem að áliti þess geta skipt máli við ákvörðun tollsins.

Refsiákvæði

32. gr.

Hver, sem lætur tollyfirvaldi í té aðflutningsskýrslu eða vörureikning með áritaðri yfirlýsingu og öðrum upplýsingum, sbr. 15., 16. og 18. gr., sem ekki er í samræmi við innihald sendingar, tegund vöru, magn eða verð, sæti sektum, nema hann geti óvefengjanlega sýnt fram á, að ósamræmið verði rakið til atriða sem hann eða sá sem gaf skýrslu fyrir hans hönd gátu ekki haft áhrif á.

Ef röng aðflutningsskýrsla er hins vegar látin í té með þeim ásetningi að svíkja undan toll eða önnur gjöld, eða til að losna við þau, eða ef sá sem skýrslu gaf hefði mátt vita að skýrslan gat haft þessi áhrif, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Samsvarandi refsingu skal sá sæta sem leggur fram röng gögn til staðfestingar verði, sem upp er gefið í aðflutningsskýrslu, og hann vissi eða hlaut að vita að voru röng og gætu haft framangreind áhrif.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í þessari grein, má svipta þann, sem verður sekur um þar nefnd brot, leyfi til verslunar um tiltekinn tíma, eða ævilangt ef brot er margitrekad.

33. gr.

Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verslunarhagi einstakra manna og fyrir-tækja, þar með talin hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum sem tollyfirvöld halda eftir.

Ýmis ákvæði

34. gr.

Nú er lagður á vörumagnstollur og skal hann þá miðaður við þyngd vöru með umbúðum, nema annað sé tekið fram.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um vörumagnstoll, þ. á m. ákveðið að séu saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, skuli greiða af öllum vörum þann vörumagnstoll sem hvílir á þeirri vörunni sem ber hæstan vörumagnstoll.

Um aðflutningsskýrslur og önnur skjöl viðvíkjandi vörumagnstolli skulu gilda sömu reglur og um verðtoll, eftir því sem við á.

35. gr.

Nú rís ágreiningur um hvort tiltekin vara sé gjaldskyld eða gjaldfrjáls eftir lögum þessum, eða hvort tiltekin vara skuli teljast fremur til eins en annars tollskrárnúmers, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi. Sá úrskurður er fullnaðarúrskurður í málinu. Enn fremur skal fjármálaráðherra eiga fullnaðarúrskurð um hvað teljast skuli eðlis- og tollverð vöru, markaðsverð hennar, eðlilegt flutningsgjald eða annar eðlilegur kostnaður sem fellur á vöru.

Fjármálaráðherra er heimilt að skipa sérstaka nefnd og fela henni að gera tillögur um úrskurði þá sem um ræðir í 1. málsg. þessarar greinar.

Þegar leitað er úrskurðar samkvæmt þessari grein skulu fylgja erindinu öll þau skjöl sem skipta máli um tollun vöru, s.s. aðflutningsskýrsla, sölu- eða vöru-reikningur og önnur staðfestingargögn sem talin eru í 19. gr. laga þessara. Þá skal og senda með erindinu sýnishorn af vörunni. Verði því ekki við komið skal senda nákvæma teikningu, mynd eða lýsingu á vöru þeirri sem ágreiningur er um.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að halda eftir nauðsynlegum sýnishornum og gögnum, enda sé um óveruleg verðmæti að ræða og skal með sýnishornin farið svo sem fyrir er mælt í 25. gr. laga þessara.

Fjármálaráðuneytinu og nefnd þeirri, sem um ræðir í 2. málsg. þessarar greinar, skal heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn, svo og að krefja einstaklinga, félög, fyrirtæki og stofnanir um upplýsingar er nauðsynlegar þykja við flokkun vara eða við ákvörðun tollverðs.

36. gr.

Viðtakandi aðfluttrar vöru skal inna af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð sem nauðsynleg er við tollmeðferð vöru að dómi tollstarfsmanna.

Tollyfirvaldi er heimilt að ráða ákveðna menn til að láta í té nauðsynlega vinnu og aðstoð við tollmeðferð vöru og krefja viðtakendur um þóknun fyrir þessi störf eftir gjaldskrá sem fjármálaráðuneytið setur. Má neita um tollafgreiðslu ums gjaldið er greitt en viðtakanda skal heimilt að leggja gjald þetta á vöruna.

37. gr.

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig, að 50 aurar og þar yfir teljist 1 króna en lægri upphæð sé sleppt.

38. gr.

Í byrjun hvers mánaðar skulu tollyfirvöld senda Ríkisendurskoðun og Hagstofu Íslands, hvorri stofnun um sig, eintak af öllum aðflutningsskýrslum afgreidd-

um í undangengnum mánuði. Fjármálaráðuneytið getur að fenginni tillögu Ríkisendurskoðunar og Hagstofu Íslands kveðið nánar á um skil tollyfirvalda á aðflutnings skjölum.

39. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð eða öðrum fyrirmælum.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 6 5. mars 1974 um tollskrá o. fl., svo og 20. og 21. gr. laga nr. 11 28. apríl 1975 um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara. Reglugerðir og önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt nefndum tollskrárlögum skulu halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.

Hafi innflytjandi, áður en lög þessi öðlast gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vörur þegar í stað, skal, ef aðflutningsgjöld hækka á vörunum samkvæmt lögum þessum, taka hin eldri og lægri aðflutningsgjöld, en þó því aðeins að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 10 daga frá gildistöku laganna.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

STJÓRNARTÍÐINDI A 22 — 1976

31. desember 1976.

577

Nr. 121.

F J Á R L Ö G

fyrir árið 1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

A-H L U T I

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðslufirlit ríkissjóðs

	Dús. kr.	Dús. kr.
1 Tekjur:		
Beinir skattar	14 476 680	
Óbeinir skattar	75 479 901	89 956 581
0 Gjöld:		
Samneysla	34 771 040	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	35 255 890	
÷ sértekjur	1 659 049	68 367 881
Afgangur rekstrarliða		21 588 700
Fjárfesting	6 539 390	
Fjármagnstilfærslur	14 245 976	20 785 366
		803 334
4 Lánahreyfingar inn:		
Innlend verðbréfaútgáfa og útgáfa happdrættisskulda- bréfa vegna norður- og austurvegar	1 700 000	
Erlend lán	6 670 000	
Innheimt af endurlánuðum spariskirteinum	2 240 000	
Innheimtar afborganir almennra lána	20 000	10 630 000
3 Lánahreyfingar út:		
Til framkvæmda B-hluta aðila	7 634 000	
RARÍK, almennar framkvæmdir o. fl. ..	1 873 000	
Sveitarafvæðing	200 000	
Norðurlína	1 178 000	
Lína Krafla-Eyrarteigur	500 000	
Kröfluvirkjun:		
a. Stöðvarhús og vélar	1 876 000	
b. Borholur og aðveitukerfi	913 000	
c. Lína Krafla—Akureyri	155 000	
Járnblendiverksmiðja, hlutafé og fjár- magnsútgjöld	939 000	
Endurlán vegna hafnargerðar við Grundartanga	50 000	
Iðnþróunarsjóður Portúgal, lánsframlag	74 000	
Endurgreiðsla á spariskirteinafé útg. 1965	530 000	
Afborganir af almennum lánum ríkissjóðs	2 972 141	
		11 260 141
	Halli á lánahreyfingum	630 141
Greiðsluafgangur		173 193

A 73

2. gr.

Árið 1977 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru á rekstrar-reikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

0 Gjöld:

	Dús. kr.	Dús. kr.
1 00 Æðsta stjórn ríkisins		556 226
1 01 Forsætisráðuneytið		1 740 042
101 Yfirstjórn	46 590	
102—902 Annað	1 693 452	
1 02 Menntamálaráðuneytið		13 460 637
101 Yfirstjórn	155 556	
201—885 Fræðslumál	12 068 243	
901—999 Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi ..	1 236 838	
1 03 Utanríkisráðuneytið		1 020 590
101—102 Yfirstjórn	168 778	
201 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	191 707	
301—313 Sendiráð	418 680	
399—401 Alþjóðastofnanir	241 425	
1 04 Landbúnaðarráðuneytið		4 845 588
101—172 Yfirstjórn	79 854	
201—299 Búnaðarmál	4 567 363	
501—504 Skólar	198 371	
1 05 Sjávarútvegsráðuneytið		2 161 762
101 Yfirstjórn	40 215	
201—299 Útvegsfélög	2 047 697	
901 Annað	73 850	
1 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið		5 307 045
101—102 Yfirstjórn	59 853	
201—284 Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	4 845 313	
301—373 Þjóðkirkjan	401 879	
1 07 Félagsmálaráðuneytið		3 947 670
101 Yfirstjórn	23 784	
271—272 Húsnæðismál	3 273 280	
301—999 Önnur félagsmál	650 606	
1 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið		29 562 306
101 Yfirstjórn	53 155	
271—273 Tryggingamál	22 708 500	
301—399 Heilbrigðismál	6 693 949	
471—502 Annað	106 702	

Flutt

62 601 866

3. gr.

Árið 1977 er ætlast til að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur.

		1 Tekjur :	
1 1	Skattar	Þús. kr.	Þús. kr.
	Beinir skattar		
	Persónuskattar		2 930 500
1 11 0	Iðgjöld lífeyristrygginga:		
1 11 02	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	1 757 000	
1 11 1	Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
1 11 11	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjalda af trillubátum og áhættugjald af búvélum	834 500	
1 11 12	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	339 000	
	Eignarskattar		1 266 850
1 12 0	Eignarskattar, almennir:		
1 12 01	Eignarskattur einstaklinga	610 000	
1 12 02	Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga ..	6 100	
1 12 03	Eignarskattur félaga	575 000	
1 12 04	Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga	5 750	
1 12 1	Erfðafjárskattur:		
1 12 11	Erfðafjárskattur	70 000	
	Tekjuskattar		10 279 330
1 13 0	Tekjuskattar:		
1 13 01	Tekjuskattur einstaklinga	9 550 000	
	Persónuafsláttur til greiðslu útsvars og greiddar barnabætur	1 450 000	
		<hr/>	8 100 000
1 13 02	Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga	126 000	
1 13 03	Tekjuskattur félaga	2 033 000	
1 13 04	Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga	20 330	
	Óbeinir skattar		
	Gjöld af innflutningi		18 553 100
1 15 0	Aðflutningsgjöld:		
1 15 01	Aðflutningsgjöld	14 421 000	
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	721 000	
		<hr/>	13 700 000
1 15 02	Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum	95 000	
1 15 03	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	27 000	
1 15 05	Byggingasjóðsgjald af innflutningi	72 100	
1 15 1	Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald:		
1 15 11	Innflutningsgjald af bensíni	2 410 000	
1 15 12	Gúmmígjald	81 000	
1 15 2	Innflutningsgjald af bifreiðum:		
1 15 21	Innflutningsgjald af bifreiðum	1 600 000	
1 15 3	Gjald af gas- og brennsluolíu:		
1 15 31	Gjald af gas- og brennsluolíu	520 000	
		<hr/>	
	Flutt		33 029 780

		Rekstrar-	
0 Gjöld:		Dús. kr.	Dús. kr.
		Flutt	
1 09	Fjármálaráðuneytið		62 601 866
	101—104 Yfirstjórn	186 612	6 011 535
	201—282 Toll- og skattheimta	855 818	
	381—384 Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	846 110	
	402—999 Annað	4 122 995	
1 10	Samgönguráðuneytið		9 324 436
	101 Yfirstjórn	27 378	
	211 Vegamál	5 650 460	
	321—672 Önnur samgöngumál	3 646 598	
1 11	Iðnaðarráðuneytið		2 846 142
	101 Yfirstjórn	32 792	
	201—299 Iðnaðarmál	532 426	
	301—399 Orkumál	2 280 924	
1 12	Viðskiptaráðuneytið		5 897 244
	101 Yfirstjórn	35 157	
	201 Niðurgreiðslur	5 102 000	
	202—999 Annað	760 087	
1 13	Hagstofa Íslands		69 310
1 14	Ríkisendurskoðun		83 415
1 15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun		2 319 299
	101—181 Yfirstjórn	48 655	
	991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	2 270 644	

Flutt

89 153 247

reikningur

1 Tekjur:

		Pús. kr.	Pús. kr.
	Flutt		33 029 780
1 15 8	Hagnaður af sölu varnarliðseigna:		
1 15 81	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	48 000	
	Skattar af framleiðslu		5 970 000
1 16 0	Vörugjöld:		
1 16 01	Vörugjald	180 000	
1 16 04	Álgjald	175 000	
1 16 05	Sérstakt vörugjald	5 510 000	
1 16 06	Tappagjald vegna þroskaheftra	105 000	
	Skattar af seldum vörum og þjónustu		45 410 800
1 17 0	Söluskattur:		
1 17 01	Söluskattur	34 060 000	
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	2 450 000	
		<hr/>	31 610 000
1 17 1	Skemmtanaskattar:		
1 17 11	Miðagjald til Menningarsjóðs	16 300	
1 17 12	Skemmtanaskattur	101 000	
1 17 2	Launaskattur:		
1 17 21	Launaskattur	4 595 000	
1 17 3	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.:		
1 17 31	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.	8 600 000	
1 17 32	Gjald af seldum vindlingum	71 500	
1 17 33	Gjald af seldum eldspýtum	2 100	
1 17 34	Gjald af einkasöluvörum	6 000	
1 17 4	Flugvallagjald:		
1 17 41	Flugvallagjald	255 000	
1 17 5	Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:		
1 17 53	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	87 000	
1 17 55	Sildarsölugjald	30 000	
1 17 9	Aðrir skattar:		
1 17 91	Iðnaðargjald	28 000	
1 17 92	Sérleyfisgjald	8 500	
1 17 93	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	400	
	Aðrir óbeinir skattar		4 381 701
1 19 0	Aukatekjur og stimpilgjald:		
1 19 01	Stimpilgjald	990 000	
1 19 02	Aukatekjur	319 000	
1 19 03	Þinglýsingar	600 000	

Flutt**88 792 281**

Rekstrar-

0 Gjöld:

Þús. kr.	Þús. kr.
	89 153 247

Flutt

Gjöld samtals	89 153 247
Tekjur umfram gjöld	803 334
Samtals	89 956 581

reikningur

1 Tekjur:

	Dús. kr.	Dús. kr.
1 19 1 Ýmsir skattar af bifreiðum: Flutt		88 792 281
1 19 11 Bifreiðaskattur	780 000	
1 19 13 Skrásetningargjald bifreiða	87 000	
1 19 14 Skoðunargjald bifreiða	21 000	
1 19 2 Ýmsir skattar af skipum:		
1 19 21 Lestagjald	3 000	
1 19 22 Vitagjald	16 500	
1 19 23 Skipaskoðunargjald	6 000	
1 19 3 Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
1 19 32 Hluti af umboðspóknun og gengismun gjaldeyris- bankanna	550 000	
1 19 33 Leyfisgjald	55 000	
1 19 9 Aðrir óbeinir skattar:		
1 19 90 Verðjöfnunargjald	725 000	
1 19 91 Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	20 000	
1 19 92 Skipulagsgjald	66 000	
1 19 93 Rafmagnseftirlitsgjald	81 988	
1 19 94 Einkaleyfisgjald frá Hapdrætti H. Í.	45 000	
1 19 95 Prófgjald bifreiðastjóra	8 000	
1 19 96 Prófgjald iðnnema	3 750	
1 19 98 Sérlyfjagjald	4 400	
1 19 99 Hvalveiðigjald	63	
1 2 Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkis- eign, fluttar úr B-hluta		222 800
1 21 0 Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
1 21 01 Afgjöld ríkisjarða	3 300	
1 21 02 Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	32 000	
1 21 04 Frihöfn, Keflavíkurflugvelli	187 500	
1 3 Ýmsar tekjur		941 500
1 31 0 Vextir og arður af hlutabréfum:		
1 31 01 Vextir	660 000	
